











FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
**10. nóvember 2012**
265. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



**Stórt, stærra, stærst**

*Fatnaður í yfirstærð er boðorð tískufrömuða.*

**tíska 38**

**Þegar bloggheimar loguðu**

*Beta rokk var höfundur fyrstu bloggbókar Íslands.*



**tíðarandi 28**

**3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu**

Heimili&Hönnun | Allt | Allt atvinna






**HRIKALEGIR HEIMSMEISTARAR** Auðunn Jónsson og Júlían Jóhann Karl Jóhannsson eru báðir heimsmeistarar í réttstöðulyftu, Auðunn í fullorðinsflokki en Jóhann Karl í unglingaflokki. Auðunn varð einnig heimsmeistari í réttstöðu árið 2006 en féll þá á lyfjaprófi. Auðunn segist aldrei hafa neytt ólöglegra lyfja og hafa verið ósáttur við allt ferlið í kringum lyfjaprófið. „Mér leið strax eftir prófið eins og ég hefði gert eitthvað af mér. Mér leið eins og ég væri glæpamaður," sagði Auðunn. **Sjá síðu 70**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kjós gæti stoppað spítalann

**Hreppsnefndarmenn í Kjós íhuga alvarlega að hafna tillögu að breyttu skipulagi höfuðborgarsvæðisins sem er forsenda nýs spítala í Vatnsmýri. Sé ekki hvernig tillagan kemur við Kjósverja segir formaður skipulagsráðs.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er ekkert smámál sem hefur bara áhrif á eitt sveitarfélag," segir Guðmundur H. Davíðsson, oddviti Kjósarhrepps, um tillögu til breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem gerir ráð fyrir hátæknisjúkrahúsi í Vatnsmýri.

Breytingin er háð samþykki allra aðildarsveitarfélaga svæðisskipulagsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins íhuga hreppsnefndarmenn í Kjós nú alvarlega að hafna henni. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi nefndarinnar fyrir rúmri viku og ákveðið að kalla eftir öllum athugasemdum sem bárust við tillöguna.

Guðmundur segir enga ákvörðun hafa verið tekna og fyrirvararnir sem hreppsnefndarmenn hafi séu misjafnir. „Við höfum velt fyrir okkur aðgengi fyrir landsbyggðina, hvort það valdi ekki umferðarþrengslum að byggja svona mikið þarna. Svo á líka að þetta byggð og taka flugvallarsvæðið undir. Sumir hafa líka spurt sig hvort svona mikil uppbygging sé raunhæf og skynsamleg yfirhöfuð, í þjóðhagslegu tilliti."

> Ég trúi því nú varla að Kjósverjar hafni þessu þegar þeir eru búnir að fá þær upplýsingar sem þeir biðja um og fara yfir þær.
>
> **PÁLL HJALTASON**
> FORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS REYKJAVÍKUR

Breytingin á svæðisskipulagi, sem fyrir liggur, snýr að tvennu. Annars vegar eru svokölluð Holtsgöng, sem áttu að liggja undir Skólavörðuholtið, tekin af skipulaginu. Hins vegar er byggingarmagn sérhæfðs húsnæðis sem fer undir starfsemi sjúkrahússins aukið verulega.

Guðmundur segir stefnt að því að klára málið á fundi í næstu viku. Líklega sé ekki fordæmi fyrir því að eitt sveitarfélag hafi hafnað tillögu sem lýtur aðeins að breytingum innan annars sveitarfélags, en þetta sé líka óvenjulegt mál.

„Ég trúi því nú varla að Kjósverjar hafni þessu þegar þeir eru búnir að fá þær upplýsingar sem þeir biðja um og fara yfir þær, enda erfitt að sjá hvernig þessi breyting á svæðisskipulagi kemur við Kjósverja," segir Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

„Mér fyndist það nú dálítið óeðlileg afgreiðsla á þessu stigi málsins." **- sh**









## SPURNING DAGSINS



*Valgerður, hugsarðu ekki stundum út fyrir boxið?*

„Jú, maður hugsar stundum í hring.“

Valgerður Guðsteinsdóttir er að gera það gott í hnefaleikahringnum. Hún hlaut gullverðlaun í sínum þyngdarflokki í ACBC-mótinu í Stokkhólmi um síðustu helgi.

Guðmundur Skarphéðinsson á Siglufirði lenti í óhappi í óveðrinu í gær:

# Tókst á loft og hentist í grjóturð

**SLYS** „Ég hélt að ég væri nú það þungur að ég tækist ekki á loft, en maður tókst á loft og hentist nokkra metra,“ segir Guðmundur Skarphéðinsson á Siglufirði um óhapp sem hann lenti í í óveðrinu sem geisaði víða um land í gær.

Guðmundur, sem er stór og mikill maður, fór úr axlarlið og fékk nokkra skurði. „Það var nú vel sloppið. Það var krap líka og ég gat ekki fótað mig almennilega þegar vindhviðan kom í bakið á mér. Maður var kominn á fleygiferð þegar maður lenti úti í grjóturð og beint á kjaftinn þar. Þetta kom svolítið óvænt í bakið á manni.“ Aðspurður segir hann allt í sómanum, hann þurfi bara að jafna sig aðeins og taka því rólega um helgina. Hann var nýkominn af sjúkrahúsi þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

> Ég hélt að ég væri nú það þungur að ég tækist ekki á loft, en maður tókst á loft og hentist nokkra metra. [...] Maður var kominn á fleygiferð þegar maður lenti úti í grjóturð og beint á kjaftinn þar.
>
> GUÐMUNDUR SKARPHÉÐINSSON
> ÍBÚI Á SIGLUFIRÐI

Vindur var 15 til 28 metrar á sekúndu norðan- og vestanlands í gær. Vindhviður náðu yfir fjörutíu metra á sekúndu. Snjór fylgdi veðrinu. Áfram verður vonskuveður víða um land í dag. Búast má við að vindhviður fari yfir fjörutíu metra á sekúndu fram-an af deginum í dag. **- þeb**

Spenna í Suðvesturkjördæmi:

# Úrslit prófkjöra verða ljós í dag

**STJÓRNMÁL** Niðurstöður úr prófkjörum Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi verða ljósar í kvöld. Samfylkingin er einnig með prófkjör í Norðausturkjördæmi.

Hjá Samfylkingunni berjast Katrín Júlíusdóttir og Árni Páll Árnason um fyrsta sæti í SV-kjördæmi. Bjarni Benediktsson og Ragnar Önundarson sækjast eftir fyrsta sæti hjá Sjálfstæðisflokknum. Í NA-kjördæmi vill Kristján Möller 1. sætið og Sigmundur Ernir Rúnarsson 1. til 3. **- þeb**



**VIÐ HEIMILI REINFELDTS** Lögreglan sá ekkert sem benti til morðs. NORDICPHOTOS/AFP

Lífvörður lést af skotsárum:

# Svipti sig lífi í húsi Reinfeldts

**SVÍÞJÓÐ** Einn af lífvörðum Fredriks Reinfeldts, forsætisráðherra Svíþjóðar, lést af skotsárum á heimili forsætisráðherrans í Stokkhólmi í gær.

Skotið kom úr byssu hans sjálfs og flest bendir til þess að hann hafi svipt sig lífi. Enginn grunur er um að hann hafi verið myrtur.

Annar lífvörður sem var að koma úr hádegismat kom að starfsfélaga sínum látnum.

Sonur Reinfeldts er sagður hafa verið á heimilinu en lögregla hafði í gær ekki séð ástæðu til að yfirheyra neinn úr fjölskyldu forsætisráðherrans. **- gb**

## Oft hefur fólk dýra hluti með sér á milli landa



**65.000 krónur**
Hámarksvirði varnings sem ferðafólk má hafa með sér til landsins án þess að greiða af því tolla og gjöld.

**18.500 krónur**
Hámarksvirði matvöru sem hafa má með sér til landsins, þar með talið sælgæti og fæðubótarefni.

**32.500 krónur**
Hámarksvirði einstaks hlutar sem fólk hefur með sér að utan.

# Dýr innkaup eiga að fara um rauða hliðið

**Viðurlög eru nokkur við smygli á tollskyldum varningi um „græna“ hliðið í Leifsstöð. Þá er varan gerð upptæk meðan unnið er úr málum. Vissara er að hafa með sér kvittanir fyrir dýrum hlutum sem fólk tekur með sér úr landi.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað þarf að hafa í huga áður en haldið er utan í verslunarferð?

„Við könnum þetta bara handahófskennt,“ segir Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður eftirlitsdeildar Tollstjóra um tollaeftirlit í Leifsstöð. Nokkuð er um að fólk átti sig ekki á hvaða reglur gilda um hversu mikil verðmæti má hafa með sér tollfrjálst til landsins.

Fjöldi „stikkprufa“ ræðst þó einnig af því hvaðan fólk er að koma. Nú er til að mynda að renna upp tími „verslunarferða“, hvort heldur þær eru til borga í Bandaríkjunum eða Evrópu. „En það fer enginn í innkaupaferð til Noregs,“ bætir Kári við. „Helst að þá þurfi að líta eftir munntóbaki.“

Reglur tollsins er að finna á vefnum Tollur.is. Þar kemur fram að óheimilt sé að hafa með sér tollfrjálsan varning fyrir meira en 65 þúsund krónur. „En áfengi er ekki reiknað inn í þessa tölu,“ segir Kári. Þá má virði einstakra hluta ekki fara yfir 32.500 krónur.

> **15%** Álag greiðist ofan á tvöfalt aðflutningsgjald verði fólk uppvíst að því að reyna að smygla of dýrri vöru til landsins.

Þegar tollverðir skoða farangur fólks sem kemur til landsins þá getur fólk þurft að sýna fram á að dýr varningur, svo sem tölvur og snjallsímar, sem það hefur með sér hafi í raun verið keyptur hér á landi og því búið að greiða af honum toll. Öðrum kosti er varan gerð upptæk og fólki gert að greiða af henni.

„Við ráðleggjum öllum að hafa með sér kvittanir fyrir dýrari hlutum sem þeir hafa með sér.“ Kári segir tollverði líka hafa leið til þess að sjá hvort iPhone-símar og sambærilegar græjur hafi í raun verið keyptar hér á landi. Apple haldi utan um skráningarnúmer hverrar græju og hvar hún hafi verið seld.

Því fylgir líka nokkur kostnaður að verða uppvís að smygli, því þá þarf að borga af hlutnum tvöfalt aðflutningsgjald og 15 prósenta álag ofan á þá upphæð. „Ef gjöldin eru bara virðisaukaskattur og hluturinn kostar 100 þúsund krónur, þá bætist við verð hlutarins tvisvar sinnum 25.500 krónur og svo 15 prósenta álag á þann 50 þúsund kall,“ segir Kári. Kostnaðurinn við hlutinn væri þar með kominn upp í 157.500 krónur. „Svo er þetta náttúrlega vesen því þetta er ekkert afgreitt á staðnum og fólk missir hlutinn í einhverja daga meðan þetta fer í gegn um kerfið.“ **olikr@frettabladid.is**



**BRADLEY MANNING** Sakaður um að hafa lekið leyniskjölum til Wikileaks. NORDICPHOTOS/AFP

Manning býður sátt:

# Reiðubúinn að játa að hluta

**BANDARÍKIN** Bradley Manning hefur boðist til þess að játa að hluta sekt í máli sínu, en neitar þó eftir sem áður að hafa veitt óvinum Bandaríkjanna stuðning.

David E. Combs, lögmaður Mannings, skýrði frá þessu á bloggsíðu sinni. Heimili dómari Manning að játa sekt að hluta getur ákæruvaldið þó engu að síður ákveðið að halda ákærum fyrir þyngstu brotin til streitu.

Manning er sakaður um að hafa lekið leyniskjölum frá Bandaríkjaher til Wikileaks. Hann hefur setið í hátt í þrjú ár í einangrunarfangelsi, en ekki er búist við að réttarhöld hefjist fyrr en á næsta ári. **- gb**

Húsfélag í Danmörku:

# Meirihlutinn vildi ekki jólatré

**DANMÖRK** Þegar múslímar fengu meirihluta í níu manna stjórn félags íbúa á svæðinu Egedalsvænge á Norður-Sjálandi var ákveðið að hafna tillögu um árleg kaup á jólatré.

Samtímis var ákveðið að verja 60 þúsundum danskra króna til sérstakrar trúarhátíðar múslíma.

Danskir fjölmiðlar hafa að undanförnu greint frá þessari ákvörðun fimm manna meirihlutans og nú hefur einkaaðili gefið félaginu sjö þúsundir danskra króna til kaupa á jólatré sem stjórnin hefur þegið. **- ibs**

## SJÁVARÚTVEGUR

### 130 sóttu um lækkun

Fiskistofa hefur móttekið alls 130 umsóknir um lækkun á sérstöku veiðigjaldi. Að sögn starfsfólks Fiskistofu mun allt verða gert til að afgreiða þær svo að lækkunin komi til framkvæmda á fyrsta gjalddaga, sem er 1. desember. Enn er hægt að sækja um lækkunina.

## NÝSKÖPUN

### Safnar fiski með hljóði

Dr. Björn Björnsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnuninni, hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012. Hugmyndin byggir á lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða – hljóði til að safna fiski saman.




Leikkona höfðar skaðabótamál vegna falskrar auglýsingar á einkamal.is:

# Margir vildu afbrigðilegt kynlíf

**DÓMSMÁL** Leikkonan María Birta Bjarnadóttir hefur höfðað skaðabótamál á hendur 25 ára gamalli konu sem setti auglýsingu í nafni Maríu inn á vefinn Einkamál. Hún krefst hálfrar milljónar króna í bætur auk málskostnaðar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýst málið um auglýsingu sem konan, sem María Birta þekkti, setti inn á stefnumótavefinn Einkamál í september í fyrra. Auglýsingin var í nafni Maríu og þar var boðin afbrigðileg kynlífsþjónusta af ýmsu tagi. Með fylgdi bæði mynd af Maríu og símanúmer hennar.

Á einni klukkustund fékk María Birta sautján símtöl frá mönnum sem vildu þekkjast boðið. Morguninn eftir biðu hennar svo fjögur SMS-skeyti. Alls skoðuðu yfir 300 manns auglýsinguna.

María Birta kærði málið til lögreglu, sem rannsakaði það og tók skýrslu af stúlkunni, sem gekkst við því að hafa sett inn auglýsinguna. Málið leiddi hins vegar ekki til refsingar og því ákvað María Birta að höfða einkamál.



**MARÍA BIRTA BJARNADÓTTIR**

Hún telur auglýsinguna ólöglega meingerð gegn æru sinni og friði, enda hafi hún upplifað mikið varnarleysi, misst nokkra daga úr vinnu og orðið af tveimur flugnámstímum vegna andlegs áfalls og þurft að skipta um símanúmer, sem hafi tengst atvinnurekstri hennar – en María rekur verslunina Maníu.

María Birta, sem fór með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Svartur á leik, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hana og vísaði á lögmann sinn. Hún kvað málið þó ekki vera viðkvæmt. Hjálmar Blöndal, lögmaður Maríu, staðfesti að málið hefði verið höfðað en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um það. Tekist verður á um frávísunarkröfu í málinu í lok mánaðar. **- sh**


ALLT FYRIR JÓLIN
Í RÚMFATALAGERNUM!
GILDIR 10.11 - 11.11
LJÓSASTRÝTUR
3 stærðir: Hæð: 40 sm. 1.995 nú 1.495
Hæð: 60 sm. 2.495
Hæð: 90 sm. 4.495
40 SM. STRÝTA 25% AFSLÁTTUR
40 SM. FULLT VERÐ: 1.995
1.495
LJÓSASKREYTING
795
GLUGGALJÓSASKREYTING
Fallegar ljósaseríur með hvítum perum. Hægt aðvelja á milli stjörnu, engils eða jólatrés.
INNISERÍUR VERÐ FRÁ:
269
INNI- OG ÚTISERÍUR!
ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ:
1.295
BASIC
JÓLASERÍUR
Mikið úrval af inni- og útiseríum. Seríurnar fást í mörgum mismunandi stærðum og litum.
Inniseríur: 10 ljósa 269 20 ljósa 499
35 ljósa 695 50 ljósa 995 100 ljósa 1.495
Útiseríur: 40 ljósa 1.295 100 ljósa 2.495
200 ljósa 4.995 Aukaperur 5 stk. á spjaldi 99
LJÓSAKÚLA 100 LJÓSA
1.795
RUSTIK KERTI 1 STK.
89
JÓLAKÚLA
Glæsileg 100 ljósa jólakúla. Fæst í glæru, rauðu og marglitu.
MIKIÐ ÚRVAL AF JÓLAHÚSUM
JÓLAHÚS VERÐ FRÁ:
1.295
JÓLAHÚS
Flott jólahús með ljósum. Nokkrar gerðir fáanlegar. Frábært verð.
80 LJÓSA LED ÚTISERÍA VERÐ FRÁ:
2.495
LED ÚTISERÍUR
Mikið úrval af LED útiseríum.
Á FRÁBÆRU VERÐI!
DAGATALSKERTI
1.995
SANTA DAGATALSKERTI
Hæð: 33 sm.
MIKIÐ ÚRVAL AF JÓLAPAPPÍR
JÓLAPAPPÍR VERÐ FRÁ:
149
JÓLAPAPPÍR
Mikið úrval af fallegum jólapappír!
2 FYRIR 1
2 STK. JÓLABOLLI
499
STÓR JÓLABOLLI
Hæð: 15 sm. 1 stk. áður 499 nú 2 stk. 499
LED LJÓSATRÉ
3.495
BONSAI TRÉ
Fallegt LED ljósatré með 40 ljósum. Hæð: 45 sm.
VERÐ PR. MTR. FRÁ:
795
MIKIÐ ÚRVAL AF JÓLAKÖPPUM!
LJÓSAHRINGUR
3.995
LJÓSAHRINGUR
Fallegur 60 ljósa ljósahringur.
VERÐ PR. MTR. FRÁ:
299
SLÖNGUSERÍUR
Flottar slönguseríur í metratali á frábæru verði! Fáanlegar í nokkrum litum. Einlitar verð frá: 299 pr. mtr. Marglitar 329 pr. mtr. Með LED ljósum 695 pr. mtr.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
VERÐ PR. MTR. FRÁ:
695
VAXDÚKAR
Breidd á dúkum: 140 sm.
MIKIÐ ÚRVAL AF VAXDÚKUM!

## GENGIÐ 09.11.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,39 | 129,01 |
| Sterlingspund | 204,77 | 205,77 |
| Evra | 163,24 | 164,16 |
| Dönsk króna | 21,883 | 22,011 |
| Norsk króna | 22,372 | 22,504 |
| Sænsk króna | 19,074 | 19,186 |
| Japanskt jen | 1,6195 | 1,6289 |
| SDR | 196,05 | 197,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,0773

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Undanþágur sem ógna stöðugleika verða ekki samþykktar segir Seðlabanki, en hópur fólks hefur áhyggjur:

# Forsetinn beiti sér gegn nauðasamningum

**FJÁRMÁL** Skorað hefur verið á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að beita sér gegn því að nauðasamningar við kröfuhafa í þrotabú Kaupþings og Glitnis verði samþykktir. Fundað var með forsetanum í gær.

Stærstu kröfuhafarnir í bú Kaupþings og Glitnis eru vogunarsjóðir, sem keyptu kröfur í búin á slikk eftir fall bankanna, og vilja nú fá greitt úr búnum allt laust fé, sem er yfir 700 milljarðar, mest í erlendri mynt. Áhyggjur hóps fjármálafólks snúa öðru fremur að því að útgreiðsla á þessu fé grafi undan gjaldeyrisstöðu á viðkvæmum tímum, ekki síst þar sem opinberar skuldir Íslands, ríkis og sveitarfélaga, eru nú um 1.600 milljarðar króna. Til viðbótar komi síðan miklar skuldir fyrirtækja. Á næstu árum sé endurfjármögnunaráhætta þjóðarbúsins mikil og aðgengi að erlendum gjaldeyri nauðsynlegt. Það þykir einkennilegt að vogunarsjóðirnir geti fengið þessa peninga þrátt fyrir að hér séu gjaldeyrishöft.

Í gærkvöldi var tilkynnt að ekki verði gengið frá nauðasamningum Glitnis í desember eins og stefnt var að. Þetta var gert í kjölfar ummæla seðlabankastjóra um nauðsynlegar forsendur þess að bankinn gefi samþykki fyrir nauðasamningum.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Í svari til Fréttablaðsins segir Seðlabankinn að engar undanþágur sem geti ógnað stöðugleika í gjaldeyrismálum, greiðslujafnaðarmálum eða fjármálastöðugleika verði veittar. Engar undanþágubeiðnir frá gjaldeyrishöftunum hafa borist frá þrotabúunum, en þegar þær berast mun bankinn taka þann tíma sem þarf til þess að tryggja að gerð nauðasamnings sé í samræmi við markmið um stöðugleika í áðurgreindum málaflokkum, segir bankinn. Ómögulegt sé að segja nákvæmlega hvaða tíma þessi vinna tekur. **- mh / þjs / þeb**

HSÍ hafði betur í málarekstri:

## Kaupþing hagnaðist á samningi við HSÍ

**DÓMSTÓLAR** Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) má skuldajafna 12 milljóna kröfu á hendur þrotabúi Kaupþings banka vegna yfirdráttarskuldar við bankann. Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær telst krafa HSÍ almenn krafa og skuldajöfnun heimil.

Slitastjórn Kaupþings viðurkenndi kröfu HSÍ að hluta, eða tvær milljónir af tólf. Tíu milljónir hafi hins vegar verið vilyrði fyrir gjöf og sem HSÍ gæti ekki krafist greiðslu á.

Í dómsorði segir að með gjöf sé átt við einhliða örlætisgerning gefanda. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Kaupþing hafi haft ávinning af samningi sem gerður var milli bankans og HSÍ árið 2006. Með honum hafi Kaupþingi getað tengt sig og starfsemi sína við HSÍ og íslenska landsliðið í handknattleik. **- óká**

Iceland kaupir á Íslandi:

## Minnst fjórar nýjar verslanir

**VIÐSKIPTI** Verslanakeðjan Iceland Foods Limited hefur keypt 37 prósenta hluta í félaginu Ísland-Verslun ehf. sem rekur matvörubúð í Kópavogi undir merkjum Iceland. Jóhannes Jónsson mun áfram eiga 63 prósent hlut í íslenska fyrirtækinu að því er segir í tilkynningu.

Haft er eftir Malcolm Walker, aðaleiganda Iceland Foods, að hann sé afar ánægður með mikinn árangur Iceland á Íslandi. Ætlunin sé að stuðla að opnun minnst fjögurra Iceland-verslana til viðbótar á Íslandi. Vísar Walker til langvarandi vináttu sinnar við Jóhannes sem grunn að trú sinni á framtíð Iceland hérlendis. **- gar**

# Þingnefndarformaður telur brögð í tafli á Eir

**Menn voru að selja það sem þeir áttu ekki, segir formaður fjárlaganefndar um Eir og kallar á opinbera rannsókn. Ríkisendurskoðun segir aðeins hjúkrunarþjónustu Eirar til endurskoðunar á sínu borði en ekki fasteignaumsýsluna.**

**STJÓRNSÝSLA** Rekstur hjúkrunarheimilisins Eirar kann að kalla á lögreglurannsókn, að mati Björns Vals Gíslasonar, formanns fjárlaganefndar Alþingis. Hann hefur verið skipaður í samráðshóp sem mun fylgjast náið með samningaviðræðum Eirar við kröfuhafa sína.

Framkvæmdastjóri Eirar kom fyrir fjárlaganefndina í gær og skýrði stöðuna. Á fundinum var ákveðið að skipa samráðshópinn. Auk Björns sitja í honum fulltrúar velferðarráðuneytisins, sveitarfélaga og íbúa.

„Þetta er tengslahópur sem á að halda upplýstum um gang mála á meðan reynt er að finna lausn á vandanum og hann mun þá væntanlega, þegar sú lausn liggur fyrir, koma einhvern veginn að því á lokastigum til að verja sína hagsmuni," segir Björn Valur, sem kveður fremst á forgangslistanum að tryggja íbúum á heimilinu áframhaldandi vist þar og umsamda þjónustu.

„Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja hag þessa fólks til framtíðar," segir Björn Valur. „Það þýðir ekki að hvorki ríki né einstaklingar tapi peningum á þessu. Það er fyrst og fremst hagur íbúanna að þeir fái að vera þarna áfram en það er ekki útséð með fjárhagslegu hliðina."

Björn Valur segir fullt tilefni til að rannsaka gaumgæfilega hvernig félagið gat steypt sér í jafn hrikalegar skuldir og raun ber vitni og stefnt þannig fjárhag íbúa í hættu. „Ég lít þannig á að ef ég sel þér eitthvað og þú borgar fyrir það, en ég á það ekki, þá eru til ákveðin orð og hugtök yfir það. Það er það sem þarna hefur gerst."



**SKUGGI YFIR EIR** Ekki víst að enginn tapi á Eir segir formaður fjárlaganefndar Alþingis.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það er hagur allra að þetta verði rannsakað.
>
> **BJÖRN VALUR GÍSLASON**
> FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR ALÞINGIS

Er Björn Valur að segja að þetta séu svik? „Þetta lítur þannig út fyrir mér að þarna hafi verið stundaðar einhvers konar blekkingar, já,"svarar hann og kveður rannsóknar þörf. „Í kjölfarið ræðst hvert framhaldið verður, hvort það verður lögreglurannsókn eða eitthvað annað. En þarna var verið að selja eitthvað sem menn vissu að þeir áttu ekki. Það er augljóst þeim sem hafa skoðað þetta. Það er hagur allra að þetta verði rannsakað, ekki síst þeirra sem búa þarna, og við munum veita þeim þann stuðning sem við teljum nauðsynlegan til þess, því að það þarf sömuleiðis að verja hag ríkisins og skattborgara."

Ríkisendurskoðun segir í yfirlýsingu í gær að samkvæmt lögum hafi hún átt að endurskoða reikninga vegna hjúkrunarþjónustu Eirar fyrir aldraða, enda borgi ríkið daggjöld fyrir þá þjónustu. „Endurskoðunarumboðið tekur á hinn bóginn ekki til annarra þátta í starfsemi Eirar, svo sem umsýslu fasteigna. Engu máli skiptir þótt sú starfsemi sé á sömu kennitölu og rekstur hjúkrunarheimilisins," undirstrikar ríkisendurskoðun, sem kveðst ekki hafa gert athugasemdir við beiðnir Eirar um veðsetningar á árinu 2010 þar sem umræddar fjárfestingar hafi verið í þágu starfsemi Eirar eins og henni sé lýst í skipulagsskrá stofnunarinnar. **- sh, gar**



**JOHN BOEHNER** Leiðtogi repúblikana á þingi. NORDICPHOTOS/AFP

Boehner boðar breytingar:

## Repúblikanar draga í land

**BANDARÍKIN** John Boehner, leiðtogi repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings, segir að repúblikanar muni ekki lengur berjast gegn heilbrigðislöggjöfinni, sem Barack Obama fékk samþykkta á þingi.

„Ég held að kosningaúrslitin hafi breytt þessu," segir Boehner, en útilokar þó ekki að repúblikanar reyni að ná fram breytingum á lögunum. Boehner segist einnig telja að repúblikanar reyni ekki lengur að koma í veg fyrir breytingar á innflytjendalöggjöf, sem Obama hefur reynt að ná í gegn. **- gb**

**REYKJAVÍKURBORG**

### Jólaskraut fyrir 35 milljónir

Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt 35 milljóna króna aukafjárveitingu til umhverfis- og skipulagssviðs vegna jólaskreytinga og viðburðahalds tengdu komandi jólahátíð.

**DÓMSMÁL**

### Harma niðurstöðu réttarins

Framkvæmdastjóri Sólheima harmar dóm Hæstaréttar, sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi mátt skerða fjárveitingu til Sólheima árið 2009. „Það er verulegt áhyggjuefni að velferðarráðuneytið og aðrir opinberir aðilar geti mismunað þjónustuveitendum," segir Guðmundur Ármann framkvæmdastjóri.


**Auglýsing vegna framboða í Suðvestur kjördæmi**

**Kjörstjórn KFSV auglýsir eftir framboðum á framboðslista Framsóknarflokksins í suðvestur kjördæmi fyrir alþingiskosningar 2013.**

Þeir flokksmenn sem hafa hug á því að taka sæti á framboðslistum Framsóknarflokksins í kjördæminu fyrir alþingiskosningarnar 2013 skulu senda kjörnefnd skriflega kynningu þar sem frambjóðendur kynna sig og gera grein fyrir helstu baráttumálum auk þess að tilgreina hvaða sætum á lista sóst er eftir.

Kynningunni skal fylgja ljósmynd.

Sjá reglur á vef Framsóknar, www.framsokn.is

**Tilnefningar skulu sendar sem fyrst og fyrir kl. 12.00 þann 16. nóvember n.k.**

*Mosfellsbær 9. nóvember 2012*
*Kjörstjórn KFSV*


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**LÆGIR Í DAG**
Hvassviðri um allt land með morgninum í dag. Lægir að mestu síðdegis, síðast A-til. Snjókoma N- og NA-til í dag en birtir til á morgun. Kólnar heldur í dag en hlýnar á mánudag þegar hann hvessir aftur, einkum SV-til. Úrkoma um allt land á mánudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 9° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 12° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 6° |
| París | 13° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN

# SÚPER KAUP

# HELGARINNAR

**SÚPER TILBOÐ**



**2 FYRIR 1**
**JÓLASTJARNA**
**1.490 kr.**

Fáðu tvær jólastjörnur á verði einnar.

Gildir um helgina meðan birgðir endast

**SÚPER TILBOÐ**




**30% AFSLÁTTUR**

**Jotaproff 07**
Innimálning.
7119866-74

Gildir um helgina meðan birgðir endast

| 3 lítrar | 10 lítrar |
|---|---|
| Verð áður: 3.595 kr. | Verð áður: 9.995 kr. |
| Nú: 2.335 kr. | Nú: 6.995 kr. |

**JÓLAPÍRAMÍDAR 20% AFSLÁTTUR**



JÓLAPÍRAMÍDAR
MARGAR GERÐIR
VERÐ FRÁ:
**1.490 kr/stk.**

Gildir um helgina meðan birgðir endast

**SÚPER TILBOÐ**
aida



**AIDA matarstell 30 stk**
Verð áður: 7.999 kr.
Nú: 5.990 kr.

Gildir um helgina meðan birgðir endast

**SÚPER TILBOÐ**
TRUENORTH

**Heilgallar**
True North á börn og fullorðna
Margar gerðir.



**30% AFSLÁTTUR**

BARNASTÆRÐIR
verð frá.
**4.199 kr.**

FULLORÐINSSTÆRÐIR
verð frá.
**5.599 kr.**

Gildir um helgina meðan birgðir endast

**SERÍUR**




**ÚTISERÍUR**
40 ljósa útisería með straumbreyti
**1.379 kr.**

**INNISERÍUR**
10 ljósa inniseríur
**299 kr.**

Mesta úrval frá upphafi af jólaseríum og jólaljósumzz

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**SÚPER TILBOÐ**



**Rafhlöðuborvél**
Black&Decker 12V.
2 rafhlöður
5245999

Verð áður: 12.995 kr.
**Nú: 9.995 kr.**



**30% AFSLÁTTUR**

**Slípirokkur**
Black&Decker CD 115
115 mm, 700 W.
5245378

BLACK&DECKER

Verð áður: 7.695 kr.
**Nú: 5.385 kr.**

Gildir um helgina meðan birgðir endast

blómaval

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir fjármálaráðherra Þýskalands?*

**2.** *Númer hvað í röðinni er yfirstandandi landsþing kínverska kommúnistaflokksins?*

**3.** *Hver var að senda frá sér geisladiskinn Hylur?*

**SVÖR**

*1. Wolfgang Schäuble. 2. númer 18. 3. Agnar Már Magnússon píanóleikari*

Ragna Sara Jónsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður samfélagsábyrgðar:

# Ábyrg fyrirtæki njóta ávinnings

**SAMFÉLAGSMÁL** Landsvirkjun hefur ráðið Rögnu Söru Jónsdóttur í starf forstöðumanns samfélagsábyrgðar. Um er að ræða nýja stöðu hjá fyrirtækinu en Landsvirkjun er í hópi fyrstu fyrirtækjanna hér á landi til að búa til stefnu um samfélagslega ábyrgð.

„Þetta leggst rosalega vel í mig. Íslensk fyrirtæki hafa verið nokkurn tíma að taka við sér þegar kemur að samfélagsábyrgð og það er flott hjá Landsvirkjun að taka af skarið í þessum málaflokki,“ segir Ragna Sara.



RAGNA SARA JÓNSDÓTTIR

Stefna Landsvirkjunar um samfélagslega ábyrgð var samþykkt innan fyrirtækisins í nóvember 2011. Í grunninn felst stefna fyrirtækisins í því að skapa arð, fara vel með auðlindir og umhverfi og stuðla að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins.

Ragna Sara segir erlendar rannsóknir sýna að fyrirtæki geti vænst margs konar ávinnings sýni þau samfélagslega ábyrgð í störfum sínum. „Nefna má aukna sátt um fyrirtækið og aðgerðir þess, lægri kostnað og aukna ánægju starfsmanna,“ segir Ragna Sara.

Landsvirkjun tók á síðasta ári þátt í því að stofna Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð. Eitt markmiða Festu er að stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja en auk Landsvirkjunar voru Alcan á Íslandi, Síminn, Landsbankinn, Íslandsbanki og Össur stofnfélagar. **- mþl**

Gegn áfengisauglýsingum:

# Vilja að börnin njóti vafans

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það dettur engum í hug að vera með áfengisauglýsingu eða léttölsauglýsingu í skóla, skátaheimilinu eða á þeim stað þar sem æskulýðsstarf fer fram,“ segja Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum í bréfi til sveitarstjórna og biðja þær að beita sér gegn áfengisauglýsingum á íþróttasvæðum.

„Ef menn eru ekki sammála hvort áfengisauglýsingar virki eða hvort landslög eigi að tryggja vernd barnanna ættu menn ekki samt að láta börnin njóta vafans?“ **- gar**

Lætur af störfum 1. maí:

# Haukur hættir hjá Þjóðskrá

**STJÓRNSÝSLA** Haukur Ingibergsson hefur ákveðið að láta af starfi sem forstjóri Þjóðskrár Íslands. Haukur hefur tilkynnt starfsmönnum um ákvörðun sína og óskað eftir lausn frá störfum 1. maí næstkomandi við innanríkisráðherra.



HAUKUR INGIBERGSSON

„Ég hef áhuga á að hafa meiri tíma til að sinna ýmsum hugðarefnum mínum áður en ég verð of gamall, einkum tónlistinni en einnig félagsstörfum. Ég held ég fái slíkt svigrúm samhliða því að vera í hlutastarfi hjá Þjóðskrá í að minnsta kosti eitt ár eftir að ég hætti sem forstjóri,“ segir Haukur sem tók við forstjórastarfi Fasteignamats ríkisins, sem síðar varð Þjóðskrá, árið 2000. **- mþl**

Lestur í Danmörku:

# Átján prósent lesa aldrei bók

**DANMÖRK Nær fimmti hver Dani, eða 18 prósent, les aldrei bók. Þetta eru niðurstöður könnunar menningarmálaráðuneytisins í Danmörku. Árið 2004 var fjöldi þeirra sem aldrei las bók 10 prósent.**

**Flestir þeirra sem þátt tóku í könnuninni segjast ekki hafa tíma til að lesa eða að þeir vilji heldur horfa á sjónvarp eða kvikmynd.**

**Athygli vekur að börnum og unglingum, undir 15 ára, sem lesa í bók í hverri viku hefur fjölgað verulega, að því er kemur fram á vef Kristilega Dagblaðsins. Hjá þessum hópi hefur þeim sem ekki lesa fækkað um tvo þriðju hluta.** **- ibs**

## Ísþekjan á Norður-Íshafi á einni öld; spá um framtíðina






# Fiskimið falin undir ísnum

**Með hlýnun á norðurhveli hopar ísþekja Íshafsins hratt. Þar opnast aðgengi að hafsvæði sem gæti fóstrað stóra fiskstofna enda landgrunnið undir ísnum víðáttumikið. Ísland gæti í framtíðinni átt þar sóknarfæri.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver eru hugsanleg áhrif umhverfisbreytinga í Norður-Íshafi?

Spár sérfræðinga benda til að í hönd fari tímabil heimshlýnunar af mannavöldum, sem hafa mun gríðarleg áhrif á umhverfisskilyrði í Norðurhöfum. Þetta vekur áleitnar spurningar um þróun fiskveiða Íslendinga og tækifæri á hafsvæðum norður af landinu, sem Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, gerði tilraun til að svara á Sjávarútvegsráðstefnunni á fimmtudag.

### Úr litlum í stórtækar veiðar

Opnun nýrra siglingaleiða yfir Norður-Íshaf, og tækifærin sem þeim fylgja, hefur verið töluvert í umræðunni undanfarin ár. Minna hefur verið rætt um hvað áhrif hlýnunin og minnkandi ísþekja hennar vegna koma til með að hafa á fiskistofna og veiðar.

Jóhann sagði að gengju spár eftir að verulegu eða öllu leyti væri ljóst að víðáttumikið landgrunn, sem á engan sinn líka hér um slóðir, myndi opnast fyrir ýmsa nýtingu, ekki síst fiskveiða sem eiga sér enga hliðstæðu á svæðinu í dag og eru frekar takmarkaðar. Þvert á móti gætu opnast möguleikar fyrir stórtækar nútímaveiðar. „Þarna munu án efa skapast gríðarleg tækifæri fyrir Ísland og aðrar þjóðir á norðurhjara,“ sagði Jóhann.



**JÓHANN SIGURJÓNSSON** Áhrif hlýnunar munu líka hafa víðtæk áhrif á heimamiðum okkar Íslendinga. Bæði felast í því tækifæri og hættur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvaða dýralíf skapaðist þarna, væri háð hafstraumum, að sögn Jóhanns, og þeim lífkerfum sem sköpuðust, til dæmis hvort rauðáta eða aðrar öflugar tegundir nýttu sér aðstöðu og sköpuðu forsendur fyrir æðri lífverur, fisk og spendýr.

### Ávinningur

En um hvaða stofna er um að ræða; hvaða stofnar munu nýta sér þessar breytingar? Jóhann sagði ljóst að það væru stofnar sem yxu hratt, væru kulþolnir og tækifærissinnaðir við val á hrygningarsvæðum og í fæðuvali. Nefndi Jóhann nokkrar tegundir sem líklegar væru til að hasla sér völl á þessum svæðum og nefndi norsk-íslensku síldina og Barentshafsþorsk. Ufsi og ískóð frá Kyrrahafi eru inni í þessari mynd ásamt loðnunni.

„Þessir stofnar eru líklegir til að stækka. Það gæti því orðið um gríðarlegan ávinning að ræða í Íshafinu og jöðrum þess. Óvissan er mikil en það sem er áhugavert fyrir okkur Íslendinga er hvort okkar deilistofnar munu stækka og hvort við gætum gert kröfu um stærri hlutdeild í framhaldinu,“ sagði Jóhann, en stóru hagsmunaaðilarnir í þessu samhengi eru Rússar, Bandaríkjamenn og Kanadamenn, auk Norðmanna og Grænlendinga.

„Ég tel því mjög mikilvægt okkar hagsmunum að við reynum að stuðla að því að aðferðafræðin við uppskiptingu stofna sem eru að breyta útbreiðslu sinni verði styrkari, því um þetta munu verða mikil átök í framtíðinni,“ sagði Jóhann.

Allt of lítið er vitað um orsakatengsl og samhengi í lífríkinu, ekki síst á heimskautasvæðunum. Jóhann sagði það því grundvallaratriði að fylgjast með þróuninni með öflugu rannsókna- og vöktunarstarfi. „Við verðum að fylgjast grannt með þessum vistfræðilegu átökum,“ sagði Jóhann.

svavar@frettabladid.is


**Icelandair American Express® er eina kortið sem færir þér Félagamiða**

Kynntu þér kostina á www.americanexpress.is



Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

FITON / SÍA



BARNADAGAR
20% AFSLÁTTUR
af öllum leikföngum
...barnafatnaði ...barnaskóm
8. - 11. nóvember
20%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnafatnaði
NIKKO
RADIO CONTROL
Keel Toys
LEGO Friends
LEGO NINJAGO
LEGO
Littlest PetShop
20%
AFSLÁTTUR
af öllum
leikföngum
24
Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Ísland og Evrópa:
Samband á tímamótum

Þriggja kvölda námskeið um Evrópumál út frá sjónarhóli Íslands.
Fyrir alla sem hafa áhuga á Evrópumálum og þjóðmálum almennt. Engrar sérþekkingar er krafist.

**Staðnámskeið hefst 14. nóvember**
– skráningarfrestur til 6. nóvember

**Fjarnámskeið hefst 26. nóvember**
– skráningarfrestur til 16. nóvember

Námskeiðsgjald aðeins 3000 krónur
Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is
eða í síma 525 4444

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB

# Android í skotlínunni

**Tölvuglæpamenn, sem áður einbeittu sér að því að brjótast inn í tölvur, herja í auknum mæli á snjallsíma og smátölvur. Android er útbreiddasta stýrikerfið og þar af leiðandi helsta skotmarkið. Snjallsímanotendur þurfa að halda vöku sinni.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** „Android er í sömu stöðu og Windows var í hér áður fyrr,“ segir Rik Ferguson, yfirmaður þróunar, rannsókna og samskipta hjá tölvuöryggisfyrirtækinu TrendMicro í Evrópu. Þessi staða geri stýrikerfið, sem er það vinsælasta í heimi fyrir snjallsíma, spjaldtölvur og margvísleg önnur tæki, að helsta skotmarki tölvuglæpamanna.

„Þeir sömu og áður stóðu fyrir árásum á tölvur sjá nú hagnaðarvon í að herja á snjallsíma. Hér eru engir aukvisar á ferð,“ segir Ferguson, sem hélt erindi á „föstudagshugvekju“ Advania í gærmorgun.

Óværan er svo af ýmsum toga. Sum forrit láta símann hringja eða senda skilaboð sem svo er rukkað hátt gjald fyrir, önnur stela gögnum og svo eru forrit sem láta símann „smella“ á auglýsingatengla þar sem eigendur þeirra fá greitt fyrir hvern smell.

Á ráðstefnunni sýndi Ferguson líka hvernig fjarstýra mátti Android-farsíma sýktum af óværu og fylgjast með símtölum og SMS-sendingum, auk þess að láta hann taka upp það sem gerðist í kringum hann, allt án þess að notandinn yrði þess var.

Helstu vörnina segir Ferguson að halda vöku sinni. Símar sýkist helst af óværu sem laumað er með öðrum hugbúnaði eða leikjum. Þá átti sig margir ekki á því að símar geti sýkst af því einu að smella á flýtivísun í tölvupósti eða SMS-skilaboðum.

Þeir sem óttast sérstaklega að vera skotmörk óvandaðra tölvuglæpamanna ættu svo líka að velja símtæki með öruggara stýrikerfi en Android, segir Ferguson. Tölvuógnir fyrir farsíma séu hins vegar veruleiki sem bregðast verði við.

olikr@frettabladid.is



**HJÁ ADVANIA** Rik Ferguson hjá TrendMicro er í hljómsveit og æfir karate. Þá hefur hann ráðlagt ESB um netöryggi og unnið fyrir Interpol.

## Gullnu snjallsímareglurnar

Til að forðast snjallsímaóværu segir Rik Ferguson gott muna eftirfarandi: **1.** Ekki sækja forrit frá öðrum en viðurkenndum hugbúnaðarveitum, t.d. Google App Store eða Amazon. **2.** Grafist ávallt fyrir um búnaðinn áður en honum er hlaðið niður, orðspor framleiðandans og hvað aðrir notendur segja. **3.** Lesið mjög vandlega lista yfir það sem hugbúnaðurinn vill fá heimild til að gera í símanum.

RANDALÍN OG MUNDI EFTIR ÞÓRDÍSI GÍSLADÓTTUR

HVER GLEYPIR MÚS ANNAN HVERN SUNNUDAG?

Er leyfilegt að rífa skemmtilegar bækur? Hvernig kemst maður í kynni við dáleiðanda? Þessi bráðfyndna og fjöruga saga er fyrsta barnabók verðlaunahöfundarins **Þórdísar Gísladóttur.**

**Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.**




BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



**YFIRGEFUR ÍBÚÐ SÍNA** Kona í Aleppo ber hluti úr íbúð sinni, sem eyðilagðist í loftárásum fyrr í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Assad forseti segir enga borgarastyrjöld í Sýrlandi:

# Sér bara hryðjuverk

**SÝRLAND, AP** „Það er engin borgarastyrjöld hjá okkur,“ segir Bashar al Assad Sýrlandsforseti í viðtali við rússneska sjónvarpsstöð. Hann segir stjórnarherinn eingöngu eiga í stríði við hryðjuverkamenn sem njóti stuðnings frá útlöndum.

„Þetta er ný tegund af stríði,“ segir hann og heldur því fram að ýmist Sýrlendingar eða útlendingar stundi hryðjuverk í Sýrlandi fyrir hönd annarra landa. Til þess að ljúka stríðinu þurfi ekki annað en að önnur lönd hætti að senda uppreisnarmönnunum vopn: „Ég fullyrði að við getum klárað allt á nokkrum vikum.“

Leiðtogar Vesturlanda, Arababandalagsins og fleiri landa víða um heim hafa fordæmt hernað stjórnar Assads gegn uppreisnarmönnum, og jafnframt lýst yfir mismiklum stuðningi við uppreisnina.

Uppreisnarmenn skiptast hins vegar í ólíka hópa sem hafa átt í margvíslegum deilum innbyrðis. Leiðtogar helstu hópanna sitja hins vegar á fundi í Katar þar sem þeir reyna að koma sér saman um nánara samstarf.

Átökin í landinu hafa kostað 36 þúsund manns lífið. Nokkur hundruð þúsunda hafa flúið land, flestir til Tyrklands, Jórdaníu, Egyptalands, Íraks og Líbanon. - gb


ÞÚ ERT SVALARI
Í CLIMACOOL®
HALTU ÁFRAM AÐ ÆFA
OG SIGRASTU Á HITANUM
Í CLIMACOOL® FRÁ ADIDAS.
adidas
Fáðu aðstoð við valið á réttu æfingafötunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
RAKAFRÁHRINDANDI EFNI HALDA LÍKAMANUM SVÖLUM
OG ÞURRUM OG DRAGA SVITANN FRÁ HÚÐINNI.
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
www.utilif.is

MATVÍS félagar

Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn 13. nóvember næstkomandi, kl. 17.00 á Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmeginn.


# Skattar lækki til að örva efnahagslífið

**Samtök atvinnulífsins kynntu í gær nýja skýrslu um skattamál. Telja samtökin að skattahækkanir síðustu ára hafi valdið efnahagslífinu skaða og leggja til að skattar verði á næstu árum lækkaðir um sem nemur 2,5% af landsframleiðslu.**

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) leggja til að skattar verði á næstu árum lækkaðir um sem nemur 2,5% af landsframleiðslu. Telja samtökin að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu frá bankahruni hafi verið skaðlegar bæði skattstofnum og efnahagslífinu og að tímabært sé að vinda ofan af þeim.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu SA sem nefnist Skattstofnar atvinnulífsins – ræktun eða rányrkja? Skýrslan var kynnt á fundi í Hörpu í gær.

„Skattamál eru eitt helst áhyggjuefni félagsmanna í Samtökum atvinnulífsins. Sífelldar breytingar á sköttum koma illa við fyrirtækin og kalla stöðugt fram viðbrögð,“ sagði Vilmundur Jósefsson, formaður SA, á fundinum í gær og bætti við: „Ólíkt því sem stjórnvöld virðast trúa þá breyta skattar hegðun þeirra sem þá greiða. Skattstofnar breytast því og geta rýrnað ef óskynsamlega er að þeim staðið eða ef skattahækkanir verða óhóflegar.“

Fram kemur í skýrslu SA að skattar hafi frá árinu 2008 hækkað um 87 milljarða króna á verðlagi ársins 2013. Samsvarar það 4,5% af landsframleiðslu eða um 270 þúsundum króna á hvern landsmann á ársgrundvelli. Þá er í skýrslunni sett fram gagnrýni á ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki virt samninga við atvinnulífið og forðast að hafa samráð við það vegna skattbreytinga.

Í skýrslunni eru einnig kynntar tillögur um breytingar á skattkerfinu. Telja SA tillögurnar til þess fallnar að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins og örva fjárfestingar, atvinnusköpun og þar með hagvöxt.

Leggur SA til að skattar verði á næstu árum lækkaðir um 47 milljarða króna. Vonast SA þó eftir því að verði tillögunum framfylgt stuðli þær að örari hagvexti og hafi þar með jákvæð áhrif á skattstofna. Þá vill SA mæta tekjutapi ríkissjóðs með endurbótum á vissum skattstofnum.

magnusl@frettabladid.is

## Skattahækkanir milli 2008 og 2013*




* Á verðlagi 2013 í milljörðum króna – þá má geta þess að olíugjald hefur lækkað um 1,1 milljarð.

HEIMILD: SA

## Tillögur Samtaka atvinnulífsins

**Helstu tillögur Samtaka atvinnulífsins um breytingar á skattkerfinu eru eftirfarandi en alls leggur SA til að skattar verði lækkaðir um sem nemur 2,5% af landsframleiðslu á næstu árum:**

- Atvinnutryggingagjald lækki árið 2013 úr 2,45% í 1,7% og tryggingagjald í heild úr 7,79% í 7,04%. Lækkun tryggingagjalds haldi áfram eftir það eins og minnkandi atvinnuleysi gefur tilefni til.
- Sú hækkun veiðigjalds sem Alþingi samþykkti í vor verði afnumin.
- Tekjuskattur fyrirtækja verði lækkaður úr 20% í 15% eins og hann var til ársins 2009.
- Fjármagnstekjuskattur verði lækkaður í áföngum úr 20% og aftur í 10%.
- Vörugjöld verði afnumin með öllu og stimpilgjöld í áföngum.
- Fallið frá flutningi gistiþjónustu úr lægra virðisaukaskattsþrepi í hærra þrepið. Þá verði lægra þrepið hækkað í áföngum næstu árin til að fjármagna lækkun á hærra þrepinu og á vörugjöldum.
- Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum verði tekinn upp á ný.


KPMG
cutting through complexity

# Námskeið í reikningsskilum og endurskoðun

Röð námskeiða um alþjóðlega reikningsskilastaðla, lög nr. 3/2006 um ársreikninga og um endurskoðun.

Námskeiðin eru öllum opin.

kpmg.is

## Námskeið í reikningsskilum

| | | |
|---|---|---|
| IFRS 101 | 21. nóv. | 16.500 kr. |
| Nýir staðlar og breytingar á stöðlum (IFRS Update) | 23. nóv. | 16.500 kr. |
| Fjármálagerningar – helstu reglur IFRS | 27. nóv. | 16.500 kr. |
| Framsetning reikningsskila samkvæmt IFRS | 29. nóv. | 12.000 kr. |
| Ársreikningalög | 5. des. | 16.500 kr. |
| Hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil | 14. des. | 16.500 kr. |

## Námskeið í endurskoðun

| | | |
|---|---|---|
| Fagleg dómgreind og matsliðir í reikningsskilum | 16. nóv. | 16.500 kr. |
| Endurskoðun 101 (tveggja daga námskeið) | 20./22. nóv. | 30.000 kr. |
| Innra eftirlit og sviksemi | 11. des. | 16.500 kr. |

Kennarar eru sérfræðingar KPMG í reikningsskilum og endurskoðun. Námskeiðsgögn á ensku fylgja og veita námskeiðin löggiltum endurskoðendum endurmenntunareiningar hjá FLE.

**Skráning og allar nánari upplýsingar um einstök námskeið er að finna á kpmg.is**



Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir fyrirlestur Bart Dessein

# Nýr konfúsíanismi og umboð himinsins

Gimli 102, mánudaginn 12. nóv. kl. 12:00-13:20



Pólitískir leiðtogar Kína hafa lagt aukna áherslu á endurmat konfúsísku hefðarinnar að undanförnu.

Hvernig endurspeglast konfúsíska hugtakið „umboð himinsins“ (*tianming*) í stjórnmálum Kína nútímans?

Bart Dessein er prófessor í kínverskum fræðum við Háskólann í Ghent. Erindið verður flutt á ensku.

Kvikmynd vikunnar:

**Hvað er klukkan þarna?** e. Tsai Ming-Liang (2001)

Oddi 101, þriðjudaginn 13. nóv. kl. 17

HÁSKÓLI ÍSLANDS




The Power to Surprise

Kia Sorento er kominn í nýrri útfærslu. Af útlitsbreytingum má nefna **breytt grill** og **stuðara, Led-ljós að framan, glæsilegt nýtt mælaborð** og **breyttan bakhluta.**

**Aðrar breytingar eru þó enn mikilvægari:**

- **Nýr undirvagn – enn betri hljóðeinangrun**
- **Öflugri bremsubúnaður – styttri hemlunarvegalengd**
- **Enn betri fjöðrun**
- **Enn minni eldsneytiseyðsla – aðeins frá 6,7 l/100 km í blönduðum akstri**

Það sem ekki breytist er að hann er nú sem áður einhver áhugaverðasti og hagkvæmasti kosturinn í jeppakaupum. Að sjálfsögðu er nýr Kia Sorento með **7 ára ábyrgð eins og allir nýir Kia bílar.**

**Komdu og reynsluaktu í dag milli kl. 12 og 16.**

**Verð frá 7.190.777 kr.**

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stelpur og strákar geta orðið hvað sem þau vilja:

## Fossdsráðhirra

Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?" spurði elskuleg búðarkona fjögurra ára viðskiptavin sem var að verzla með pabba sínum. „Fossdsráðhirra", svaraði sú stutta. „Já þú ætlar að verða fóstra, elskan," sagði afgreiðslukonan. „Ég sagði foss-ædis-ráð-hirra!" hvæsti hin á móti.

Sú síðarnefnda hafði stuttu áður spurt hvaða starf maður ætti að velja sér til að fá að ráða sem mestu. Þá hafði reyndar engin kona verið forsætisráðherra á Íslandi, en svarið lá í augum uppi. Sú fyrrnefnda gekk hins vegar út frá fremur hefðbundnu starfsvali og heyrði það sem henni þótti líklegt að fjögurra ára stelpa myndi segja.

Fyrir foreldra, sem vilja halda því að börnunum sínum af báðum kynjum að þau geti orðið hvað sem þau vilja og þurfi ekki að horfa til hefða eða venja um karla- eða kvennastörf, er róðurinn oft býsna þungur. Boðskapur (hluta) samfélagsins um hið gagnstæða er stundum yfirþyrmandi. Leikfangabúðir þar sem leikföng eru flokkuð í stráka- og stelpudót með tilheyrandi litaskiptingu, klassískar barnabækur þar sem strákarnir taka áhættu og fara í könnunarleiðangur á meðan stelpurnar græja nestið, bleiu- og barnavöruauglýsingarnar þar sem enginn karlmaður yfir átján mánaða aldri sést nokkurn tímann í mynd og þannig mætti áfram telja.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er þess vegna alveg skiljanlegt að fólk verði snartjúllað yfir bókum eins og þessum bleiku og bláu frá Setbergi, þar sem stillt er upp úreltum hugmyndum um hlutverk kynjanna. Undir fyrirsögninni „allir hafa sitt hlutverk" eru stelpur sýndar sópa, ryksuga, baka og vökva. Strákarnir eru hins vegar brattir og hugdjarfir á leiðinni út í geim.

Fólk er samt á villigötum þegar það krefst þess að svona bækur verði bannaðar. Á endanum er það alltaf á ábyrgð foreldranna að ala fólk upp. Það er í góðu lagi að lesa fyrir börn klassík úr bókahillunni með skökkum kynhlutverkum af því að það gefur alveg prýðilegt tækifæri til að ræða hvernig einu sinni var litið á hlutverk stráka og stelpna og hvernig það hefur breytzt. Nýjar, bjánalegar bækur má líka lesa með fólki til að skemmta sér yfir því hvað þær eru vitlausar.

Um leið ber að fagna útgáfu bóka eins og þeirra sem Kristín Tómasdóttir hefur skrifað og miða markvisst að því að brjóta niður hefðbundnar hugmyndir um það hvað stelpur geti, kunni og megi. Sú nýjasta heitir Stelpur geta allt og byggir á viðtölum við stelpur sem hafa ekki skeytt um gamlar forskriftir að kynhlutverki.

Sú spurning vaknar reyndar þegar þessar bækur eru skoðaðar af hverju enginn hafi tekið sig til og talað við flotta stráka, sem hafa líka brotizt út úr hefðbundnu móti og tekið ábyrgð á umönnun smábarna, gerzt leikskólakennarar eða hjúkrunarfræðingar eða skarað fram úr í skúringum, svo eitthvað sé nefnt. Að sumu leyti er heimurinn sem hefðin segir að konur eigi nefnilega enn lokaðri fyrir körlum en karlaheimurinn er fyrir konum.

Þeir sem vilja breyta því hvernig strákar og stelpur líta á sjálf sig, hlutverk sitt og möguleika í framtíðinni þurfa bæði að ræða þessi mál við krakkana og ekki síður að vera góðar fyrirmyndir. Stundum kemur jafnvel eitthvað óvænt og skemmtilegt út úr því, eins og þegar lítill gutti lætur ljótu, vöðvastæltu karlana sína berjast með látum, breiðir svo yfir þá þegar þeir eru orðnir þreyttir, syngur þá fallega í svefn og tekur til í herberginu þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Þeir tapa sem segja satt

Eftirspurn kjósenda beinist í ríkari mæli að myndum í björtum litum en dökkum. Af sjálfu leiðir að á markaðstorgi stjórnmálanna er jafnan meira framboð af slíkum myndum.

Oft verða kjósendur súrir eftir á, þegar í ljós kemur að myndirnar hafa ekki verið málaðar af raunsæi. Hvorir höfðu þá rangt við á markaðstorginu, kjósendurnir eða stjórnmálamennirnir? Svarið er einfalt: Stjórnmálamennirnir eru kjörnir til að fara með forystu í málum landsins. Ábyrgðin er þeirra.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Vilji kjósendur aftur á móti halda þeirri ábyrgð að stjórnmálamönnum verða þeir að horfast í augu við sannleikann hvort sem hann er dreginn upp í dökkum litum eða björtum. Ella eru þeir sem segja satt dæmdir til að tapa, þegar á móti blæs. Á endanum tapa svo kjósendur á því. Margt bendir til að samband stjórnmálamanna og kjósenda sé því marki brennt nú um stundir.

Ríkisstjórnin dregur upp mjög fallega og litríka mynd af þeim árangri sem hún hefur náð. Hún segir Ísland komið á beina braut endurreisnar og vera nú fyrirmynd annarra þjóða.

Stjórnarandstaðan gagnrýnir að sönnu einstakar efnahagsákvarðanir. Eigi að síður er þverstæðan sú að hún hjálpar til við að draga upp falsmyndina með því að sýna Ísland sem fyrirmynd annarra rétt eins og ríkisstjórnin. Það er gert til að styrkja þá staðhæfingu að landið standi mun betur að vígi en önnur Evrópuríki fyrir þá sök að eiga sinn eigin verðlausa gjaldmiðil.

## Næsta kjörtímabil verður miklu erfiðara

Kjarni málsins er sá að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan þora að segja það sem satt er og rétt að þjóðin lifir enn um efni fram. Verðmætasköpun þjóðarbúsins stendur ekki undir skuldbindingum þess. Að einhverju leyti þurfum við að velta skuldavandanum á undan okkur. Hitt er allsendis óvíst hvort það reynist unnt í þeim mæli sem þörf er á.

Veruleikinn er sá að Ísland er í hópi þeirra ríkja á innri markaði Evrópusambandsins sem verst standa. Ísland er til að mynda skuldugra en Grikkland. Ísland hefur eitt ríkja á innri markaðnum neyðst til að setja gjaldeyrishöft sem enginn kann lausn á. Þrátt fyrir hrun krónunnar hefur ekki tekist að auka útflutning að marki. Það hefur sumum evruríkjum þó tekist eins og Írum. Þá á Ísland eins og önnur helstu kreppuríkin við kerfisleg vandamál að stríða.

Fyrstu ákvarðanirnar á grundvelli efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skiluðu myndarlegum afgangi af vöruskiptum við útlönd. Sá árangur byggðist á neyslusamdrætti en ekki útflutningsvexti. Þessi afgangur fer nú hratt minnkandi. Það sýnir að efnahagsstjórnin hefur farið úr böndunum eftir að sjóðurinn fór.

Næsta kjörtímabil verður á marga lund miklu erfiðara en þetta. Upphafleg áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um greiðslujöfnuð við útlönd er afar langt frá því að standast. Hvort tveggja er að skuldirnar eru meiri en ráð var fyrir gert og áform um aukna verðmætasköpun hafa að engu orðið vegna pólitískra aðstæðna.

Skuldastaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum er trúlega jafngildi árs þjóðarframleiðslu eða verulega umfram það sem talið hefur verið. Sú vá sem við blasir af þeim sökum kallar á mjög markvissar aðgerðir til að stýra þeim kviku fjármunum sem leita út úr hagkerfinu. Um leið þarf nýja samhæfða áætlun í efnahags- og ríkisfjármálum.

## Dauður tími er dýr

Telja má útilokað að við vandann verði ráðið í hefðbundnum flokkadráttum. Almannaváin er því bæði pólitísk og efnahagsleg. Þannig sýnast pólitískar þrætur vaxa í sömu hlutföllum og skuldirnar. Það var ólán að ekki reyndist grundvöllur fyrir pólitískri einingu í hruninu. Þörfin á breiðri samvinnu er margfalt brýnni nú. Ólánið verður að sama skapi meira ef hún næst ekki.

Að frátalinni áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur mest af orku þessa kjörtímabils farið í að gera upp pólitískar sakir við þá sem ábyrgð eru taldir bera á hruninu. Fari næsta kjörtímabil í það eitt að gera upp sakir við þá sem bera ábyrgð á mistökum þessa kjörtímabils fer ekki aðeins mikill tími til spillis aftur heldur glatast tækifærið til viðreisnar.

Það fyrsta sem menn þurfa að koma sér saman um er að segja kjósendum satt um horfurnar. Ef þær staðreyndir opna ekki augu manna fyrir því að byggja þarf brú milli stærstu flokkanna beggja megin miðjunnar er þjóðin heillum horfin. Það er hins vegar ekki nóg. Því að þeir kólgubakkar sem eru á himni vinnumarkaðarins geta gert vonir manna um að ná tökum á viðfangsefninu að engu.

Hver mánuður án ákvarðana er dýr. Tíminn fram að kosningum er dauður. Best væri því að flýta þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# 20% AFSL. AF SÓFUM OG SÓFASETTUM!
# ERUM FLUTT AÐ ÁRMÚLA 8



**KAK 1281 Tungusófi í leðri 649.000,-, nú 519.200,-**
**Litir: svart og kastaníubrúnt**
**Stærð: 282 x103 x173 cm**



KAK 1365 3+1+1 í leðri 633.800,- nú 507.040,-
Litir: Svart og grátt
Stærðir: 3ja sæta sófi 205 x 91 cm Stóll 95 x 91 cm



KAK 1365 Tungusófi í leðri 489.000,- nú 391.200,-
Litir: Svart, hvítt, grátt og brúnt
Stærð: 295 x 91 x 163 cm



KAK 1523 tungusófi í leðri 449.000,- nú 359.200,-
Stærð; 267 x 95/165 cm
Litir; svart og brúnt



KAK 025 Sófasett í leðri 3+1+1 1.265.000,- nú 1.012.000,-
Stærð; 3ja sæta 230 x 95 cm, stóll 83 x 95 cm
Litir; brúnt, hvítt og ljóst



tommy m buster leðursófi
Stærð; 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm
Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt
Verð; 4ra 841.000,- nú 672.800,-, 3,5 sæta 749.000,- nú 599.200,-.



HTL 2335 Tungusófi í leðri 495.000,- nú 396.000,-
Litir: svart og brúnt
Stærð: 260 x 165 x 100 cm

**Tilboðið gildir til 17. nóv. 2012**

# HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# Leggðu grunn að góðum degi!



Nóvember
Tilboðin
í fullum
gangi

Fyrir þínar
bestu stundir!

**C&J stillanlegt** 2 x 90 x 200cm
**Með Infinity heilsudýnu**
m. pokagormum og latex
**TILBOÐ Kr. 457.360,-**

AÐEINS
**39.787,-**
afb. á mánuði í
12 mánuði





**Þráðlaus fjarstýring**
- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

**Ný sending af rúmgöflum.** Komdu og skoðaðu úrvalið!



Eigum þessa gafla í 5 litum. Hvítu, svörtu og brúnu leðri-look og ljósu og gráu áklæði.

# www.betrabak.is

# Heilsurúm í sérflokki

TEMPUR
MATTRESSES AND PILLOWS




**Hannaðu þitt eigið rúm** – 5 litir af botnum, 3 gerðir af löppum




① Svart leður
② Hvítt leður
③ Brúnt leður
④ Dökkgrátt tau



Wenge
Eik
Aluminium

## NÝ HÖNNUN

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýsti jöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.

## NÝTT



LEVANTO vandaður hægindastóll með skemli

**Kr. 139.800**

Til í svörtu, hvítu og rauðu leðri.

## Fyrir hlýrri haustdaga – Dúnvara í miklu úrvali

### Sængin sem breytir öllu !

**100% gæsadúnn 140x200 kr. 39.900,-**

Dúnsæng með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.






### TempraKON dúnsokkar

Fyrir kaldar tær!



Til í hvítu og svörtu

**Kr. 6.900,-**



Astma-Allergi Forbundet

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

# Sjálfhverfa kynslóðin á sviðið

Fjármál



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Kynslóðin frá 30 til 45 ára á höfuðborgarsvæðinu – plús eða mínus örfá ár – er sjálfhverfasta kynslóðin á Íslandi. Hún talar ekki um neitt annað en sjálfa sig. Þetta er kynslóðin sem sjálf sagði sig bera langt af öllum jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum. Þetta er kynslóðin sem hélt sig geta kennt öðrum þjóðum hvernig reka ætti banka. Þetta er kynslóðin sem ól af sér útrásarvíkingana, sem sögðust bera íslenska víkingablóðið í æðunum og „keyptu“ ýmis þekktustu vörumerki Norður-Evrópu, vínræktarhéruð í Suður-Evrópu og turna í Macao, notaði gullduft sem útálát á steikurnar í Róm og ferðaðist um í einkaþotum og lystisnekkjum – allt í skuld. Þetta er kynslóðin af hverri sextán þúsund einstaklingar voru komnir á vanskilaskrá fyrir hrun því þeir lifðu langt um efni fram. Þetta er kynslóðin sem tók lán í öðrum gjaldmiðlum en hún hafði tekjur sínar í þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir og komst ekki að þeirri niðurstöðu að það væri ólöglegt fyrr en hún fór að tapa á því. Þetta er kynslóðin sem segir að fall íslensku krónunnar sé „forsendubrestur“ – þó íslenska krónan hafi fátt annað gert alla sína hundstíð en að falla. Þetta er kynslóðin sem krefst þess að hagur almennings verði bættur á kostnað almennings (les: minn hagur bættur á kostnað annarra). Þetta er kynslóðin sem sér ekkert annað en sjálfa sig. Þetta er kynslóðin sem ræður umfjölluninni í íslenskum fjölmiðlum.

Þessi kynslóð sér ekkert fréttnæmt í því að hópur gamalmenna hafi tapað aleigu sinni við að reyna að tryggja sér verndarskjól í ellinni með viðskiptum sínum við Eir. Það telur þessi kynslóð varla fréttnæmt – enda varðar það ekki hana. Þessi kynslóð telur það vart umræðuvert þó gamlir menn og konur hafi tapað aleigu sinni fyrir þær sakir að láta tilleiðast fyrir eindregin tilmæli einstaklinga þessarar sömu kynslóðar til þess að setja ævisparnað sinn í áhættusjóði ævintýramanna af sjálfhverfu kynslóðinni, sem síðan töpuðu hverri einustu krónu af ævitekjum gamla fólksins – nema þeim sem þeir komu undan í skattaskjól fyrir sjálfa sig. Þessi sjálfhverfa kynslóð sér ekki heldur neitt umræðuvert í því, þó íbúar allra Raufarhafna þessa lands gangi slyppir og snauðir frá húseignum sínum sem í mörgum tilvikum kostuðu þá miklu meira fé að byggja vegna hás flutningskostnaðar aðfanga en sjálfhverfu kynslóðina á höfuðborgarsvæðinu. Nei – það að krónan haldi áfram að falla eins og hún hefur svikalaust gert alla sína hundstíð kallar þessi kynslóð „forsendubrest“ en að undirstaða atvinnu í sjávarplássunum fyrir austan, norðan og vestan sé flutt burt frá fólki vegna eiginhagsmuna örfárra manna telur sjálfhverfa kynslóðin ekki umræðuvert – hvað þá heldur „forsendubrest“.

„Forsendubrest“ sjálfhverfu kynslóðarinnar er skylt að bæta – það er krafan – en stórfellt eignatap fólksins við sjávarsíðuna eftir að kvótinn var burtu seldur eða eignahrun gamla fólksins fyrir tilverknað hinna útrásarglöðu einstaklinga sjálfhverfu kynslóðarinnar – um það er ástæðulaust að ræða. Það tekur því ekki. Þvert á móti er rétt að senda reikninga sjálfhverfu kynslóðarinnar þessu fólki til greiðslu.

„Hvað ætlar þú að gera fyrir mig?“ Þetta er sú spurning, sem sjálfhverfa kynslóðin spyr nú alla frambjóðendur til komandi alþingiskosninga. Í mínum huga eru þetta einfaldlega atkvæði á uppboði. Skyldi gamla fólkið á Eir spyrja slíkra spurninga – nú eða íbúar Raufarhafna þessa lands? Nei – ég á ekki von á því. Sjálfhverfa kynslóðin á sviðið.

„Hvað ætlar þú að gera fyrir mig?“ Þetta er sú spurning, sem sjálfhverfa kynslóðin spyr nú alla frambjóðendur til komandi alþingiskosninga. Í mínum huga eru þetta einfaldlega atkvæði á uppboði. Skyldi gamla fólkið á Eir spyrja slíkra spurninga – nú eða íbúar Raufarhafna þessa lands?

# Unglingasmiðjur

Samfélagsmál



Heiða Ösp Kristjánsdóttir



Belinda Karlsdóttir
forstöðumenn unglingasmiðja Reykjavíkurborgar

Undanfarið hefur einelti verið mikið í umræðunni, hvaða leiðir gegn einelti eru færar og hvert hlutverk okkar allra í samfélaginu er í því að sporna við þessari samfélagsvá.

Á vegum Reykjavíkurborgar eru starfræktar tvær unglingasmiðjur, Tröð sem staðsett er í Breiðholti og Stígur sem er í miðbænum. Smiðjurnar eru fyrir félagslega einangraða unglinga, sem eru vinafáir eða vinalausir og hafa margir hverjir upplifað einelti. Þessir unglingar koma oft inn með lélega sjálfsmynd, kvíða og erfiða reynslu á bakinu sem aftrar þeim frá því að njóta þess að vera í jafningjahópi, vera samþykktir af öðrum og eiga eðlilegt líf. Alls nýta 32 unglingar úrræðið í báðum unglingasmiðjunum sem þjónusta alla Reykjavíkurborg. Þangað koma unglingar á aldrinum 13-16 ára og hver hópur fyrir sig mætir í fjölbreytt og markvisst kvöldstarf tvisvar í viku allan veturinn.

Í smiðjunum er unnið með einstaklingum í hópastarfi, þar sem félagshæfni, samskipti og samvinna er efld auk þess sem unnið er að því að bæta sjálfsmynd þeirra og byggja upp virðingu og traust innan hópsins. Þar stunda þau ýmsar tómstundir s.s. klifur, útivist og keilu og njóta samhliða því samvista hvert við annað. Starfsfólkið leggur mikinn metnað í að hverjum og einum líði sem best í unglingasmiðjunum. Flestir sem þangað koma eiga það sammerkt að líða ekki nógu vel og er einelti oft stór ástæða þess. Að sjá einstakling fara að bera sig betur, vera með sýnilega meira sjálfstraust og öruggari í samskiptum er afrakstur starfsins okkar. Auk þess dregur það úr félagslegri einangrun og eykur líkur á virkri þátttöku unglinganna í samfélaginu í framtíðinni. Margir hverjir upplifa í fyrsta sinn í langan tíma jákvæð samskipti við jafnaldra og fá tækifæri til að stækka þægindaramma sinn og upplifa traust jafnaldra í öruggum félagahóp.

Það er okkar einlæg ósk að við sem samfélag tökum höndum saman og segjum nei við einelti, þar sem hvert og eitt okkar er meðvitað um skaðsemi þess og áhrif á líf einstaklingsins. Það er réttur allra að eiga jafnan aðgang að samfélaginu og upplifa sig sem hluta af því. Því skorum við á foreldra og aðra sem starfa með ungu fólki að hlúa að því, ræða við það og eiga traust og jákvæð samskipti með það að markmiði að sýna gott fordæmi og um leið efla það samfélag sem við búum í. Áhugasömum er bent á að frekari upplýsingar um unglingasmiðjurnar er að finna á vef Reykjavíkurborgar, undir Þjónustumiðstöð Breiðholts.



# MICHELSEN ÚRSMIÐIR ÓSKA VILBORGU SUÐURPÓLFARA GÓÐS GENGIS

Vilborg Arna Gissurardóttir hefur nú göngu sína á Suðurpólinn. Ein sín liðs mun hún ganga 1.140 kílómetra á átta vikum við gríðarlega erfiðar og krefjandi aðstæður þar sem kuldinn getur farið niður í allt að 50 gráðu frost og kröftugir heimskautastormar geta torveldað för hennar. Við slíkar aðstæður þarf Vilborg að geta treyst á góðan búnað.





Vilborg treystir á **Michelsen Watchmakers - Arctic Explorer,** úrið sem er hannað með ferðalanga og erfiðar aðstæður í huga.

- Tveggja tíma úr, þriðji tíminn notaður til að reikna tímamismun.
- Vatnsþéttur og sterkur hágæða úrkassi úr ryðfríu stáli.
- Sjálftrekkt úrverk frá áreiðanlegum svissneskum framleiðanda.
- Hvít skífa með stórum svörtum vísum og tölustöfum hámarkar skýrleika.
- Þrælsterk NATO nylon-ól.

Úrin fara í almenna sölu þann 1. desember næstkomandi. Nánari upplýsingar er að finna á www.michelsen.is/sudurpollinn. **Við erum byrjuð að taka við pöntunum.**

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# Niðurrif Hamraneslína tryggt

Orkumál

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri í Hafnarfirði



Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 24. október sl. var samþykktur mikilvægur viðauki við upphaflegt samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets hf. um röðun framkvæmda við Suðvesturlínur og tryggingu Hafnarfjarðarbæjar fyrir því að raflínur nálægt íbúabyggð á Völlum og við Hamranes verði fjarlægðar eins fljótt og auðið er. Í viðaukanum kemur fram að framkvæmdir við niðurrif línanna muni hefjast eigi síðar en 2016 og að þeim verði lokið eigi síðar en 2020. Jafnframt er áréttaður sá sameiginlegi skilningur aðila að hefjist framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs álvers í Helguvík eða annars orkufreks iðnaðar á svæðinu, þá verði þegar hafinn undirbúningur að fyrrgreindum framkvæmdum og línurnar fjarlægðar. Athygli vakti að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu viðaukanum ekki atkvæði sitt en komu hins vegar með virkum hætti að gerð upphaflega samkomulagsins. Samkomulags sem þó var með þeim hætti að samningsaðilinn, Landsnet hf., gat leyft sér að ráðast ekki í þær framkvæmdir sem þar var verið að semja um.

**Forsaga málsins**

Í ágúst 2009 gerðu Landsnet hf. og Hafnarfjörður með sér samkomulag um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Með samkomulaginu var tryggt að samhliða uppbyggingu Suðvesturlínu yrði ráðist í færslu þess hluta flutningskerfisins sem í dag liggur í jaðri íbúabyggðarinnar í Hafnarfirði. Það hefur því ávallt legið fyrir að forsenda niðurrifs Hamraneslínu væri að farið yrði í uppbyggingu nýrrar Suðvesturlínu.

Í því samhengi er vert að hafa í huga að niðurrif Hamraneslínu er ekki ein af forsendum uppbyggingar nýrrar Suðvesturlínu. Krafan um þá framkvæmd er alfarið krafa Hafnarfjarðarbæjar og sett fram vegna augljósra og brýnna hagsmuna sveitarfélagsins og íbúa þess.

> Með framgöngu sinni og afstöðuleysi í þessu máli sýnir Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði fram á að hann er enn og aftur ekki reiðubúinn að axla fulla ábyrgð...

**Mikilvæg tímamörk**

Á þeim tíma sem samkomulagið var gert lá ekki annað fyrir en að þá þegar yrði hafist handa við framkvæmdina og var þá gert ráð fyrir að línurnar yrðu farnar árið 2011. Tafir hafa hins vegar orðið á framkvæmdum í Helguvík og töluverð óvissa verið uppi um framtíð þess verkefnis. Það er meginástæða þeirra tafa sem orðið hafa á framkvæmdum Landsnets við Suðvesturlínu og þar með niðurrifi Hamraneslínu. Um það hefur Hafnarfjarðarbær ekkert haft að segja, enda kvað fyrra samkomulag ekki á um nein tímamörk framkvæmda. Það gerir fyrrgreindur viðauki aftur á móti og í því liggur mikilvægi hans.

**Fjarvera Sjálfstæðisflokksins**

Ekki síst þess vegna er athyglisvert að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði eru ekki reiðubúnir að taka þátt í að tryggja hagsmuni bæjarins í þessum efnum. Með framgöngu sinni og afstöðuleysi í þessu máli sýnir Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði fram á að hann er enn og aftur ekki reiðubúinn að axla fulla ábyrgð og standa vörð um heildarhagsmuni Hafnarfjarðar.

Með viðaukanum við Landsnet tryggði meirihluti Vinstri grænna og Samfylkingar bindandi samkomulag um hvenær í síðasta lagi umræddar framkvæmdir við niðurrif línumannvirkjanna muni hefjast og hvenær þeim skuli lokið. Þannig eru hagsmunir sveitarfélagsins tryggðir með skýrari hætti en áður hefur verið. Eftir tilraunir til að fá málinu frestað völdu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að sitja hjá við afgreiðslu samkomulagsins, þessu mikilvæga hagsmunamáli bæjarbúa í Hafnarfirði.




# Örbirgð umgengnisforeldra er pólitískur vandi

Samfélagsmál

Gunnar Kristinn Þórðarson
stuðningsfulltrúi



Helsta ástæða þess að félagsleg staða umgengnisforeldra hefur ekki verið gerð að kosningamáli hingað til er sú að umgengnisforeldrar hafa aldrei verið skráðir sem foreldrar í bókum hins opinbera. Ef tölfræðin væri til um þjóðfélagshópinn, líkt og um aðra þjóðfélagshópa, væri almennt álitið að réttindabarátta umgengnisforeldra væri ein mikilvægasta mannréttindabarátta á Íslandi í dag.

Þótt Hagstofa Íslands telji það mikilvægt að telja sérhvert verpandi hænsni, svín og búgripi á ári hverju telur stofnunin það sér ofviða að telja fjölda umgengnisforeldra og réttlætir hún vinnubrögðin með að benda á götótt regluverk Evrópusambandsins sem hún segist fara eftir í einu og öllu. Hef ég því sagt í kerskni og alvöru að umgengnisforeldrar séu þannig færðir skör neðar en búgripir í íslenskri hagskýrslugerð. Það er þó ekki fyllilega maklegt af hagstofunni að skýla sér á bak við vanhæfni evrópska skrifræðisins, því Svíar hafa um langt árabil haldið til haga nákvæmri tölfræði um þjóðfélagshóp umgengnisforeldra. Þetta gera þeir með því að færa öll fjölskylduvensl til bókar í þarlendri þjóðskrá, en hér á landi eru lögheimilisforeldrar einungis auðkenndir með svokölluðu fjölskyldunúmeri, með þeim afleiðingum að umgengnisforeldrar eru færðir til bókar sem barnlausir einstaklingar.

Þannig hafa íslensk stjórnvöld og stofnanir undanskilið þjóðfélagshóp umgengnisforeldra frá öllum lífskjarakönnunum og rannsóknum frá upphafi vega, jafnvel þótt öllum megi vera ljóst að þeir búa við langlökustu lífskjörin í landinu.

Í fræðiriti Háskóla Íslands frá árinu 2011, Fjölskyldugerðir á Íslandi, kemur fram að ríkið greiðir um 40.000-60.000 kr. til handa lögheimilisforeldrum með hverju skilnaðarbarni. Flestar þær greiðslur sem hér um ræðir eru undanþegnar frá skatti, en við bætist meðlag, sem getur orðið tvöfalt ef heildartekjur umgengnisforeldra fara yfir 525.000 kr. Upphæð meðlags er 24.230 kr. og eru skattarnir af því greiddir af umgengnisforeldrinu. Samanlagðar greiðslur ríkisins og umgengnisforeldra til handa lögheimilisforeldrum geta því verið á bilinu 64.000-108.000 kr. á mánuði og fer breytileikinn eftir tekjum skilnaðarforeldra og búsetuformi lögheimilisforeldris.

Umgengnisforeldrið missir hins vegar næstum allar bætur við skilnað, bæði barnabætur og húsaleigubætur, og skerðast vaxtabætur miðað við að umgengnisforeldrið sé barnslaus einstæðingur og að meðlagsgreiðslur til handa lögheimilisforeldrinu sé hluti af hans ráðstöfunartekjum. Við má bæta að Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur nærri því ótakmarkaðar heimildir til að ganga að eigum og útborguðum tekjum meðlagsgreiðenda ef kemur til vanskila.

Þrátt fyrir að heildarlaun endurspegli á engan hátt ráðstöfunartekjur umgengnisforeldra skerðast allar bætur í samræmi við heildarlaun og hækka t.a.m. afborganir Lánasjóðs íslenskra námsmanna í samræmi við þau. Auk þessa synjar félagsþjónusta sveitarfélaganna beiðni umgengnisforeldra um fjárhagsaðstoð, jafnvel þótt Innheimtustofnun sé búin að draga nær öll útborguð laun af meðlagsskuldaranum, og réttlætir hún framgöngu sína með að benda á heildarlaun meðlagsgreiðandans, jafnvel þótt útborguð laun séu nær engin.

Stjórnvöld eru meðvituð um vandann en kusu hins vegar við upphaf kosningavetrarins að bregðast við honum með því að hækka ríflega barnabætur til handa lögheimilisforeldrum á grundvelli þeirra röngu forsendna að þeir skapi þann þjóðfélagshóp sem sárast eigi um að binda.

> Þótt Hagstofa Íslands telji það mikilvægt að telja sérhvert verpandi hænsni, svín og búgripi á ári hverju telur stofnunin það sér ofviða að telja fjölda umgengnisforeldra.

Til að bæta gráu ofan á svart er ástæða til að óttast að stjórnvöld ætli á kosningavetri að hlunnfara umgengnisforeldra enn og aftur í fyrirhuguðum breytingum á lögum er varða nýjar barnatryggingar og húsnæðisbætur.

Þótt ástæða sé til að árétta mikilvægi þess að stjórnvöld styðji þétt við bakið á lögheimilisforeldrum, þá gefur það augaleið að framganga þeirra í garð umgengnisforeldra er svívirðileg og henni verður að linna. Stjórnvöld þurfa þegar í stað að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum til að öll fjölskylduvensl verði skráð í Þjóðskrá, líkt og gert er í Svíþjóð. Með þeim hætti er hægt að halda tölfræðilegum upplýsingum til haga um þjóðfélagshópinn og leiðrétta aðkomu umgengnisforeldra að bótakerfinu.

Leiðrétt aðkoma umgengnisforeldra að bótakerfinu ætti að vera brýnasta kosningamál vetrarins á sviði velferðar og mannréttinda, og ættu stjórnmálaöflin í landinu að gera sér grein fyrir því að umgengnisforeldrar telja um 14.000 fullgild atkvæði í alþingiskosningum.

Höfundur er fyrrverandi ritari stjórnar hagsmunasamtaka heimilanna, stjórnarformaður Samtaka meðlagsgreiðenda, starfar sem stuðningsfulltrúi með B.A.-próf í guðfræði og gefur kost á sér í 3.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

**AF NETINU**

### Fyrir flokkinn sinn

„Hvað get ég gert fyrir Sjálfstæðisflokkinn?“ spyr einn sextán frambjóðenda í prófkjörsblaði flokksins í Kópavogi. Já, hvað getur þú gert fyrir Flokkinn og hvað getur þjóðin gert fyrir Flokkinn sinn? Ég hef dónalegar hugmyndir um það, en læt þær kyrrar liggja í bili. En hvað getur Flokkurinn gert fyrir þjóðina, það er allt önnur Ella. Hann getur vísað fjárglæframönnum sínum af þingi og forðast fleiri glæframenni. Hann getur gert upp fortíðina og leitað aftur til uppruna síns. Getur hætt upphlaupum og málþófi um tæknileg atriði á þingi. En til of mikils er mælzt, að hann taki þjóðina fram yfir Flokkinn.

http://www.jonas.is/

Jónas Kristjánsson

# Ríkisstjórnin ætlar að festa svindlið í lög og lauma því framhjá neytendum

**Jóhanna, sögðust þið ekki ætla að vera með okkur í liði?**

Samvæmt frumvarpi um neytendalán sem nú liggur fyrir Alþingi verður verðtryggingin tekin út fyrir útreikninga um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Þar með er verið að falsa útreikninga um kostnað við að taka lán, neytendum í óhag. Enn á ný er verið að traðka á rétti neytenda, bregðumst við og forðumst slysið áður en það er um seinan.

**Opinn borgarafundur í Háskólabíói,**
þriðjudaginn 13. nóvember kl. 20.00

**Fundarefni**: Verðtryggingin dregin fyrir dóm

**Fundarstjóri**: Egill Helgason

Pallborðsumræður með fulltrúum þingflokkanna
og fulltrúum Hagsmunasamtaka heimilanna

**Hagsmunasamtök Heimilanna**

www.heimilin.is – heimilin@heimilin.is



Safnaðu þekkingu

– námskeið í nóvember og desember

Að takast á við ógnandi hegðun skjólstæðinga eða viðskiptavina

Depression, advanced case work

Enterprise Information Technology: Strategies for Complex System Implementations

Expanding your sales in export markets

Gjörhygli - Mindfulness

Hugmynda- og aðferðafræði gæða- og straumlínustjórnunar

IFRS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Dóttur- og hlutdeildarfélög, samrekstur, samstæðu- og sérgreind reikningsskil

IFRS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Starfsþáttayfirlit, tengdir aðilar og gengisbreytingar

IFRS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Tekjuskattur, fjárfestingar í hluta- og skuldabréfum, skuldir

Ísland og Evrópa: Samband á tímamótum - einnig í fjarfundi

Íslenski þroskalistinn

Kvíðasjúkdómar – Þú getur líka!

Macbeth í Þjóðleikhúsinu

Mýs og menn í Borgarleikhúsinu

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum

Súkkulaði . . . himneskt um jólin

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum

Virðisrýrnunarpróf fastafjármuna og óefnislegra eigna

Þunglyndi – Þú getur líka!

Öflugt sjálfstraust

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 og endurmenntun.is


# Fangar með geðsjúkdóma – sjónarmið sem ekki heyrðust!

Heilbrigðismál


**Páll Matthíasson**
geðlæknir og framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala




Dagana 8. og 10. október síðastliðinn fjallaði Kastljós RÚV um málefni geðsjúkra fanga. Umfjöllunin var einhliða og heildstæð mynd af afstöðu Geðsviðs Landspítala í þessu mikilvæga máli kom ekki fram. Rætt var við undirritaðan, sem auk þess að leiða Geðsvið hefur langa reynslu af réttargeðlækningum í Bretlandi. Hins vegar var aðeins lítið brot af viðtalinu sýnt, auk þess sem rangt var eftir undirrituðum haft. Landspítali gerði athugasemd við fréttaflutning Kastljóss strax eftir þættina og óskaði þess að fá tækifæri til að skýra betur sín sjónarmið. Þar sem slíkt tækifæri hefur ekki fengist þá er Geðsvið Landspítala tilneytt að halda fram sínum sjónarmiðum á öðrum vettvangi.

**Afstaða Geðsviðs í dag til geðsjúkra fanga**

Það hefur alla tíð verið stefna Geðsviðs að sakhæfir fangar afpláni ekki refsingu á Landspítala. Fangar hafa hins vegar alltaf fengið þar bráðameðferð. Geðsviðið neitaði fram yfir síðustu aldamót að vista ósakhæfa fanga og ekki er hægt að draga fjöður yfir það að afleiðingarnar voru slæmar. Það var hins vegar hin hliðin á þeirri mannúðarstefnu sem rekin hafði verið alla tíð á Kleppi, þar sem reynt var að komast hjá nauðung í lengstu lög. Skoðun yfirlækna var að spítalinn væri ekki í stakk búinn að sinna ósakhæfum föngum. Það var á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda að bregðast við þessu og var það gert þegar Réttargeðdeildin að Sogni var opnuð 1992, ráðstöfun sem var óheppileg en mætti brýnni þörf á sínum tíma.

Nú eru hins vegar önnur viðhorf á Geðsviði Landspítala. Barátta Landspítala fyrir því að loka Sogni og opna réttargeðdeild að Kleppi er skýrt merki þeirra breyttu viðhorfa sem byggjast jafnt á faglegum rökum og mannúðarrökum.

**Afstaða Geðsviðs Landspítala er sú að;**

1) Geðsvið Landspítala sinnir þeim sem dæmdir eru ósakhæfir og fara á réttargeðdeild.
2) Geðsvið Landspítala metur fanga í bráðatilfellum og eru þeir lagðir inn til meðferðar ef þarf.
3) Öryggisgeðdeild (deild 15) sinnir sjálfræðissviptum, alvarlega geðsjúkum með fíknivanda og ofbeldishættu. Deildin hefur nýst vel til að draga úr líkum á frekari afbrotum hjá þessum mikið veika hópi.
4) Ákveðinn lítill hópur fanga sem hefur áður gengið í gegnum öryggisgeðdeildina (oftast), flakkar á milli geðdeilda og fangelsa og er í raun sífellt einhvers staðar í kerfinu. Þetta er sá hópur sem flóknast hefur reynst að finna lausn fyrir.

> Geðsvið Landspítala og Fangelsismálastofnun þurfa að vinna saman að þessum málaflokki og jók fundur þessara aðila sem haldinn var nú nýlega skilning beggja aðila á sjónarmiðum hins.

**Þörf er fyrir sérstakt búsetuúrræði**

Varðandi síðastnefnda hópinn (hóp 4) þá er það skoðun Geðsviðs Landspítala að þessir sakhæfu einstaklingar (sem margir hverjir eiga takmarkaða von um bata) eigi ekki að afplána sína dóma á sjúkrahúsi. Hefðbundið fangelsi er ekki heppilegur staður fyrir þá en sjúkrahús er það enn síður. Í því sambandi er rétt að líta til dóms Hæstaréttar (659/2008) í máli einstaklings sem hafði verið 16 ár á Sogni. Þar var dæmt svo að þar sem hann væri ekki til lækninga, þá ætti hann rétt á búsetuúrræði með viðeigandi öryggisgæslu, spítali eða önnur stofnun væri ekki réttur staður fyrir hann. Í raun þarf að huga að „viðeigandi stofnun“ sbr. 16. grein almennra hegningarlaga (19/1940), en sú stofnun er hvorki fangelsi né sjúkrahús. Lausnin gæti að mati Landspítala verið sérstakt búsetuúrræði/stofnun með viðeigandi öryggisgæslu en til vara geðdeild innan fangelsis, nú þegar nýtt fangelsi rís vonandi.

**Sakhæfir fangar eiga ekki erindi á réttargeðdeild**

Lögmaður í þætti Kastljóss taldi að sakhæfir fangar væru best komnir á réttargeðdeildinni að Kleppi. Sú hugmynd byggir á vanþekkingu. Fyrsta verk Landspítala þegar það tók yfir rekstur Sogns á sínum tíma var að stöðva flutning sakhæfra fanga úr fangelsi á Sogn. Ástæðan er sú að þeir einstaklingar sem eru svo veikir að vera dæmdir ósakhæfir og enda á réttargeðdeild eru mjög viðkvæmir vegna veikinda og stundum fötlunar. Reynslan frá Sogni sýndi að fangar sem komu frá Litla-Hrauni voru betur „starfhæfir“ og kúguðu stundum ósakhæfa sjúklinga með langvinna geðrofssjúkdóma og jafnvel starfsfólk Sogns. Afleiðingin varð harkalegri og verri deild fyrir þá ósakhæfu. Þetta er löngu þekkt og t.d. tók Broadmoor–réttargeðspítalinn í Englandi fyrir innlagnir sakhæfra úr fangelsum strax árið 1886, eftir uppþot og morð innan spítalans.

**Niðurlag**

Það er mjög miður hversu einhliða og ósanngjörn umfjöllun Kastljóss nú nýlega um málefni geðsjúkra fanga var. Umræða um þennan flókna og viðkvæma málaflokk er mikilvæg og afar þörf – en hefur margar hliðar. Mikilvægt er að sjónarmið þeirra fagaðila sem mesta reynslu hafa af meðferð geðsjúkra afbrotamanna heyrist (þótt þau eigi auðvitað ekki að vera einu sjónarmiðin sem fram koma). Geðsvið Landspítala og Fangelsismálastofnun þurfa að vinna saman að þessum málaflokki og jók fundur þessara aðila sem haldinn var nú nýlega skilning beggja aðila á sjónarmiðum hins. Er stefnt að nánara samstarfi í framtíðinni.

Lengri útgáfa greinarinnar er á www.visir.is.

# Áskorun til borgarstjóra frá BIN hópnum

Fyrir einhverja lukku og hendingu eiga Íslendingar ótrúlega gott og glæsilegt safn sögulegra húsa á þrjá vegu við Ingólfstorg í höfuðborg sinni, Reykjavík. Þau eru í fjölskyldu með öðrum húsum neðst við Vesturgötu og í sunnanverðu Aðalstræti en hefur ekki verið sýnd sams konar ræktarsemi og þeim og njóta sín því ekki. Loksins hyggjast þó borgaryfirvöld í Reykjavík kannast við tilverurétt hinna verðmætu og virðulegu húsa við Ingólfstorg en hafa tekið alranga stefnu. Innan um hin öldnu hús skulu reistar nýbyggingar, miklu hærri og efnislega gjörólíkar. Hér er valin sú ófæra leið málamiðlunar að láta gamalt standa en leyfa þó nýtt og framandi á sama stað, ofan í og upp að gömlu húsunum þannig að þau fá ekki notið sín. Við skorum á borgarstjóra að koma í veg fyrir þessar nýbyggingar og leyfa gömlu húsunum við Ingólfstorg að standa með reisn á sama hátt og gömlu húsin við Vesturgötu og Aðalstræti. Þá munu gestir og gangandi dásama húsin og borgin hljóta lof. Við minnum á nýleg sjónarmið spænskra arkitekta um að miðbær Reykjavíkur sé menningararfur á heimsvísu.

En borgaryfirvöld eru líka á villigötum að því leyti að þau hafa í hyggju að skerða helsta torg borgarinnar, Ingólfstorg, að miklum mun. Á drjúgum hluta þess, hinum sólríkasta, skal reist nýtt hús, svonefnt Menningarhús, sem skyggir á þá sögulegu byggð sem fyrir er. Núverandi Ingólfstorg má auðveldlega lagfæra og gera vistlegt augnayndi, ekki síst með því að fá húsunum sem þar eru gamalt og glæsilegt horf.

Þá vekur furðu hvernig borgaryfirvöld hyggjast fallast á að þrengt verði að Alþingi Íslendinga í Kirkjustræti. Þar skal verða aðalaðkoma að stóru og miklu hóteli sem hið viðkvæma svæði ber engan veginn. Alþingi er sett skör neðar en hótelið í virðingarstiga.

Borgaryfirvöld munu líta svo á að þeim sé nauðugur einn kostur að þóknast eiganda húsa og lóða milli Ingólfstorgs og Kirkjustrætis, leyfa honum að gjörnýta rétt sem hann telur sig eiga samkvæmt deiliskipulagi. Við minnum á að það kveður ekki á um rétt til að sameina lóðir né að afhenda spildur sem borgin á þarna sjálf og fylla þær með byggingum.

Deiliskipulagið er annars löngu úrelt og stríðir með öllu gegn almennum viðhorfum. Við það ber borgaryfirvöldum að miða og leita allra leiða til samninga til þess að koma í veg fyrir óhappaverk eða ella mæta lóðahafa fyrir dómstólum og láta reyna á rétt hans. Það stríðir gegn réttlætiskennd og siðferðisvitund að einstaklingur í gróðahuga skuli geta náð kverkataki á yfirvöldum vegna úrelts skipulags, leyfist þannig að reisa byggingar með auknu skuggavarpi í óþökk svo margra og komist jafnvel upp með að rífa hinn sögufræga Nasasal sem hefur reynst svo mikilvægur fyrir félags- og tónlistarlíf borgarbúa. Borgaryfirvöld mega ekki sætta sig við þetta og hljóta að losa sig undan slíku taki með tiltækum ráðum.

Við skorum á borgarstjóra að leita samstarfs við Alþingi um að finna lausn á málinu með því m.a. að tryggja lóðahafa góða lóð undir hótel á öðrum stað og fá hann ofan af byggingaráformum sem mæta mikilli andúð og andstöðu.

*Björn B. Björnsson, Edda Jónasdóttir, Eiríkur G. Guðmundsson, Guðríður Adda Ragnarsdóttir, Halla Bogadóttir, Helgi Þorláksson, Páll Óskar Hjálmtýsson, Ragnheiður Þorláksdóttir, Rúnar Sigurðsson, Samúel Samúelsson, Sigrún Björnsdóttir og Þóra Andrésdóttir*

# Staðreyndir um Eir

Fjármál



Björn Valur Gíslason
formaður fjárlaganefndar Alþingis

Málefni Hjúkrunarheimilisins Eirar hafa verið mikið til umfjöllunar síðustu daga. Í því sambandi ber að halda ákveðnum staðreyndum til haga.

Í fyrsta lagi er rétt að undirstrika að rekstur Eirar er í dag tryggur, skilar jákvæðum niðurstöðum og vel að honum staðið.

Í öðru lagi er sá vandi sem um hefur verið fjallað að undanförnu úr fortíðinni kominn á ábyrgð þeirra sem þá ráku heimilið. Á þeim málum hefur nú þegar verið tekið og gripið til viðeigandi ráðstafana.

Í þriðja lagi hefur Hjúkrunarheimilið Eir verið að hluta til fjármagnað með opinberum fjármunum í gegnum framkvæmdasjóð aldraðra, með daggjöldum og með lánum frá Íbúðalánasjóði. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir útgjöldum til Eirar upp á u.þ.b. 1,5 milljarða króna.

Fjárlaganefnd Alþingis ber skylda til að hafa eftirlit með fjármálum ríkisins og mun sinna því hlutverki sínu varðandi málefni Eirar.

Verst er þó sú staða sem fjöldi eldri borgara hefur verið settur í vegna fjárhagsstöðu Eirar. Þeir einstaklingar sem þar eiga í hlut eiga allan okkar stuðning. Það eru skýr skilaboð til þeirra frá fulltrúum allra flokka í fjárlaganefnd, þvert á flokka, að þeirra hagsmunir verði tryggðir eins og mögulegt er að gera. Það er sömuleiðis nauðsynlegt að undirstrika að séð verður til þess að Hjúkrunarheimilið Eir mun áfram hér eftir sem hingað til veita alla þá þjónustu sem veitt er í dag.

Það er síðan brýnt að unnið verði hratt og vel að lausn fjárhagsvanda Eirar í samstarfi allra hlutaðeigandi aðila. Fjárlaganefnd Alþingis mun koma að þeirri vinnu eins og þörf er á hverju sinni.

# Tölum saman! Let‘s talk! Porozmawiajmy!

Fjölmenning



Joanna Marcinkowska
innflytjandi

Ég heiti Joanna og ég er pólsk. Ég flutti til Íslands fyrir níu árum. Þegar ég kom hingað þurfti ég fyrst að læra íslensku og setja mig inn í íslenskt samfélag. Ég þurfti að afla mér upplýsinga um réttindi mín sem innflytjandi. Hvar, hvenær og hvernig átti ég að nálgast slíkar upplýsingar? Það var oft erfitt því ég talaði litla íslensku og ég vissi ekki hvert ég átti að leita. Oft mátti ég ganga á milli stofnana og fara erindisleysu því ég vissi ekki hvar þjónustuna var að finna. Þetta þekkja flestir sem hafa tekið sig upp og flust á milli landa.

Fólk sem flytur til Reykjavíkur á að geta sótt allar upplýsingar á einn stað, hvort sem það kemur frá Póllandi eða Dalvík. Góð upplýsingagjöf er frumforsenda þess að nýjum íbúum finnist þeir vera öruggir og vilji setjast að í borginni. Reykjavík er í fararbroddi sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við innflytjendur og heldur m.a. úti pólskum og enskum þjónustuvef. Á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar er líka unnið mikilvægt starf í þjónustu við innflytjendur. En alltaf má bæta þjónustuna og þá þarf að taka tillit til þeirra sem nota hana því þeir vita best hvað má gera betur.

Á Fjölmenningarþingi Reykjavíkurborgar sem nú er haldið í annað sinn er yfirskriftin „Tölum saman!“ Þingið er mikilvægur vettvangur fyrir innflytjendur því þar gefst þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og ræða hvernig miðla megi betur upplýsingum til og á milli innflytjenda. Enn fremur geta þingfulltrúar tekið þátt í að móta fjölmenningarstefnu til framtíðar og leggja sitt af mörkum til að einfalda hlutina fyrir nýja íbúa og hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi. Mér finnst mikilvægt að við tölum saman, miðlum reynslu okkar og komum með ábendingar um það sem betur má fara. Þannig getum við hjálpast að og gert gagn í nýju samfélagi – öllum til hagsbóta.

Tölum saman! Let‘s talk! Porozmawiajmy!





vissir þú að...
foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

www.volkswagen.is




Volkswagen Jetta Highline

Fullkominn fjölskyldubíll

Jetta Highline er ríkulega búinn staðalbúnaði á hagstæðu verði. Má þar meðal annars nefna 16" álfelgur, leðurklætt fjölrofa stýri, nálgunarvara í stuðurum, ESP stöðugleikastýringu, þokuljós, hita í sætum, rafstýrða upphitaða spegla og margt fleira.

Volkswagen Jetta Highline kostar aðeins frá
3.850.000 kr.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Jetta

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
198 KR.
398 KR.
LAMBHAGASALAT Í POTTI 198 KR.
LAMBHAGA SALATBLANDA Í BOXI 398 KR.
Barilla
FUSILLI
SPAGHETTI
249 KR.
249 KR.
AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR 198 KR
BARILLA SPAGHETTI 1 KG. 249 KR.
BARILLA FUSILLI 1 KG. 249 KR.
198 KR.
BESTU KAUPIN
Í KJÚKLINGABRINGUM
Í BÓNUS
KYCKLINGFILÉ
FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
159 KR.KG
ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE
UPPSKRIFT;
WWW.BONUS.IS/UPPSKRIFTIR
Colgate
COLGATE TANNKREM
2 X 75 ML TÚPUR
398 KR.
DÖÐLUR
498 KR.
HEIMA FERSKAR DÖÐLUR 600 GR NÝ UPPSKERA
Kolsýrt vatn
BÓNUS 2 LTR. VATN:
SÍTRÓNU OG HREINT
149 KR.
SMJÖRLÍKI
179 KR.
HEIMA SMJÖRLÍKI 500 GR
WHEAT FLOUR
98 KR.
EUROSHOPPER HVEITI 1 KG.
698 KR.
HEIMA MÖNDLUR 500 GR
VERTU VIÐBÚINN VETRINUM
RÚÐU-VÖKVI
5 LTR. RÚÐUVÖKVI
ÞOLIR 9 GRÁÐU FROST
498 KR.
Spelt
398 KR.
LÍFRÆNT SPELT 1 KG.
GRÓFT OG FÍNT
FÍNT KÓKOSMJÖL
298 KR.
HEIMA KÓKOSMJÖL 500 GR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUM KL.10
KJARNAFÆÐI
1398 KR. KG
KF FERSKT JURTAKRYDDAÐ HEIÐALAMB
BÓNUS
HAMBORGAR HRYGGUR
1279 KR. KG
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
798 KR. KG
SS REYKT FOLALDAKJÖT
SS
1398 KR. KG
SS SALTAÐIR LAMBALEGGIR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTASNITSEL
NV FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
1795 KR.KG
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
BÓNUS
NAUTA Veisla
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
NV FERSKT NAUTGRIPAPIPARSTEIK
1998 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
NV FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
1795 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
NV FERSKT NAUTGRIPAHAKK
1295 KR.KG
NAUTA Veisla
ÚRB. HANGILÆRI
2798 KR
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1798 KR
NV FERSKT NAUTGRIPA MÍNÚTUSTEIK
1998 KR.KG
ÓDÝRT KAFFI Í BÓNUS
AÐEINS 10 KR. KAFFIBOLLINN
BÓNUS KAFFI
COFFEE PODS REGULAR
BÓNUS KAFFI 500g
398 KR.
EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR 36 stk.
359 KR.
EXTRA VIRGIN ÓLIFUOLIA
HEIMA EXTRA VIRGIN ÓLIFUOLÍA 750 GR
598 KR.
BASMATI HRÍSGRJÓN
259 KR. PK
HEIMA BASMATI HRÍSGRJÓN 5 X 100 GR
jarðarber
459 KR. 1.2 KG
FROSIN JARÐARBER
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Pólitískt dýr út í hverja frumu

**Svavar Gestsson** var einn af aðalleikendunum á hinu pólitíska sviði um áratugi. Hann dró sig í hlé þegar miklar breytingar urðu á vinstri væng stjórnmála og tveir nýir flokkar urðu til. Hann segir ***Kolbeini Óttarssyni Proppé*** frá því að baráttan gegn niðurlægingu fátæktarinnar hafi alltaf knúið hann áfram. Svavar lítur yfir farinn veg í sjálfsævisögu sinni Hreint út sagt.

Það var 18. janúar 1961 sem ég gekk í hreyfinguna. Síðan er liðin rúmlega hálf öld. Áður hafði ég að vísu verið í Framsóknarflokknum í eitt ár og reyndar stutt Sjálfstæðisflokkinn þegar ég var tíu ára gamall. Ég hef því þróast frá hægri til vinstri en ekki öfugt, eins og flestir hinir.“

Svona lýsir Svavar Gestsson því hvernig hans pólitíski ferill hófst. Hann var kosinn á Alþingi fyrir Alþýðubandalagið árið 1978 og sat þar til ársins 1999, síðustu vikuna sem þingmaður Samfylkingarinnar. Svavar gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Alþýðubandalagið og var formaður þess 1980 til 1987 og formaður þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra 1995 til 1999.

Svavar hefur nú ritað ævisögu sína sem ber titilinn Hreint út sagt – sjálfsævisaga. Fréttblaðinu lék forvitni á að vita hver hefur verið drifkrafturinn í hans pólitíska starfi.

„Það má segja að tvennt hafi tvímælalaust rekið mig áfram í þessu stríði, þegar ég hugsa um það. Í fyrsta lagi andúðin á fátækt, þessari niðurlægingu fátæktarinnar sem er svo svakalegur kross fyrir þá sem þurfa að búa við slíkt.

Sá sem hefur einu sinni á ævinni, ég tala nú ekki um tvisvar, lent í einhverju slíku, eða horft á sína nánustu eiga í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum af einhverju tagi, hlýtur að hugsa út í það af hverju fólk verður fátækt.

Er það af leti? Nei, það er af öðrum ástæðum. Það er samfélagsgerðin sem hefur þetta í för með sér, þessi tryllti dans í kringum gullkálfinn, að einhverjir detta út úr stífudansinum og það endar með því að þeir eiga hvorki til hnífs né skeiðar. Það er auðvaldsþjóðfélagið.

Þetta er það sem í raun og veru er mótorinn innan í mér númer eitt í pólitíkinni, að svo miklu leyti sem ég skipti máli, því auðvitað er ég hluti af hreyfingu. Að berjast gegn niðurlægingu fátæktarinnar.“

Svavar er lýðveldisbarn, fæddur níu dögum eftir stofnun lýðveldisins árið 1944. „Hitt atriðið í minni pólitík er svo sjálfstæði Íslands. Allt sem heitir það að halda utan um sjálfstæði þjóðarinnar skírskotar til mín með mjög auðveldum hætti.“



**STJÓRNMÁLAMAÐURINN** Svavar Gestsson segist alltaf vera í pólitík. Hann hefur nú ritað sjálfsævisögu sína þar sem hann lítur yfir farinn veg á vettvangi stjórnmálanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Maður er alltaf í pólitík

Svavar var tvo vetrarparta í skóla hjá gamalli konu á Fellsströnd og drakk þjóðernisrómantíkina í sig. Faðir hans innprentaði honum síðan dreifbýlisrómantík, en hann vildi flytja í sveit og byggja sér hús eins og Bjartur í Sumarhúsum. Svavar segir þessa taug mjög sterka í sér. Sjálfstæðisbaráttа og andúð gegn fátækt myndi leiðarhnoðað í hans pólitíska starfi.

„Þetta er það sem trekkir mig í gang og gerir það að verkum að ég var í þessu lengi og er auðvitað enn þá. Vegna þess að hvað er það að vera í pólitík? Er það að vera í pólitík bara það að vera í sveitarstjórn eða á Alþingi fyrir einhvern flokk? Nei, ekki að mínu mati.

Maður er alltaf í pólitík. Sá sem verður einu sinni svona pólitískt dýr út í hverja frumu eins og ég er, er það alltaf. Líka þegar þú ert sendiherra, vegna þess að þá ertu í Íslandsflokknum. Þá ertu að gera allt sem þú getur til að halda utan um hagsmuni og málstað Íslands í heiminum.“

### Áhrifamikið Alþýðubandalag

Svavar segir að Alþýðubandalagið hafi haft gríðarlega mikil áhrif. Flokkurinn hafi oft átt aðild að ríkisstjórnum og hafi enginn vinstriflokkur á Norðurlöndunum haft jafn mikil áhrif á ríkisstjórnir og stjórnkerfi eins og Alþýðubandalagið.

„Áhrif okkar birtast í félagsgerð þjóðfélagsins, í skólakerfinu. Öll grunnskólalög á Íslandi hafa til að mynda verið sett undir forystu vinstri menntamálaráðherra; Brynjólfs Bjarnasonar, Magnúsar Torfa Ólafssonar og mín. Þetta segir mikið um þær áherslur sem þessi hreyfing hafði og áhrif hennar voru gríðarmikil á öllum þessum áratugum.

Af hverju voru þau svona mikil? Jú, það var af mörgum ástæðum en líka af því að flokkurinn var alltaf við hliðina á verkalýðshreyfingunni. Flokkurinn og verkalýðshreyfingin voru oft algjörlega eitt. Við vorum í pólitískum faðmlögum í gegnum tíðina og höfðum styrk hvort af öðru, pólitískan og faglegan, en auðvitað verður að viðurkennast að stundum var þetta mjög flókið hjónaband.“

Svavar tiltekur baráttuna við vísitöluna því til stuðnings. Ekki hafi verið viðlit að taka olíuhækkanir út úr vísitölunni eða viðlagasjóðsgjald vegna Vestmanneyjagossins. Verðbólgan hafi spunnið kaupið upp.

„Þetta nána samstarf við verkalýðshreyfinguna varð að nokkru leyti til þess að við gátum ekki alltaf gert það sem við vildum. Af þessum ástæðum, meðal annars, bæði 1958 og 1974, hrökklast Alþýðubandlagið úr ríkisstjórnum og eftirlætur Sjálfstæðisflokknum sviðið. Þetta gat verið fjötur um fót í þeim „praktískum skítverkum“, sem það er stundum kallað að vinna vinnuna sína á hinum pólitíska vettvangi.“

### Stéttaátök um auðævi þjóðar

Svavar segir að línur hafi verið skýrari á þessum árum en í dag. Stéttaandstæður á milli launavinnu og auðmagns hafi verið ljósar.

„Ég held að fólk átti sig ekki jafn vel á þeim andstæðum í dag, en þær eru samt til staðar. Þú sérð fyrirganginn í þeim sem eiga peninga, til dæmis í fiskveiðistjórnunarmálunum.

Það er einhver ofboðslegasta mynd stéttaátaka sem maður hefur séð mjög lengi á Íslandi. Það sem vantar er að tekið sé á móti þeim á stéttarlegum forsendum. Það er bara talað um þetta eins og einhverja tæknilega útfærslu.

Staðreyndin er sú að þetta eru átök um auðævi þjóðarinnar á milli þeirra sem eiga ekkert að selja nema vinnu sína og hinna sem eiga peninga og verða að kaupa vinnuaflið, en eiga það náttúrulega ekki, sem betur fer.

Þessar andstæður eru þarna en sjást síður. Það er meðal annars vegna þess að vinstriflokkarnir eru ekki að skýra þessar andstæður fyrir þjóðinni. Það er náttúrulega líka vegna þess að ýmislegt annað hefur komið inn í pólitíkina sem var ekki eins öflugt þá, þegar ég var að byrja,“ segir Svavar og nefnir kvenfrelsismál, umhverfismál og Evrópusambandið.

> Ég hef þróast frá hægri til vinstri en ekki öfugt, eins og flestir hinir.

### Samvinna andstæðnanna

Nú er vinsælt að segja vinstri/hægri skilgreiningu í pólitík vera dauða. Svavar segir svo ekki vera, en miðjusæknir flokkar hafi oft viðhaft þessi rök.

„Í raun og veru skiptir það kannski ekki öllu máli. Aðalatriðið er að þessar andstæður eru til, en það þýðir ekki að andstæðurnar geti ekki náð saman. Ég tel til dæmis að þjóðarsáttin 1990, þegar við náðum loks niður verðbólgunni, sé dæmi um það þegar andstæðurnar unnu saman við erfiðar aðstæður. Annað dæmi er Nýsköpunarstjórnin 1944, þar sameinuðust í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn.

Ég var oft þeirrar skoðunar á verðbólguárunum að við hefðum þurft að ná saman um stjórn landsins um tíma, Alþýðubandalagið og Sjálfstæðisflokkurinn, af því að það var afbrigðilegt ástand. Það þurfti að taka verðbólguna niður og ná sátt meðal höfuðstéttanna í samfélaginu um að vinna sigur í því stríði.

Eins fannst mér til dæmis hugmyndin um þjóðarsátt í byrjun október 2008 skynsamleg. Að allir ynnu saman.

Það þýðir ekki að menn gleymi andstæðunum, heldur þýðir það kannski það að menn virða þær og átta sig á því að þær eru til og reyni ekki að fela þær. Vegna þess að það er ekki til neins og þær eru þarna. Og ekki bara á landsvísu, heldur á heimsvísu. Það er þannig.“

## FÉLAGSMÁLIN STANDA UPP ÚR

Svavar var viðskiptaráðherra 1978 til 1979, félags-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1980 til 1983 og menntamálaráðherra 1988 til 1991. Hvað finnst honum standa upp úr á sínum ferli?

„Ég hugsa að ég setji efst félagsmálapakkann og nútímavæðingu velferðarkerfisins. Lög um málefni aldraðra voru sett í minni tíð, lög um málefni fatlaðra, lög um fæðingarorlof, lög um orlof og margt fleira. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda þannig að allir ættu að vera í lífeyrissjóði, þau urðu til í minni tíð. Þá má nefna lögin sem við settum í skólamálum. Leikskólinn varð hluti af menntakerfinu í minni tíð, þannig að ég er auðvitað mjög ánægður með það allt saman. Og framlög til menningarinnar jukust verulega.

Umfram allt er ég stoltur af framlagi Alþýðubandalagsins til stjórnmálaþróunarinnar. Alþýðubandalagið kom á dagskrá nýjum málum, umhverfis- og kvenfrelsismálum svo ég nefni dæmi, en ekki í þeim mæli sem það hefði þurft að gera.

Alþýðubandalagið náttúrulega að lokum, hvað sem menn segja um átökin í flokknum, gerandinn í samfylkingarbaráttunni. Kom á samfylkingu með litlum staf sem síðar varð Samfylking með stórum staf.“




ÍSFUGL

Holda®
KALKÚNN
kalkunn.is

Við veljum íslenskar
Ísfugls kalkúnabringur
á okkar jólahlaðborð

KOLABRAUTIN RESTAURANT
HÓTEL BORG
ARGENTÍNA
Grand HÓTEL REYKJAVÍK
satt
PERLAN
Skíðaskálinn í Hveradölum
NAUTHÓLL
SLIPPBARINN
VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
BROADWAY
VOX RESTAURANT
GALITO RESTAURANT
STRIKIÐ
BLUE LAGOON ICELAND

grafika.is / Guðrún Anna 2012

# Samhugur hjá íbúum New York

**Erla Skúladóttir** hefur búið í New York í 22 ár en aldrei upplifað ástand eins og það sem fárviðrið Sandy olli þar í lok október. Hún sagði *Friðriku Benónýsdóttur* frá ástandinu í borginni, hjálparstarfinu og samhuginum sem ríkir hjá íbúunum.

Þetta er nú allt að komast í þokkalega normalt horf, allavega hér á Manhattan,“ segir Erla Skúladóttir, íbúi í New York, spurð hvernig ástandið sé í borginni tíu dögum eftir að fárviðrið Sandy gekk þar yfir. „Hlutar af Staten Island, Queens og New Jersey eru þó enn án rafmagns og hita sem er náttúrulega alveg hræðilegt, sérstaklega eftir að lægð númer tvö gekk hér yfir í fyrradag með snjókomu og kulda. Snjórinn er sem betur fer mikið til farinn og svo á að hlýna um helgina þannig að þetta fer vonandi skánandi.“



ERLA SKÚLADÓTTIR

Erla segir enn mikið starf unnið til að hjálpa þeim sem misstu heimili sín í storminum og brunanum í Queens, en það sem aðallega hrjái New York-búa þessa stundina sé bensínskortur. „Nú er svo komið að bensín er skammtað þannig að fólk sem á bíla með númerum sem enda á oddatölum má bara kaupa bensín á oddatöludögum og sama gildir um eigendur bíla með númer sem enda á jafnri tölu, þeir fá bensín á dögum með jafnri tölu. Víða er orðið bensínlaust og sumar bensínstöðvar geta ekki pumpað vegna rafmagnsleysis og hafa ekki getað síðan Sandy gekk yfir.“

Í hverju felst hjálparstarfið helst? „Það eru sjálfboðaliðar sem senda út boð og gangast fyrir söfnun á fötum, mat og öðrum nauðsynjum fyrir þá sem misstu allt í storminum. Margar kirkjur hafa veitt húsnæði fyrir sjálfboðaliðana til að flokka það sem safnast og koma því á rétta staði og eins eru safnaðarheimili og skólar notuð til að veita þeim húsaskjól sem þurfa.“ Erla segir þó töluverðan misbrest á því að upplýsingaflæðið sé nóg til að fólk viti hvert það geti snúið sér ef það vill rétta fram hjálparhönd. „Ég eyddi til dæmis allri síðustu helgi í að koma fötum og ýmsu smáræði sem mér fannst mest þörf fyrir til skila. Það var mjög erfitt að finna staðina þar sem tekið var á móti framlögum, sem mér finnst mjög skrítið á þessum tímum samfélagsmiðlanna. En það tókst þó að lokum.“

Erla býr í vesturhluta Manhattan og segir þann borgarhluta nánast hafa sloppið við afleiðingar óveðursins. „Vesturhliðin, fyrir ofan 14. stræti, slapp eiginlega alveg. Við höfðum rafmagn, internet og sjónvarp allan tímann þannig að Sandy hafði ekki bein áhrif á okkar daglega líf. Við reyndum bara að hjálpa eins og við gátum og höfðum opið fyrir fólk sem átti ekki í nein hús að venda. Baðherbergið okkar var til dæmis opið fyrir gesti og gangandi sem þurftu að fara í sturtu og höfðu ekkert vatn. Auðvitað reynir maður að hjálpa eins mikið og maður getur. Ég er búin að búa hérna í 22 ár en hef aldrei upplifað svona veður. Maður heyrir oft um flóð þegar mikil óveður ganga yfir, sérstaklega í New Jersey, en ég hef aldrei séð svona ástand á Manhattan.“

Erla segir mikinn samhug meðal borgarbúa, allir séu boðnir og búnir að hjálpa, en þó sé aðeins farið að bera á því að fólk sé orðið pirrað á ástandinu. „Það er að byrja smá ólga, núna þegar mesta sjokkið er liðið hjá. Það blossar upp reiði og fólk spyr af hverju þessi fái hjálp en ekki það, af hverju öll Manhattan sé komin með rafmagn en ekki úthverfin og svo framvegis. En það er samt fyrst og fremst samhugurinn sem ríkir og nú er aftur að koma helgi þannig að nú brettir maður upp ermarnar og reynir að finna út hvar mest þörf er fyrir hjálp. Ég ætla að taka vel á því og fara og hjálpa til við að rýma hús og svoleiðis. Það allra minnsta sem maður getur gert er að gefa nokkra klukkutíma af lífi sínu þegar fólk þarf á hjálp að halda.“

## LANGVINN ÁHRIF



NORDICPHOTOS/GETTY

Enn eru þúsundir heimila og fyrirtækja án rafmagns í New York, hálfri annarri viku eftir að fellibylurinn Sandy skall á. Starfsmenn rafveitunnar stefna að því að um helgina verði búið að koma rafmagni til allra á ný eftir hamfarirnar.

Í New Jersey eru 250 þúsund heimili og fyrirtæki enn án rafmagns og nærri 200 þúsund á Long Island.

Alls urðu meira en 5,5 milljónir heimila og fyrirtækja rafmagnslaus, þar af meira en milljón í New York. Yfir hundrað heimili urðu eldi að bráð og allar almenningssamgöngur lömuðust í borginni.

Eldsneytisskortur hefur verið viðvarandi með löngum biðröðum við eldsneytisstöðvar, og hafa borgaryfirvöld í New York nú gripið til þess ráðs að takmarka eldsneytissölu, viku eftir að gripið var til sams konar skömmtunaraðgerða í New Jersey.

Hamfarirnar kostuðu meira en hundrað manns lífið, þar af að minnsta kosti 48 manns í New York.



**MANHATTAN** Það flæddi inn í bílageymslur borgarbúa. MYNDIR/ERLA SKÚLADÓTTIR



**FLÓÐ** Neðri hluti Manhattan varð fyrir mestum skaða í þeim borgarhluta.



**FRÍTT RAFMAGN** Þetta var algeng sjón. Verslanir buðu vegfarendum að nota rafmagn.



**ALLT Í GRÆNUM SJÓ** Lower East Side.



**EKKI Í FENEYJUM** Neðarlega á Manhattan. Í fjarska er Woolworth-byggingin, sem var fyrsti skýjakljúfur sem byggður var á Manhattan.



**QUEENS** Staten Island, New Jersey og Queens urðu verst úti í fárviðrinu.



**HJÁLPARHENDUR** Allir reyndu að hjálpast að og gefa þeim að borða sem ekki höfðu tök á að búa til mat sjálfir sökum rafmagnsleysis.


60
MILLJÓNIR
ER' EKKI
ALLIR SEXÍ?
Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó
10/11 2012 | WWW.LOTTO.IS
FÍTON / SÍA
THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED
WLA
WORLD LOTTERY ASSOCIATION
CERTIFIED
WLA RESPONSIBLE GAMING
FRAMEWORK
LEVEL 4 / VALID UNTIL 2015
facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is



## Krúttin fæðast

Hugtakið „krúttkynslóðin“ birtist fyrst í desemberhefti Mannlífs 2002. Hugtakið vísaði til menningarkima sem þá hafði sprottið fram og „minnir dálítið á Stubbana“ en þeir sem honum tilheyrðu áttu það flestir sameiginlegt að fást við listsköpun eða að vinna í plötubúðum eða á kaffihúsum. Hið dæmigerða krútt var innhverft náttúrubarn sem talaði með barnslegri röddu, gekk helst í notuðum, snjáðum fötum, gjarnan með lopahúfu, reykti vafðar sígarettur, hlustaði á tónlist sem var fallega einlæg og framúrstefnuleg og hélt til á Sirkus og Kaffibarnum þar sem allir voru „öðruvísi“. Helstu fulltrúar krúttanna voru hljómsveitir á borð við Sigur Rós og Múm.

## Stjörnuleitin að Kalla

Raunveruleikaþættir þóttu það heitasta í erlendri dagskrárgerð í upphafi nýrrar aldar, þar sem þættir á borð við þrautakónginn Survivor og hæfileikakeppnina American Idol áttu sviðið. Þættirnir nutu mikilla vinsælda hér á landi. Árið 2003 tók Stöð 2 þá síðarnefndu og lagði upp í leit að besta söngvara landsins í þættinum Idol stjörnuleit. Úrslitaþátturinn var haldinn í Vetrargarðinum í Smáralind í janúar 2004. Þar sigraði Karl Bjarni Guðmundsson, 28 ára sjómaður úr Grindavík, með miklum yfirburðum. Velgengni hans í tónlistarbransanum reyndist þó endaslepp. Kalli Bjarni hafði áður glímt við vímuefnavanda og féll aftur í viðjar fíknarinnar. Hann hlaut tveggja ára fangelsisdóm fyrir tilraun til kókaínsmygls árið 2007.





## Tvíefldir femínistar

Aukinn kraftur hljóp í kvenfrelsisbaráttuna í byrjun áratugarins, til dæmis með stofnun Femínistafélags Íslands í mars 2003. Félagið, sem hafði það að markmiði að „beita handafli“ til að knýja á um jafnrétti kynjanna á öllum sviðum, tók strax til óspilltra málanna og stóð fyrir viðburðum til að vekja athygli á málum á borð við kynbundið ofbeldi, vændi, launamun kynjanna, staðalímyndir, klámvæðingu og aðrar birtingarmyndir kynjamisréttis. Femínistar áttu (og eiga) sér ófáa gagnrýnendur, sem fannst þeir draga upp of dökka mynd af hlutskipti kvenna og vilja ganga of langt til að rétta hlut þeirra. Fá umræðuefni voru reyndar jafn líkleg til að vekja heiftúðlegar deilur á netinu og femínismi, sem sumir töldu einmitt til marks um að boðskapur femínista hefði hitt í mark og komið við kaunin á feðraveldinu.

# Skammt um liðið en samt svo langt

Yfirlitsritið **Ísland í aldanna rás 2001-2010** eftir **Björn Þór Sigbjörnsson** og **Bergstein Sigurðsson** er væntanlegt frá Forlaginu á næstunni. Þótt áratugarins sé líklegast helst minnst fyrir útrásina, uppganginn sem tengdist henni og allsherjarhrun gerðist margt fleira á þessum árum. *Fréttablaðið* fékk að glugga í ritið og rifjar upp örfáa bautasteina tíðarandans frá ofanverðum áratugnum.



## Nektardansinn kveður

Nektardansstaðir höfðu aldrei verið fleiri á Íslandi en í upphafi 21. aldar. Alls voru sjö strippstaðir á landinu vorið 2002, þar af fjórir í Reykjavík. Í maí 2002 bannaði borgarstjórn einkadans á nektardansstöðum borgarinnar með breytingu á lögreglusamþykkt. Ástæðan var að sögn borgarstjórnar „sterkar vísbendingar“ um að vændi þrifist í skjóli einkadansins. Þrír af fjórum nektardansstöðum lögðu upp laupana í framhaldinu, allir nema Óðal við Austurstræti. Ásgeir Þór Davíðsson lokaði stað sínum Maxim‘s í Reykjavík og flutti starfsemina á Goldfinger í Kópavogi. Tekist var á um lögmæti bannsins fyrir dómstólum, sem úrskurðuðu á endanum borgaryfirvöldum í vil.



## Lopapeysan slær í gegn

Þótt ullin hafi haldið á þjóðinni hita um aldir alda var nokkuð um liðið síðan íslenska lopapeysan þótti beinlínis móðins. Á því varð breyting veturinn 2004 til 2005 þegar lopapeysan sló í gegn, einkum hjá ungu fólki. Þennan vetur stórjókst bæði sala á tilbúnum lopapeysum sem og lopa, sem fólk prjónaði sjálft úr. Vinsælastar voru renndar peysur, með eða án hettu, hvítar í grunninn og með eða án bekkjar. Vinsældir lopapeysunnar fóru síst rénandi, með tilkomu fyrirtækja á borð við Farmers Market fór vegur hennar þvert á móti vaxandi og verðlagið sömuleiðis hækkandi.

## Smáralind opnuð

Klukkan tíu mínútur yfir tíu að morgni 10. október 2001 hleyptu tvö börn úr Kópavogi, Smári Páll Svavarsson úr Smárahverfi og Linda Margrét Gunnarsdóttir úr Lindahverfi, straumi á Smáralind, stærstu verslunarmiðstöð landsins. Um 70 verslanir og þjónustufyrirtæki voru þar til húsa og þakti gólfflöturinn um 63 þúsund fermetra en alls kostaði framkvæmdin um tíu milljarða króna. Ytri hönnun hússins vakti nokkra athygli og kátínu gárunganna, sem þótti byggingin minna einna helst á risavaxinn getnaðarlim og sá brandari rataði meðal annars í áramótaskaupið það ár. Ljóst var af ræðuhöldum við opnun Smáralindar að menn gerðu sér glæstar vonir um framtíð Smáralindar og þýðingu hennar fyrir land og þjóð. „Frá og með þessum degi verður Smáralind yfirbyggður miðbær Íslands, spegill þjóðarinnar þar sem hún getur komist í snertingu við sjálfa sig,“ sagði Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar. Um þýðingu Smáralindar sem þjóðarspegils skal ósagt látið, en að frátöldum árunum 2002, 2006 og 2007 var verslunarmiðstöðin rekin með tapi út áratuginn.



## Bloggheimar byrja að loga

Sú var tíðin að samfélagsþátttaka og sjálfstjáning á netinu var ekki hluti af daglegu lífi meirihluta Íslendinga en á því varð breyting á fyrsta áratug aldarinnar þegar bloggið komi til skjalanna. Bloggsins var fyrst getið í á prenti á Íslandi í Morgunblaðinu í ágúst 2001 þegar blaðamaður ræddi við fjóra af þeim „tugum Íslendinga“ sem fengust við þessa nýstárlegu iðju, að blogga eða skrifa „vefleiðara“ eins og það var líka kallað. Framhaldið þekkjum við. Áður en langt um leið voru þúsundir manna farnar að deila hugðarefnum sínum á aragrúa bloggsíðna. Markaðsöflin reyndu vitaskuld að gera sér mat úr nýjabruminu. Fyrstir voru líklega bókaútgefendur. Fyrir jólin 2002 kom út bókin Vaknað í Brussel eftir bloggarann Elísabetu Ólafsdóttur – Betu rokk – sem útgefandinn auglýsti sem „fyrstu bloggbókina“ (þótt bókin væri að mestu byggð á tölvupósti). Bókin fékk blendnar viðtökur; margir kunnu ekki að meta slangurskotinn og óformlegan stílinn, sem ritstjóri bókarinnar kallaði „[f]yrsta afsprengi nýrrar textavitundar sem er að fæðast á bloggsíðunum á netinu“. Talsverð umræða um svonefndar bloggbókmenntir spunnust í kjölfarið um „bloggbókmenntir“.




## Áratugur krimmans



Hin nýtilkomna íslenska glæpasaga var sú bókmenntategund sem bar höfuð og herðar yfir aðrar á áratugnum sem leið, að minnsta kosti hvað vinsældir áhrærði. Íslenska glæpasagnabylgjan hófst um miðjan 10. áratuginn með Arnald Indriðason í fararbroddi. Vatnaskil urðu árið 2000 þegar Mýrin, fjórða bók hans, sló í gegn og seldist í fimm þúsund eintökum. Eftir það varð ekki aftur snúið, vinsældir Arnaldar stigmögnuðust ár frá ári og brátt voru stakar bækur hans farnar að seljast í yfir 20 þúsund eintökum. Velgengni Arnaldar var ekki bundin við Ísland; árið 2001 fékk hann Gullrýtinginn, ein virtustu glæpasagnaverðlaun Bretlandseyja, og árið eftir Glerlykilinn, norrænu glæpasagnaverðlaunin. Fleiri krimmahöfundar létu að sér kveða og náðu nokkrum vinsældum, til dæmis Árni Þórarinsson, Yrsa Sigurðardóttir og Ævar Örn Jósepsson. Sumum fagurkerum þótti að vísu nóg um uppgang og vægi glæpasögunnar á bókamarkaði og töldu slíkt „léttmeti“ vera á kostnað „alvöru bókmennta“. Aðrir blésu á það og sögðu ófá bókmenntaform fela í sér jafn beitta samfélagsrýni og glæpasöguna, sem væri kærkomin viðbót við bókaflóruna.




## SÝNUM NÝJAN HYUNDAI SANTA FE

Verð frá **7.290.000 kr.** / Eldsneytisnotkun **6,7 l / 100 km** dísil.*

**Opið í dag** laugardag 10–16

Verið velkomin í kaffi og meðlæti

HYUNDAI

Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

*Miðað við blandaðan akstur

www.hyundai.is / facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf.

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

markhonnun.is

# nettó

Kræsingar & kostakjör




## LAMBA-HRYGGUR
LÉTTREYKTUR

**31% AFSLÁTTUR**

**1.793**

ÁÐUR 2.598 KR/KG

# KRÆSINGAR &

OKKAR
**LAUFABRAUÐ**
8 STK/PK




**994**

ÁÐUR 1.198 KR/PK

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# GRÍSARIFJABITAR

50% AFSLÁTTUR




**749**

ÁÐUR 1.498 KR/KG

GRAFINN LAX
1/2 FLAK



REYKTUR LAX
1/2 FLAK




**1.998**

ÁÐUR 2.498 KR/KG

# KOSTAKJÖR

NÝBAKAÐ TILBOÐ

KLEINUR
BAKAÐAR Á STAÐNUM

50% AFSLÁTTUR



**85**

ÁÐUR 169 KR/STK

ÍSBLÓM
4 STK/PK




CAPPUCCINO
JARÐARBERJA
KARAMELLU
PIPARMINTA
SYKURLAUS
DAIM
BERJA

25% AFSLÁTTUR

**Tilboðin gilda 8. - 11. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Stefna á umhverfis-vænni tísku

Fatahönnuðir á Norðurlöndum hafa tekið höndum saman og hvetja til umhverfisvænni sjónarmiða við framleiðslu á fötum og endurnýtingu á efnum. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** kynnti sér hvað felst í **nýrri norrænni tísku**.

Norrænir fatahönnuðir tóku höndum saman fyrir nokkrum árum og stofnuðu Norrænu tískusamtökin, Nordic Fashion Association (NFA). Eitt meginverkefni samtakanna hefur verið að nota samtakamátt landanna til þess að kynna norræna hönnun á alþjóðlegum vettvangi. Þar hefur áhersla verið lögð á umhverfisvæna tísku. Stefnan fékk byr undir báða vængi á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs þar sem lögð var fram tillaga um nýja norræna tísku. Í henni felst að lögð verður áhersla á endurvinnslu fatnaðar og vefnaðarvöru, Norðurlandaríkin vinni að því í sameiningu að kynna norræna tísku og endurmenntun fyrir hönnuði og þá sem starfa við tísku verði stórefld.

Í tillögu nefndar ráðsins kemur fram lýsing á gildum norrænnar tísku sem sögð eru vera: „Siðferði, lýðræði, einfaldleiki og hreinleiki,“ og því bætt við að aukin vitund um umhverfið eigi vel heima undir merkjum norrænnar tísku. „Með því að þróa þær hefðir og aðferðir sem fyrir eru á Norðurlöndum verða til tækifæri fyrir ný viðskiptamódel,“ var haft eftir Evu Kruuse, talsmanni NFA á tískusýningu sem haldin var í Helsinki í aðdraganda þings Norðurlandaráðs.

Á sýningunni voru sýndar flíkur frá norrænum hönnuðum unnum úr efnum sem ekki eru komin í framleiðslu, umhverfisvæn föt og flíkur sem þegar má sjá í verslunum. „Með því að taka forystu í þróun sjálfbærs tískuiðnaðar hafa Norðurlöndin tækifæri til að styrkja stöðu sína og skapa sérsérstöðu í alþjóðlegri samkeppni,“ sagði Eva Kruuse við tækifærið.



**UMHVERFISVÆNNI FRAMTÍÐ** Silki, bómull og umhverfisvæn bómull eru efniviður í fatalínu H&M Conscious sem sýnd var á tískusýningu í Helsinki á dögunum þar sem norrænir hönnuðir sem hafa sjálfbærni og umhverfisvæna hönnun að leiðarljósi sýndu verk sín. MYND/NORDEN.ORG

## MIKIÐ AF EFNUM Á HAUGANA

**Nauðsynlegt er að huga að umhverfisvænni stefnu í fataiðnaði er niðurstaða skýrslu sem fjallar um vegferð vefnaðarvöru í þremur löndum, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.**

- Helmingur af vefnaðarvöru sem neytendur kaupa endar sem rusl. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi er **145.000** tonnum af efnum hent á ári samkvæmt nýrri skýrslu sem gefin var út af Norræna ráðherraráðinu nýverið. Mest af þeim úrgangi er urðað. Á heimasíðu Sorpu kemur fram að árlega eru um þúsundir tonna af fötum og klæðum urðaðar hérlendis.
- Sífellt meira er keypt af ýmiss konar vefnaðarvöru, þar með talið fatnaði. Í Svíþjóð jókst framboðið um **40%** á milli áranna 2000 og 2009.
- Hefðbundið er að gefa notuð föt til góðgerðarsamtaka sem finna fyrir þau not. Viðskipti með þau hafa hins vegar aukist, föt ganga kaupum og sölum á netinu, en upplýsingar um hversu umsvifamikil þau eru liggja ekki fyrir.
- Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hefur gengið illa að endurnýta efni í þeim tilgangi að búa eitthvað annað til úr þeim. Einungis **13%** efna Finnlandi eru endurnýtt með þessum hætti, en nánast ekkert í Danmörku og Svíþjóð. Mikill kostnaður hefur staðið þessari endurvinnslu fyrir þrifum.







## MATUR, ARKITEKTÚR OG SVO TÍSKA ...

Það er ekki bara á sviði tísku sem Norðurlandabúar hafa tekið höndum saman til að leggja áherslu á sérstöðu sína og hlúa að arfleifð sinni. Verkefnið Nýr norrænn matur sem hleypt var af stokkunum árið 2004 hefur vakið athygli en það snerist um að koma norrænni matargerð á kortið og hvetja matreiðslumenn og íbúa Norðurlandaríkjanna til þess að nota hráefni úr heimabyggð. Í stefnuyfirlýsingu verkefnisins segir meðal annars að ný norræn matargerðarlist eigi að:einkennast af hreinleika, ferskleika, einfaldleika og heiðarleika, hún eiga að efla fjölbreytni norrænna afurða og úrval framleiðenda og breiða út þekkingu á menningarumhverfi matarins, efla velferð dýra og sjálfbæra þróun í hafi, á ræktuðu landi og í óbyggðum og sameina sjálfsþurftarbúskap og vöruskipti á hágæða afurðum milli svæða í þessum heimshluta.

Velgengni verkefnisins um Nýjan norrænan mat er innblástur slagorðsins um Nýja norræna tísku. En orðalagið er víðar notað um þessar mundir. Sýning um nýjan arkitektúr á Norðurlöndum sem sett var upp á danska listasafninu Louisiana í sumar bar einfaldlega heitið Nýr norrænn arkitektúr. Hefur norrænn arkitektúr samtímans sérstöðu og hvernig endurspeglar hann sjálfsmynd norrænna þjóða? var spurningin sem velt var upp á sýningunni sem hlaut afbragðs dóma gagnrýnanda. Þar gaf að líta myndir af nýjum byggingum, líkön og hugleiðingar um samtímaarkitektúr. „Undanfarin ár hefur verið mikill fókus á hið norræna í matargerð. Öllum heiminum hefur verið bent á að það er eitthvað sérstakt á seyði hér. Það sama á við um arkitektúrinn. Það er eitthvað sérstakt við það hvernig við hugsum byggingar og bæjarrými. Það er bara ekki svo einfalt í hverju hin norræna sérstaða liggur…“ sagði gagnrýnandi danska dagblaðsins Politiken sem hrósaði sýningunni í hástert og var um leið afar feginn því að það tækist að setja saman sýningu sem legði áherslu á hið sameiginlega, samspil umhverfis og bygginga og metnað í byggingum sem ætlaðar eru almenningi, án þess að fallið væri í pytt þjóðernisrómantíkur.

SVÞ
Samtök verslunar og þjónustu



# ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERSLA Á ÍSLANDI

Þú skýst og kaupir kuldagalla á barnið í búð þar sem 32 vinna og þar af fimm sem greiða æfingagjöld hjá sama íþróttafélagi og þú þannig að yngri flokkarnir hafi efni á að halda þjálfaranum svo uppbyggingarstarfið verði áfram jafn árangursríkt og undanfarin ár.

**Þú heldur hagkerfinu gangandi.**

ENNEMM / SIA / NM53604



**EIGENDURNIR** „Við reynum að halda í gömlu umgjörðina þó alltaf komi nýjar og nýjar vörur,“ segja hjónin Olgeir Hávarðarson og Stefanía Birgisdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HLÍFÐARFATNAÐUR** Sloppar og svuntur frá ýmsum tímum, tískusveiflur sjást þar í sniðum og efnum.



**GÓÐAR GRÆJUR** Reiknivélar og voldugur búðarkassi sem tilheyra síðustu öld.



**ELSTA BAÐKAR BOLUNGARVÍKUR** Baðherbergið í kaupmannsíbúðinni á efri hæðinni geymir meðal annars hundrað ára baðkar, mjórra í annan endann til að spara heita vatnið.



**VERSLUNARBÆKURNAR** Allt var handskrifað áður fyrr, bæði úttektir og innlegg.

# Bjarnabúð opin 363 daga á ári

Verslun **Bjarna Eiríkssonar** í Bolungarvík er 85 ára og meðal elstu krambúða landsins. Þótt þar fáist tískufatnaður og aðrar ferskar vörur halda eigendurnir í gamlar innréttingar, muni og verslunarbækur. *Pjetur Sigurðsson* myndaði þessa söguríku búð.

Sumir segja að þetta sé eins og Hagkaup nema bara minna,“ segir Stefanía Birgisdóttir hlæjandi þegar litið er yfir vöruúrvalið í Verslun Bjarna Eiríkssonar í Bolungarvík. Þar fæst flest milli himins og jarðar; matur, fatnaður, bækur, ritföng, gjafavara, leikföng og garn svo nokkuð sé nefnt. Afgreiðslutíminn vekur líka athygli því Bjarnabúð er opin alla daga ársins nema jóla- og nýársdag. Stefanía viðurkennir að starfið sé bindandi. „Ég er alltaf í vinnunni, enda er ekki auðvelt að komast frá, en ég skrepp stundum suður að kaupa inn,“ segir hún og bendir á nýjan fatnað á hillum og slám sem dæmi um afrakstur slíkrar ferðar.

Verslun Bjarna Eiríkssonar er í húsi frá 1917. Þar hefur hún verið frá 1927 og heitir eftir stofnandanum. Benedikt sonur hans tók við búðinni 1958 en hjónin Stefanía og Olgeir Hávarðarson eru þriðju eigendurnir og óskyldir frumkvöðlinum. Útgerð og fiskvinnsla fylgdi rekstrinum í yfir sex áratugi. Þeirri hefð viðheldur Olgeir í smáum stíl yfir sumarið.

„Við erum búin að vera hér frá 1. janúar 1996. Þá var atvinnulífið hér í víkinni öflugra en nú, fiskvinnsla, rækjuverksmiðja og togari. Á móti kemur að við höfum fengið göng, malbik alla leið að sunnan og erum á Facebook,“ segir Stefanía brosandi. Hún er Ísfirðingur að uppruna en Olgeir er „original Víkari“. „Við getum flett upp viðskiptum foreldra Olgeirs, afa og langömmu við Verslun Bjarna Eiríkssonar,“ segir Stefanía og sýnir gamlar verslunarbækur sem varðveittar eru á efri hæðinni. Þar sést til dæmis úttekt upp á hálfan lítra af lampaolíu, tvær Commander-sígarettur og gúmmístígvél og dæmi eru um að vörur hafi verið greiddar í fiski, kjöti eða framlagðri vinnu. „Það var stundum lítið um peninga,“ segir Stefanía. Hún kveðst stundum leyfa hópum að kíkja upp á loftið að skoða hluti sem heyra fortíðinni til, ef einhver stendur vakt í búðinni á meðan.




**Í FORNMUNADEILDINNI** Á loftinu er margt forvitnilegt. Upprúlluð gólfteppi vitna um þá tíð þegar verslun Bjarna seldi Álafossteppi.



**BYGGT 1917** Verslun Bjarna hefur verið í húsinu frá 1927, kaupmannsfjölskyldan bjó uppi.




**Í FULLU GILDI** Maggísúpustandurinn og kókklukkan hafa átt mörg afmæli.

# TVÆR FRÁBÆRAR KOMNAR Á DVD!




**AÐSÓKNARMESTA MYND ÁRSINS. 64.000 GESTIR**







## EINNIG FÁANLEGAR




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 15.nóvember eða
á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# Krefjandi tímar fram undan

**Barack Obama** fær ekki mikinn tíma til að fagna eftir kosningasigurinn á dögunum. Fram undan eru mörg krefjandi og erfið mál, meðal annars tengd ríkisfjármálum, atvinnu- og utanríkismálum, og andstæðingar hans í röðum repúblikana í þinginu munu trauðla greiða götu hans frekar en þeim gerist þörf. *Þorgils Jónsson* kynnti sér næstu skref á forsetaferli Obama.

Þegar Barack Obama verður settur inn í embætti Bandaríkjaforseta öðru sinni í janúar næstkomandi er ljóst að hans bíða fjölmörg erfið úrlausnarefni. Áður en að því kemur verður hins vegar enginn afslöppun.

### Þverhnípið

Það fyrsta sem liggur fyrir hjá forsetanum er að ná samkomulagi við þingið, þar sem repúblikanar eru við völd, um ríkisfjármál.

Þegar greiðslufall stóð fyrir dyrum hjá bandaríska ríkinu í fyrra náðist tímabundið samkomulag, en með þeim fyrirvara að ef ekki næðist saman til lengri tíma kæmu sjálfkrafa til framkvæmda skattahækkanir og flatur niðurskurður á ríkisútgjöldum, samtals að upphæð um 500 milljarða dala.

Afleiðingarnar ef farið yrði fram af þessu „efnahagslega þverhnípi", eins og það kallast, gætu orðið verulegar. Fjárlagaskrifstofa Bandaríkjanna spáði því meðal annars í úttekt sem gefin var út á fimmtudag að kæmi til þessa gæti það steypt landinu í annað samdráttarskeið.

Repúblikanar líta svo á að skattahækkanir komi ekki til greina og vilja frekar skera niður í útgjöldum til almanna- og sjúkratrygginga. Demókratar standa hins vegar þétt að baki Obama og loforði hans um að framlengja ekki skattaafslætti til þeirra allra hæstlaunuðu.

Þrátt fyrir allt er nokkurn sáttatón að heyra, en framhaldið ræðst á næstu sex vikum.

### Kína, Íran og stríðið

Það sem helst liggur fyrir Obama er ógnin sem Bandaríkjamönnum finnst stafa af kjarnorkuáætlun Írana. Spurningin þar snýst um hvort halda eigi áfram á sömu braut með viðskiptaþvingunum, eða hvort draga eigi línu í sandinn sem stjórnvöld í Íran mega ekki stíga yfir, að viðlögðum hernaðaraðgerðum.

Þá er uppgangur Kína á sviði alþjóðaviðskipta, og ekki síður stjórmmála mjög til umræðu í Bandaríkjunum. Í kosningabaráttunni höfðu bæði Obama og Romney lýst sig tilbúna til að spyrna við fæti gegn auknum áhrifum Kínverja á alþjóðavettvangi.

Svo má alls ekki gleyma því að stríðið í Afganistan stendur enn yfir þrátt fyrir að stefnt sé að því að kalla herliðið heim árið 2014.

### Margs konar umbætur heima fyrir

Loks er í mörg horn að líta innan lands. Obama lofaði í kosningabaráttunni að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum. Forsetinn hefur auk þess lengi talað fyrir umbótum á innviðum landsins, bæði varðandi samgöngur og fjarskipti. Þá er vinna hafin við að bæta skólakerfið og hið nýja heilbrigðiskerfi Obama, þar sem öllum íbúum er komið inn í heilbrigðistryggingakerfi, verður innleitt að fullu á næstu misserum.

Að endingu eru það orkumálin, en Obama hefur staðið fyrir því að auka hlut umhverfisvænni orkugjafa og hertum reglugerðum um umhverfisvottun ökutækja.

Hnattræn hlýnun kom lítt til tals í nýafstaðinni kosningabaráttu, en mat margra er að Obama muni taka ákveðnari skref í þeim málum á seinna kjörtímabili sínu.

Það verður því engin lognmolla hjá Obama og hans fólki, hvort sem litið er til næstu daga, vikna, mánaða eða ára. Næstu ár ættu því að verða viðburðarík.

## BREYTINGAR Í RÁÐHERRALIÐI OBAMA



### Varnarmálaráðherra

Leon Panetta er sennilega líka á útleið, en, líkt og með Geithner, má gefa sér að hann sitji á meðan leyst er úr fjármálum ríkisins og framlög til varnarmála verði skýrð til framtíðar. Einn helsti undirmaður Panetta, **Ashton Carter** er talinn líklegur til að stíga upp, en **Michele Flournoy**, sem er einn af nánustu pólitísku bandamönnum Obama, er jafnvel líklegri, ef hún þá ákveður sjálf að sækjast eftir stólnum.



### Utanríkisráðherra

Hillary Clinton hefur lýst því yfir að hún hyggist stíga úr stóli utanríkisráðherra á næstunni. Líklegast þykir að **John Kerry**, öldungadeildarþingmaður og fyrrverandi forsetaframbjóðandi demókrata, muni taka hennar stað. Kerry er hokinn reynslu í utanríkismálum og hefur meðal annars gegnt embætti formanns utanríkismálanefndar öldungadeildarinnar síðustu ár. **Susan Rice**, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum þótti líkleg til að hreppa hnossið, ekki alls fyrir löngu, en vafasöm frammistaða hennar í kjölfar árásarinnar á sendiráð Bandaríkjanna í Bengasí í september þótti spilla möguleikum hennar. Hún hefur þó líka verið í umræðunni um næsta þjóðaröryggisráðgjafi forsetans.






### Fjármálaráðherra

Timothy Geithner hefur lýst því yfir að hann muni hætta. Sá sem helst hefur verið nefndur í þessu sambandi er **Jack Lew**, starfsmannastjóri Hvíta hússins, en einnig hefur komið til tals að leita fanga á Wall Street. Þar hefur nafn **Suzanne Nora Johnson**, fyrrverandi yfirmanns hjá Goldman Sachs, borið upp. Geithner verður þó sennilega í stóli þar til gengið verður frá mest aðkallandi málum í ríkisfjármálunum.



### Dómsmálaráðherra

Eric Holder hefur verið umsetinn af repúblikunum síðustu mánuði og er líklegur til að stíga til hliðar, þó að það verði ef til vill ekki á næstu mánuðum. **Janet Napolitano**, sem nú gegnir stöðu heimavarnaráðherra, er sögð hafa mikinn áhuga á að fylla í skarð hans.

## ■ BREIÐFYLKING OBAMA TRYGGÐI SIGURINN

Miðað við að margir álitsgjafar í bandarískum fjölmiðlum hafi fram á síðustu daga talað eins og kosningarnar yrðu tvísýnar var sigur Obama frekar afgerandi.

Hans liðsmenn voru hins vegar allan tímann vissir um að hafa lagt baráttunna rétt upp. David Axelrod og félagar í kosningaliðinu lögðu mikla áherslu á að ná til hópa sem væru líklegir til að kjósa Obama, og ekki síst að koma því fólki á kjörstað.

Konur, ungt fólk og minnihlutahópar, einkum í lykilríkjunum margumtöluðu, voru hvött til þátttöku og tugir þúsunda sjálfboðaliða gengu hús úr húsi eða hringdu til að finna fleiri líklega stuðningsmenn.

Lið Obama segist hafa skráð 1,8 milljónir nýrra kjósenda fyrir kosningarnar, sem er nær tvöfalt meira en 2008.

Ekki var laust við að Obama hafi valdið mörgum stuðnings-



mönnum sínum frá kosningunum 2008 vonbrigðum í mörgum málum og því erfitt að leggja aftur upp í baráttu undir formerkjum vonar og umbóta, „Hope and Change". Liðsmenn forsetans gættu þess því að leggja kjörið alls ekki upp sem mat á fyrra kjörtímabilinu, heldur sem val á milli hans og Mitts Romney. Því drógu þeir upp mynd af Mitt Romney sem auðmanni sem kærði sig aðeins um að gæta hagsmuna hinnar ríkustu, jafnvel áður en Romney hafði tryggt sér útnefningu Repúblikanaflokksins. Romney gerði sjálfum sér engan greiða með því að láta standa sig að því að tala um tæpan helming þjóðarinnar sem eins konar þurfalýð sem reiddi sig á stuðning ríkisins.

Ýmsir ytri þættir hjálpuðu einnig til við að tryggja Obama endurkjör, þar á meðal betra útlit í efnahagsmálum. Loks urðu viðbrögð Obama við fellibylnum Sandy til þess að sýna kjósendum fram á að hann gat sameinað fólk á erfiðum tímum.

Repúblikanar vöknuðu upp við vondan draum á miðvikudag þar sem lýðfræðileg þróun bandarísku þjóðarinnar er þeim mjög í óhag. Því þurfa þeir í næstu kosningum að leitast við að höfða til fleiri þjóðfélagshópa. Hvaða áhrif það mun hafa á stefnu repúblikana er þó enn óljóst.

### Fylgi frambjóðenda eftir þjóðfélagshópum

**KYN**

- KONUR: 11% forskot Obama
- KARLAR: 7% forskot Romney

**ALDUR**

- 18-24 ÁRA: 24% forskot Obama
- 25-59 ÁRA: 22% forskot Obama
- 30-39 ÁRA: 13% forskot Obama
- 40-49 ÁRA: 2% forskot Romney
- 50-64 ÁRA: 5% forskot Romney
- 65 ÁRA+: 12% forskot Romney

**KYNÞÆTTIR**

- HVÍTIR: 20% forskot Romney
- SVARTIR: 87% forskot Obama
- RÓMANSK-ÆTTAÐIR: 44% forskot Obama

**ÁRSTEKJUR**

- UNDIR 50.000$: 22% forskot Obama
- 50.000-99.999$: 6% forskot Romney
- YFIR 100.000$: 10% forskot Romney

**BÚSETA**

- STÆRRI BORGIR: 40% forskot Obama
- SMÁBÆIR: 14% forskot Romney
- DREIFBÝLI: 24% forskot Romney

HEIMILD: AP

# EINLÆG, ELDFJÖRUG OG ÁLEITIN

Hvað á að gera við unga konu sem giftist mörgum sinnum eldri manni og sest að í bæ sem merktur er djúpri sorg?

Hrífandi og eftirminnileg saga Auðar Jónsdóttur um það hvernig rithöfundur verður til.




*„Undirliggjandi í öllum hennar verkum er himinhá siðræn krafa sem verður logandi í huga lesandans.“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

UM *FÓLKIÐ Í KJALLARANUM*

★★★★★

*„Skemmtileg, óhefluð og virðingarverð ...“*

POLITIKEN

★★★★★

*„Glæsilegt verk.“*

JYLLANDS-POSTEN

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*



CALVIN KLEIN

BALENCIAGA

BCBG MAX AZRIA

ACNE

BALENCIAGA



CHLOE



STELLA MCCARTNEY

# Því stærra því betra í tískunni

Efst á baugi **tískuheimsins** þennan veturinn er fatnaður í yfirstærð. Helstu hönnuðir heimsins voru sammála um það að stórar og víðar yfirhafnir og buxur sem þarf að reyra í mittið, með skálmum sem flaksa í hverju skrefi, eru það sem koma skal. Margir hljóta að varpa öndinni léttar enda eru þægindin í fyrirrúmi í tískunni þennan veturinn. ***Álfrún Pálsdóttir*** tók saman fallegar flíkur sem virðast nokkrum númerum of stórar.

## STÓRIR FYLGIHLUTIR



**▼ EIN VINSÆLASTA TASKAN** þennan veturinn er þessi týpa frá Céline, sem er stór og hliðarnar eru eins og vængir sitthvorum megin.



**▼ GIVENCHY-STÍGVÉLIN** eru jafn umdeild og þau eru vinsæl þennan veturinn en sitt sýnist hverjum. Þau eru stór og víð, og fæturnir virðast hverfa ofan í leðurhólk.




Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum







**HRINGIRNIR HANS ÁHALD** Szilveszter ákvað snemma að einbeita sér að hringjunum því þeir lágu vel fyrir honum. Í gegnum tíðina hefur hann þó keppt í öllum sex greinunum í áhaldafimleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ólympíumeistari kennir hæfileikaríkum Íslendingum

Eftir að hafa stundað fimleika í 28 ár og unnið til allra helstu verðlauna í hringjum býr **Szilveszter Csollány** nú á Íslandi og kennir fimleika. *Tinna Rós Steinsdóttir* settist niður með honum og spjallaði um verðlaunin, íþróttina og lífið á Íslandi.

Það var svo heitt í Ungverjalandi að ég varð að flytja í burtu," segir Szilveszter kíminn og hlær. Hann útskýrir í kjölfarið að hann hafi ekki getað fengið vinnu í heimabæ sínum sem fimleikaþjálfari og það hafi orðið til þess að þau hjónin hófu að skoða þann möguleika að flytja annað. Honum bauðst starf í Búdapest en segir það ekki hafa heillað mikið þar sem fjölskyldan hefði ekki getað komið með honum, auk þess sem hann sé ekki mikill aðdáandi borgarinnar. Þegar honum barst tilboð frá Gróttu þótti þeim hjónum hugmyndin um Ísland spennandi. Þau pökkuðu því saman og fluttu hingað í ágúst 2012, ásamt dætrum sínum tveimur.

**Hæfileikar á Íslandi**

Szilveszter segir fimleikaheiminn á Íslandi um margt öðruvísi en í Ungverjalandi. Hér séu til að mynda fleiri börn sem stundi íþróttina en þó séu fleiri sem fari í keppnir og atvinnumennsku í föðurlandi hans. „Hér eru mörg börn sem koma í fimleika til að hafa gaman. Það er alveg frábært. Í Ungverjalandi er alltaf verið að leita að þeim sem skara fram úr og þau börn eru tekin og þeim kennt áfram. Hin skipta engu máli," segir hann og bætir við að það sé í kjölfarið möguleiki á að halda sér og fjölskyldu sinni uppi sem fimleikaþjálfari hér á landi, en það sé ekki möguleiki nema fyrir örfáa í Ungverjalandi.

Að mati Szilveszters er mikla fimleikahæfileika að finna í íslenskum börnum. „Ég sá til að mynda stelpurnar vinna Evrópumeistaramótið í hópfimleikum á dögunum. Þær voru rosalega góðar og heilluðu mig þvílíkt. Þó hópfimleikar sé í raun önnur íþrótt en áhaldafimleikar er þetta samt gott dæmi um alla hæfileikana sem leynast hérna," segir hann. Hann hefur fulla trú á að Íslendingar eigi eftir að eiga fleiri fulltrúa á Ólympíuleikunum í fimleikum á komandi árum, en enn sem komið er er Rúnar Alexandersson sá eini sem hefur siglt undir íslensku flaggi þar. Hann keppti á bogahesti og náði sínum besta Ólympíuárangri í Aþenu árið 2004 þegar hann lenti í 7. sæti. „Það er ekkert grín að ala börn upp til að verða Ólympíumeistarar. Takmörkin til að komast á leikana til að byrja með eru rosaleg. Til að krakkar nái árangri er ekki nóg að þeir mæti á æfingar og hafi hæfileika heldur skiptir baklandið gríðarlegu máli, foreldrarnir. Þeir þurfa að vita hvenær þarf að þrýsta á krakkana og hvenær þarf bara að vera til staðar og styðja þau," segir hann.

Kennsluaðferðirnar hér á Íslandi eru ekki eins og í Ungverjalandi þó Szilveszter taki enga afstöðu til þess hvor leiðin virki betur. „Fimleikar eru þjóðaríþrótt í Ungverjalandi og þar af leiðandi fleiri sem lifa og hrærast í fimleikaheiminum og þekkja íþróttina kannski betur. Aðstaðan hér er samt mun betri," segir hann. Szilveszter kann vel við sig á Íslandi og segir líklegt að hann sé kominn til að vera. „Landið er svo fallegt að ég er oft agndofa þegar ég kem á nýja staði. Áður en ég kom var búið að vara mig við myrkrinu sem er alltaf hér á veturna en það truflar mig ekki neitt," segir hann. Menninguna í Ungverjalandi segir hann vera mun svipaðri íslenskri menningu en til dæmis bandarískri eða kínverskri. „Tungumálið er auðvitað gjörólíkt en ég er farinn að kunna helstu orðin tengd fimleikum og get leiðbeint fólki í fimleikasalnum. Það er ágætis byrjun," segir hann og hlær.

**Stórstjarna í Ungverjalandi**

Hann segist ekki hafa orðið fyrir miklu áreiti síðan hann kom til Íslands, en margir hafi þekkt hann í föðurlandinu. „Ég gat ekki farið út að borða án þess að vera beðinn um eiginhandaráritanir og mátti í raun ekkert fara eða gera án þess að eiga það á hættu að það kæmi í blöðunum daginn eftir. Ég átti orðið ekkert einkalíf og það var orðið svolítið þreytandi," segir hann. „Mér fannst skemmtilegt að fara um og gera heimskulega hluti áður en ég varð þekkt andlit og vildi bara fá að vera það áfram. Mér fannst ég ekkert hafa breyst við það að vinna þessi verðlaun. Þetta var bara vinnan mín og ég gerði hana vel, það er allt og sumt," bætir Szilveszter við hógvær.

## Hefur unnið gullverðlaun á öllum stærstu mótum heims

**Gullið á Heimsmeistaramótinu 2003 uppáhaldsverðlaunapeningurinn. Hann var síðasta púslið í myndina.**



Merkustu verðlaun Szilveszter hlaut hann árið 2000 þegar hann landaði Ólympíugullinu í hringjum. Hann hafði lent í öðru sæti á Ólympíuleikunum 1996 og í því sjötta árið 1992. „1992 lenti ég líka í sjöunda sæti í stökki. Það kom mér mikið á óvart og ég sprakk eiginlega bara úr hlátri," segir Szilveszter en hringirnir voru alltaf hans aðaláhald þrátt fyrir að hann hafi keppt á öllum sex áhöldunum í gegnum tíðina. „Fólk hefur oft spurt mig af hverju ég hafi valið hringina en það má eiginlega segja að þeir hafi valið mig. Þeir lágu bara best fyrir mér. Ég var 12 ára þegar ég hélt mér í fyrsta skipti í kross. Þá áttaði ég mig á því að ég væri kannski frekar góður því venjulegir 12 ára krakkar geta það ekki," rifjar Szilveszter upp, en það er talin vera erfiðasta æfingin í hringjunum. „Ég er með það markmið að geta haldið mér í kross aftur í lok vetrar," segir hann en formið hefur greinilega slaknað ögn frá verðlaunaárunum, þó það sé ekki á honum að sjá.

Spurður um hver uppáhaldsverðlaunapeningurinn hans sé segist hann verða að velja gullpeninginn sem hann vann á heimsmeistaramótinu 2003 í Ungverjalandi. „Það voru síðustu stóru verðlaunin sem ég átti eftir að vinna. Ég hafði fengið silfur á þessum mótum í fimm ár á undan og í þetta skipti var það haldið í heimalandinu mínu. Það bjuggust allir við því að ég myndi vinna því ég var Ólympíuhafi og á heimavelli. Það var ólýsanleg tilfinning þegar ég fékk peninginn um hálsinn á heimavelli. Hann var síðasta púslið sem mig vantaði í myndina svo ég gat sagt skilið við atvinnumannsferilinn hamingjusamur og fullnægður," segir hann.

## FIMLEIKAÞJÁLFUN FYRIR FULLORÐNA

Szilveszter er ekki bara að þjálfa börn í fimleikum hjá Gróttu, heldur fullorðna líka. Fullorðinsfimleikar hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi að undanförnu en Szilveszter leggur mikið upp úr því að annast hvern einstakling persónulega. „Ef ég er með fleiri en 10-12 í hóp er ég alltaf með aukakennara með mér. Ég vil að fólk nái árangri og mæti í tíma til mín því það græðir eitthvað á því," segir hann. Fimleikar eru mjög erfið íþrótt og mikilvægt að fólk þekki líkama sinn vel. Það þarf mikinn líkamlegan styrk til að gera æfingarnar og því mikilvægt að byrja á því að byggja líkamann upp hægt og rólega. Szilveszter býður því upp á fjölbreyttar styrktaræfingar og þrek nokkrum sinnum í viku.

Hann býður einnig upp á þá nýjung að vera með fullorðinstíma á morgnana. „Ég veit alveg hvað fólk er upptekið og oft erfitt að komast frá á kvöldin. Ég er alltaf laus á morgnana svo mér fannst sjálfsagt að prófa að bjóða upp á tíma þá líka," segir hann. Hægt er að fá frekari upplýsingar um tímana hjá honum með því að senda tölvupóst á netfangið csollany.szilveszter@gmail.com.

Kyrrðardagar í Hveragerði



Kyrrðardagar eru fyrir þá sem vilja sinna andlegri og líkamlegri heilsu og fá skjól til að rækta sinn innri mann.

Kyrrðardagar verða haldnir 15.–22. desember á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Á dagskrá er meðal annars: Samverustund – Hugleiðing – Bæn og íhugun í þögn – Yoga – Qigong – Hlustunarhópar – Messa – Leikfimi – Slökunartímar – Útivist og fræðslufundir. Innifalið er ljúffengur og hollur matur, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt.

Haraldur Erlendsson yfirlæknir og Pétur Pétursson guðfræðiprófessor auk sérhæfðra leiðbeinenda og ráðgjafa á hinum ýmsu sviðum sjá um Kyrrðardaga. **Verð frá 9.900 kr. pr. dag.**

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is**

Berum ábyrgð á eigin heilsu

# HEIMILI&HÖNNUN

LAUGARDAGUR **10. NÓVEMBER 2012**

**Kynningarblað** Kertastjakar, kristallar, kökudiskar, lýsing og klukkur





# Glæný vara frá stelpunum í Stássi

Arkitektarnir Helga G. Vilmundardóttir og Árný Þórarinsdóttir hafa undanfarin fjögur ár sent frá sér nýja jólavöru fyrir hver jól undir merkinu Stáss. Í ár frumsýndu þær nýjan kertastjaka á sýningu Handverks og hönnunar sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur um síðustu helgi. Í þetta skiptið á varan þó ekki bara erindi upp úr skúffunum á jólum.

Við köllum kertastjakann Árstíðir því við viljum ekki einskorða hann við eina hátíð á ári,“ segir Árný Þórarinsdóttir, önnur tveggja arkitekta sem mynda hönnunarteymið Stáss en þær Helga G. Vilmundardóttir hafa sent frá sér nýja jólavöru síðustu fjögur ár.

„Okkur fannst það áskorun að búa eitthvað til sem ekki væri eingöngu tengt jólunum en yfirbragði stjakans má breyta eftir því hvað við á. Kertastjakinn er búinn til úr álgrind og ofan í hann miðjan fellur handrennd beykiskál. Með því að setja til dæmis rauð epli, jólakúlur eða köngla í skálina má nota hann sem aðventukrans en með því að setja eitthvað allt annað í skálina, sælgæti eða popp, er stemmingin orðin önnur.“

Kertastjakinn er framleiddur hér á landi og segjast Árný og Helga reyna í lengstu lög að nýta innlend framleiðslufyrirtæki. „Við erum mjög stoltar af því að geta framleitt hér heima. Skálina rennir yndislegur smiður fyrir okkur en hann hefur unnið með okkur áður og rennt litlar tréskálar sem falla ofan í FOLD-hilluna.


Arkitektarnir Helga G. Vilmundardóttir og Árný Þórarinsdóttir hanna undir merkinu Stáss.

FOLD-hillan er einmitt líka úr áli og hugmyndin að kertastjakanum er af sama meiði. Í báðum tilfellum vinnum við með ál og við og látum þessi ólíku efni mætast, harðan málm og mjúka náttúruna. Álið er mjög skemmtilegt efni og framleitt hér á landi en hefur þó ekki verið mikið nýtt í hönnunarvöru fram að þessu. Það er þó að aukast,“ segir Árný.

Þær Árný og Helga eru einnig farnar að undirbúa nýjar vörur fyrir HönnunarMars sem haldinn verður í vor og hafa því í nógu að snúast. „Við erum að undirbúa HönnunarMarsinn með fram því sem við tökum að okkur arkitektaverkefni. Fólk gleymir því gjarnan að við erum báðar arkitektar og heldur að við framleiðum bara jólaskraut,“ segir Árný hlæjandi.

Kertastjakinn Árstíðir er fáanlegur í svörtu og hvítu í Netagerðinni, þar sem Stáss er með vinnustofu. Þá má einnig forvitnast um Stáss á Facebook


Handrennd skál úr beiki fellur ofan í miðjann stjakann.


Rauð kerti og epli skapa jólalega stemmingu.


Stjakinn er kallaður Árstíðir en auðvelt er að breyta yfirbragði hans eftir tilefni.

Raflagna og dyrasímaþjónusta

Dyrasimi.is

gestur@dyrasimi.is

Rafvörn ehf
Sími: 893 2329

LÖGGILTUR RAFVERKTAKI




## ÞAÐ ER SANNARLEGA HÆGT AÐ SPARA MEÐ SPARPERUM

Margir eru eflaust að býsnast yfir því að vera neyddir í að skipta út gömlu góðu glóperunum fyrir nýjar svokallaðar sparperur. Orðið sparperur segir okkur í raun allt sem segja þarf um hvers vegna þessi breyting á sér stað. Sparperur nota um 80 prósentum minna rafmagn. Ef farið er inn á vef Orkuseturs, www.orkusetur.is, er fljótlegt að reikna út kostnaðarlækkunina sem þessu fylgir. Tökum dæmi um heimili með 25 ljósaperur. Þar af eru 15 stykki fjörutíu vatta perur og 10 stykki sextíu vatta perur. Að meðaltali er kveikt á hverri peru í 25 tíma á viku. Kostnaðurinn við lýsinguna miðað við gömlu glóperurnar er 18.720 krónur á ári en 4.914 miðað við sparperur. Mismunurinn, 13.806 krónur, er hreinn og klár sparnaður. Sparperur endast líka lengur, eða um það bil 15.000 klukkustundir, en venjulegar ljósaperur endast einungis í um 1.000 klukkustundir. Fjárfesta þarf því í um 15 glóperum til að fá fram sama endingartíma og ein sparpera veitir.

KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473



## *Vættir og kristallar á vegg*



Hönnunarfyrirtækið Bility hefur sent frá sér kertastjaka og kertaklemmur sem varpa frá sér hlýlegu munstri á vegg. Kertastjakarnir, sem hönnuðurinn Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir kallar kristalla vetrarins, heita Mjöll, Drífa og Snær og vísa í íslensk nöfn á snjó. Kertaklemmunum er smellt á sprittkerti og fást í átta mismunandi gerðum, þrjú vetrarljós og fimm vættir.

„Munstrin eru öll úr Sjónabókinni, sem kom út árið 2009, en hún hefur að geyma munstur sem voru notuð í útsaumi, vefnaði og til ýmissa hannyrða áður fyrr og hafa margir hönnuðir sótt innblástur í hana.“ Vörurnar fást í flestum hönnunarverslunum.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411 | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



## BJÖGGI Á SKAGANUM

**Björgvin Halldórsson verður með stórtónleika í Bíóhöllinni á Akranesi í kvöld kl. 20.30. Farið verður yfir brot af því besta frá ferli Björgvins. Jón Ólafsson leikur af fingrum fram á píanóið. Tónleikarnir eru í tilefni af 70 ára afmæli Bíóhallarinnar og Akraneskaupstaðar.**



# ÉG ER ALLTAF SÁTT

**SÖNN FYRIRMYND** *Dr. Sigrún Stefánsdóttir hefur um árabil verið einn af kærustu heimilisvinum þjóðarinnar. Hún stendur nú á spennandi tímamótum.*

Það er alltaf skrýtið að kveðja vinnustað en í því felst líka þroskaferli. Ég hef kvatt vinnustaði áður og sakna náttúrlega félaganna á RÚV en ég er ekki í einangrunarbúri þótt ég sé hætt og enn í góðum samskiptum," svarar Sigrún, sem í byrjun október sagði fyrirvaralaust upp starfi sínu sem dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins. „Ástæðan verður áfram á huldu en ég er sátt, eins og alltaf."

Sem dagskrárstjóri valdi Sigrún sjónvarps- og útvarpsefni fyrir landsmenn.

„Starf dagskrárstjóra var mikil áskorun og þar þurfti ég á allri minni lífsreynslu að halda. Starfið er líka það vanþakklátasta sem ég hef unnið og í því kynntist ég andstyggilegri hlið á þessari þjóð. Ég veit ekki hvort mannasiðir hennar hafi versnað eða hvort um er að kenna samskiptamiðlum sem gefa fólki kost á að gubba út úr sér ógeði án þess að þurfa að mæta fólki augliti til auglitis. Það kom mér mjög á óvart en ég þakkaði oftast fyrir „jákvæðar ábendingar"."

### LÍFSREYNSLAN VERÐMÆT

Á árum áður starfaði Sigrún sem frétta- og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV.

„Dagskrárgerð er skemmtilegasta starf sem ég hef unnið. Ég er hugmyndarík og fékk að framkvæma fullt af eigin hugmyndum. Það gefur eitthvað sérstakt," segir Sigrún, sem getur vel hugsað sér að starfa aftur við dagskrárgerð.

„Einn af göllum íslenskra fjölmiðla er fólginn í of mörgu fólki sem er enn blautt á bak við eyrun. Maður sér gildi þess fyrir fréttastofu RÚV að hafa Boga Ágústsson því miklu skiptir að á fjölmiðlum starfi fólk sem man söguna. Sjónvarps- og útvarpsefni verður einsleitt þegar allir sjá hlutina á sama hátt og því æskilegt að blanda það lífsreynslu og þroska. Þetta sýnir sig nú í vinsældum Hemma Gunn og því hvernig Jónas heitinn Jónasson hélt velli með hlustendur á öllum aldri."

### DOKTORSPRÓF EKKERT MÁL

Sigrún er einn best menntaði blaðamaður lýðveldisins og lauk doktorsgráðu í fjölmiðlun 1987.

„Doktorsgráðan hefur skipt gríðarlegu máli og skapað mér fullt, fullt af tækifærum. Mér finnst konur stundum skorta sjálfstraust og það var mjög góð tilfinning að finna að þetta væri ekkert mál heldur vinna. Doktorsprófið er einnig lykill að því að geta unnið með ungu og hæfileikaríku fólki í háskólum landsins, sem ég hef mikla ánægju af og geri enn."

Eftir doktorsnám var Sigrún fengin til að byggja upp námsbraut í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Úr varð hagnýt fjölmiðlun; eins árs diplómanám.

„Þar lagði ég mikla áherslu á gott málfar og vönduð vinnubrögð. Í dag er námið orðið akademískara, sem er fínt, en mætti skapa svigrúm fyrir hagnýtari kennslu að auki svo fólk komi betur undirbúið í það krefjandi umhverfi sem fjölmiðlar eru. Ég les og heyri oft ónákvæmar og illa skrifaðar fréttir og því

**TIL Í ALLT**
„Ég gæti vel hugsað mér að starfa aftur við dagskrárgerð en nú læt ég gamlan draum um prjónaðar jólagjafir rætast. Ég hef tileinkað mér svokallaðan franskan hæl og prjóna nú voða fína sokka í jólapakkana."
MYND/STEFÁN

### ÓKURTEISI

„Starf dagskrárstjóra er líka það vanþakklátasta sem ég hef unnið og í því kynntist ég andstyggilegri hlið á þessari þjóð. Það kom mér mjög á óvart."

FRAMHALD Á SÍÐU 2

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Glæsilegur þýskur náttfatnaður
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is




Sendum FRÍTT um allt land í nóvember !
Laugavegur 55, sími 551-1040 www.smartboutique.is



NÝTT, FLOTTIR LEÐURJAKKAR KYNNIGAVERÐ
Kr. 59,900
Vertu vinur á Facebook
www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna




Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268




Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
PHO víetnamskur veitingastaður Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

vantar upp á að fjölmiðlafólk hafi verkfærin í lagi, kunni að byggja upp texta, noti íslenskuna betur og kynni sér þau daglegu lögmál sem gilda á fjölmiðlum.“

**STRÁKASTELPA AÐ NORÐAN**

Í tímans rás hefur Sigrún gegnt mörgum áhrifastöðum, meðal annars sem rektor Norræna blaðamannaháskólans í Árósum og yfirmaður upplýsingaskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.

„Mér finnst gaman að standa mig. Ég er strákastelpa og næstelst í systkinahópnum. Ég fékk að veiða og vera í flokki með eldri bróður mínum í fótbolta á meðan hinar stelpurnar fengu það ekki. Þegar ég flutti alein til Árósa seldi ég hús mitt og bíla og kvaddi syni mína. Það þótti mér rosalega erfitt og sat á tröppunum grenjandi yfir því hversu ægilegur vitleysingur ég væri að hafa ákveðið þetta. Ég og minn maður löbbuðum líka yfir England og þegar ég hafði misst þrjár táneglur og var algjörlega örmagna lagðist ég í rúmið grenjandi af uppgjöf. Daginn eftir sagðist ég ekki geta sagt sonum mínum að ég hefði gefist upp. Ég held að sá strengur hjálpi mér. Ég á líka óskaplega flottar ömmustelpur sem ég vil að sjái í mér góða fyrirmynd.“

**ELSKAR AÐ VERA AMMA**

Sigrún á tvo syni og brátt níu barnabörn. „Ég elska að vera amma. Ég er af kynslóð kvenna sem reyndu að sanna sig með því að vera mæður ungbarna og útivinnandi á sama tíma. Mér fannst eðlilegt að fá sex vikur í fæðingarorlof með eldri syninum og tíu daga með þeim yngri. Það segir sína sögu. Nú finnst mér ég bæta þeim og sjálfri mér það upp og reyni að vera eins oft og ég get með barnabörnunum.“

Sigrún var ritstjóri Íslendings þegar hún ól yngri son sinn. „Það var einyrkjavinna og því kláraði ég jólablaðið, fæddi soninn 15. desember og mætti aftur til vinnu 2. janúar. Í þá daga kostaði jafnréttisbaráttan þessar fórnir af hálfu kvenna en í dag áttar fólk sig betur á mikilvægi þess að vera með börnum sínum. Ég var einnig ráðin á Moggann gegn því að ætla ekki að leggjast í barneignir en það loforð sveik ég að sjálfsögðu,“ segir Sigrún og hlær.

**HOLLT AÐ KUNNA EKKI AÐ BAKA**

Um helgina ætlaði Sigrún til Akureyrar en veður hefti för. Þar er hún fædd og uppalin og þar eiga hjónin lögheimili í fallegu húsi í gamla innbænum.

„Við notum helgarnar til útivistar, förum á flandur og búum til ævintýri. Mér þykir ganga í náttúrunni heilsubót fyrir líkama og sál og gott að leysa málin á göngu. Ég skil ekki fólk sem fer á bíl í líkamsræktarstöð til að púla í svitalykt og svo aftur á bílnum heim,“ segir Sigrún sem vegna mikillar hreyfingar getur borðað eins og hana lystir.

„En ég get átt súkkulaði og kökur án þess að það freisti mín. Ég ákvað um þrítugt að tileinka mér viðhorf vinkonu sem afþakkaði konfekt því hún vildi eiga hitaeiningaskammt dagsins fyrir góðan mat. Ég ákvað líka að ég kynni ekki að baka, sem er óskaplega hollur eiginleiki.“

thordis@365.is



**FÓRNIR FORTÍÐAR**

„Mér fannst eðlilegt að fá sex vikur í fæðingarorlof með eldri syninum og tíu daga með þeim yngri.“






**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is**, s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427












**GÓÐAR VÖRUR** Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare.




**BIO-KULT PRO-CYAN** Nýjung frá Bio-Kult sem minnkar líkur á þvagfærasýkingum.

# VINNUR GEGN ÞVAGFÆRASÝKINGU

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Pro-Cyan er ný vara sem vinnur gegn þvagfærasýkingu. Varan hentar bæði börnum og fullorðnum.*

Bio-Kult Pro-Cyan er nýjung á markaði sem vinnur gegn þvagfærasýkingu. Varan er háþróuð en hún inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest.

Trönuber hindra að E. colibakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvaginu. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

Hylkin innihalda trönuberjaþykkni (Cranberry extract), mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus og Lactobacillus plantarum) og A-vítamín. Fjörutíu prósent af ráðlögðum dagskammti af A-vítamíni eru í dagskammtinum af Bio-Kult Pro-Cyan-hylkjunum en þau á að taka, tvö hylki í senn, einu sinni til tvisvar á dag til að minnka líkur á þvagfærasýkingu. Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en þær ættu þó alltaf að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hylkjanna hefst. Hylkin henta líka fyrir börn en mælt er með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna fyrir börn undir tólf ára.

Skoðið heimasíðuna, icecare.is

**TRÖNUBER**
Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvaginu.



**GÓÐ REYNSLA** Bára Árný Sigþórsdóttir hefur notað Bio-Kult með góðum árangri.



**MEÐ VEFJAGIGT** Sigríður Gísladóttir hefur þurft að taka inn mikið af lyfjum vegna veikinda.




# ÖFLUG VÖRN GEGN SVEPPASÝKINGUM

***Sigríður Gísladóttir** hefur lagast af sveppasýkingum og **Bára Árný Sigþórsdóttir** er betri af exemi eftir að þær fóru að taka Bio-Kult Candéa hylki.*

Bio-Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni (e. grape seed extract). Það virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.

Sigríður Gísladóttir þjáist af vefjagigt ásamt því að vera með hjartagalla og þarf þar af leiðandi að taka mikið af lyfjum. Afleiðingar þess eru að Candida-sveppurinn er sífellt að angra hana og veldur henni bæði slæmum húðsýkingum og innvortis óróleika. „Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa og hóf inntöku þess reglulega þá hef ég lagast mjög mikið og sveppasýkingin lætur aðeins á sér kræla ef ég gleymi að taka hylkin,“ segir Sigríður. „Ég tek tvö hylki á dag og reyni að taka þau um miðjan daginn því þá er ég ekki að taka nein lyf samhliða. Læknirinn minn er mjög ánægður með að ég skuli taka Bio-Kult Candéa fyrst það virkar svona vel. Ég hef breytt mataræðinu og tekið mikið til út sykur og ger en það dugar ekki til hjá mér þar sem ristillinn minn er ofvirkur. Bio-Kult Candéa heldur öllu í jafnvægi og ég gef því mín bestu meðmæli.“

Bára Árný Sigþórsdóttir hefur einnig góða reynslu af notkun Bio-Kult Candéa-hylkjanna en hún hefur tekið þau í nokkra mánuði og finnur mikinn mun á sér. „Ég var alltaf með sprungna hæla og exem á fótunum. Ég hafði reynt að ná því niður með ýmsum kremum en eftir tvo mánuði á Bio-Kult Candéa fór exemið að minnka og er í dag alveg horfið. Ég þakka þann góða árangur hylkjunum frá Bio-Kult Candéa. Einnig hef ég fundið mikinn mun á mér hve þörf mín fyrir sætindi hefur minnkað sem mér finnst alveg frábært,“ segir Bára Árný.

Bio-Kult Candéa-hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ýtarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, Icecare.is og heimsækið Facebook-síðu Bio-Kult Candéa til að taka þátt í léttum leik.

**SIGRÍÐUR**
„Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa og hóf inntöku þess reglulega hef ég lagast mjög mikið og sveppasýkingin lætur aðeins á sér kræla ef ég gleymi að taka hylkin.“

**BÁRA ÁRNÝ**
„Ég var alltaf með sprungna hæla og exem á fótunum. Ég hafði reynt að ná því niður með ýmsum kremum en eftir tvo mánuði á Bio-Kult Candéa fór exemið að minnka og er í dag alveg horfið.“

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Öldutúnsskóli

Staða umsjónarkennara á miðstigi er laus til umsóknar

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og umsagnaraðila óskast sendar á netfang skólastjóra.

Upplýsingar gefa Erla Guðjónsdóttir,skólastjóri erla.gudjonsdottir@oldutunsskoli.is og Valdimar Víðisson, aðstoðarskólastjóri valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is

Sími skólans er 555 1546 en umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2012.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Framtíðarstörf á heimilum fólks með geðfatlanir í Hafnarfirði

Leitað er eftir starfsmanni til starfa í Hafnarfirði á heimilum fólks með geðfatlanir. Í boði er vaktavinna í 100% starfshlutfall (morgunvaktir, millivaktir og kvöldvaktir). Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

**Helstu verkefni:**
- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samviskusemi .
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 20 ár.

**Í boði er:**
- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

**Upplýsingar um starfið veitir:**
- Rakel Róbertsdóttir / forstöðumaður
- 534-3891/664-5723
- rakelr@hafnarfjordur.is

Umsóknum skal skila rafrænt fyrir 15. nóv n.k. til viðkomandi forstöðumanns sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um starfið.

---

# Viltu taka þátt í þróun, nýsköpun og uppbyggingu?

Rafnar ehf. er ört vaxandi iðnfyrirtæki sem hefur unnið að þróun á nýju báts skrokklagi sem smíðað er úr trefjaplasti. Fyrirtækið mun á næsta ári kynna ýmsar útgáfur fullbúinna báta allt að 15 metrum að lengd.

Markmið Rafnar ehf. er að ráða til sín hæfa og áhugasama starfsmenn. Starfsmenn sem eru reiðubúnir að leggja sitt af mörkum til að framleiðsluvörur fyrirtækisins og þjónusta verði ávallt í hæsta gæðaflokki. Skapandi hugsun og frumkvæði eru eiginleikar sem við leitum eftir í okkar starfsmönnum. Í dag starfa 43 snillingar hjá Rafnar ehf.

Ef þú vilt slást í hópinn og taka þátt í því spennandi starfi sem framundan er þá endilega sæktu um.

## Lagerstjóri

**Helstu verkefni**

Umsjón og skipulagning á lager.

Umsjón með verkfæralager.

Vörumóttaka, skráning vöruhreyfinga og afhending út af lager.

Aðstoð við innkaupastjóra.

Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar - og hæfniskröfur**

Tæknifræðingur, vélstjóri eða annað sem nýtist í starfi.

Reynsla af lagerumsjón.

Reynsla af notkun á Navison lagerumsjónarkerfi er æskileg.

Bílpróf og lyftarapróf.

Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og nákvæmni í vinnubrögðum.

Frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar.

**Lagerstjóri heyrir undir innkaupastjóra.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2012. Umsóknir óskast fylltar út á vefsíðunni hagvangur.is**

RAFNAR

**Rafnar ehf.**
**Vesturvör 32b**
**200 Kópavogur.**

---

## Axapta sérfræðingar - Mikil tækifæri

**Við óskum eftir að komast í samband við reynda Axapta forritara og ráðgjafa. Í boði eru áhugaverð störf og spennandi tækifæri. Háskólamenntun er æskileg. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

**Nánari upplýsingar gefur Torfi Markússon, torfi@intellecta.is eða GSM: 821-1145.**

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Capacent Ráðningar

# ERT ÞÚ TIL TAKS?

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
*Við erum til taks*

**Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

## TÆKNISTJÓRI SKIPAREKSTRAR

**Starfið felur í sér** daglega umsjón með tæknilegum rekstri skipa, léttabáta og rafstöðva Landhelgisgæslunnar. Þá felur starfið í sér faglega og fjárhagslega ábyrgð á tæknilegum rekstri skipa LHG ásamt stuðningi við þær deildir sem annast rafstöðvar og annan vélbúnað þar með talið á starfssvæði LHG á Keflavíkurflugvelli og á ratsjár- og fjarskiptastöðvunum á hverjum landsfjórðungi.

**Leitað er að** aðila sem lokið hefur námi í vélfræði og/eða skipaverk- eða skipatæknifræði eða öðru sambærilegu námi. Einnig þarf viðkomandi að hafa þekkingu og reynslu af tæknilegum rekstri skipa, á öryggisbúnaði og kröfum. Reynsla af kerfisbundnu viðhaldi, vottuðum viðhaldskerfum og ferlum sem og reynsla í áætlanagerð, gerð leiðbeininga og handbóka nauðsynleg. Viðkomandi þarf að standast öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008. Gerð er krafa um góða almenna tölvuþekkingu, góða samskiptahæfileika, öguð vinnubrögð og skipulagshæfileika auk góðrar kunnáttu í íslensku og ensku.

## SKRIFSTOFUSTARF

**Starfið felur í sér** símsvörun, móttöku og almenn verkefni í bókhaldi.

**Leitað er að** aðila með ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika.Gerð er krafa um stúdentspróf eða sambærilega menntun. Reynsla af bókhaldi og almennum skrifstofustörfum nauðsynleg. Starfið krefst nákvæmni og skipulagðra vinnubragða. Viðkomandi þarf einnig að hafa haldgóða tölvuþekkingu sem og góða kunnáttu í íslensku og ensku.

**Frekari upplýsingar um störfin, starfssvið og hæfniskröfur er að finna á www.capacent.is**

Konur jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf ásamt sakavottorði í gegnum vef Capacent.

Umsjón með störfunum hafa Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FJÁRMÁLASTJÓRI

fsr
FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**Framkvæmdasýsla ríkisins óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa. Fjármálastjóri heyrir beint undir forstjóra/aðstoðarforstjóra og ber ábyrgð á að meðferð fjármála hjá stofnuninni fari eftir settum lögum, reglum og markmiðum stofnunarinnar.**

**Helstu viðfangsefni:**

- Umsjón með fjármálum stofnunarinnar
- Umsjón með bókhaldi, reikningsskilum og greiðsluþjónustu vegna opinberra framkvæmda
- Fjárlagatillögur og rekstaraáætlun stofnunar í samvinnu við forstjóra/aðstoðarforstjóra
- Fjármálaleg ráðgjöf innan stofnunarinnar
- Uppsetning og frágangur skilamata sem fjalla um reikningslegt uppgjör
- Stefnumótun og seta í gæðaráði stofnunarinnar
- Greiningarvinna
- Launavinnsla
- Samskipti við Fjársýslu ríkisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar
- Reynsla og þekking á fjármálastjórnun
- Reynsla og þekking á þeim atriðum sem talin eru upp í „helstu viðfangsefni"
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstraust og öguð vinnubrögð
- Hæfni í notkun tölvuforrita sem tengjast áætlunargerð og fjármálum
- Gott vald á íslensku og færni í ensku og helst einu Norðurlandamáli
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á launaumhverfi stjórnsýslunnar kostur

Laun eru samkvæmt stofnanasamningum sem byggja á kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi kjarafélaga.

Framkvæmdasýslan er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur umsjón og eftirlit með undirbúningi, hönnun og verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins um land allt. FSR er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins. Markmið FSR er að vera í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, til dæmis með því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á þessu sviði. FSR vinnur eftir ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu og er með árangursstjórnunarsamning við fjármálaráðuneytið. Nánari upplýsingar um verkefni Framkvæmdasýslunnar er að finna á www.fsr.is.

Umsjón með ráðningunni hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# LÖGMAÐUR

ADVEL lögmenn

**ADVEL lögmenn óska eftir að ráða lögmann til að sinna fjölbreyttum verkefnum. ADVEL er lögmannsstofa sem hefur um árabil lagt áherslu á að veita viðskiptavinum sínum hagnýta lögfræðiráðgjöf í krefjandi umhverfi íslensks atvinnurekstrar.**

**Starfssvið**

- Almenn lögfræðistörf með áherslu á félagarétt og fyrirtækjaráðgjöf
- Verkefni tengd fjármála- og félagarétti, skattarétti, samkeppnisrétti og fjárhagslegri endurskipulagningu
- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini stofunnar
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði, framhaldsmenntun í lögum æskileg
- Héraðsdómsréttindi skilyrði
- Að minnsta kosti 3-5 ára starfsreynsla
- Frumkvæði, metnaður og geta til að starfa undir álagi
- Nákvæm og öguð vinnubögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

# NÝ STÖRF HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) er hluti af miðlægri stjórnsýslu ráðhússins og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan mun hafa aðsetur í Ráðhúsinu.

**Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar. Hér er um fjölbreytt og krefjandi verkefni að ræða. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem vilja ná árangri í starfi og hafa hagsmuni íbúa og fyrirtækja í Reykjavíkurborg að leiðarljósi.**

Verkefni skrifstofunnar eru að annast málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar, markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag, gerð úthlutunarskilmála og umsjón með lóðaúthlutunum. Einnig hefur skrifstofan umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og/eða eignasjóði Reykjavíkurborgar, leiðir verkefni tengd miðborginni, tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina og bæta samkeppnisstöðu og fjölbreytileika hennar. Tryggingamál Reykjavíkurborgar heyra undir skrifstofuna í samstarfi við fjármálaskrifstofu borgarinnar.

## UMSJÓNARMAÐUR VIÐHALDS FASTEIGNA

**Helstu verkefni:**

- Gerð viðhaldsáætlana og eftirlit með þeim
- Skipting fjárveitinga í fyrirséð viðhald og ófyrirséð
- Þátttaka í gerð fjárfestingaáætlana
- Greining viðhaldsverkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólagráða í verk- eða tæknifræði, framhaldsmenntun tengd málaflokknum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af viðhaldi og rekstri fasteigna
- Jákvætt hugarfar, rík þjónustulund, færni í samskiptum og samvinnu
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

## LÖGFRÆÐINGUR EIGNAUMSÝSLU

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á gerð kaup-, sölu- og leigusamninga
- Ráðgjöf vegna lóðaleigusamninga
- Ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf tengdri lóðarleigu og umsýslu lands og eigna
- Þátttaka í þróunarstarfi/stefnumótun
- Fjölbreytt önnur verkefni sem falla undir málefni skrifstofunnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

## VERKEFNASTJÓRI MARKAÐS- OG ATVINNUMÁLA

**Helstu verkefni:**

- Eftirfylgni með atvinnustefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma
- Umsjón með samstarfi og tengingu aðila um þekkingaröflun bæði innan borgarkerfisins og í atvinnulífi borgarinnar
- Skipulögð markaðssetning tækifæra innan borgarmarkanna til fyrirtækja og fjárfesta bæði hér og erlendis
- Fjölbreytt nýsköpunarverkefni og greining hagsmunaaðila
- Efling samkeppnishæfni borgarinnar gagnvart öðrum borgum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólagráða sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun tengd málaflokknum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Áhugi á vinnumarkaðsmálum og atvinnuþróun
- Þekking og reynsla af markaðsmálum nauðsynleg
- Jákvætt hugarfar, rík þjónustulund, færni í samskiptum og samvinnu
- Góð íslenskukunnátta auk færni í ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

**Um laun og starfskjör í störfin fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Hefurðu áhuga á bleikri ?

**Krabbameinsfélag Íslands leitar að markaðsfulltrúa í markaðs- og fjáröflunardeild. Um er að ræða fullt starf.**

**Hæfniskröfur:**
- Góðir söluhæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskipti
- Almenn tölvukunnátta nauðsynleg
- Kunnátta á CRM er æskileg

**Helstu verkefni:**
- Þátttaka í átaksverkefnum
- Almenn fjáröflun
- Almenn markaðssetning
- Umsjón með velunnarakerfi
- Umsjón með verslun og aðstoð í afgreiðslu

**Umsóknum skal skilað eigi síðar en 3. desember 2012 á póstfangið laila@krabb.is eða á skrifstofu Krabbameinsfélagsins merkt markaðsfulltrúi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en í janúar 2013.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Laila Sæunn Pétursdóttir, markaðs- og fjáröflunarstjóri, laila@krabb.is eða sími 540 1900.**

Krabbameinsfélagið

Krabbameinsfélag Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík

Sími 540 1900
www.krabb.is
krabb@krabb.is

---

MOSFELLSBÆR

## Lausar stöður við Leirvogstunguskóla

Auglýst er eftir almennu starfsfólki til starfa við Leirvogstunguskóla sem fyrst.

Leirvogstunguskóli er um 40 barna leikskóli staðsettur í kyrrlátu íbúðarhverfi og stutt er í fjölbreytta náttúru.

Upplýsingar um störfin veita skólastjórnendur Leirvogstunguskóla, Gyða Vigfúsdóttir í síma 8916609 og Guðrún Björg Pálsdóttir í síma 5868648.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember og umsóknum skal skilað á netfangið leirvogstunguskoli@mos.is ásamt upplýsingum um menntun og reynslu.

Kjör eru skv. samningi Mosfellsbæjar við Félag leikskólakennara eða við Starfsmannafélag Mosfellsbæjar.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

# Lektor við Raunvísindadeild

## Lektor í ólífrænni efnafræði eða efnagreiningu

Laust er til umsóknar starf lektors í ólífrænni efnafræði eða efnagreiningu við Raunvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Lektornum er ætlað að stunda rannsóknir á sviði ólífrænnar efnafræði eða efnagreiningar, leiðbeina nemendum í framhaldsnámi, kenna grunn- og framhaldsnámskeið á sérsviði sínu og koma að kennslu á fyrsta ári.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í efnafræði. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum. Ætlast er til að viðkomandi stundi öflugar rannsóknir og styrki með því framhaldsnám á sínu sviði. **Umsóknarfrestur er til 10. desember 2012.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Snorri Þór Sigurðsson, formaður námsbrautar í efnafræði, í síma 525 4801, netfang: **snorrisi@hi.is**.

Sjá nánar um starfið á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/laus_storf**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 122216

---

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Miðskógar**
- Starfsmaður á heimili fyrir fatlaða

**Krókamýri**
- Starfmaður á heimili fyrir fatlaða

**Garðaskóli**
- Stærðfræðikennari í afleysingastöðu

**Sjálandsskóli**
- Þroskaþjálfi

**Móaflöt**
- Þroskaþjálfi

**Lundaból**
- Sérkennsla

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

---

# HAGKAUP SPÖNGINNI

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða sérfræðing í kjöti. Starfið er fólgið í almennum rekstri á kjötsvæði, samskiptum við birgja, starfsfólk verslana og viðskiptavini.***

- Nauðsynlegt er að viðkomandi sé lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, geti unnið sjálfstætt og hafi metnað fyrir því að ná árangri í starfi. Æskilegt er að viðkomandi sé matreiðslumaður eða matgæðingur og hafi menntun og/eða reynslu á því sviði.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á kolla@hagkaup.is.
- Allar nánari upplýsingar veitir Kolbrún verslunarstjóri í síma 563 5000.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

---

HEILSUSTOFNUN NLFÍ
GRÆNUMÖRK 10 : 810 HVERAGERÐI

## Næringarráðgjafi eða næringarfræðingur óskast til starfa

Laus er til umsóknar staða næringarráðgjafa eða næringarfræðings við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Starfshlutfall er 40%. Staðan er laus frá 1. janúar 2013.

Viðkomandi ber faglega ábyrgð, skipuleggur og stjórnar næringarmeðferð í samvinnu við lækna og yfirmatreiðslumeistara. Veitt eru einstaklingsviðtöl ásamt fræðslu fyrir hópa. Er leiðbeinandi fyrir starfsfólk varðandi næringarmeðferð, sérfæði og næringargildi matarins.

**Lögð er áhersla á:**
- Faglegan metnað, þekkingu og reynslu í faginu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri í síma 483 0300

Umsóknarfrestur er til 18. nóvember 2012. Umsóknir með ferilskrá sendist til: HNLFÍ - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@hnlfi.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

OPIN KERFI

# Ert þú OK týpan?

Við leitum að hinni stórmerku og geysimetnaðarfullu
OK týpu í herbúðir OK liðsins að Höfðabakka 9

## Einkenni OK týpunnar

Ok týpan er einstaklega sjálfstæð í vinnubrögðum, hefur mikinn metnað og er tilbúin að leggja hvað sem er á sig til að ná árangri. Hún vill vera í sigurliðinu og hafa tækifæri til þess að móta starfsumhverfi sitt og hafa áhrif á þá uppbyggingu sem á sér stað hjá liðinu hennar. OK týpan er líka félagsvera sem nýtur sín vel í samhentum hópi þar sem allir leggjast á eitt og hún finnur sterkan samhljóm með gildum fyrirtækisins: Eitt lið, sigurvilji, heiðarleiki og opinn hugur.

## Vinnustaðurinn Opin kerfi

Opin kerfi sérhæfa sig í sölu tölvu- og samskiptabúnaðar, ráðgjöf og innleiðingu lausna auk þjónustu. Opin kerfi bjóða upp á krefjandi og skemmtilegan vinnustað þar sem starfsmenn eru hvattir til þess að vera sjálfstæðir í starfi og hafa töluverð áhrif á eigið starfsumhverfi. Opin kerfi hefur flatt stjórnskipulag sem styður við það jafningjasamfélag sem vinnustaðurinn einkennist af óháð tegund starfa.

### Viðskiptastjóri samskiptalausna

Starfið felst í sölu á sérfræðiráðgjöf á net-, öryggis- og samskiptalausnum. Helstu markmið starfsins eru að auka sölu á vöru og þjónustu samskiptalausna auk þess að veita faglega ráðgjöf.

**Helstu verkefni**
- Stuðningur við viðskiptastjóra OK
- Sala á samskiptalausnum félagsins
- Þekkingaröflun á sviði samskiptalausna
- Miðlun upplýsinga til viðskiptavina og samstarfsaðila
- Samskipti við birgja
- Þátttaka í viðeigandi faghópum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi og reynsla á sviði samskiptalausna
- Hæfni til að koma fram og halda kynningar bæði á íslensku og ensku
- Metnaður til að leggja mikið á sig og vaxa í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna vel í hóp
- Frumkvæði í starfi og geta til þess að vinna undir álagi

### Microsoft-grunnlausnasérfræðingur

Starfið felst í þjónustu og ráðgjöf fyrir viðskiptavini í Microsoft-grunnlausnum.

**Helstu verkefni**
- Ráðgjöf, greining, hönnun og innleiðing ásamt skjölun og skýrslugerð fyrir viðskiptavini
- Sala á lausnum og þjónustu Opinna kerfa

**Hæfniskröfur**
- Þekking á Microsoft-grunnlausnamengi
- Reynsla af þjónustu og rekstri stærri UT-kerfa
- Reynsla af þjónustu við viðskiptavini
- Breið tæknileg þekking
- Skipulögð vinnubrögð og færni í að skrá og hanna verkferla
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til þess að vinna vel í hópi
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að vinna undir álagi og jákvætt viðhorf

**Menntun, gráður og reynsla**
- Vottanir frá stærri birgjum s.s. Microsoft, VMware, HP og Cisco
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar er æskileg
- A.m.k. 5 ára reynsla í upplýsingatækni
- A.m.k. 5 ára reynsla í starfi með tæknilega ábyrgð

### Tæknimaður á tækniborði

Starfið felst í tækni- og notendaþjónustu til innri og ytri viðskiptavina Opinna kerfa.

**Helstu verkefni**
- Stjórnborð – eftirlit með innri og ytri upplýsingatæknikerfum viðskiptavina
- Rekstur á upplýsingatæknikerfum viðskiptavina
- Tækniþjónusta við notendur

**Hæfniskröfur**
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í skjölun og skráningu
- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Eiga auðvelt með að aðlagast nýjum aðstæðum
- Geta til að vinna undir álagi og jákvætt viðhorf

**Menntun, gráður og reynsla**
- Framhalds- eða stúdentspróf
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Alþjóðlegar sérfræðigráður t.d. Microsoft, Cisco, Linux
- Reynsla og þekking af rekstri og/eða þjónustu á upplýsingatæknikerfum og búnaði er skilyrði

Microsoft hp FUJITSU redhat CISCO

**Upplýsingar veita:**
Vaka Ágústsdóttir, vaka@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700 **www.hagvangur.is**

ÍAV

# Erum við að leita að þér?

**Vegna aukinna umsvifa hér heima og í Noregi óskar ÍAV eftir verk- eða tæknifræðingum með reynslu til að sinna eftirtöldum störfum:**







**1. Leiða uppbyggingu fyrirtækisins í Noregi**
Víðtæk reynsla af verktöku og verkefnastjórnun er nauðsynleg.
Gott vald á norðurlandamáli er skilyrði. Starfsmaður mun hafa búsetu í Noregi.

**2. Verkefnastjóra á Íslandi og í Noregi**
Reynsla af tilboðsgerð og verkefnastjórnun við jarðgangaverkefni er nauðsynleg.

**3. Mælingum**
Almenn reynsla af framkvæmdamælingum sem og mælingum í jarðgöngum er skilyrði.

Allir umsækjendur þurfa að búa yfir frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

*Nánari upplýsingar veitir Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri. Umsóknir óskast fylltar út á heimasvæði okkar www.iav.is - laus störf, fyrir 26. nóvember næstkomandi.*

---

*ÍAV er alhliða verktakafyrirtæki með starfsemi á Íslandi og í Noregi. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns þar af fjölmargir verk- og tæknifræðingar.*

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum mannvirkjagerðar m.a. virkjana- og hafnarframkvæmdir, vega- og brúargerð, jarðganga- og jarðvinnuframkvæmdir auk alhliða byggingaframkvæmda.*

---

ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200 **iav.is**

BSI REGISTERED
ISO 9001:2008
FM 512106

---

Landsvirkjun starfar eftir jafnréttisáætlun og leggur áherslu á að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Mannauðsstefna fyrirtækisins byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu.

Landsvirkjun



# Tækifæri við Þjórsá

## TÆKNIMAÐUR Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Landsvirkjun óskar eftir að ráða tæknimann á rafmagnssviði við umsjón stjórnkerfa, tæknilegan rekstur og stöðvargæslu við aflstöðvar og veitumannvirki á Þjórsársvæði. Í starfinu felst eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja, ásamt verkefnabundinni vinnu við gæða-, öryggis- og umhverfismál.

Um þriðjungur allrar raforku sem framleidd er á Íslandi verður til í fimm aflstöðvum Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu. Sjötta stöðin er í byggingu við Búðarháls. Starfsstöð er við Búrfellsstöð.

**Sótt er um starfið á vef Capacent**
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is).
Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Starf á tannlæknastofu

Aðstoð óskast á tannlæknastofu á höfuðborgarsvæðinu.
Um er að ræða fullt starf alla virka daga allan daginn.
Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.
Umsóknir og ferilskrá ásamt meðmælum má senda á netfangið:
tannveg.umsoknir@gmail.com



## Heilsugæslustöðin á Akureyri auglýsir eftir sérfræðingi í heimilislækningum

**Laus er til umsóknar staða heimilislæknis við Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) frá 1. janúar 2013 eða eftir nánara samkomulagi.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sérfræðiréttindi í heimilislæknum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í samskiptum og vilji til þverfaglegs samstarfs.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í störfin.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og Akureyrarbæjar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórir V. Þórisson, yfirlæknir, í síma 460 4600, netfang: thorir@hak.ak.is

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins.

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2012.**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## Fjármögnun og skuldastýring ríkissjóðs

**Fjármála- og efnahagsráðuneytið** auglýsir eftir reynslumiklum einstaklingi til að annast fjármögnun og skuldastýringu ríkissjóðs.

**Starfið** felst í að leiða vinnu við fjármögnun ríkissjóðs á innlendum og alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á lánaumsýslu ríkisins, mótar stefnu í lánamálum og tekur ákvarðanir um útgáfu ríkisverðbréfa. Starfið felur í sér mikil samskipti við aðila á fjármálamörkuðum, s.s. fjárfesta, banka, greiningaraðila o.s.frv.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða með sambærilega menntun. Starfið krefst yfirgripsmikillar þekkingar og reynslu á sviði fjármálamarkaða. Nauðsynlegt er að viðkomandi eigi gott með að miðla hugmyndum í mæltu og rituðu máli, jafnt á íslensku og ensku. Áhersla er lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni, frumkvæði auk lipurðar í mannlegum samskiptum og samstarfi.

**Í boði er** áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og frumkvæði. Um er að ræða fullt starf sem hentar bæði konum og körlum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

**Umsóknarfrestur** er til og með 25. nóvember nk. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

**Þórhallur Arason** og **Angantýr Einarsson**, skrifstofustjórar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu veita nánari upplýsingar.

**Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi fylgigögnum til STRÁ ehf., rafpóstfang stra@stra.is, eigi síðar en 25. nóvember nk.**

STRÁ

www.stra.is

## Starfsmenn í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Starfsmenn í pökkunardeild vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og fylgja verkferlum. Unnið er á þrískiptum átta tíma vöktum sem skiptast í dag-, kvöld- og næturvaktir og hver starfsmaður vinnur fjórðu hverja helgi og þá er unnið á tólf tíma vöktum.

**Helstu verkefni:**
- Framkvæmd allra nauðsynlegra prófa í pökkun
- Mötun véla á kartonum, fylgiseðlum, töflum og hylkjum
- Eftirfylgni með því að vélar gangi eðlilega
- Aðstoð við frágang eftir lotur og skiptingar
- Uppgjör eftir vinnslu og skjalfestingar
- Þrif á vélbúnaði á milli framleiðslulota
- Þátttaka í umbótaverkefnum

**Við leitum að einstaklingum:**
- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem líkar vel að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu



**Hjá Actavis bjóðum við upp á:**
- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag



Nánari upplýsingar veita Jenný Sif Steingrímsdóttir, **jsteingrimsdottir@actavis.is** og Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, **risaksdottir@actavis.is**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **18. nóvember nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

actavis

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

# Cisco sérfræðingur

**Öflugt fyrirtæki leitar að traustum og sjálfstæðum einstaklingi sem þrífst í krefjandi Cisco umhverfi. Í boði er einstakt tækifæri til að öðlast mikla sérfræðiþekkingu í Cisco. Lögð er áhersla á metnað til að veita framúrskarandi þjónustu.**

**Starfssvið**

- Viðhald og rekstur netkerfa
- Þróun lausna og endurbætur

**Hæfniskröfur**

- Áhugi og grunnþekking á netkerfum
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Þekking á Linux stýrikerfinu og Cisco sérfræðigráður eru kostur

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

# DUTYFREE FASHION

KEFLAVIK INTERNATIONAL AIRPORT




RE 101 · SPIRAL · Farmers Market Iceland · MULBERRY · ROSA • BRYNDIS · ELLA · KRON by KRONKRON · BOSS HUGO BOSS · Shadow Creatures · REY · helicopter · LLOYD · BURBERRY

# www.vinna.is

FOSSBERG EHF VÉLAVERZLUN

**FOSSBERG**
IÐNAÐARVÖRUR OG VERKFÆRI

## Rennismiður – söluráðgjafi

Fossberg ehf óskar eftir að ráða rennismið til starfa. Við leitum að manni með menntun og reynslu í rennismíði, helst af CNC verkstæðum. Starfið felst einkum í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina, sérstaklega á renniverkfærum.

Fossberg selur fræsi- og renniverkfæri frá Sandvik Coromant og Walter ásamt ýmiskonar iðnaðarvörum fyrir málmiðnaðarmenn.

**Nánari upplýsingar um starfið veita:**
Benedikt Jóhannsson 5757 608 / 660 9704
Grettir Sigurðarson 5757 612 / 660 9712

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn á fossberg@fossberg.is

**Fossberg ehf. - Dugguvogi 6 - 104 - Reykjavík**

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Læknar í starfsnámi

Laus eru til umsóknar störf lækna í starfsnám á bæklunarskurðdeild Landspítala.

Starfshlutfall er 100% og veitast störfin til eins árs eða samkvæmt samkomulagi. Störfin eru laus 1. janúar 2013 eða samkvæmt samkomulagi.

Starfsnámið gefur góða reynslu í bæklunar- og handarskurðlækningum og hentar vel þeim sem hyggja á sérnám í þeim greinum, einnig öðrum s.s. verðandi heilsugæslulæknum og þeim sem hafa í hyggju að starfa á landsbyggðinni.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Klínísk vinna á bráðamóttöku, legu- og göngudeildum bæklunarskurðdeildar auk vaktaskyldu.
» Þátttaka í kennslu- og fræðslustarfi sérgreina.
» Þátttaka í vísindavinnu.
» Handleiðsla og kennsla kandídata og læknanema.

### Hæfnikröfur

» Almennt lækningaleyfi.
» Færni í mannlegum samskiptum.
» Öguð vinnubrögð.

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 08.12.2012
» Upplýsingar veita Sigurveig Pétursdóttir, netfang sigurpet@landspitali.is, sími: 543 1000 og Hjörtur Brynjólfsson, netfang hjorturb@landspitali.is, sími: 543 1000
» Með umsókn skal leggja fram ferilskrá ásamt gögnum um rannsóknir og ritsmíðar. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast LSH skrifstofu framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs 13A við Hringbraut.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

## SPARNAÐUR

**Traust og framsækið fyrirtæki leitar af duglegum og heiðarlegum söluráðgjafa, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum.**

Frumkvæði , drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp á vandkvæða.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir ásamt Starfsferilsskrá sendist á trausti@sparnadur.is

---

# Verkstjóri

**Matfugl ehf**
Völuteig 2 270 Mosfellsbæ

Matfugl ehf óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa í fullvinnsludeild fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi sé menntaður á sviði matreiðslu eða kjötiðnar og hafi góða fagþekkingu á sínu sviði. Við leitum að einstaklingi sem er metnaðarfullur, hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er sveigjanlegur og skipulagður og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

**Upplýsingar um starfið veitir Sveinn Jónsson í síma 899 2572.**
**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á denni@matfugl.is**

---

**Laus störf**
**Grunnskóli Seltjarnarness auglýsir:**

## Stuðningsfulltrúi í Skólaskjól Grunnskóla Seltjarnarness, 50% staða.

**Upplýsingar veita:** Ólína Thoroddsen, olina@grunnskoli.is sími: 595 9200 og

Rut Hellenardóttir, rutbj@grunnskoli.is sími: 822 9123

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf.

Á Seltjarnarnesi eru um 500 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Í Skólaskjóli eru um 100 nemendur. www.grunnskoli.is

**Umsóknarfrestur er til 16. nóvember 2012.**

Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar

**www.seltjarnarnes.is**

---

*Måløy Bygg er í fremstu röð byggingaverktaka í Nordfjord í Vestur-Noregi og leggur mikla áherslu á nýsköpun. Fyrirtækið þróast nú mjög hratt og vöxtur þess er gríðarmikill á mörgum sviðum. Måløy Bygg er stærsti verktæki Noregs á sviði mannvirkjagerðar fyrir landbúnað og byggir á hugmyndafræðinni „Norgesfjøs". Aðsetur fyrirtækisins er í Måløy.*

## „ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGA / TÆKNITEIKNARA OG SMIÐI / HÚSASMIÐI"

Við leitum að starfsmönnum sem eru tilbúnir til að taka þátt í þeirri spennandi þróun sem einkennir fyrirtækið um þessar mundir. Við leitum að einstaklingum sem eru skipulagðir, nákvæmir, skapgóðir og þægilegir í umgengni.

Við bjóðum á móti mjög gott starfsumhverfi með góðri blöndu af reynslu, áhuga og áræðni! Við bjóðum samkeppnishæf kaup, kjör og starfsaðstöðu.

Nánari upplýsingar veitir Bjørnar Gangsøy framkvæmdastjóri í síma **+47 995 11 727** eða í netfanginu **bjornar@maloybygg.no**. Umsókn með ferilskrá sendist á sama netfang. Tekið verður við umsóknum á ensku, norsku eða dönsku.

Upplýsingar um bæjarfélagið og starfsumhverfi er hægt að nálgast hjá Sigurbirni sem er íslenskur rafvirki búsettur í Måløy. Sími 0047-948-834-50 eða í veffangið sibbi@saetren.no

MB MÅLØY BYGG AS

Tlf: 57 85 08 43 • post@maloybygg.no • www.maloybygg.no

UMBOÐSMAÐUR SYSTEMHUS/ FÉLAGI Í BYGGOPP

Fantastiske Osberget - www.osberget.no

---

## Sviðsstjóri Landsliðsmála

Fimleikasamband Íslands
leitar að öflugum starfsmanni í hlutastarf

Við finnum **draumaeignina** þína

Skeifan fasteignasala

Eysteinn Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali

FÖST LÁG SÖLUÞÓKNUN

## Stallasel 7 – Einbýlishús

**Opið hús sunnudag á milli kl 14 og 15**




Um er að ræða glæsilegt 192 fm einbýlishús á einni hæð þar af er bílskúr 44 fm. Húsið stendur á einum besta stað í Seljahverfinu, innst í botnlanga. Mjög fallegar innréttingar. parket. Húsið er einangrað og klætt að utan með steni og harðvið. Húsið ereinangrað bæði að utan og innan. Kamína er í stofu. Mikið endurnýjað hús. Suðvestur verönd í lóð sem er ræktuð. Þetta er falleg eign á frábærum stað.

**Verð 55,6 millj.**

**Gerið svo vel að líta inn. Það verður tekið vel á móti ykkur.**

Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46
108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is

FOLD FASTEIGNASALA

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

## Vesturgata 33, sérbýli

**OPIÐ HÚS SUNNUD.11.11 FRÁ KL 16-16:30**




Stórglæsileg íbúð á neðri hæðum tvíbýlishúss við Vesturgötu. Á aðalhæðinni er opið rými með mikilli lofthæð, einstaklega vel hannað eldhús með nýrri innréttingu og fallegum flísum á gólfi. Borðstofa og stofa með mikilli lofthæð og gegnheilu parketi, einnig eru þar 2 svefnherbergi með gegnheilu parketi og skáp og baðherbergi. Á neðri hæð eru 2 herbergi, baðherbergi og setustofa með parketi.

Fallegur sólríkur bakgarður með palli og grasflöt. **Verð 54,5 millj.**

## Grænlandsleið 20 – Lúxus sérbýli á frábærum útsýnisstað í Grafarholti




Nýlegt glæsilegt 205 fm n.k. endaraðhús á frábærum útsýnisstað. Glæsilegar sérsmíðaðar innréttingar, 2 stór svefnherbergi baðherbergi með hvoru fyrir sig, Stór stofa, mikil, lofthæð, gólfhiti, glæsilegt eldhús, stór verönd, 30 fm svalir m.yfirbyggingarrétti. Útsýni: Esjan, Borgin, Snæf.nes og fl. EIGN Í SÉRFLOKKI. Tilvalið fyrir fólk að minnka við sig og gerir topp kröfur.

**Ásett verð: 52,8 m. OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 11. NÓV. FRÁ KL. 14:00 – 14:30. Ingólfur Gissurarson lg.fs. SÝNIR EIGNINA. 896-5222.**

## Víðihvammur 38 – á besta stað í Suðurhlíðum Kópavogs. Einbýli á raunhæfu verði.




Gott og velskipulagt 195 fm einbýli á góðum veðursælum stað. Gott skipulag, 5-6 svefnherb., mögul. að skipta í tvær íbúðir. Talsvert endurnýjuð eign, sannkallað fjölskyldu hús á eftirsóttum stað. Ræktuð lóð með suður verönd. Gert ráð fyrir bílskúr. **Gott verð 36,9 m. OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 11. NÓV. FRÁ KL. 15:00 – 15:30. Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali sýnir eignina S:896-5222.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**



## Opið hús á morgun sunnudag frá kl 15-16

## Breiðavík 13 íbúð 102

**112 Reykjavík**

Sunnudag 11. nóvember
**frá kl. 15:00-16:00**

Góð 3ja herbergja endaíbúð að stærð 105,4 fm. Á fyrstu hæð.
Með góðri hellulagðri og afgyrtri verönd. Í litlu fjölbýli.



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Allar upplýsingar um eignina veitir Jórunn gsm 845-8958 sem einnig verður á staðnum.
Verið velkomin.



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **25,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Norðurbakki 11c - fullbúin íbúð

**OPIÐ HÚS sunnudag**




Glæsileg og fullbúin 116,1 fm 3ja herbergja endaíbúð á 2.hæð í fallegu álklæddu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Tvö svefnherb. Tvö baðherbergi. Flísar á öllum gólfum. Tvennar svalir. Laus strax. **OPIÐ HÚS Á MORGUN (SUNNUDAG) FRÁ KL. 13:00 - 14:00** V. 29,9 m.

Einnig verða aðrar íbúðir í húsinu til sýnis eftir þörfum.

**VERÐ FRÁ 26,9 - 29,9 M. 2001**

SAFT




Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
www.saft.is

## TIL SÖLU

## ÍSBÚÐ / SÖLUTURN

### MIKLIR MÖGULEIKAR

Vaxandi íssala sem auðvelt er að auka verulega,
Spilakassar / lottó og vinsæl DVD leiga.
Snyrtilegt og nýlega endurnýjað húsnæði. Vel staðsett við 2 skóla og þétta blandaða byggð.
Miklir framtíðarmöguleikar, vaxandi velta

**Ýmis skipti koma til greina. Ásett verð 8 millj.**

Nánari uppl. veitir Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931

LANDMARK FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS




# OPIÐ HÚS

Laugardag 10.nóvember
kl. 15:00 - 16:00

Nýjar eignir óskast á skrá

HÚSANAUST SKIPA- OG HÚSANAUST ehf FASTEIGNASALA
**530 7200**
**Ármúla 8**

## Roðasalir 8 – 201 Kópavogur



Einkar vandað og fallegt 235,7 fm parhús á tveimur hæðum í hinu vinsæla Salahverfi í Kópavogi. Í íbúðinni eru fimm svefnherbergi og baðherbergi á báðum hæðum. Gólfefni eru eikarfjalir og flísar. Innréttingar, hurðar og fataskápar úr Birki. **Opið hús sunnudaginn 11. nóv kl. 13.00 – 14.00**

**Verð 65 milljónir**



**Hafðu samband**
**SIGURÐUR RÚNAR SAMÚELSSON**
löggiltur fasteignsali.
Sími 896 2312

LANDMARK FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS



Frábær nýlegur og mjög sparneytinn Chevrolet Spark 2010 1,2cc., er í ábyrgð og toppstandi. Ekinn 35 Þ.KM, bensín, beinskiptur, 5 dyra. Ný heilsársdekk Verð 1.500.000kr. S. 770 1126



**Frábær fjölskyldubíll!**
Hyundai Trajet árg. 2007, ekinn 103þ. ssk, krókur, góð dekk. Ásett 1990þús. Tilboð 1650þús.(yfirtaka láns+530 þús). S:842-3328



Peugot Expert 1,9TD. Árg ,99. 7 sæta+ökusæti. Ek. 211þ. Ný tímareim, nýsk., sumardekk. V. 490þ. S. 841-8808



Corolla árg. 2000 E. 169þ. næsta sk. 07.13. V. 410 þús. S: 862-6369. Engin skipti.



GMC Yukon 1996 Ek. 218 þús. V8 5,7L 4x4 Verð 500,000 Engin skipti. S. 893 3883



Til sölu. Honda CR-V LS árg. ,05. Sjálfsk. Ek. 88 þús. Mjög vel með farinn bíll. Einn eigandi frá upphafi. Heilsársdekk. Verð 1.890.000 Uppl. í s. 861 9434.



Montero árg. 2005. Ekin 120 þ.km. Breyttur 35" dekk. Ný tímareim, nýleg míkróskorin dekk. Öll skipti skoðuð. Sími: 893-1863.






Toyota Corolla 1.6 Turing, árg 1997-8 ek. 164þús. Top ástand, allur ný yfirfarin, ný skoðaður, ný vetradekk. Verð 380.000kr. Uppl. í s. 699-5595 milli 12-18.



Ford Transit árg. ,12 til sölu. Aukahlutir, dráttabeisli, auka rennihurð, klæddur að innan, með hillu. Verð 4,4 millj. Áhvílandi bílasamningur 2,4 millj. Afborgun á mánuði 56 þús. Bein sala. Uppl. í s. 696 4640.



**Toyota Corolla ekin 120þ.**
Til sölu Toyota Corolla ,97 Ekin 120.000km. Ný tímareim. Bíll í topp standi. Uppl. í síma 862 2288



Til sölu Toyota Prius Hybrid árg. ,07 Ek. 119 þ. km. Sk. ,13 Sjálfsk. Bensín(Rafmagns) Allt nýtt í bremsum. Mjög vel með farinn og fegnið topp þjónustu. Mögulega mjög ódýrt upp í. Uppl. í s. 867 3080/867 3081



Toyota Rav4 GX,árg 09.09,ek 55.000,sjálfsk Ný dekk,eyðir 10L,Verð 3.890 Uppl í.S:694 2090 rnr:130715



Vel með farinn VW Caddy árg. ,99 Beinsk. Ek. aðeins 147 þ. km. Skoðaður og dráttabeisli. Verð 370 þús. Uppl. í s. 896 3044



Fjórhjóladrifsbíl - Mercedes Bens TE300 4matic. Árgerð 1994, ekinn 270.000 km. Verð 780.000 kr. Sími 898 7820.



Hyundai accent GLS, árgerð 99, ekinn 105 þ.km. Sjálfskiptur, sumar- og vetrardekk, skoðaður. Tilboð 230 þ. S. 985 1025.



Toyota Hilux D/C. Nýskr. 5/2006. Ek 88 þ.km. 2,5 Disel. Bsk. 31" Pallhús, klæðning á palli. Áhvíl. 1.260 þús. Verð 2.590 þús. Skipti á ód. Uppl. í s. 693-9513.



Til sölu Skoda Octavia árg. ,00. Nýleg nagladekk og sumardekk fylgja. Ek. 194 þús. Verð 430 þús. Uppl. í s. 869 9971



VW.passat árg 1998.ek. ca 203.000, sko. 2013, verð 280.000.- Uppl. í s. 865 0112.



Til sölu Jeep Grand Cherokke 38" Vél 5,2 v8 bensín (215hö) Árg. ,98, Ek. 145þ. km. Sjálfsk., leður, toppl, prófíltengi, ný sk. abr loftlás, Xenon angel eye ljós. V. 1490 þ. S. 895 6667 Gísli



Mazda 3 s/dt árg. 2008 Ek. 99þ. Bíll með tímakeðju. 8 auka dekk fylgja. Get útvegað bílalán. V. 1,490 þ. S. 894 3755

Toyota Yaris ,00 Ek. 140þ. Verð 320 þús. Uppl. í síma 869 4523.

Til sölu Nissan X-Trail ELEGANCE, ljósbrúnn, árg. 2006 ek. 63 þús. km. Sjálfskiptur, leðursæti, hiti í framsætum. 17" felgur, Heilsársdekk. Ásett verð 2.100 þús. Uppl. í síma 845 6870

Subaru Legacy ,01 Sjálfsk. Ek. 216 þ. Góð vetra+sumardekk fylgja. Verðhugmynd 500 þ. Uppl. í s. 696 1324.

Corolla ,97, nýl skoðuð. Ek. 199þ. Skipti á dýrari. Tilboð óskast. S. 899 2060.

## 0-250 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR 250 ÞÚS!**
Opel corsa árg.' 2000 ek. 162 þús., skoðaður 13, filmur cd álfelgur flottur bíll sem eyðir engu! ásett verð 390 þús. TILBOÐ 250 ÞÚS. s.841 8955.

Til sölu Nissan Primera árg. ,98. 1600cc. Ek. 205þ. Sk. 05/'13. Þarfnast viðhalds. Verð 160þ. S. 868-3201.

Opel Astra ,97 Ek.75 þ. sk. ,13, lélegur í lakki v.120 þ. eða tilboð. Uppl. í síma 661 1312 Markús.

## 250-499 þús.



Til sölu Opel Astra 1200. Árg ,03 ný upp. tímakeðja Sk. ,13. Ek. 127þ km. í toppstandi. Verð 440.000.- Uppl. í s. 893 5664



**GÓÐUR BÍLL!**
VOLVO V40 1,8 16v wagon árg ,2000 ek.175 þús, bs, dráttarkr, heilsársdekk, ný sko ,13, hiti í sætum cd magazine, kastarar ofl. lýtur vel út,eyðir 6,7 l/100 km. Góður og þægilegur bíll, ásett verð 720 þús TILBOÐ 450 ÞÚS s.841 8955



**TILBOÐSVERÐ 500 ÞÚS, STGR.**
M Bens E-240,árg ,98,ek. 191þús Toppbíll, skipti verð 790þús Uppl í s. 615-2500.

## Bílar óskast

**!!! 0-250 ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Kaupi Bíla til uppgerðar eða niðurrifa. Allt kemur tilgreina. Meiga vera bilaðir, beyglaðir, eða óskoðaðir. Uppl. í síma 820 4640

## Jeppar



Toyota Rav4 árg. 2004 Ekinn 173 þús/km. Beinsk. Nýsk. Verð 1.milj. Uppl. s. 861 6953



**LC 100 Disel 1.990.þ**
Til sölu LC 100 disel ,99 ssk. 33" breyttur með 2005 look (ný ljós ofl.) leður, lúga, dvd góð smurbók nýleg tímareim ek 336.þ ásett verð 2.690.þ fæst á 1.990.þ Uppl. 896-5290

## Fornbílar



Til sölu Dodge Coronet árg. ,54. Fluttur inn af varnarliðinu. Uppg. ,96-'06. Fyrirspurnir á clean@simnet.is

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Renault Premium 420 CD árg. ,02. 26-6x2. Uppgerður gírkassi og nýir spíssar, Skipti möguleg á nýlegum fólksbíl 7-9 manna. Uppl. í s. 898 9006.



Renault 18 260. árg. ,99. Öll skipti möguleg. Uppl. í s. 898 9006.

## Húsbílar




## Hjólhýsi



Vetrartilboð á nýlegu HOBBY hjólhýsi frá Víkurverk. Árg. ,11. Verð 4,4m. 3,5m. Stgr. engin skipti og verðið er fast. Rúmlega 2m. Afsláttur! Enn í ábyrgð. Mjög gott skipulag. Allur aukabúnaður fylgir. Gerð 560UKF. Er til sýnis á Vagnhöfða. Gerð er Hobby Excelent 560 UKF með kojum. Nýskráð Júlí ,11. Uppl. í s. 843 3923

## Vinnuvélar




**Bílalyftur- Dekkjavélar**
Tveggja pósta bílalyftur 3,5T og 3,8T, höfum einnig dekkjavélar á tilboðsverði á lager. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is

Vil leigja traktorsgröfu 4x4 eða minni payloader í góðu lagi í 2-3 mánuði. Snjótönn til að kaupa eða leigja. Uppl. í S. 616 1170.

## Hjólbarðar




**Dekkjavélar**
TILBOÐ Á Affelgunar og Ballancevélum. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is

4 stk. nagladekk 225/75 R15. Verð 30 þús. S. 864 5290.

Til sölu 4 stk, mjög lítið notuð TOYO nelgd vetrardekk 18". Stærð 235/60 R18 Verðhugmynd. Kr. 80.þús. Upplýsingar í síma 897 1220

Til sölu 1 og hálfs árs ónegld vetradekk 235/65 R17 Uppl í síma: 8460347

## Bílafjármögnun




## Þjónusta

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd fyrir heilsuna auglýsir: hef flutt stofuna mína í Síðumúla 25, 3.hæð sími 659 9277.

Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir til sölu. S:891 6447 Óli.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

Aðstoð í stærðfr, íslensku í 8.-10. b. Fagkennsla. Uppl. í s. 893 0222.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Sófi með tungu til sölu. Nýlegur, velmeðfarinn brúnn með svörtu í. Ásett verð 180.000kr. Tilboðsverð 100.000kr. Uppl. í s. 5812336/8983827.

Nýlegur þriggja sæta sófi 35 þús. Hillusamstæða frá Hirslunni með skápum, skúffum og hillu fyrir sjónvarp 25 þús. S. 552 7916/892 7916.

## Antík



**Antik sófi**
Uppgerður með grænu leðuráklæði. Frá um 1880, sk. „fainting couch" still. Verðhugmynd 200 þús. Símar 552-9004 / 869-5566.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundarræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**
**Erum á facebook.**



Schaferhvolpar til sölu m/ættbók frá HRFÍ Afhending 17. nóv uppl. Kristjana 895 6490 www.123.is/icetindra



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar, heilsufarsskoðaðir með ættbók frá HRFÍ. Möguleiki á visa raðgr. Nánari uppl. á www.vikurkennel.com eða í síma 894 6611

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407


**Glæsileg tískuverslun í Smáralind**
Tískuverslun með kvenfatnað og allt þekkt merki, og eigin innflutningur. Er í 160 fm leiguplássi. Góður tími framundan. Býðst á frábæru verði.
Uppl. í síma 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is.

**Skyndibitastaður á Smáratorgi**
Af sérstökum ástæðum er til sölu skyndibitastaður með hamborgara, fisk og fl. Nú fer einn besti tíminn í hönd. Afhending strax og býðst á frábæru verði.
Uppl. í síma 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is.

**SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI**
Gistiaðstaða f. 10-12 manns. Helgarleiga 60 þús. Stök nótt virkan dag 20 þús. lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu: www.summer-house.weebly.com

**SKARTGRIPANÁMSKEIÐ**
MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

**MIRANDA'S SNYRTIVÖRUR**
Náttúrulegar snyrtivörur
Opið þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 14:00-18:00
Netverslun skincare.is
Verslun að Lækjargötu 34, Hafnarfirði Sími 565-0500

**ILMVATN.NET**
Vefverslun með ilmvötn og rakspíra
TAXFREE VIKA
20% afsláttur
10. nóv - 17. nóv

**XPRENT** -merkir allt!
Finndu okkur á: facebook
Inni og úti-, bíla- og gluggamerkingar. Hentar fyrirtækjum, stofnunum og heimilum. Sandblástursfilmur ofl.
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**TRÉ & MÁLUN**
Smíða og málningarþjónusta
Kristján 692 5735 • Málarameistari
Sverrir 847 7425 • Húsasmiður
treogmalun@gmail.com

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
www.kvarnir.is Sími: 564 6070

**STERK LOK á alla heita potta.**
Eitt verð á öllum stærðum
Framleiðum lokin eftir málum.
Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka- klór og veðráttu.
(Myndir á facebook)
Tjalda og Seglaþjónustan
Kristinn 899-7663 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**GlerPro ehf.**
Bilrúðuviðgerðir og bílrúðuskipti
Allar viðgerðir á framrúðum eru bileiganda að kostnaðarlausu.
Vinnum fyrir öll tryggingafélög.
GlerPró ehf. Kaplahrauni 8 220 Hafnarfjörður
848 7007 | 453 7075 | 776 8600
www.glerpro.is - glerpro@gmail.com

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**www.gottbon.is**
GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

**Ert þú tilbúinn fyrir veturinn, ef ekki láttu okkur og okkar frábæru vörur aðstoða þig.**
K&N THE WORLDS FINEST AIR FILTERS
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Haf • Sími 588 3355


# Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Dýrahald

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969 Félag allra hundeigenda

**Langar þig í hund?**
Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að réttri meðferð, aðbúnaði og uppeldi hunda og góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu HRFÍ, www.hrfi.is

Standandi fugla hundar: Breton hvolpar til sölu undan mitvejs össu og mitvejs XO. Ættbók frá HRFÍ, tilbúnir til afhendingar 22.11 nánari upplýsingar í síma: 660 1911.

Til sölu hvít poodle míní tík, fædd 8.ágúst. Algjör dúlla. uppl s: 8962114



**Pug hvolpar**
Uppl: í síma: 821-6362 Heimasíða: http://konungsraektun.123.is/ Email: konungurd@simnet.is

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

Veiðihús. Til sölu mjög vandað nýtt 25m2 hús sem öllu sem gæti nýst td sem veiðihús. Uppl. S: 840 6100.

## Tilkynningar

Domusinfo
Ókeypis heimasíða fyrir húsfélagið
Ný heimasíða fyrir húsfélagið á örfáum mínútum
www.domusinfo.is • S. 659 4324

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

3ja herbergja íbúð á 2. hæð til leigu í Ástúni í Kópavogi. 165þ/mán Uppl í síma 896 5009

Skrifstofuhúsnæði til leigu, 60 fm. á Seltjarnarnesi. uppl. s: 892 0394

Til leigu á Ak frá 16.des - 7.jan. 3 herb, ný íbúð í Naustahverfi. Með öllu innbúi. Aðeins reglufólk kemur til greina. Verð 90 þús. Uppl s:663 6941

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Húsnæði óskast

Skilvís og reglusamur 37 ára karlmaður leitar af snyrtilegu að snyrtilegri íbúð til leigu í Reykjavík (póstnr. 101-108). Nánari uppl. í síma 849-9595 og thormart@gmail.com

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu 83 fm við Dalshraun tilvalið til léttan iðnað eða heildsölu. Uppl. í s:893 9777.

### Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038 apartments.cph@gmail.com www.ibudikoben.is
stracta

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Hársnyrtir**
**Óskum eftir svein eða meistara til starfa.**
**Upplýsingar á Línu lokkafínu, Bæjarhrauni 8 Hfj. eða í síma 565 4424 Eyrún eða Þórey.**

**Sölufulltrúar óskast til starfa!**
Óskum eftir að ráða hressa og duglega einstaklinga í símsölu bæði á daginn og kvöldin. Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá á netfangið oflun@oflun.is fyrir þriðjudaginn 13. nóvember.

TMÍ TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðar aukatekjur. Áhugasamir sendi póst á erna@tmi.is

Fellini RESTAURANT

**Fellini restaurant**

**Óskar eftir að ráða veitingastjóra. Lágmarkskröfur sveins-eða meistarabréf í framleiðslu. Veitingastjóri sér um allt skipulag á vöktum, liðsinnir samstarfsfólki ásamt því að bera ábyrgð á veitingastaðnum á sinni vakt. Unnið er á kokkavöktum. Stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð ákskilin.**

**Tekið verður á móti umsóknum á Fellini Egilshöll á mánudaginn milli kl. 17 - 20**

**Au Pair Luxembourg**
Til að gæta 4 og 7 ára hressa krakka eftir skóla frá janúar byrjun fram á sumar. Frönsku eða þýsku námskeið í boði.Þarf að hafa bílpróf. Áhugasamar sendið póst á islensk.aupair@gmail.com

**Vinna heima**
Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.

## Atvinna óskast

Vanur krana/vörubíla og járnsmíðavinnu. Óskast ! uppl. S: 896 3331

Vélstjóri óskar eftir plássi á sjó er með 1000 hp réttindi. Uppl. 895 0474.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Ekkjumaður hefur áhuga á að kynnast góðri konu á aldrinum 65-75 ára. Reglusamur. Á góða íbúð og bíl. Sími: 553-4231

**Spjalldömur 908 1616**
Opið allan sólarhringinn.

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Fasteignir

**heimili FASTEIGNASALA**



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Erla Dröfn Magnúsdóttir lögfræðingur
Ruth Einarsdóttir sölufulltrúi
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

# Boðaþing 10-12




**Sölusýning sunnudaginn 11. nóvember kl. 13-15.**

**NÝJAR ÍBÚÐIR FRÁ HÚSVIRKI HF. FYRIR 55+**

**2JA HERB 52 FM VERÐ FRÁ 16,9 MILLJ.**
**2JA HERB 87 FM VERÐ FRÁ 25,5 MILLJ.**
**2JA HERB 94,5-98FM VERÐ FRÁ 25,9 MILLJ.**
**3JA HERB 123 FM FRÁ 29,8 MILLJ.**
**3-4 HERB. PENTHOUSE 170 FM 52,9 MILLJ.**



**Heimili fasteignasala s. 530-6500** kynnir til sölu nýtt lyftuhús fyrir 55 ára og eldri á góðum útsýnisstað í Þingahverfi Kópavogs. Húsið stendur nálægt Elliðarvatni og góðum gönguleiðum í ósnertri náttúru. Í húsinu eru 34 íbúðir á fimm hæðum. Íbúðirnar í húsinu eru 2ja og 3ja herbergja íbúðir og skráðar 52-170 fm. Flestum íbúðum fylgir stæði í bílskýli og sólskálar. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan sem innan án gólfefna. Innréttingar eru frá AXIS, hreinlætistæki frá Tengi og rafmagnstæki frá AEG. Granít í borðplötum og sólbekkjum. Fallegt vel hannað fjölbýlishús á góðum fjölskylduvænum stað. Húsið er inná reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraða.

**BOÐI – Þjónustumiðstöð og félagsmiðstöð** aldraðra er borðsalur, fjölnotasalur, hársnyrting, fótsnyrting, sundlaug og heitir pottar, sjúkraþjálfun, handavinna, leir, málun og einnig mun þar verða dagvistun.

**530 6500** **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** **530 6500**


kitchn®
HREINT OG KLÁRT
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM TIL JÓLA
Fataskápar og sérsmíði
Við sníðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreinatausskáp, kústaskáp o.m.fl .
Baðherbergi
Skóhillur
Vandaðar hillur
Pottaskápar
Þvottahúsinnréttingar
BESTA VERÐ!
NÚ Í AÐDRAGANDA JÓLANNA HÖFUM VIÐ ÁKVEÐIÐ AÐ BJÓÐA OKKAR ALBESTA VERÐ, SANNKALLAÐ JÓLAVERÐ!
KOMDU MEÐ MÁLIN og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð
VIÐ KOMUM HEIM TIL ÞÍN, tökum mál og ráðleggjum um val innréttingar.
ÞÚ VELUR að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, samsetta, eða samsetta og uppsetta.
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI Þú nýtur þekkingar og reynslu og fyrsta flokks þjónustu.
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFTÆKJUM ÞEGAR INNRÉTTING ER KEYPT
RAFTÆKI FYRIR ELDHÚSIÐ
Viftur
Ofnar
Háfar
SNAIGĖ
Helluborð
Kæliskápar
Uppþvottavélar
VÖNDUÐ RAFTÆKI Á VÆGU VERÐI
ÁBYRGÐ - ÞJÓNUSTA
5 ár á innréttingum, 2 ár á raftækjum.
Fríform annast alla þjónustu.
(Trésmíðaverkstæði, raftækjaviðgerðaverkstæði).
scan
Fríform
Mán. - föst. kl. 9-18 · Laugardaga kl. 11-15
ELBA
friform.is
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500
BETRI STOFAN

# Fallegar og góðar mini-samlokur

**Kökubakkar á fæti eru fallegir og punta kaffiborðið. Í dömulegum teboðum í Bretlandi eru diskarnir oftast á nokkrum hæðum og á þeim er blanda af sætum kökum, skonsum og litlum samlokum. Hér eru nokkrar hugmyndir að öðruvísi smásamlokum sem henta vel á fallegan margra hæða kökudisk.**

Sumir vilja ekki sætar kökur. Þess vegna er ágætt að raða saman fallegum smákökum og litlum samlokum á kökudisk. Hægt er að nota heilhveitibrauð í samlokurnar en mjög gott er að nota rúgbrauð, ekki er verra ef það er heimabakað.

Hægt er að skera brauðið með piparkökumótum eða hringmótum.


Kósí andrúmsloft með léttvíni og litlum samlokum.

## Samlokur með rækjusalati

Þetta salat er afar gott og passar vel í litlar samlokur.

500 g smáar rækjur
100 g gráðaostur, niðurrifinn
120 g rjómaostur
Örlítið sérrí (má sleppa)
5 vorlaukar, smátt saxaðir
½ bolli sellerístöngull, smátt skorinn
½ bolli valhnetur, smátt saxaðar
Smávegis salt og nýmalaður pipar
Ferskt dill til skrauts

*Blandið öllu saman og setjið á litlar brauðsneiðar. Önnur brauðsneið er síðan lögð yfir hverja og eina til að útbúa samloku.*

## Samloka með kalkúni og trönuberjum

Hægt er að fá þurrkuð trönuber í stórverslunum og heilsubúðum en þau eru afar góð og hægt að nota í bakstur, í salat eða með hvítu kjöti. Trönuber eru holl og góð.

Kalkúnaálegg, smátt skorið
¾ bolli þurrkuð trönuber
1 búnt vætukarsi (watercress)
200 g rjómaostur
Salt og nýmalaður pipar

*Hrærið allt saman og setjið um það bil matskeið á litla rúgbrauðssneið. Leggið síðan aðra brauðsneið yfir.*

## Grænmetissalat

150 g rjómaostur
Graslaukur
3 msk. sýrður rjómi
Dill
Hvítlaukssalt og hvítur pipar

*Til að setja ofan á brauðið má nota mjög þunnt skorna agúrku, kúrbít, radísur, gulrætur og kirsuberjatómata. Skreytt með ferskri steinselju eða dilli.*

*Hrærið rjómaostinn með sýrðum rjóma og bætið síðan graslauk og kryddi saman við. Setjið um það bil matskeið af ostblöndunni ofan á lítið brauð og skreytið með þunnt skornu grænmeti .*

## Samloka með ostakremi

Rífið niður tvo bragðsterka osta
1 ½ bolli majónes
Niðursoðin paprika, smátt skorin
½ laukur, saxaður
Pipar

*Blandið öllu vel saman og setjið um það bil matskeið á litla ferkantaða hvíta brauðsneið og setjið síðan aðra yfir.*

*Raðið litlu samlokunum á kökudisk á standi ásamt fallegum jólasmákökum.*

*Mjög einfalt og gott með kaffinu.*


Rúgbrauð er gott í litlar samlokur, sérstaklega sé það heimabakað.




Meðal handverksfólks í Víkinni verða Guðrúnardætur og Ævintýrasteinar.

## JÓLAHANDVERK OG GLEÐI Á GRANDA

**Jólagleði og eftirvænting** fylla andrúmsloftið í Víkinni Sjóminjasafni þegar þar verður haldinn handverksmarkaður á sunnudag.

Á boðstólum verður íðilfagurt, íslenskt handverk sem er spennandi í jólapakkana eða bara til að kæta sjálfan sig og skreyta með heima.

Heitt verður á könnunni í Víkinni og heimabakað bakkelsi að vanda og yfir öllu einstök notalegheit og lifandi harmóníkutónlist.

Þá verður ævintýri fyrir fjölskyldufólk að setjast niður yfir jólaföndri með börnunum og allt efni verður á staðnum.

Að sjálfsögðu verður safnið opið og leiðsögn um varðskipið Óðin.

*Handverksmarkaðurinn verður opinn frá klukkan 11 til 17 og allir velkomnir.*

*Víkin Sjóminjasafn er að Grandagarði 8.*

## EINSTÖK FIÐRILDAKLUKKA

**Fiðrildaklukka sem** hin þýska Susanne Philippson hannaði hefur farið sigurför um allan heim. Klukkan fæst í mörgum litum og þykir einstaklega skemmtilega hönnuð og henta vel fyrir hvers konar heimili. Um klukkuna hefur verið fjallað á helstu hönnunarsíðum. Susanne er innanhússhönnuður sem hefur fengið margar viðurkenningar fyrir störf sín. Hún þykir vera nákvæm í smáatriðum og kunna að nota háþróuð efni. Susanne hefur rekið eigið fyrirtæki í Berlín frá árinu 2005 en hún hefur hannað fyrir mörg stórfyrirtæki. Má þar til dæmis nefna Habitat.







# 30% VILDARAFSLÁTTUR

## SKRÁÐU ÞIG Í VILDARKLÚBBINN Í NÆSTU VERSLUN OG FÁÐU AFSLÁTTINN UM LEIÐ




Vildarverð kr. **4.199,-**
**Ariasman**
Tapio Koivukari
Verð kr. 5.999,-




Vildarverð kr. **3.999,-**
**Bjarna Dísa**
Kristín Steinsdóttir
Verð kr. 5.799,-




Vildarverð kr. **3.999,-**
**Hér liggur skáld**
Þórarinn Eldjárn
Verð kr. 5.799,-




Vildarverð kr. **4.399,-**
**Ljósmóðirin**
Eyrún Ingadóttir
Verð kr. 6.299,-




Vildarverð kr. **3.499,-**
**Ljúfmeti úr lækningajurtum**
Albert og Anna Rósa grasalæknir
Verð kr. 4.999,-




Vildarverð kr. **4.199,-**
**Upp með fánann!**
Gunnar Þór Bjarnason
Verð kr. 5.999,-




Vildarverð kr. **4.899,-**
**Hreint út sagt**
Svavar Gestsson
Verð kr. 6.999,-




Vildarverð kr. **4.899,-**
**Íslensku ættarveldin**
Guðmundur Magnússon
Verð kr. 6.999,-




Vildarverð kr. **2.399,-**
**Dóra og vinir**
Bók og teiknibretti
Verð kr. 3.499,-




Vildarverð kr. **2.799,-**
**Grimmsystur**
Michael Buckley
Verð kr. 3.999,-




Vildarverð kr. **2.799,-**
**Reisubók Ólafíu Arndísar**
Kristjana Friðbjörnsdóttir
Verð kr. 3.999,-




Vildarverð kr. **2.399,-**
**Mary Poppins**
P.L. Travers
Verð kr. 3.499,-

Tilboðið gildir til meðlima í Vildarklúbbi Eymundsson til og með 14.11.12

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140



**EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL** Getur ekki hugsað sér að búa annars staðar á Íslandi en á Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Hér á landi var aldrei fjallað öðruvísi um Litháa en í tengslum við glæpastarfsemi. Og mig fór að langa til þess að skrifa um löghlýðinn Litháa

# Ef ég væri nýnasisti …

**Eiríkur Örn Norðdahl** er sestur að á Ísafirði eftir áralanga dvöl í útlöndum. *Sigríður Björg Tómasdóttir* sló á þráðinn til Eiríks Arnar sem sagði henni frá nýútkominni bók sinni Illsku, dvöl meðal nýnasista í Finnlandi og sambandi við lesendur.

Illska er heiti nýútkominnar bókar Eiríks Arnar Norðdahl. Í henni segir frá Agnesi, Ómari og Arnóri, sambandi þeirra hvers við annað og sambandi þeirra við söguna. Sagan hverfist um Agnesi, háskólastúdent með helförina á heilanum. Hún er ættuð frá Litháen, foreldrar hennar eru þar fæddir og aldir upp og þar er sögusvið dramatískra atburða í fortíð fjölskyldu hennar.

Eiríkur Örn segir forvitni sína um Litháen hafa vaknað þegar hann var staddur á Rithöfundaþingi í bænum Jurbarkas. „Ég komst að því í þeirri ferð að ég vissi lítið um Litháen, en var hins vegar alltaf að rekast á fólk sem vissi mjög margt um Ísland.

Ég sá að það var ýmislegt sameiginlegt með þjóðunum. Þær teljast til smáþjóða, þó að Litháen sé óneitanlega miklu fjölmennara en Ísland, og svo halda þjóðirnar því báðar nokkuð á lofti að tungumál þeirra hafi haldist óbreytt í aldanna rás. Á þessum tíma, 2008, var hins vegar helsta mynd okkar af Litháum sú að þeir væru glæpalýður. Hér á landi var aldrei fjallað öðruvísi um Litháa en í tengslum við glæpastarfsemi. Og mig fór að langa til þess að skrifa um löghlýðinn Litháa, venjulegan Litháa sem býr í landi þar sem litið er á landa hans sem glæpamenn.“

**Helförin þögguð í Jurbarkas**

Í framhaldi af heimsókn Eiríks til Litháen fór hann að kynna sér sögu landsins og bæjarins þar sem hann hafði dvalið. „Þá komst ég að því að þar höfðu mjög dramatískir atburðir átt sér stað í heimstyrjöldinni síðari. Og sú saga hafði mjög mikil áhrif á mig, mér fannst svo sérstakt hvernig helfararhluti Jurbarkas var lítt sýnilegur ferðamönnum á meðan mikið var gert úr nýafstaðinni valdatíð Sovétríkjanna á þessum slóðum. Jurbarkas var vettvangur hörmulegra atburða í heimsstyrjöldinni, en að því komst ég fyrst þegar ég fór að kynna mér sögu bæjarins.“

## ■ FRÁ ÞÚSUND OG EINNI NÓTT TIL Z ÁSTARSÖGU

**Bækurnar sem gerðu mér ljóst hvað bókmenntir gætu verið stórkostlegar** (og hvað ég var gamall þegar ég las þær):



**1.** Þúsund og ein nótt **– 10 ára**

**2.** Glæpur og refsing eftir Fjodor Dostójevskí **– 17 ára**

**3.** Naked Lunch eftir William S. Burroughs **– 21 árs**

**4.** A Clockwork Orange eftir Anthony Burgess **– 25 ára**

**5.** The Selected Writings of Gertrude Stein **– 30 ára**

**Bækurnar sem höfðu slík áhrif á Illsku að án þeirra hefði hún aldrei orðið sama bókin:**



**1.** A Diary of a Bad Year eftir *J.M. Coetzee*

**2.** Stranger in a Strange Land eftir *Robert A. Heinlein*

**3.** The Jewish Messiah eftir *Arnon Grunberg*

**4.** White Noise eftir *Don DeLillo*

**5.** Reality Hunger eftir *David Shields*

**Bækur sem ég hef lesið síðustu sex mánuði og hafa breytt mér:**



**1.** The World According to Garp eftir *John Irving*

**2.** Noone Belongs Here More Than You eftir *Miranda July*

**3.** Eeeee eee eeee eftir *Tao Lin*

**4.** Salmonella Men on Planet Porno eftir *Yasutaka Tsutsui*

**5.** Z – ástarsaga eftir *Vigdísi Grímsdóttur,* sem ég byrjaði reyndar bara á henni í gærkvöldi [á þriðjudag].

Eiríkur lagðist í framhaldinu í rannsóknir og smám saman fór sagan að taka á sig mynd. Söguhetjurnar voru dregnar skýrari dráttum, bæði þær þrjár sem hér hafa verið nefndar og svo forfeður Agnesar í Litháen, gyðingar og Litháar, en þeir fyrrnefndu, sem voru stór hluti íbúa Jurbarkas fyrir stríðið, voru þurrkaðir út í stríðinu. Stokkið er fram og til baka í tíma og rúmi í bókinni sem meðal annars er brotin upp með staðreyndum um helförina og frásögnum af æskuárum söguhetjanna. Sögumenn eru margir og á köflum hittir lesandi fyrir höfundinn sem ávarpar lesandann og biður hann að missa ekki þolinmæðina.

**Heillandi heimur barnsins**

„Bókin var nú samt miklu kaótískari í fyrstu gerð. Þá blandaði ég öllum þessum þráðum meira saman en það gekk ekki upp og ég endurskipulagði hana alla upp á nýtt. Svo breyttust hlutverk söguhetjanna. Nýnasistinn Arnór átti í fyrstu ekki að taka svona mikið pláss en mér fannst hann bara svo áhugaverður að ég varð að gefa honum meira pláss og segja frá uppruna hans,“ segir Eiríkur Örn sem setti Arnór niður í sinn heimabæ, Ísafjörð. „Það er svolítið erfitt að skrifa um karaktera sem maður er í grunninn ósammála og hafa skoðanir sem maður hefur í raun ógeð á. Til þess að þannig persóna verði ekki bara einvíður karakter og það skíni í gegn að maður er að búa til brúðu sem hægt er að hrækja á, er nauðsynlegt að hafa einhvers konar samúð með persónunni. Og hana fann ég með því að tengja Arnór sjálfum mér. Ég er Ísfirðingur eins og hann og hann var í Berlín eins og ég. Ég velti því fyrir mér ef ég væri nýnasisti – hvers konar nýnasisti væri ég þá? Og ég bjó þannig um hnútana að ef hann væri til, þá væri hann einhver sem ég þekkti. Ég var fastagestur á bókasafninu þar sem hann dvelur löngum stundum og Arnór er fæddur í sama herbergi og bróðir minn. En það er ekki eins og við höfum alist upp eins, ég er úr stórri fjölskyldu, hann alinn upp af einstæðri móður.“

Bókin er fjölradda eins og fram hefur komið, einn sögumaðurinn er ómálga barn. „Barnið heillaði mig, vitund þess er að verða til og það er áhugavert að velta fyrir sér sjónarhorni þess á heiminn og heimsins á það. Þessi bók fjallar líklega um það að horfa, hvernig er horft á þig og hverju það breytir fyrir mann,“ segir Eiríkur sem viðurkennir fúslega að það hafi haft áhrif á hann að hann eignaðist barn á ritunartíma sögunnar og fylgdist með því vaxa og þroskast.

**Á meðal finnskra nýnasista**

Illska er skrifuð á nokkrum árum og í nokkrum löndum. „Ég skrifaði hana á Íslandi en líka í Svíþjóð og Finnlandi. Ég var því útlendingur á meðan ég var að skrifa hana sem hjálpaði mér, sérstaklega var ég mikill útlendingur í Finnlandi. Við bjuggum í borginni Oulu í norðurhluta landsins. Þar eru ekki margir sænskumælandi og maður var að reyna að ráða fram úr fyrirsögnum blaða á finnsku til að fylgjast með. Síðan var sérstakt að upplifa þar, og það tengdist efni bókarinnar, hversu áberandi nýnasistaklíkur eru á þessum slóðum. Út um allt voru bæklingar þar sem fjallað var um nauðsyn þess að halda Finnlandi hreinu og veggjakrot um það sama. Við veltum alvarlega fyrir okkur hvort við ættum að setja skírnarnöfn konunnar minnar og sonar á dyrabjölluna þarna. Þau heita Nadja og Arim, nöfn sem bæði hafa arabískan hljóm, og enduðum á því að setja bara eftirnöfnin,“ segir Eiríkur en hin sænska kona hans Nadja er háskólastúdent sem nú er að ljúka meistaranámi í alþjóðavæðingu og menntun.

**Reykjavík er erfið**

Fjölskyldan er nú flutt til Íslands eftir áralanga dvöl í Svíþjóð og Finnlandi. „Við fluttum til Íslands í sumar, vorum þrjá mánuði í Stykkishólmi þar sem ég hafði fengið úthlutað listamannaíbúð, en núna erum við að koma okkur fyrir hér á Ísafirði og verðum hér um sinn. Ég var að kaupa eldavél, það hlýtur að þýða að ég verði hér að minnsta kosti í eitt ár,“ segir Eiríkur Örn og svarar því til að ekki hafi komið til greina að setjast að í Reykjavík. „Mér finnst Reykjavík svo erfið, hún virkar ekki. Almenningssamgöngur eru svo lélegar og hún er of stór til að vera bíllaus.“

Eiríkur er eigi að síður reglulegur gestur í höfuðborginni og mun bráðlega leggja land undir fót til að fylgja Illsku eftir. Bókin kom út fyrir nokkrum vikum og segir Eiríkur Örn gaman hversu góðar viðtökur hún hefur fengið. „Ég hef fengið mikið af bæði tölvupósti og skilaboðum á Facebook, ég hef aldrei heyrt jafn mikið frá lesendum mínum og vegna þessarar bókar. Hún fékk líka glimrandi dóma í Kiljunni sem hefur greinilega mikil áhrif. Síðasta bók mín, Gæska, fór hryllilega út úr þeim þætti og þá var það bara búið, skipti þá ekki máli þó að hún fengi góða dóma annars staðar.“

Spurður hvort hann hafi meðvitað reynt að skrifa bók sem næði lesendum á sitt band segir Eiríkur að hann hafi fengið nóg af því að skrifa erfiðar bækur. „Ég hef gefið út erfiðar og undarlegar ljóðabækur og ef ég hefði þurft að skrifa fleiri þannig bækur hefði ég gert það. Mér finnst sjálfum áhugavert að lesa erfiðar bækur, en maður þarf að vera mjög dedikeraður lesandi til þess að það virki. Það er margt gott að segja um hinn erfiða lestur en það þurfa ekki allar bækur að vera þannig.“




24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 14. nóvember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Auður, völd og ættir á Íslandi

Í bókinni Íslensku ættarveldin – Frá **Oddaverjum til Engeyinga** eftir **Guðmund Magnússon,** sagnfræðing og blaðamann, er skyggnst inn í heim valdafjölskyldna fyrr og nú og varpað ljósi á lífshætti þeirra, innbyrðis átök og hjónabönd. Í bókinni eru afhjúpaðir innviðir íslensks samfélags og horft inn í heim sem flestum er framandi. Hér er gripið niður í bókina á þremur stöðum.

## Veisla í Viðey sumarið 1809

Tveimur dögum eftir að Jörundur hundadagakóngur lýsti sig „hæstráðanda til sjós og lands“ á Íslandi í júní 1809 sat hann matarboð hjá Ólafi Stefánssyni í Viðey ásamt þeim Samuel Phelps kaupmanni og William Jackson Hooker grasafræðingi. Hooker segir frá heimsókninni í dagbók sinni sem gefin hefur verið út.

Borðhaldið var að sögn Hookers ekki flókið í sniðum. Á dúkinn var aðeins lagður diskur, hnífur og gaffall, vínglas og flaska af rauðvíni fyrir hvern gest, auk kryddgrindar sem fyllt var af sykri. Síðan voru réttirnir bornir inn hver af öðrum. Fyrst súpa gerð úr sagógrjónum, rauðvíni og rúsínum. Voru skammtaðir tveir fullir diskar. Þegar hún hvarf af borðinu voru bornir inn tveir stórir laxar, soðnir og skornir í sneiðar, með bráðnu smjöri sem var blandað ediki og pipar. „Mjög ljúffengt,“ segir Hooker og bætir við að nú hafi gestirnir haldið að máltíðinni væri lokið. Svo var ekki. Næst var borin inn full tarína af harðsoðnum eggjum kríu eða stórþernu og tylft þeirra látin á hvern disk. Með þessu var rjómi blandaður sykri. „Við báðumst þráfaldlega undan því að ljúka við öll eggin af diskum okkar,“ segir Hooker en Ólafur hafi ekki tekið það í mál. Þeir væru gestir hans í fyrsta skipti og yrðu að hlíta hans reglum. Þegar þeir kæmu næst gætu þeir haft það eins og þeir vildu. Ekki höfðu gestirnir fyrr innbyrt eggin og rjómann en inn var borin hálf kind, vel steikt. „Það var til einskis að segja gestgjafa okkar að við hefðum þegar borðað meira en við hefðum gott af,“ segir Hooker mæðulega. Og enn var máltíðinni ekki lokið, því næst voru bornar inn þykkar vöfflur. Að auki var sett á borðið norskt kex og hleifar úr rúgi. Rauðvínsflöskurnar urðu gestirnir að tæma og síðan drekka kaffi. En áður en gestir fengu að standa upp var borin inn stór skál með rommpúnsi og það veitt vel í stórum glösum þar til skálin var tæmd.

Það tók „drjúga stund að jafna sig eftir þetta óhóf,“ segir Hooker og kveðst síðar hafa sagt Trampe stiftamtmanni frá málsverðinum. Hafi hann þá sjálfur sagst hafa upplifað álíka boð hjá Ólafi, þegar honum var fyrst boðið til Viðeyjar. Hafði þá verið borin fram súpa sem soðin hafði verið úr heilum uxa.



**Í VIÐEY** Valdaættirnar skipust á að eiga Viðey sem varð tákn um auð og völd eigendanna. Hér má sjá Pétur J Thorsteinsson kaupmann og fjölskyldu hans í heimsókn hjá Eggert Briem í Viðey sumarið 1903.



**THORSBRÆÐUR** Bræðurnir Haukur, Ólafur og Richard Thors á velmektarárum sínum.

## Thorsarar á svig við lög og reglur

Þátttaka Ólafs og Thors Thors í stjórnmálum var meginástæða þess að Kveldúlfur varð umdeildasta fyrirtæki á Íslandi. Óvild í garð Thorsfjölskyldunnar, sem greinileg var í blöðum vinstriflokkanna, var af sömu rótum sprottin. Andstæðingarnir voru ósáttir við að sjóðir Kveldúlfs væru notaðir til að fjármagna kosningabaráttu þeirra bræðra. Þáttaskil virðast hafa orðið í viðhorfum manna í þessu efni þegar Thor Thors var fyrst kjörinn á þing fyrir Snæfellinga sumarið 1933. Hafði Thor þá notað fé frá Kveldúlfi ótæpilega til að greiða götu sína. Sagði Jónas Jónsson frá Hriflu síðar að þegar þarna hefði verið komið sögu hefðu menn áttað sig á að grípa þyrfti til ráðstafana til að halda þessu mikla veldi í skefjum.

Eitt af því sem Thorsbræðrum var borið á brýn í hinum hörðu deilum um Kveldúlf á fjórða áratugnum, og raunar löngum síðar, var að þeir margfölduðu ágóða sinn af saltfisksölunni í Suður-Evrópu með því að eiga sjálfir með leynd hlut í umboðsfyrirtækjum sem keyptu fiskinn af Kveldúlfi og síðar SÍF, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda. Þessum ágóða væri ekki skilað heim heldur væri hann lagður inn á leynireikninga erlendis. Bæði Ólafur og Thor Thors sáu ástæðu til að neita þessu opinberlega. Á Varðarfundinum í janúar 1937 sagði Ólafur til dæmis að þessar ásakanir væru „bein og tilhæfulaus ósannindi“. Í bókinni Thorsararnir, sem kom út haustið 2005, var upplýst í fyrsta sinn að fótur var fyrir þessum sögum. Við athugun höfundar á einkaskjölum Richards Thors, sem mörg höfðu varðveist þrátt fyrir fyrirmæli hans um að þeim yrði eytt eftir sinn dag, kom fram að hann átti persónulega stóra hluti í umboðsfyrirtækjum Kveldúlfs á Ítalíu og á Spáni. Ekkert hefur komið fram sem sýnir að bræðrum hans hafi verið kunnugt um þetta.

Skjöl Richards Thors geymdu upplýsingar um fleira sem leynd hvíldi yfir. Hann reyndist geyma talsvert fé á bankareikningum erlendis, mest í Westminster Bank í London, þar sem hann var tíðförull gestur, oft í opinberum erindum sem samningamaður íslenskra stjórnvalda. Reikningurinn var á nafni vinar hans og samstarfsmanns á Spáni, Ole Lökvik, sem útbúið hafði til vonar og vara yfirlýsingu um að féð á reikningnum væri eign Richards. Það nam í nóvember 1936 þrjátíu þúsund sterlingspundum sem var gífurlegt fé á þeim tíma. Íbúð átti Richard í Barcelona á Spáni, en þar hafði hann jafnan viðkomu í Spánarferðum á vegum Kveldúlfs. Á stríðsárunum áttu Richard og bræður hans, Kjartan, Ólafur og Haukur, leynilega gjaldeyrisreikninga í Chase Manhattan Bank í Bandaríkjunum og lögðu inn á þá hluta af því fé sem Kveldúlfur fékk fyrir lýsi og mjöl frá Hjalteyrarverksmiðjunni á markaði vestanhafs. Þetta fé gagnaðist til að halda uppi fjölda ungs fólks úr Thorsfjölskyldunni sem dvaldi í Bandaríkjunum á stríðsárunum. Og féð kom sér vel þegar Thor Thors, nýskipaður sendiherra í Washington, beið óþolinmóður eftir því 1941 að stjórnvöld útveguðu sér og sendiráðinu húsnæði. Keypti hann þá einbýlishús fyrir eigin reikning og leigði sendiráðinu til bráðabirgða skrifstofurými í bílskúrnum við húsið.

Á þessum tíma voru ströng gjaldeyrishöft við lýði á Íslandi og skylt var að skila heim öllum erlendum gjaldeyri. Óheimilt var að festa fé í fasteignum erlendis.

## Stöðutákn á 20. öld

Eftir seinna stríð varð algengt að fólk í góðum efnum kæmi sér upp sumarhúsum. Vandaðir bústaðir og veglegir urðu stöðutákn. Eftirlætisstaður hinna efnameiri var við Þingvallavatn. Þar risu til að mynda sumarhús afkomenda og venslafólks þeirra sem hér hafa verið til umfjöllunar, Hallgríms Benediktssonar, Ólafs Þ. Johnson, Garðars Gíslasonar og Ingvars Vilhjálmssonar; þar áttu og bústaði Ólafur Thors og Kjartan bróðir hans og síðar afkomendur þeirra. Sumar fjölskyldur, eins og til dæmis Sveinn Benediktsson og börn hans hans, höfðu eignast stórar landareignir á þessu svæði og byggðu sumarhús á þeim (Ölfusvatn), aðrar beittu áhrifum sínum og samböndum í valdakerfinu til að fá að byggja á jörðum í eigu ríkisins, jafnvel innan sjálfs þjóðgarðsins, og skapaði það mikla óánægju þegar sum fallegustu svæði þessa söguríka staðar og náttúruperlu voru þannig tekin frá handa forréttindahópum þjóðfélagsins. Óánægju vakti líka þegar Skógrækt ríkisins leyfði Halldóri H. Jónssyni og síðar Jóni Ingvarssyni að byggja sér stóra og mikla sumarbústaði á fallegustu stöðunum við Hreðavatn, þótt reglur segðu að engir bústaðir skyldu heimilaðir í skógræktarlöndunum.

Bifreiðar af betri gerð voru annað stöðutákn efnafólks á öldinni sem leið. Þegar bifreiðaeign fór að verða almenn á sjöunda áratugnum varð keppikefli að eiga eins lágt bílnúmer og kostur var á. Úr lágu númeri mátti lesa að á ferð væri afkomandi einhvers betri borgara sem haft hefði efni á að eignast bíl þegar höfðingjar einir gátu það. Vakað var yfir því að lág númer færu ekki úr fjölskyldunni og við uppgjör dánarbúa var mörg rimman háð út af þeim. En nýríkir buðu gjarnan hátt verð fyrir númerin; freisting sem ýmsir blankir af ríku fólki komnir féllu fyrir. Fyrr á öldum báru íslenskir höfðingjar skjaldarmerki til að auglýsa tign, völd og ríkidæmi. Að sumu leyti gegndu lágu bílnúmerin sama hlutverki þangað til núverandi fastnúmerakerfi kom til sögu seint á níunda áratugnum. Í samantekt um efnið í Helgarpóstinum sumarið 1979 var talað um „reykvíska númeraaðalinn“.

Nokkrar fjölskyldur af þekktum ættum áttu flest lág númer. Sérstaklega voru þau áberandi hjá Thorsurunum og afkomendum stórkaupmannanna Garðars Gíslasonar og Hallgríms Benediktssonar. Árið 1979 var R-7 í eigu Björns Thors blaðamanns, komið frá föður hans Kjartani sem reyndar ók aldrei bifreið; R-30, hið gamla bílnúmer Thors Jensen og Ólafs Thors, var í eigu Thors Ó. Thors; R-42 og R-43 voru í eigu bankastjóranna Stefáns Hilmarssonar og Stefáns Sturlu Stefánssonar sem giftir voru inn í Thorsfjölskylduna; R-44 átti Inga, dóttir Stefáns Hilmarssonar, R-46 Ólafur B. Thors, R-54 Þórður Thors og R-57 Jón Thors. Synir Garðars Gíslasonar, Bergur og Kristján, áttu númerin R-62 og R-37 sem Jón sonur Kristjáns erfði síðan. Börn Hallgríms Benediktssonar, Geir, Ingileif og Björn, áttu bílnúmerin R-32, R-52 og R-92. Þá má nefna að Stephan Stephensen kaupmaður, eigandi Viðeyjar, átti númerið R-19.



**SUMARHÚS** Glæsilegt sumarhús Halldórs H. Jónssonar við Hreðavatn. Staðsetning bústaðarins í landi Skógræktar ríkisins varð umdeild.

DRIVE-IN

# OPNUNARHÁTÍÐ

DRIVE-IN / WILSON'S EXPRESS
VESTURLANDSVEGI

gildir frá 9. til 11. nóvember

★ ÖLL BÁTATILBOÐ ★

★ ÖLL HAMBORGARATILBOÐ ★

★ 12" PIZZA M.2 ÁLEGGJUM OG 0,5 L. AF COKE ★

Geir Ólafs tekur lagið klukkan 16:00

Pylsa og Coke í gleri á 399 kr.

## á 1000 kr.

**með öllum tilboðum fylgir Coke**







**Á laugardaginn gefum við öllum börnum ís á meðan birgðir endast.**

**Gefum lottó miða með fyrstu pöntunum laugardagsins. Potturinn stefnir í 60 milljónir.**

**„Erum fyrir aftan skeljung"**




**581 15 15 wilsons.is**

**Ánanaustum Gnoðavogi 44 Eddufelli 6 Vesturlandsvegi**

# Krossgáta

**Lárétt**

1. Skömm í stað erfðaefnis (12)
7. Höldum á tölum (7)
12. Má rekja fljótfærni forsetans til dulspekings keisaraynjunnar? (9)
13. Sá ringlaði að sunnan skilar ást (9)
14. „Óháð" kjánahjal um tungu frumbyggja (10)
15. Knúsviljugt og alltumlykjandi blóm (11)
16. Gerviefnamatur innanklæða (10)
17. Grjót komi niður á brunagrund (10)
21. Brothægt er óstöðugt (8)
22. Hafði gaman af þótt vitlaus væri (10)
28. Baðhús fyrir rolur og Finna? (12)
29. Reglur kjafta um dropann (7)
30. Skorpuskaksstrikapési sýnir titring (19)
32. Set listapóst á skrá yfir þá sem eiga að fá hann (9)
33. Bóka lokunarbúnað (4)
35. Mætti með huga við greinarmerkið (7)
36. Keyrði á mjólkurafurðina og fann gallann (8)
38. Minnka mjúka (4)
39. En sinu á sundraðri tánni? (6)
40. Skjót eltast við slæma (8)
41. Furðið ykkur á sári og grind (7)
42. Meðal annarra ófreskja er þessi fallni einræðisherra (3)
43. Sjá ekki eftir að hafa tekið tímann (14)

**Lóðrétt**

1. Æði í gamla daga, þessi asni (7)
2. Sjómaður tignar Haile Selassie (9)
3. Löngu dauðar tröllaskepnur heilla enn (9)
4. Býst sjálfkrafa við að vera vont inn við beinið (9)
5. Kemur hér maturinn græni inn? (8)
6. Nóvurnar sem voru að slá í gegn (9)
8. Af hverju nesið, þetta er fljótið? (7)
9. Þunglamaleg bytta, þessi sífulli fýr (9)
10. Yfirhafnir í miðstærð eins og hverjir aðrir Gaulverjar (12)
11. Gef skít í beljubull (8)
17. Segir matvöndu íþróttamennina bara vilja rauða gúmmíbirni (13)
18. Stríð og stoðir vísa til þess sem gerðist (12)
19. Hljómur drekans (12)
20. Sessan og tárið eru uppistaða ruglaðs og valdalauss embættismannsins (11)
23. Síða frjálsar og óstýrilátar (9)
24. Maltækjaskipulag tryggir fjarskipti (12)
25. Nuddum brún sem við æstum (8)
26. Stærra málið ræður úrslitum (12)
27. Aur andvana fíkla (11)
31. Ef askja 51 er ráðin og afrugluð birtist rándýr (7)
33. Klæðum dekk með stjörnum (5)
34. Besti vinur Potters lést er þessi útvarpsstöð hóf útsendingar (5)
37. Svolítið frítt (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**SKRIÐUKLAUSTUR**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Kantata frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðný H. Ragnarsdóttir, Reykjavík** og getur hún vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist einhverskonar árstíð. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. nóvember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „10. nóvember".


Öflugt stéttarfélag • fit.is • aukin réttindi

# Félags- og faggreinafundir

**Reykjavík:**
Mánudaginn 12. nóvember, **kl. 20** - Borgartúni 30

**Selfossi:**
Þriðjudaginn 13. nóvember, **kl. 20** - Austurvegi 56

**Akranesi:**
Miðvikudaginn 14. nóvember, **kl. 20** - Kirkjubraut 40

**Reykjanesbæ:**
Fimmtudaginn 15. nóvember, **kl. 20** - Duus húsi

**Vestmannaeyjar:**
Auglýst síðar

**Dagskrá:**
1. Kjaramál
2. Lífeyrissjóðsmál
3. Önnur mál

Félagsmenn fjölmennið
Stjórn FIT

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA




Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1982

## Brésnéff lést í embætti

**Leoníd Brésnéff, leiðtogi Sovétríkjanna lést eftir 18 ár í embætti. Valdatíð hans einkenndist af stöðnun og skoðanakúgun.**

Þennan dag fyrir réttum 30 árum, hinn 10. nóvember árið 1982, lést Leoníd Brésnéff, aðalritari Kommúnistaflokksins í Sovétríkjunum, eftir átján ár við völdin.

Dauði hans markaði endalok tímabils í sögu Sovétríkjanna sem einkenndist öðru frekar af stöðnun og skoðanakúgun.

Brésnéff komst til valda árið 1964 eftir að hafa, með fulltingi Alexei Kósigíns, velt Níkíta Krúsjoff úr sessi.

Á valdatíð sinni lagði Brésnéff mikið upp úr stöðugleika, sem vart hafði verið til staðar frá tíma Stalíns. Um leið boðaði hann harða andstöðu gegn hvers konar andstöðu meðal eigin flokksmanna og meðal almennings.

Rithöfundarnir og andófsmennirnir Alexander Solsénitsín og Andrei Sakarov máttu báðir búa við mikla kúgun og voru á tímabili vistaðir í þrælkunarbúðum í Síberíu.

Þá olli áhersla hans í vígbúnaðarkapphlaupinu við Bandaríkin því að efnahagur ríkisins fór í rúst. Stöðnun var nær alger þegar komið var fram á lok áttunda áratugarins.

Þá þótti utanríkisstefna Brésnéffs oft og tíðum ruglingsleg. Hann beitti annars vegar fyrir sig hugmyndum um að Sovétríkin og Bandaríkin héldu friðinn og skiptu sér ekki hvort af öðru, og tók þátt í afvopnunarviðræðum um kjarnorkuvopn. Hins vegar lögðu hersveitir Sovétríkjanna, undir stjórn Brésnéffs, til atlögu við Tékkóslóvakíu í uppreisninni árið 1968 og blönduðu sér í átök um allan heim.

Undir lok valdatíðar sinnar var Brésnéff orðinn heilsuveill, en eftir að hann lést tók Júrí Andropov við. Hann varð ekki langlífur í embætti og lést rúmu ári síðar.

Ekki fór betur með eftirmann hans, Konstantín Tsjernenkó, sem lifði einnig í rétt rúmt ár.

Mikaíl Gorbatsjoff tók svo við völdum 1985 og lagði með umbótum sínum grunninn að endalokum Sovétríkjanna árið 1991. - þj

*Heimild: History.com*

577 7000

Pizzeria Rizzo

# SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDU DAGAR

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

## FYRIR STÓRU FJÖLSKYLDUNA

SÓTT

Tvær stærri pizzur af matseðli, ískalt 2l gos og þú velur eitt: stærri margarita, hvítlauksbrauð eða kryddbrauð.

**3.990 kr.**

## FYRIR LITLU FJÖLSKYLDUNA

SÓTT

Tvær minni pizzur af matseðli, ískalt 2l gos og þú velur eitt: stærri margarita, hvítlauksbrauð eða kryddbrauð.

**2.990 kr.**



PIPAR\TBWA · SÍA · 123151

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**61** **SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR** bæjarstjóri á afmæli í dag.
*„Þegar allra veðra er von er maður þakklátur fyrir góðu dagana.“*

## Merkisatburðir

**1913** Járnbrautarlest er notuð til fólksflutninga á Íslandi í fyrsta sinn er verktakar nota flutningalest til að flytja blaðamenn og farþega frá Reykjavíkurhöfn að Öskjuhlíð.

**1928** Vígð er brú yfir Hvítá í Borgarfirði hjá Ferjukoti, mikið mannvirki.

**1949** Þjórsárbrú er vígð, 109 metra löng.

**1967** **Siglufjörður kemst í vegasamband allt árið við opnun Strákaganga sem eru 800 metra löng.**

**1984** Raforkukerfi Íslands er hringtengt þegar Suðurlína er tekin í notkun.



---

†



Innilegt þakklæti fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför okkar ástkæru,

**MARGRÉTAR TINNU G. PETERSSON**
**Birkilundi 2, Akureyri.**

**Selma Aradóttir** — **Jóhann Freyr Jónsson**
**Martin Petersson**
**Saga Marie Petersson**
**Guðmann Ólfjörð Guðmannsson**
**Helga Magnúsdóttir** — **Þorleifur Stefánsson**
**Stefán Grétar Þorleifsson**
**Ari B Hilmarsson**
**Margrét Kristinsdóttir** — **Gunnar Sólnes**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGU SIGURJÓNSDÓTTUR**
**Víðimel 72.**

**Garðar Guðmundsson** — **Guðrún Helgadóttir**
**Sigrún Kristín Guðmundsdóttir** — **Torfi Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---





**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
**Sími 551 3485**
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



**RITHÖFUNDUR OG SKÁLD** „Nú er ég komin yfir í sálmana svo þetta er dálítið breitt svið en þegar ég fæ lag til að yrkja við gengur það yfirleitt vel.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**IÐUNN STEINSDÓTTIR:** ENDURSKRIFAÐI ÞRJÁTÍU ÁRA ÆVINTÝRABÓK

# TUNGUMÁLIÐ HEFUR MIKIÐ BREYST MEÐ TÍMANUM

Þau börn sem aðhyllast spennandi bækur geta hlakkað til að lesa nýútkomna bók Iðunnar Steinsdóttur rithöfundar Varið ykkur á Valahelli. Sagan kom út fyrir 30 árum undir heitinu Knáir krakkar. „Ég byrjaði rithöfundarferilinn á þessari sögu,“ segir Iðunn brosandi og rekur í stuttu máli aðdraganda þess að hún fór út á þá braut. „Þegar ég var barn og unglingur hafði ég mjög gaman af að skrifa ritgerðir og sögur. Svo datt það alveg niður en árið 1979 fór ég í réttindanám í Kennaraskólanum, að hluta til í bréfaskóla þannig að ég sendi inn verkefni. Þá uppgötvaði ég hvað ég átti auðvelt með að skrifa svo ég ákvað að prófa að skrifa bók í anda Blyton fyrir krakka á aldrinum sex til tíu ára. Nú þegar sagan var orðin þrjátíu ára þurfti ég að umskrifa hana því tungumálið hefur mikið breyst með tímanum. Atburðarásin í sögunni er alveg sú sama en ég stytti hana dálítið, skipti bókmálinu út fyrir daglegt mál og bjó til nýjan titil.“

Úr smiðju Iðunnar eru komnar hvorki meira né minna en 32 barnabækur, 23 námsbækur, sem sumar eru unnar með öðrum, og tvær bækur fyrir fullorðna, Haustgríma og Víst er ég fullorðin. Leikritið Síldin kemur og síldin fer, sem hún samdi með systur sinni Kristínu, sló rækilega í gegn. Iðunn er líka höfundur vinsæla dægurlagatexta eins og Bíddu pabbi, Jón er kominn heim, Ég fer í fríið og Átján rauðar rósir, auk ótal annarra. Hún á hefti sem heitir Verkamenn á grasi – kveðskapur í 60 ár – og geymir 100 texta sem hún hefur ort, flesta eftir pöntunum. Nafnið á ritinu á sína sögu. „Þegar ég var um fimm ára ákváðum við Heimir bróðir, sem var þremur árum eldri, og frændi okkar, sem var þremur árum eldri en hann, að yrkja vísur og fara með hvert fyrir annað. Bróðir minn var með kisuvísu en ég var svo meðvituð um stéttabaráttu og hóf mína á setningunni: „Verkamenn á grasi“. Strákarnir láku niður úr hlátri svo ég komst ekkert lengra. En þetta var mín fyrsta tilraun til að yrkja og mér fannst tilvalið að nefna heftið eftir henni. Nú er ég komin yfir í sálmana svo þetta er dálítið breitt svið en þegar ég fæ lag til að yrkja við þá gengur það yfirleitt vel.“

Iðunn ólst upp á Seyðisfirði, fór 15 ára í landsprófsdeild á Akureyri og MA í framhaldinu. „Ég var fimm vetur fyrir norðan en heima á sumrin, vann í kaupfélaginu, á símstöðinni og í síld og saltfiski. Flutti svo suður 1960 og byrjaði snemma að búa eins og títt var þá. 1966 fórum við hjónin með börnin þrjú til Húsavíkur, vorum þar í sex ár, í Mývatnssveit í fjögur ár og komum svo hingað suður.“

Eiginmaður Iðunnar var Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri. Hann lést úr krabbameini í júlí í sumar. „Björn var 72 ára eins og ég, við vorum búin að vera par í 54 ár, þannig að það er mikið sem fer,“ segir Iðunn. „Hann var búinn að vera mikið veikur í ár svo andlátið kom ekki á óvart en þegar krabbameinið uppgötvaðist var það mjög óvænt, það fór svo leynt. Við áttum gullbrúðkaup í vor, þá gat hann komið heim af spítalanum og við höfðum kaffi fyrir fjölskylduna.“

**gun@frettabladid.is**

### ÚR BÓKINNI




Söguhetjur bókarinnar Varið ykkur á Valahelli eru þrír tíu ára krakkar sem fara í útilegu og lenda í dularfullum aðstæðum: -Við skulum koma inn í hellinn og kalla. Það getur verið að hann sé að villast hérna nálægt og hafi bara ekki hitt á réttu göngin.

Þau fara inn í hellinn, kalla og hrópa en fá ekkert svar.

-Við verðum að fara lengra, segir Lóa mjórri röddu.

-Það borgar sig ekki. Ekki er betra að við förum öll að týnast hér.

-Eigum við að hringja heim eftir hjálp? Ef margir koma strax og leita með sterkum ljósum þá hlýtur hann að finnast, segir Lóa.

-Já, ef þeir taka líka horn eða lúðra með sér þá rennur hann ef til vill á hljóðið.

-Hringdu í hvelli.

Hrói tekur símann upp en nær engu sambandi.

Þau hlaupa fram að opi og Hrói skríður upp og slær inn númerið heima hjá sér. - Æi, shit, hann er rafmagnslaus. Réttu mér þinn, segir hann.

Lóa stingur hendinni í vasa en þar er enginn sími.

---

†



Hjartans þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁLFHEIÐAR BJÖRNSDÓTTUR**
**áður til heimilis að Hörgatúni 11, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins á Vífilsstöðum fyrir alúð og einstaka umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Jóhanna S. Sigmundsdóttir** — **Eiríkur Hjaltason**
**Birna J. Sigmundsdóttir**
**Kolbrún S. Sigmundsdóttir** — **Jón Torfason**
**Kristján P. Sigmundsson** — **María E. Ingvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



Elskuleg móðir og amma,

**MÁLFRÍÐUR (FRÍÐA) JÓNSDÓTTIR**
**húsmóðir,**
**Sólheimum 8, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 26. október. Innilegar þakkir til starfsfólks á deild A7 sem annaðist hana af alúð og umhyggju til hinstu stundar. Málfríður verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning Blindrafélagsins. Blessuð sé minning þín.

**Margrét Ólöf Héðinsdóttir**
**Alexander Kristófer Gústafsson**
**og aðrir aðstandendur.**

# RÝMINGARSALA!
# LÆKKAÐ VERÐ!




## VALIN SÝNINGARTÆKI, SKILAVARA OG ÚTLITSGÖLLUÐ TÆKI Á MIKIÐ LÆKKUÐU VERÐI!

40% afsláttur
20% afsláttur
50% afsláttur
60% afsláttur
50% afsláttur
20% afsláttur
40% afsláttur
60% afsláttur

## KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
## FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!

**MISMUNANDI ÚRVAL Í HVERRI VERSLUN FYRIR SIG**
**ELKO LINDUM - ELKO SKEIFUNNI - ELKO GRANDA**




LINDIR




SKEIFAN




GRANDI

ELKO

GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÚLÍA GARÐARSDÓTTIR**
**Hjallalundi 20, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 13. nóvember kl. 13.30.

**Garðar Lárusson** **Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir**
**Karl Óli Lárusson** **Þórdís Þorkelsdóttir**
**Þráinn Lárusson** **Þurý Bára Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**VALDIMARS KRISTINSSONAR**
**Kirkjusandi 1, Reykjavík.**

**Valborg Stefánsdóttir**
**Kristinn Valdimarsson**
**Stefán Ingi Valdimarsson** **Elínborg Ingunn Ólafsdóttir**
**Þórarinn Stefánsson**

✝



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KÁRI S. VALGARÐSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Smáragrund 21, Sauðárkróki,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 7. nóvember. Útförin auglýst síðar.

**Jakobína R. Valdimarsdóttir**
**Ragnar Þór Kárason** **Freyja Jónsdóttir**
**Linda Dröfn Káradóttir** **Ragnar Grönvold**
**Kári Arnar Kárason** **Kristín Inga Þrastardóttir**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,

**ARON KRISTJÁN BIRGISSON**

lést að heimili sínu sunnudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 14. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Anna María Ámundadóttir** **Birgir Sumarliðason**
**Lára Birgisdóttir** **Björn Ólafsson**
**Bríet Birgisdóttir** **Björn Gunnlaugsson**
**Rósa Björnsdóttir**
**Anna María Björnsdóttir**
**Amalía Björnsdóttir**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁGÚSTA SIGURÐARDÓTTIR**

sem lést miðvikudaginn 7. nóvember á dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík, verður jarðsungin frá Útskálakirkju í Garði þriðjudaginn 13. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Ágústu er bent á FAAS, Félags aðstandenda Alzheimersjúklinga.

**Guðmunda Kristjánsdóttir** **Páll Jóhann Pálsson**
**Helgi Kristjánsson** **Kristín Þ.H. Helgadóttir**
**Jóna Sigrún Hjartardóttir** **Ólafur Jónasson**
**Hjörtur Hjartarson** **Guðný Þórarinsdóttir**
**Ingibjörg Halla Hjartardóttir** **Heimir Bjarnason**
**Sigurður Hjartarson** **Mona Lundblad**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR I. MAGNÚSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Álfabrekku 9, Kópavogi,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 7. nóvember, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir** **Sigurður Pálsson**
**Þórarinn Magnús Guðmundsson**
**Sigurlaug Guðmundsdóttir** **Níels Adolf Ársælsson**
**Hjördís Guðmundsdóttir**
**Birna Guðmundsdóttir** **Guðni Þór Sigurjónsson**
**Birgir Heiðar Guðmundsson** **Helena Björk Pálsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



**SIGURVEGARAR 2011** Lið Verslunarskólans að leysa þraut fyrirtækisins Mentors.





**SAMVINNA** Tækniskólinn að leysa þraut Össurar í Boxinu 2011.

# Gera verkviti hátt undir höfði

Átta lið úr framhaldsskólum landsins keppa til úrslita í hugvitssemi í dag í Háskólanum í Reykjavík undir yfirskriftinni Boxið. Markmiðið með keppninni er að vekja áhuga á tækni og störfum í iðnaði og gera verkviti hátt undir höfði. Um þrautabraut er að ræða með nokkrum stöðvum og fara liðin á milli og leysa eina þraut á hverjum stað. Skólarnir sem keppa eru Verkmenntaskólinn á Akureyri, MA, MR, MS, Verslunarskólinn, Tækniskólinn, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Iðnskólinn í Hafnarfirði.

„Keppnin reynir á hugvit þátttakenda, verklag og samvinnu," segir Rakel Pálsdóttir hjá Samtökum iðnaðarins og tekur fram að öllum framhaldsskólum á Íslandi hafi gefist kostur á þátttöku, sextán hafi sótt um og tekið þátt í forkeppni. „Þeim voru send verkefni til að leysa á 30 mínútum."

Þrautirnar eru margvíslegar og útbúnar af fyrirtækjum úr ólíkum greinum iðnaðarins í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík. Þau eru ÍAV, Marel, Skema, Gæðabakstur, Actavis, Járnsmiðja Óðins og Marorka.

Þetta er annað árið sem Boxið fer fram. Rakel segir önnur fyrirtæki hafa útbúið þrautirnar í fyrra og nefnir dæmi um þraut sem fólst í að raða saman sex spjöldum þannig að til yrði QR-kóði sem hægt var að skanna inn í snjallsíma og fá lykilorð sem gæfi aðgang að tölvuleik.

„Boxið tókst geysilega vel í fyrra, keppendunum fannst það skemmtilegt og við fundum fyrir enn meiri áhuga núna svo við vonum að keppnin verði árviss viðburður eins og Gettu betur. Hún hefur alla burði til þess."

Keppnin stendur frá klukkan 10 til 16.30 í dag og öllum er heimilt að fylgjast með henni að sögn Rakelar. Lokaspretturinn mun að öllum líkindum vekja mesta spennu en liðin leysa síðustu þrautirnar upp úr klukkan 15. Úrslit verða svo tilkynnt og verðlaun afhent við athöfn sem hefst klukkan 16.30 í Sólinni í HR. Tekið skal fram að ekkert kostar inn. **- gun**



**ALMANNATENGILL** „Við vonum að keppnin verði árviss viðburður eins og Gettu betur," segir Rakel Pálsdóttir hjá Samtökum Iðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞETTA GERÐIST: 10. NÓVEMBER 1944**

# Goðafossi grandað við Garðskaga

Þýskur kafbátur sökkti flutningaskipinu Goðafossi þennan dag árið 1944. Um borð var þrjátíu manna áhöfn og tólf farþegar. Þrettán skipverjar og tíu farþegar drukknuðu, þar á meðal heil fjölskylda, hjón með þrjú ung börn, það yngsta fimm mánaða. Sautján skipverjar og tveir farþegar komust af.

Skipið var að koma frá Bandaríkjunum og var statt úti af Garðskaga þegar tundurskeytið hitti það miðskips bakborðsmegin. Stór rifa kom í síðuna svo sjór fossaði inn. Þegar skutur Goðafoss var kominn í sjóinn fóru menn að kasta sér frá borði og þeir sem gátu syntu að flekum. Ekki liðu nema sjö mínútur þar til skipið var sokkið.

Atburðurinn varð laust eftir hádegi en nokkru eftir miðnætti sigldi bandarískt björgunarskip að skipbrotsmönnum.



✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**INGVELDAR EINARSDÓTTUR**
**Álfabergi 14, Hafnarfirði.**

**Trausti Sveinbjörnsson**
**Björn Traustason** **Helga Halldórsdóttir**
**Bjarni Þór Traustason** **Sigrún Ögn Sigurðardóttir**
**Ólafur Sveinn Traustason** **Eydís Eyþórsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Elskuleg systir mín og mágkona okkar,

**INGE JENSDÓTTIR**
**Skeiðarvogi 37,**

lést þriðjudaginn 6. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 16. nóvember klukkan 13.00.

**Vagn Laursen** **Inge Laursen**
**Henni Laursen**
**Bryndís Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson** **Helga Hansdóttir**

✝



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hluttekningu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, dóttur, tengdamóður, systur og ömmu,

**ERLU SIGURDÍSAR ARNARDÓTTUR**
**Þorláksgeisla 49.**

**Halla Karen Jónsdóttir** **Andri Már Óttarsson**
**Elín Klara Jónsdóttir** **Kolbeinn Lárus Sigurðsson**
**Hjálmar Gauti Jónsson**
**Halla Hjálmarsdóttir**
**Helga Eygló Guðjónsdóttir**
**Jóna Hlín Guðjónsdóttir**
**Embla Eir Oddsdóttir**
**Hekla Andradóttir**

✝



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, dóttur og systur,

**JÓNÍNU ÓLAFSDÓTTUR**
**Melás 11, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 11E á Landspítalanum ásamt heimahjúkrun Karitas fyrir góða umönnun og einstaklega hlýtt viðmót.

**Hafþór Árnason**
**Sigríður Kristín Hafþórsdóttir** **Magnús Már Magnússon**
**Hanna Björk Hafþórsdóttir** **Sveinbjörn Hólmgeirsson**
**Ólafur Árni Hafþórsson** **Hanna Sigrún Steinarsdóttir**
**Helga María Hafþórsdóttir**
**Sigríður Benediktsdóttir**
**Sigurvin Ólafsson** **Svandís Sigurðardóttir**
**Rikey, Ísak, Bergur, Sara, Hafþór, Freyr og Aníta Máney.**

# EINSTÖK OG ÁHUGAVERÐ



Baráttumaðurinn SVAVAR GESTSSON segir hér persónulega og pólitíska sögu sína sem er samofin sögu Íslands í meira en hálfa öld, og greinir frá ýmsu sem ekki hefur áður sést á prenti um pólitíska viðburði síðustu áratuga.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**GÆLUDÝRAVEFUR RÚV** Á gæludýravef útvarpsins hafa krakkar sent inn myndir og sögur af dýrunum sínum; köttum, hundum, nagdýrum, fuglum og fiskum og þar eru líka ráðleggingar um ýmislegt sem varðar þessa vini. Slóðin er http://servefir.ruv.is/dyr/index2

## Konráð og félagar á ferð og flugi 17

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Það var löng ganga niður fjallshlíðina og þegar þau voru loksins komin niður var skollið á svartamyrkur svo þau sáu varla handa sinna skil. Þau liðu því áfram síðasta spölinn eins og skuggar.



En sérðu þú hvaða skuggi af þessum þremur er sá rétti?

Aðeins einn er réttur en eitthvað vantar á hina tvo.



## HEILABROT

1. Á hverju byrjar óveðrið alltaf?
2. Hvaða spurningu getur þú ekki svarað játandi?
3. Hvernig varð Jónas þegar hann datt í fyrsta skipti í poll?
4. Hvað er það sem er hræddara við einn skógarþröst en þúsund manns?
5. Hvenær gengur tannlækninum verst?
6. Hvaða hundar bíta aldrei?
7. Hvað er það sem hefur ræturnar upp og toppinn niður, vex á veturna en ekki á sumrin?
8. Hvað er það sem þú tekur daglega utan um en talar þó aldrei við?
9. Hvað er sameiginlegt með kónguló og fiskimanni?

**Svör**

1. Á bókstafnum ó 2. Sefur þú? 3. Blautur 4. Ánamaðkur 5. Þegar hann sér ekki kjaft 6. Rauðir hundar 7. Grýlukerti 8. Hurðarhúninn 9. Þau veiða bæði í net.

KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Meðal efnis í blaðinu:** Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir og venjur.

**Bókið auglýsingar tímanlega:**

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473



**Í ÚTIDYRUM** „Mér finnst skemmtilegt að njóta útiveru og búa eitthvað til.“

# ALLT OF MIKIÐ Í FIFA 13

**Akureyringurinn Númi Kárason er þrautþjálfaður í snjóhúsagerð. Um síðustu helgi bjó hann til eitt stærsta hús sem hann hefur gert og lýsti það upp með kertum.**

*Ertu Akureyringur?* „Já, grjótharður þorpari af þingeyskum ættum.“

*Hvað ertu gamall?* „16 ára.“

*Í hvaða skóla ertu?* „Ég er menntskælingur í Menntaskólanum á Akureyri, MA.“

*Hvað finnst þér um snjó?* „Hann er skemmtilegur þegar hann er gott byggingarefni.“

*Hefurðu oft búið til snjóhús?* „Ég reyni á hverjum vetri. Pabbi var alltaf með mér í gamla daga að gera snjóhús, stundum með grænlenska laginu. Geri minna af því heldur en þegar ég var polli en ákvað að gera þetta núna fyrir litlu frænkur mínar.“

*Varstu einn við bygginguna?* „Já, það tók mig fimm klukkutíma.“

*Voru krakkarnir í nágrenninu spenntir?* „Nei, þeir vissu ekkert af þessu fyrr en ég setti myndband á netið.“

*Hversu lengi entist snjóhúsið?* „Það var byrjað að bráðna morguninn eftir og þegar ég kom heim úr skólanum var lítið sem ekkert eftir.“

> Það var byrjað að bráðna morguninn eftir og þegar ég kom heim úr skólanum var lítið sem ekkert eftir.

*Hvað þarf helst að hafa í huga við gerð snjóhúsa?* „Í byrjun þarf að hafa í huga hvernig húsið á að líta út í lokin og hvernig snjórinn er, maður getur til dæmis ekki gert snjóhús úr púðursnjó.“

*Hvað er skemmtilegast við að búa til snjóhús?* „Bara að njóta útiveru og búa eitthvað til. Ég er allt of mikið í tölvuleiknum FIFA 13!“

*Kanntu margar aðferðir við snjóhúsagerð?* „Já, en ég geri bara það sem mér dettur í hug í hvert skipti. Þetta nýjasta er með þeim stærstu sem ég hef gert, kannski svona sex fermetrar.“

*Hefurðu haldið veislu í snjóhúsi?* „Nei, bara drukkið kakó með fjölskyldunni.“



**MEÐ FRÆNKUNUM** Númi situr undir Sigyn, Alís er í miðjunni og Ronja lengst til hægri.

*En sofið?* „Nei.“

*Hefurðu einhvern tíma átt snjóhús lengi?* „Já, stundum hefur það staðið lengi, jafnvel í margar vikur með smá viðgerðum.“

*Hafa skemmdarvargar eyðilagt snjóhús fyrir þér?* „Blessuð vertu, það skiptir engu máli, maður byggir bara nýtt.“ - gun



## KRAKKAKYNNING

### Erna Guðrún Halldórsdóttir

**Í hvaða skóla ertu:** Kópavogsskóla.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Ljóni.

**Áttu happatölu?** Já, 12.

**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Ég les, leik við vini mína, horfi á myndir og er í tölvuleikjum.

**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Ævintýri Merlíns.

**Besti matur?** Sushi og núðlur.

**Eftirlætisdrykkur?** Sprite.

**Hvaða námsgrein er í uppáhaldi?** Smíði og íslenska.

**Áttu gæludýr?** Já, ég á fiska og kött, kötturinn heitir Felix.



**Hvaða dagur eru í uppáhaldi hjá þér?** Laugardagur því þá þarf ég ekki að vakna snemma og get sofið út.

**Hver er eftirlætistónlistarmaðurinn?** Ég á engan sérstakan, ég hlusta á margt.

**Uppáhaldslitur?** Grænn.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Ég fór til Danmerkur.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Aþenubækurnar eftir Margréti Örnólfs.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Lögfræðingur, klarinettuleikari eða bókasafnsfræðingur.

# 50 HÁGÆÐA TOMMUR FRÁ Panasonic




**Panasonic TXL50EM5**

**249.990**

## 50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**Framúrskarandi myndgæði**
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**Game mode**
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

**Orkunýting A+**
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv • HIGH CONTRAST • V-Audio SURROUND • Media Player • GAME MODE • USB • HDMI x2 • FULL HD 1920X1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** klafi, **8.** gogg, **9.** pili, **11.** í röð, **12.** tárfelldu, **14.** tipl, **16.** ekki, **17.** knæpa, **18.** angan, **20.** pfn., **21.** útungun eggja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bær, **3.** utan, **4.** ávaxtaré, **5.** þakbrún, **7.** líffæri, **10.** fornafn, **13.** kvenkyns hundur, **15.** lítið, **16.** trjátegund, **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** ok, **8.** nef, **9.** rím, **11.** rs, **12.** grétu, **14.** tríl, **16.** ei, **17.** krá, **18.** ilm, **20.** ég, **21.** klak.
**LÓÐRÉTT: 1.** borg, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** kirtill, **10.** mér, **13.** tík, **15.** lágt, **16.** eik, **19.** ma











# Nú skal segja



**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Ég átti áhugavert spjall á dögunum við tvo menn sem voru mjög virkir í verkalýðsbaráttu á áttunda áratugnum. Réttindi eins og sumarfrí voru þá ekki sjálfsögð heldur þurfti að berjast fyrir þeim, ásamt því að samningum væri fylgt og lög væru virt. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir þessu í dag,“ sagði annar þeirra. „Það veit ekki hvað er á bak við réttinn til sumarleyfis og yfirvinnugreiðslu. Þetta er ekkert sjálfsagt og við þurfum alltaf að vera á verði.“

**Í** vikunni spunnust, sem oftar á Íslandi um þetta leyti árs, heitar umræður um bækur. Ekki voru það þó bersöglar lýsingar í skáldsögu eða hneykslanlegar opinberanir í ævisögu sem kveiktu umræðurnar heldur sárasakleysislegar barnabækur, ein bleik og önnur blá, vandlega kyngreindar í titlunum. Fjaðrafokinu ollu sambærilegar opnur í bókunum þar sem strákarnir eru hvattir til að kynna sér himingeiminn en stúlkunum kenndar mismunandi aðferðir við skúringar.

**MARGIR** litlir krakkar eru spenntir fyrir geimnum, algerlega óháð kyni. Og ekki eins margir litlir krakkar, en samt hef ég kynnst nokkrum, eru spenntir fyrir skúringum. Það er líka óháð kyni. Á jólunum syngjum við um að þekkja megi litla stráka á því að þeir sparki bolta og litlar stúlkur af því að þær vaggi brúðum, líklegast til að æfa sig fyrir móðurhlutverkið. Þetta viðhorf hefur verið úrelt um nokkurt skeið, sem sést best á gengi kvennalandsliðsins í knattspyrnu og brennandi áhuga flestra feðra á að vagga börnum sínum.

**STUNDUM** spyr fólk af hverju enn sé verið að rífast yfir jafnrétti kynjanna. Hvernig einhver nenni að brjálast þótt einhverjar stelpur velji sjálfar að ganga um fáklæddar með hamra og rörtangir á verkfærasýningu. Af hverju það sé ekki nóg að kona sé nú forsætisráðherra landsins og stelpur spili fótbolta. Hvernig fólk nenni þessu.

**VIÐ** erum svo heppin að búa í samfélagi þar sem umræða er leyfð. Umræða er ekki endilega fordæming, hún er ekki lögefandi, hún hefur ekki tilskipunarmátt. Umræða er og ætti að vera vettvangur fyrir ábendingar og uppástungur um leiðir til að bæta þjóðfélagið. Annað er hún ekki.

**Á** meðan gefnar eru út bækur þar sem skúringar eru fyrir stelpur en himingeimurinn er fyrir stráka þarf umræðan að halda áfram. Réttindi bæði karla og kvenna, stelpna og stráka til að standa jafnfætis óháð kyni eru ekki sjálfsögð og við þurfum að vera á verði. Af því að himingeimurinn er fyrir alla. Og allir ættu að læra að skúra.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Komdu inn í hlýjuna!
Úrval af heilsudýnum, -koddum og dúnvörum!
Dorma-verð
Shape dýnur
Stærð cm. Dýna Með botni
80x200 58.900,- 83.900,-
90x200 65.900,- 97.900,-
120x200 85.900,- 121.900,-
140x200 99.900,- 143.900,-
160x200 114.900,- 163.900,-
180x200 129.900,- 181.900,-
* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.
Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
HJÓNA-RÚM
SHAPE
BY NATURE'S BEDDING
12 Vaxtalaust MÁNAÐA AFBORGANIR
Heilsudýna sem:
Lagar sig fullkomlega að líkamanum
24 cm þykk heilsudýna
Engin hreyfing
AloaVera áklæði
5 ára ábyrgð!
Como tungusófi
Como tungusófi
kr. 129.000
Takmarkað magn!
Verð aðeins
Como sófi 129.000
Skemill 29.900
Tveir litir
Stærð
Br. 267 cm
D. 88/159 cm
H. 85 cm.
Nature's Comfort Pillowtop
Dorma-verð
Nature's Comfort Pillowtop
Stærð cm. Dýna Með botni
120x200 77.900,- 113.900,-
140x200 87.900,- 131.900,-
160x200 89.900,- 147.900,-
180x200 107.900,- 159.900,-
* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.
Mjúkt og slitsterkt áklæði
Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
Svæðaskipt pokagormakerfi
Aldrei að snúa
Sterkur botn
Gegnheilar viðarlappir
Steyptar kantstyrkingar
Aðeins kr
13.097,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
DORMA VERÐ
Nature's Bedding
Shape Comfort
kr. 4.900,-
Alhliða heilsukoddi
MJÚKUR
Heilsukoddar
Shape Classic
kr. 5.900,-
Ótrúlega þægilegur
ÞÉTTUR
Shape Original
kr. 8.900,-
Veitir réttan stuðning
STUÐNINGS LAG
SHAPE
BY NATURE'S BEDDING
Vandaðar dúnvörur í miklu úrvali!
DÚN-SÆNGUR
GOTT VERÐ
OG DÚN-KODDAR
TRÖLLAsængin
kr. 13.900,-
140x200 cm
HLÝ OG MJÚK
Dorma dúnkoddi
kr. 3.900,-
50x70 cm
DÚNDUR KAUP
OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-16
DORMA
– býður góða nótt
Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

# menning

menning@frettabladid.is





„Þessi bók er best geymda fegurðarleyndarmálið mitt. ... Spennandi leyndarmál leynast á hverri síðu.“
TOBBA MARINÓS

„AÐGENGILEG, FRÆÐANDI OG GLÆSILEG BÓK“
BRÓSI HÁRGREIÐSLUMEISTARI

Í dag, laugardaginn 10. nóvember, kl. 14
mun Íris kynna bók sína fyrir framan Eymundsson í Kringlunni.



Íris mun sýna nokkrar greiðslur úr bókinni, veita góð ráð og bjóða heppnum áhorfendum spennandi greiðslu.

DYNAMO REYKJAVÍK

VERÖLD




**SKOÐAR MINNIÐ** Í Boxaranum segir Úlfar sögu föður síns og samskipta þeirra feðga. Hann segir skrifin á Farandskuggum hafa fengið sig til að nálgast föðurinn úr annarri átt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# MINNINGIN PLÚS ÞJÓÐSAGAN PLÚS KJAFTAGANGURINN

**Boxarinn eftir Úlfar Þormóðsson er hin hliðin á sögunni sem hann sagði okkur í Farandskuggum í fyrra. Þar var áherslan á sögu móður hans en nú er það faðirinn sem kastljósið beinist að. Hvað kom til að hann ákvað að skrifa sögu foreldra sinna og samskipta sinna við þau?**

„Ég ætlaði mér svo sem ekki að skrifa bókina um móður mína nema fyrir sjálfan mig. Svo missti ég hana út úr höndunum og menn vildu endilega gefa hana út. Mér fannst það svo sem alveg í lagi. Þegar hún var komin út fannst mér aðeins halla á kallinn og hugsaði með mér: Hví þá ekki að hafa hann með í þessari leit?“

Þessi saga hefur samt greinilega hvílt á þér lengi. „Já, já, hún hefur gert það því það liggja alltaf undir sögurnar sem maður heyrir utan að sér án þess að fá neinn botn í. Foreldrar mínir voru auðvitað af þeirri kynslóð sem ekki talaði um sína daga. Fólk bara gerði það ekki. Ekki mitt fólk að minnsta kosti. Ég hugsaði oft um það á meðan ég var að skrifa þessar bækur báðar að það væri andskoti hart að vita þetta ekki, að þau skyldu ekki hafa sagt mér frá sjálfum sér. En svo spyr maður sjálfan sig: Ætli ég hefði sagt mínum börnum svona hluti? Ég er ekkert svo viss um það. Þetta eru hlutir sem maður vill halda fyrir sig. Kannski vegna þess að maður óttast afleiðingarnar. Ekki fyrir sjálfan sig endilega heldur smitið til annarra.“

## Margur maður

Í Farandskuggum kemur fram mikill sársauki sem tengist föður þínum en í Boxaranum virðist þú búinn að ná sáttum við hann. „Kannski hafa Farandskuggar fært mér talsverða sátt. Ég get alveg viðurkennt að ég hafði ekki horft á þessa sögu í samfellu fyrr en ég fór að skrifa hana. Við þær skriftir nálgaðist ég föður minn úr annarri átt. Það er kannski skýringin.“

*Faðir þinn hét Þormóður Guðlaugsson, hvaða maður var hann?* „Hann var náttúrulega fyrst og fremst barn síns tíma. Fæddur 1918 og gengur í gegnum allar þær þjóðfélagsbreytingar sem verða fram til okkar daga. Margur maðurinn sem er opinn fyrir umhverfi sínu og hefur jafnvel framfarahug á það til að geisa dálítið og hann var þess lags maður. Það má segja að hann hafi verið samtala þessara miklu umbrotatíma: Bjartsýnn, ákafur, mistækur og hvatvís.“

*Og djarftækur til kvenna?* „Já, ég held það sé óhætt að segja það. En svo maður passi nú upp á jafnréttið þá held ég að konur hafi líka verið djarftækar til hans. Þetta er sjaldan bara á eina bókina.“

*Boxarinn einkennist af mikilli hlýju í garð föðurins og fallegum minningum á milli feðga, öfugt við Farandskugga. Hvað breyttist?* „Ég sá að hann var í rauninni góður og hjartahlýr maður, þrátt fyrir ýmsa bresti. Hann var mér góður og hann var systkinum mínum góður en hann var eiginlega af þeirri tegund sem er miklu betri en hún sýnir sig vera. Tegund manna sem mega ekki sýna mikil hjartahlýindi út á við. Það þykir ekki töff. En hann var margur maður, eins og flestir kannski, spurningin er bara hvenær maður lætur hvern af sér ná yfirhöndinni.“

> Margur maðurinn sem er opinn fyrir umhverfi sínu og hefur jafnvel framfarahug á það til að geisa dálítið.

## Grjón eða rúsínur?

*Þú ert mikið að fjalla um minnið og hvernig það vinnur.* „Já. Það er þannig með margar af þeim myndum sem ég á af foreldrum mínum og hverju einu öðru að þegar maður kallar þær fram í fyrsta sinn þá eru þær ekki sömu minningarnar og þegar maður kallar þær fram í þrítugasta og fyrsta sinn. Maður fær nýja sýn á þær nærri því í hvert eitt sinn sem maður rifjar þær upp. Ýmist skerpast þær eða færast til, það koma hljóð inn í og ýmislegt sem maður hefur heyrt frá öðrum. Og allt í einu veit maður ekkert hvort þetta var svona eða hinsegin. Er þetta alfarið mín minning eða er þetta mín minning plús allt annað sem ég hef heyrt plús þjóðsagan og kjaftagangurinn? Úr þessu verður oft mikil flétta og maður veit ekki endilega fyrir víst hvað er rétt. Maður er líka duglegur við það býsna lengi að ritskoða minningar sínar en svo kemur að því að maður bara dregur tjaldið fyrir, þurrkar allt út og byrjar upp á nýtt. Í mörgum tilvikum tekst þannig að ná fram minningunni sem er minning manns sjálfs, ein og tær, en það tekst ekki nærri alltaf. Stundum verður maður bara að gefast upp og segja eins og ég segi í Boxaranum: Hér tekur þjóðsagan við. Þá er þetta orðinn það mikill vellingur að maður veit ekki hvað eru grjón og hvað eru rúsínur.“

## Hugmyndir ekki einkamál

*Það hefur einmitt verið áberandi undanfarið að höfundar eru að velta fyrir sér minninu í bókum sínum. Kanntu skýringu á því?* „Ég hef oft rekið mig á það að sama hugmyndin virðist hrapa í höfuðið á höfundum á svipuðum tíma. Ég á til dæmis fulla skúffu af gögnum um ákveðið mál sem ég var að vinna í kringum 1990 með það fyrir augum að skrifa um það sögu. Ég var kominn töluvert áleiðis og átti eiginlega bara eftir að stinga af og byrja að skrifa þegar út kom bók um nákvæmlega sama efni.
Ég fékk líka einu sinni þá hugmynd að fara með ljósmyndara með mér eftir norðurströnd Afríku og skrifa ferðasöguna. Rétt áður en ég ætlaði að fara að leggja í hann fékk ég fyrir tilviljun í hendurnar bók sem gefin var út í Ameríku og fjallaði um sams konar ferðalag. Þannig að ég get allavega haldið því fram með nokkrum rétti að hugmyndir séu ekkert einkamál.”

*Þú ert í bókinni líka að skoða fjölskylduna og kannski erfðir. Ertu einhverju nær um það hver þú ert eftir skrifin?* „Já, já, ég er það. Allavega er ég sáttari við það hver ég er. Ég held líka að mínir afkomendur viti þá nánar hverjir þeir eru þegar þeir þurfa á því að halda. Ég er orðinn alveg fullkomlega sáttur við það sem að mér stendur. Hvort ég er svo sáttur við eigin framgöngu er allt önnur saga.“

**fridrikab@frettabladid.is**



JÓLIN ERU Í BYKO
Í BYKO færðu skrautlegt úrval af vörum fyrir jólin á lægra verði.
VÖFFLUR OG KAFFI Í BYKO BREIDD
Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi á laugardaginn milli kl. 13 og 16.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ – ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
Vnr. 65103204
SINBO brauðvél, 600W, bakar 750-900 g brauð, 12 stillingar.
12.790 kr.
Vnr. 65103221
SINBO samlokugrill, 700W.
2.990 kr.
Vnr. 65103220
SINBO handþeytari, 150W.
2.390 kr.
Vnr. 65103208
SINBO brauðrist, hvít, 700W.
1.990 kr.
Vnr. 88900722-67
Útisería, 40, 80 eða 120 ljós, glær, rauð eða marglit.
Verð frá:
1.390 kr.
Vnr. 88949550-619
Inniseríur, 10/20/35/50 eða 100 ljósa, glærar, rauðar eða mislitar.
Verð frá:
299 kr.
Vnr 88165989-91
Aðventuljós, 7 ljós.
1.290 kr.
EINNIG TIL HVÍTT OG VIÐARLITAÐ
KLÚBB verð
3.490 kr.
Vnr. 63110508
Stafræn veðurstöð.
5.990 kr.
KLÚBB verð
2.490 kr.
Vnr. 42269015
Blóðþrýstingsmælir með LED skjá, sýnir efri og neðri mörk.
3.599 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

# Vil gera hlutina áhugaverða

„Sem listamaður dregst ég að hlutum í umhverfinu sem ekki endilega teljast fallegir. Ég vil gera þá áhugaverða og öfluga. Það er eins og í lífinu. Við ættum alltaf að reyna að snúa slæmum hlutum í góða. Það er það sem lífið snýst um,“ segir Björk Bjarkadóttir, sem opnar sýningu á ljósmyndaverkum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg í dag klukkan 15.

Björk kveðst oft vera á flandri því fjölskylda hennar og vinir búi víða um heiminn. „Ég ferðaðist samt óvenju mikið veturinn 2011 til 2012 og fyrsta myndin varð til í september í Barcelona. Þar á eftir var ég í New York, Marseille, Montpellier og svo Reykjavík. Ég tek myndir úti um allt, af skiltum, plakötum, rafmagnsstaurum, vélum, veggjum, dósum og öðru sem verður á vegi mínum.“

- gun



**BJÖRK** „Við ættum alltaf að reyna að snúa slæmum hlutum í góða,“ segir hún.


Vinafélag ÍSLENSKU ÓPERUNNAR



Vinafélag Íslensku óperunnar stendur fyrir

ÓPERUFERÐ TIL NEW YORK
20.–25. FEBRÚAR 2013

**í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Verdis og Wagners**

Farið verður á eftirfarandi sýningar í Metropolitan-óperunni:

***Parsifal* eftir Richard Wagner.** Stjórnandi er Daniele Gatti og í aðalhlutverkum eru Jonas Kaufmann, Katarina Dalayman, Peter Mattei, Evgeny Nikitin og René Pape.

***Don Carlo* eftir Giuseppe Verdi.** Stjórnandi er Lorin Maazel og í aðalhlutverkum eru Ramón Vargas, Barbara Frittoli, Anna Smirnova, Dmitri Hvorostovsky, Ferruccio Furlanetto og Eric Halfvarson.

***Carmen* eftir Georges Bizet.** Stjórnandi er Michele Mariotti og í aðalhlutverkum eru Anita Rachvelishvili, Nikolai Schukoff, Ekaterina Scherbachenko og Teddy Tahu Rhodes.

Enn fremur verður boðið upp á aðra menningartengda viðburði.

Fararstjórar eru Tómas H. Heiðar, formaður Vinafélags Íslensku óperunnar og Edda Jónasdóttir, leiðsögumaður.

**Skráning hefst mánudaginn 12. nóvember en einungis 40 sæti eru í boði.** Edda Jónasdóttir veitir nánari upplýsingar og annast skráningu. Vinsamlegast sendið tölvupóst á edda@eric.is eða hringið í síma 848-3890.



Opin samkeppni um gerð listaverks og veggskreytinga



Primera Travel Group efnir til samkeppni um röð listaverka til að prýða veggi höfuðstöðva félagsins í Kaupmannahöfn. Fyrir verðlaunaverkið verða greiddar **1.000.000 ISK.**

**Primera Travel Group** rekur átta ferðaskrifstofur í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi. Primera Air er einnig hluti samsteypunnar og hefur yfir að ráða sjö Boeing 737-800 flugvélum.

Frestur til að skila tillögum rennur út þann **10. desember.**

Allar nánari upplýsingar, teikningar, myndir af skrifstofurýminu og samkeppnisskilmála má nálgast á **www.primeragroup.com**

ENNEMM / SÍA / NM55208



Primera TRAVEL GROUP


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 10. nóvember

**Ópera**

**17.00** Leikfélagið Peðið sýnir óperuna Bjarmaland II eftir Jón Benjamín Einarsson. Tónlist og leikstjórn er í höndum Andreu Gylfadóttur og sýnt er í Kjallaranum Laugavegi 73.

**Sýningar**

**10.00** Ljósmyndasýningin Fólkið á Þórsgötu – Skyndimyndir frá árunum 2004-2012 verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands. Höfundur myndanna er Alda Lóa Leifsdóttir.

**10.00** Sýningin Þvert yfir Grænlandsjökul opnar á Veggnum í Myndasal Þjóðminjasafnsins.

**13.00** Sölusýning verður haldin í Gallerý Nútímalist, Skipholti 15, á verkum Braga Ásgeirssonar.

**14.00** Sýning á olíumálverkum Margrétar Zóphóníasdóttur opnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin ber yfirskriftina Vængjablak.

**14.00** Sýningin Ilmvatnsáin has minni með verkum eftir myndlistarmanninn Davíð Örn Halldórsson opnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

**15.00** Ljósmyndasýning David Barreiro opnar í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Sýningin ber yfirskriftina Kambódía – brot af biturri reynslu.

**15.00** Björk Bjarkadóttir opnar sýningu á ljósmyndaverkum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin ber heitið Glimpses.

**15.00** Hlynur Helgason opnar sýninguna Patagónía í Mjólkurbúðinni Listagili á Akureyri. Sýningin samanstendur af gvassakvarellum, ljósmyndum, ljósmyndaskyggnum og myndbandsverki.

**16.00** Opnuð verðru sýning á málverkum Önnu Gunnlaugsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar.

**17.00** Einkasýning verður haldin á verkum myndlistarmannsins Sigurðar Guðjónssonar. Sýningin ber titilinn Fjarlægð og opnar í Kling & Bang gallerí við Hverfisgötu 42.

**Umræður**

**10.30** Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir lögmaður verður gestur á laugardagsspjalli Framsóknar. Yfirskrift spjallsins er Skuldin mín og skuldin þín? Allir velkomnir.

**Uppákomur**

**10.00** Lokafrestur til að skila inn kössum í verkefnið Jól í skókassa er í dag. Skilastaður í Reykjavík er að Holtavegi 28. Nánari upplýsingar á skokassar.net.

**Tónlist**

**14.00** Síðustu tónleikar 30. starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju fara fram í kirkjunni. Björn Steinar Sólbergsson leikur vinsælustu orgelverkin. Miðaverð er kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir listvini. Ókeypis fyrir börn og nemendur.

**21.00** Styrktartónleikar fyrir Sólskinsbörn verða haldnir í Sjallanum á Akureyri. Sólskinsbörn eru samtök sem berjast gegn einelti og hjálpa eineltisþolendum og eru þau starfandi um allt land. Meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum eru Contalgen Funeral, Hljómsveitin Mirra og Andri Valur. Miðaverð er kr. 1.500 og rennur ágóðinn óskertur til samtakana.

**22.00** Biggi Gunn heldur útgáfutónleika nýrrar plötu sinnar, Eldur sem aldrei dvín, á Café Rosenberg.



**22.00 Ljótu hálfvitarnir** halda tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Spiluð verða splunkuný lög í bland við eldri. Þetta eru þeirra síðustu tónleikar á Norðurlandi þetta árið. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Rokksveit Jonna Ólafs spilar á Kaffi Rós í Hveragerði.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Útivist**

**10.00** Hjólreiðaferð verður farin frá Hlemmi. Hjólað í 1-2 tíma um borgina í rólegri ferð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Upplýsingar á vef LHM.is.

### Sunnudagur 11. nóvember

**Ópera**

**17.00** Leikfélagið Peðið sýnir óperuna Bjarmaland II eftir Jón Benjamín Einarsson. Tónlist og leikstjórn er í höndum Andreu Gylfadóttur og sýnt er í Kjallaranum Laugavegi 73.

**Félagsvist**

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge tvímenningur er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**Upplestur**

**15.00** Gerður Kristný, Kristín Ómarsdóttir, Bjarni Gunnarsson og Dagur Hjartarson lesa upp ljóð í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41.

**Sýningarspjall**

**14.00** Ármann Agnarsson sýningarstjóri mun ganga með Gísla B. Björnssyni um sýninguna á verkum hans í Hönnunarsafni Íslands.

**Kvikmyndir**

**15.00** Sovéska kvikmyndin Vopnabúrið (Arsenal) verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Myndin er frá árinu 1928 og er eftir Aleksandr Dovzhenko. Um er að ræða þögla mynd en skýringatextarnir eru á ensku. Aðgangur er ókeypis.

**Uppákomur**

**13.00** Gerðuberg býður upp á fjölskyldudagskrá í menningarmiðstöðinni. Fjölbreytt og líflег dagskrá þar sem börn á ýmsum aldri troða upp með söng, dansi og leiklist. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Gospelmessa verður haldin í Lágafellskirkju, Mosfellsbæ. Magga Pálma syngur gospel ásamt kirkjukórnum. Aðgangur ókeypis.

**Dansleikir**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir fyrir félaga FEB í Reykjavík er kr. 1.500 en kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

**Tónlist**

**15.15** Kristín Mjög Jakobsdóttir fagottleikari og Jón Sigurðsson píanóleikari halda tónleika í tónleikasyrpunni 15:15 í Norræna húsinu. Almennt miðaverð er kr. 2.000 og kr. 1.000 fyrir nemendur, eldri borgara og öryrkja.

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Kvennakór Háskóla Íslands flytur fjölbreytta dagskrá í Háteigskirkju undir yfirskriftinni Lifandi vatnið. Stjórnandi er Margrét Bóasdóttir.

**Leiðsögn**

**14.00** Höfundar verksins Rek, Anna Hallin og Olga S. Bergmann, ræða við gesti á sýningunni sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Tjörnina.

**15.00** Boðið verður upp á leiðsögn á pólsku um Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**Markaðir**

**11.11** Handverksmarkaður verður haldinn í Víkinni, Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8. Handverk, jólaföndur, harmonikkutónlist, kaffi og kökur. Jólaföndur fyrir börnin og safnið og varðskipið Óðinn verða bæði opin.

# PHILIPS
## SJÓNVÖRP




**PHILIPS**

Full HD 1080p

**Philips 32PFL3807T**
- 32" LCD LED sjónvarp
- Full HD 1920x1080p Digital Crystal Clear
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- Nettenging með Youtube
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 3x HDMI og 2x USB
- Scart, Ethernet, VGA og CI rauf
- Wifi möguleiki og EasyLink

**32" LED**

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 129.995

**39" LED**

Philips 39PFL3807T

**TILBOÐ**
**149.995**
FULLT VERÐ 169.995

**46" LED**

Philips 46PFL3807T

**VERÐ**
**219.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**50" LED**

Philips 50PFL3807T

**VERÐ**
**269.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips hefur hlotið EISA verðlaun fyrir sjónvörp 11 ár í röð. Í ár hlaut Philips verðlaun fyrir besta LED sjónvarpið og fyrir umhverfisvænasta sjónvarpið.

EISA AWARD Best Product 2012-2013
GREEN TV
Philips 55PFL6007

EISA AWARD Best Product 2012-2013
BEST EUROPEAN LED-TV
Philips 46PFL9707S




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**GRÆNT TE** aðstoðar meðal annars við að lækka kólesteról og halda blóðþrýstingnum niðri. Vert er að muna að vatn í grænt te á einungis að hita í 80 gráður og pokinn á ekki að vera í vatninu nema eina mínútu því annars verður drykkurinn bitur.

# Gerist húsgagnahönnuður

**HÖNNUN** Leikarinn Brad Pitt hefur snúið sér að húsgagnahönnun en hönnun leikarans verður frumsýnd í næstu viku á vefsíðunni Pitt-pollaro.com. Það var húsgagnasmiðurinn Frank Pollaro sem uppgötvaði þennan leynda hæfileika leikarans er hann smíðaði húsgögn inn á heimili Pitt og Angelinu Jolie. Þar féll hann fyrir óteljandi teikningum Pitt af húsgögnum sem hann geymdi í þykkri skissubók. Í kjölfarið bað Pollero, sem er virtur innan húsgagnabransans vestanhafs, leikarann um að ganga til liðs við sig og búa til húsgagnalínu.

Pitt kveðst ánægður með afraksturinn og þá sérstaklega með hönnunarferlið, enda nýttu þeir Pollaro tímann vel til að fínpússa hönnunina. „Við deilum miklum áhuga á víni og drukkum mikið af því saman.“



**LEYNDUR HÆFILEIKI** Brad Pitt frumsýnir húsgagnalínu úr smiðju sinni í næstu viku.

**Morð og missætti**

Skáldsaga e. Guðbjörgu Tómasdóttur –

„Blekkingin grasserar. – Það gengur á ýmsu þar til ...“



SKILJUM VIÐ FERÐAMANNINN?

TÖLFRÆÐI Í DAG - TEKJUR Á MORGUN

Alþjóðleg ráðstefna um tölfræði í ferðaþjónustu
Global Forum on Tourism Statistics
verður haldin í Hörpu
dagana 14.-16. nóvember nk.

Ráðstefnan er ætluð öllum þeim sem áhuga hafa á rannsóknum og hagnýtingu talna í ferðaþjónustu.

Ráðstefnan er haldin í Hörpu og þátttöku þarf að skrá á vef ráðstefnunnar www.11thtourismstatisticsforum.is

Þar er einnig að finna dagskrá ráðstefnunnar og frekari upplýsingar.

Pixel ehf. / Ljósmynd: Rúnar Óli Karlsson

OECD
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
eurostat European Commission
Hagstofa Íslands
Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board
Rannsóknamiðstöð ferðamála



**HAFA VAKIÐ ATHYGLI** Húðdroparnir frá Sif Cosmetics hafa hlotið mikla athygli í helstu tískublöðum Evrópu að undanförnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Umfjöllun í helstu tískutímaritum Evrópu

**EGF-húðdroparnir frá Sif Cosmetics hafa slegið í gegn á erlendri grundu að undanförnu og meðal annars fengið mikla athygli í öllum helstu tískublöðum Evrópu.**

**HEILSA** „Þó að virkni dropanna tali sínu máli skiptir saga vörunnar og uppruni líka miklu máli. Fólk erlendis er mjög áhugasamt um það hvernig svo lítið fyrirtæki frá svo litlu landi geti gert svo stóra hluti á alþjóðavísu,“ segir Björn Örvar, framkvæmdastjóri Sif Cosmetics, um EGF húðdropana.

Heiti vörunnar, Húðdropar, er í einkaeign Sif Cosmetics og er það eina fyrirtækið í heiminum sem framleiðir þá. „Þessi vara á sér engan líka svo við þurftum að finna nafn á hana þegar hún kom á markað,“ segir Björn.

EGF Húðdroparnir hafa verið að gera góða hluti á erlendri grundu og eru nú til sölu í betri snyrtivöruverslunum 25 landa um alla Evrópu. Enn hefur fyrirtækið þó ekki þurft að kaupa eina einustu auglýsingu erlendis. „Virknin talar sínu máli og meðmæli manna á milli er langbesta auglýsingin. Þar að auki höfum við fengið mikla umfjöllun í helstu tískutímaritunum í Evrópu,“ segir Björn og nefnir sem dæmi Cosmopolitan, Harpers bazaar, Elle og Vougue. „Regina Stahl frá þýska Vogue kom til að mynda í heimsókn til landsins fyrir nokkru til að kynna sér vöruna og ræddi við Dorrit í leiðinni,“ segir hann, en forsetafrúin Dorrit Moussaieff hefur verið ófeimin við að lýsa yfir dálæti sínu á dropunum og tók þá til að mynda með sér í viðtal til Mörthu Stewart í vor. Margar heimsóknir hafa fylgt í kjölfarið og segir Björn að meðaltali einn til tvo erlenda blaðamenn koma í hverjum mánuði núorðið til að kynna sér starfsemina, húðdropana og Ísland.




Aðspurður hvað sé fram undan hjá Sif Cosmetics segir Björn útrás húðdropanna vera rétt að byrja. Þar að auki sé þriðja vara þeirra væntanleg snemma á næsta ári. „Við erum enn þá lítið fyrirtæki og tökum lítil skref en við viljum fyrst og fremst einbeita okkur að vörum sem við teljum að virki,“ segir hann.

tinnaros@frettabladid.is

## FRAMLEIDDIR MEÐ ERFÐATÆKNI

EGF-húðdroparnir eru alfarið íslensk framleiðsla. Þeir sporna gegn öldrun húðarinnar og vinna á þurri húð. „Galdurinn á bak við vöruna er virkt efni sem kallast frumuvaki. Það eru náttúruleg prótín sem koma upprunalega frá manninum en við framleiðum með erfðatækni í byggi,“ segir Björn Örvar, framkvæmdastjóri Sif Cosmetics sem framleiðir dropana.

# Íslenskur eBay með snúningi

**NETIÐ** „Það má segja að þetta sé eBay Íslands en með smá snúningi því við bjóðum upp á mun meiri þjónustu,“ segir Kristján Örn Kristjánsson um vefinn Uppbodshus.is.

Vefurinn fór í loftið 1. október síðastliðinn og er þegar orðinn feikivinsæll. Aðdáendur á Facebook eru orðnir um 6.000 og um 500 vörur er að finna á síðunni. „Þetta er búið að ganga framar væntingum svo ég get ekki kvartað,“ segir Kristján. Eins og nafnið gefur til kynna er um uppboðssíðu að ræða en með meiri þjónustu en tíðkast. „Við bjóðum upp á að sækja vöruna og sendast með hana. Við sendum líka í póstkröfu hvert á land sem er og erum með umboðssölu,“ segir Kristján. Hann telur sig því ekki vera í samkeppni við síðuna Bland.is sem hefur verið stærsta sölusíða landsins hingað til. „Ég er að bjóða upp á þjónustu fyrir fólk sem vill losna við að þurfa að selja vöruna sína sjálft,“ segir Kristján.

„Þetta byrjaði árið 2008 þegar ég hafði loksins náð að safna mér nægilegum peningum til að kaupa mér nýtt innbú. Þá vildi ég selja það gamla og þó ég hafi ekki verið að leitast eftir miklum peningum þá gekk það frekar illa. Þegar ég var til dæmis að reyna að fá fimmtung af verðmæti vörunnar bauð fólk samt bara helminginn af því. Ég taldi því að Íslendingar væru vel tilbúnir í íslenskan uppboðsvef,“ segir Kristján að lokum.

- trs






**ENGIN SAMKEPPNI** Kristján Örn segir Uppbodshus.is ekki vera í samkeppni við Bland.is því vefurinn þjónusti fólk sem vilji losna við að þurfa að selja vöruna sína sjálft.
MYND/EINKAEIGN

# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

**KARRIMOR ÚLPA 3 LAGA HERRA**



karrimor

TILBOÐ VIKUNNAR:
VERÐ ÁÐUR 11.890
NÚ 8.918

-25%

8.918 KR

**KARRIMOR ÚLPA 3 LAGA KVENNA**



karrimor

TILBOÐ VIKUNNAR:
VERÐ ÁÐUR 11.890
NÚ 8.918

-25%

8.918 KR

**KARRIMOR ÚLPA 3 LAGA BARNA**



karrimor

TILBOÐ VIKUNNAR:
VERÐ ÁÐUR 8.990
NÚ 6.743

-25%

6.743 KR

**NO FEAR SKÍÐAÚLPA BARNA**



NO FEAR

4.990 KR

**CAMPRI SKÍÐABUXUR BARNA**



CAMPRI

4.390 KR

**NO FEAR SKÍÐAGALLI BARNA**



NO FEAR

6.990 KR

**SAMMI BRUNAVÖRÐUR GALLI UNGBARNA**



4.390 KR

**CAMPRI SKÍÐAÚLPA BARNA**



CAMPRI

MARGIR LITIR

5.990 KR

**KARRIMOR KULDASKÓR BARNA**

6.390 KR



karrimor

**KARRIMOR KSB 250 KULDASKÓR HERRA**

7.990 KR



karrimor

MARGIR LITIR

**GOLDDIGGA JOGGER SKÓR KVENNA**

5.590 KR



golddigga

MARGIR LITIR

**GOLDDIGGA MID SKÓR KVENNA**

5.590 KR



golddigga

MARGIR LITIR




SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI
WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

SPORTSDIRECT.COM PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

# 10% AFSLÁTTUR UM HELGINA

GEGN FRAMVÍSUN ÞESSA MIÐA

Nafn:

Tölvupóstur:

Skilmálar

1) Þessi afsláttarmiði veitir handhafa þess 10% afslátt vörum keyptum í Sportsdirect.com Smáratorgi. 2) Gildir til 11/11/2012. 3) Einungis einn viðskiptavinur getur notað miðann í eitt skipti. 4) Ekki er hægt að breyta afslættinum á nokkurn hátt. 5) Afsláttarmiðinn gildir ekki með öðrum tilboðum eða afslætti. 6) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslað er á vefsíðu Sportsdirect.com 7) Verslunarstjóri hefur fullan rétt á því að hafna afsláttarmiðanum.
8) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslaðar eru fótboltatreyjur eða annar merktur fótboltavarningur.

10% AFSLÁTTUR

9 01000 10 10 07 7






**HÖNNUÐURNIR** Orri Finnbogason og Ýr Þrastardóttir voru ánægð með afraksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# STUÐ Á TÍSKUSÝNINGU ÝRAR OG ORRA

**Það var margt manninn á tískusýningu Ýrar Þrastardóttur fatahönnuðar og skartgripahönnuðarins Orra Finnbogasonar á Kexi hosteli á fimmtudagskvöldið. Tískuspekúlantar fjölmenntu til að berja fatnaðinn og fylgihlutina augum og flestum virtist líka vel.**



**MÆÐGIN** Tinna Aðalbjörns og Kristófer Logi Tryggvason mættu á svæðið.



**SKEMMTILEGT** Thelma Rún Sigfúsdóttir og Hildur María Þórisdóttir.



**HRESSAR** Dídí Ásgeirs, Helena Róberts og Steinunn Björnsdóttir voru spenntar fyrir sýningunni.



**VINKONUR** Þessar tvær skemmtu sér vel.



**MEÐ BROS Á VÖR** Elsa og Klara Waage brostu til ljósmyndara.



**GÓÐIR GESTIR** Þær Tinna, Hrafnhildur og Erna María skemmtu sér.



**VÍGALEGIR** Pétur Guðmundsson og Guðjón Sigurðsson.

**Gallerí Fold í 20 ár** 1992–2012

**Tvær sýningar í Gallerí Fold · 10. – 25. nóvember**



**Forsalur**
Björk Bjarkadóttir
**Glimpses**



**Miðrými**
Óskar Thorarensen
**Borgarsýn**

**Opnun kl. 15**
**Allir velkomnir**

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



### SKEMMTUN FYRIR ALLA

Skrípó er nýtt fjölskylduspil sem inniheldur teikningar eftir nokkra færustu skopteiknara landsins. Hér má sjá myndir úr spilinu.



# Ömmur slá í gegn í Skrípó

**Skrípó er nýtt borðspil sem inniheldur 150 teikningar eftir nokkra færustu skopteiknara Íslands. Spilið er eftir höfunda Fimbulfambs og er ætlað allri fjölskyldunni.**

Skrípó er nýtt borðspil eftir höfunda Fimbulfambs og er ætlað allri fjölskyldunni. Spilið inniheldur um 150 skopteikningar eftir Hugleik Dagsson, Halldór Baldursson, Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og Sigmúnd og eiga þátttakendur að semja brandara við teikningarnar.

Spilið er samið af bræðrunum Kjartani Erni og Ragnari Helga Ólafssonum, en þeir einnig höfundar hins vinsæla spils Fimbulfamb.

„Þetta er gömul hugmynd í grunninn; að skapa myndatexta við mynd. Spilið gengur ekki út á að keppa í þekkingu, heldur að virkja sköpunargleðina. Í þau skipti sem við prófuðum spilið kom það oft á óvart hverjir áttu fyndnustu skýringarnar. Ömmur hafa til dæmis slegið í gegn og yngstu börnin eru sömuleiðis stórkostlega hugmyndarík og skemmtileg,“ útskýrir Ragnar Helgi.

Teikningarnar í spilinu eru um 150 talsins og eru eftir nokkra færustu skopmyndateiknara landsins. Að sögn Ragnars Helga fór mikil vinna í að velja þær myndir sem þóttu henta best í spilið.

„Það var skemmtileg vinna en ansi drjúg að fara í gegnum öll þessi verk og finna myndir sem voru nógu opnar til að vera gott hráefni í spilið. Við vildum ekki hafa pólitískar myndir með enda er pólitík leiðinleg og óþarfi að draga hana inn í skemmtilegt spil. Þannig standa líka allir spilararnir jafnfætis.“

Ragnar Helgi segir þá bræður líta meira á sig sem ritstjóra Skrípó en höfunda í venjulegum skilningi þess orðs og tekur fram að raunverulegir höfundar spilsins séu skopteiknararnir. En hvað fékk þá bræður til að setjast niður og semja spil?

„Við teflum ekki og spilum ekki golf, þetta er því aukavinna sem gott er að grípa til þegar við bræðurnir hittumst. Þetta kemur líka til af því við hittumst alltaf á jólunum og spilum með stórfjölskyldunni og þá vakna þessar pælingar,“ segir Ragnar að lokum.

Skrípó fæst í öllum helstu bókabúðum og stórverslunum.

sara@frettabladid.is











**SAMSTARF** Herbert Guðmundsson og Lísa Dögg Helgadóttir starfa saman að plötunni.

# Unnustan með texta

Fjórtánda plata Herberts Guðmundssonar, Nýtt upphaf, kom út á dögunum. Unnusta hans, Lísa Dögg Helgadóttir, samdi textann við eitt laganna, Camilia, sem hefur heyrst í útvarpinu að undanförnu. Herbert tileinkar Lísu Dögg einmitt plötuna. Ellefu lög eru á henni sem Herbert vann með Þóri Úlfarssyni. Friðrik Sturluson á stóran hluta af textunum.

Þetta er önnur plata Herberts á tveimur árum.

# FIFA 13 setur hann í stöngina og inn

Tölvuleikur ★★★★☆

**FIFA 13**

Útgefandi: Electronic Arts




FIFA 13 fótboltaleikurinn er nýjasta viðbót FIFA-leikjaseríunnar, sem er ein vinsælasta leikjasería meðal fótboltaleikjaspilara í dag. Í FIFA 13 hefur spilarinn aðgang að helstu fótboltaliðum heims og leikmönnum þess. Markmið leiksins er að stýra fótboltaliði sínu til sigurs, sama hvort það er gert með því að hoppa beint inn á völlinn og hefja leik eða skipuleggja uppsetningu liðsins og leikmannakaup.

Í leiknum fetar útgefandinn Electronic Arts í fótspor fyrri FIFA-leikja, þar sem FIFA 13 býður í grófum dráttum upp á sambærilega spilunarmöguleika og nýlegir FIFA leikir gera. Í raun má segja að FIFA 13 sé einfaldlega uppfærsla á fyrirrennara sínum, FIFA 12, frekar en nýr leikur sem hefur verið hannaður frá grunni. Þó nokkrar útlitsbreytingar hafa átt sér stað í leiknum, grafíkin hefur verið endurbætt og fótboltaliðin uppfærð. Einnig er hreyfing leikmanna og boltans mun raunverulegi en áður, sem gerir spilunina enn betri og skemmtilegri.

Þær uppfærslur sem hafa átt sér stað í FIFA 13 frá fyrri FIFA leikjum eru í flesta staði góðar og gera leikinn skemmtilegri og raunverulegri en áður. Breytingar milli FIFA 12 og FIFA 13 eru ekki miklar, enda kannski óþarfi að breyta miklu þar sem FIFA 12 er gífurlega góður og hefur hlotið stórgóða dóma. Electronic Arts hefur nú þegar fundið hina fullkomnu formúlu fyrir fótboltaleik og er núna að fínpússa demantinn sinn.

Leikurinn er þó ekki gallalaus. Þar sem hann gengur út á að vera sem allra raunverulegastur er leiðinlegt að sjá galla eins og endurteknar hreyfingar meðal liðsmanna á vellinum, en það er fátt óraunverulegra en að sjá tvo eða fleiri fótboltamenn framkvæma nákvæmlega sömu hreyfingarnar á sama tíma. Þessi galli var þó mun meira áberandi í FIFA 12 og hefur verið lagfærður að einhverju leyti í FIFA 13. Enn vantar þó töluvert upp á. Allt of algengt er einnig að sjá aðra netspilara hætta í miðjum tapleik, en slíkt getur dregið verulega úr skemmtanagildi netspilunar. Síðarnefndi gallinn tengist þó frekar persónulegum ókostum FIFA 13 spilara en tölvuleiknum sjálfum, en þar sem leikurinn skráir vissar upplýsingar um notendur er hægt að velja að forðast að mæta öðrum netspilurum með hátt hlutfall DNF (DNF stendur fyrir „Did Not Finish“ eða „kláraði ekki“) sem kemur í veg fyrir slíkt að einhverju leyti.

Á heildina litið eru gallar leiksins smávægilegir og er óhætt að segja að FIFA- og aðrir fótboltaleikjaspilarar verði ekki fyrir vonbrigðum með FIFA 13. Einnig er gaman að sjá íslenska fótboltamenn á borð við Eið Smára Guðjónsson, Kolbein Sigþórsson og Gylfa Sigurðsson leika listir sínar á skjánum. **Bjarki Þór Jónsson**

**Niðurstaða:** FIFA 13 er frábær fótboltaleikur sem ætti ekki að valda fótboltaleikjaspilurum vonbrigðum.


UMFERÐARÞING 2012

Haldið í Kaldalóni í Hörpu mánudaginn 19. nóvember

DAGSKRÁ

8:30 Skráning og afhending gagna

9:00 Þingsetning
Dagný Jónsdóttir, forstjóri Umferðarstofu

Afhending Umferðarljóssins
Verðlaunagripur Umferðarráðs veittur í 10. sinn

9:30 Kaffihlé

10:00 Umferðaröryggisáætlun, markmið og staða
Gunnar Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs hjá Umferðarstofu

10:20 Kostnaður umferðarslysa
Sveinn Fjalar Ágústsson, deildarstjóri í ábyrgðar- og slysatjónum hjá VÍS

10:40 Sérstök námskeið
Sigurður Jónasson, ökukennari

11:00 Má bjóða meðferð í stað refsingar vegna ölvunaraksturs?
Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri hjá SÁÁ

11:20 Þjálfun lögreglumanna í forgangsakstri
Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn

12:00 Matarhlé

13:00 Umferð framtíðarinnar
Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra

13:30 Tillitssemi í umferðinni
„Fulltrúar“ vegfarenda

13:50 Hjólaleiðir
Grétar Þór Ævarsson, byggingarverkfræðingur hjá Mannvit

14:10 Rafhjól; reiðhjól eða létt bifhjól?
Marta Jónsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Umferðarstofu

14:30 Hjólreiðaslys
Sævar Helgi Lárusson, sérfræðingur hjá RNU

15:00 Kaffihlé

15:30 Gagna- og upplýsingaöflun frá tæknibúnaði á vegakerfinu
Einar Pálsson og Nicolai Jónasson, deildarstjórar hjá Vegagerðinni

16:00 Upplýsingakerfi Vegagerðarinnar
Björn Ólafsson, forstöðumaður hjá Vegagerðinni

16:20 Rafrænar upplýsingar hjá Strætó
Einar Kristjánsson, sviðsstjóri skipulags- og þróunarsviðs hjá Strætó

16:50 Þingslit - Karl V. Matthíasson, formaður Umferðarráðs

Fundarstjóri:
Þóra Magnea Magnúsdóttir, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu

Umferðarþing er öllum opið. Þátttökugjald er 10.000 kr.
Innifalið er hádegisverður og kaffiveitingar

Skráning fer fram á heimasíðu Umferðarstofu www.us.is fram til fimmtudagsins 15. nóvember.

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-2502




**GÍTARHETJA** Björgvin Gíslason á sextíu ára afmælistónleikum sínum í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fyrsta Bjöggahátíðin

**Blúshátíð Bjögga Gísla verður haldin í fyrsta sinn 22.-25. nóvember á Gamla Gauknum. Meðal þeirra sem stíga á svið eru Björgvin Gíslason og hljómsveit, Bubbi Morthens, Magnús Eiríksson, Þórir Baldursson, Vintage Caravan, Beggi Morthens og hljómsveit og þýska hljómsveitin Hans Blues & Boogie. Gestir geta gætt sér á soulfood-matargerð og horft á blúsmyndir. Gítarsmiðurinn Gunnar Örn mun kynna sitt fag, auk þess sem Hans Blues tekur áhugasama í blúskennslu.**

**Það var blúshetjan Björgvin Gíslason sem valdi listamennina sem koma fram á hátíðinni. Hann vildi bjóða upp á dagskrá með sál, uppfulla af gömlum smellum og nýjum straumum í bland við gleði, fræðslu og góðan mat. Armband á hátíðina kostar 2.000 krónur í forsölu á Midi.is.**

# Truflaður af fyrirsætum

Justin Bieber átti erfitt með að halda athyglinni á tónleikum sínum á tískusýningu Victoria´s Secret í New York. Hann sagðist vera einbeittur en ekki eitt hundrað prósent. „Ég er 98 prósent einbeittur. Tvö prósent fara í stelpurnar,“ sagði hinn átján ára poppari.



**JUSTIN BIEBER**

Bieber gefur venjulega einn dollara af hverjum miða sem selst á tónleikaferð hans Believe til góðgerðarmála. Í þetta sinn mun peningurinn renna til fórnarlamba fellibyljarins Sandy sem nýlega gekk yfir austurströnd Bandaríkjanna.

# Fífldirfska og fortíðarþrá

Bíó ★★★★☆

**Argo**

**Leikstjórn:** Ben Affleck. **Leikarar:** Ben Affleck, Bryan Cranston, Alan Arkin, John Goodman, Clea DuVall, Victor Garber, Tate Donovan.

Hin sannsögulega Argo segir frá fífldjörfum leiðangri árið 1980 þar sem leyniþjónustumaðurinn Tony Mendez dulbjó sig sem kvikmyndagerðarmann í þeim tilgangi að smygla sex starfsmönnum bandaríska sendiráðsins í Teheran út úr borginni. Byltingarsinnar höfðu tekið yfir sendiráðið og haldið rúmlega 50 manns þar í gíslingu í meira en tvo mánuði. Kæmist upp um hina sex sem náðu að flýja biði þeirra bráður bani. Búin var til platbíómynd, hallærisleg vísindaskáldsaga sem framleiðendur vildu gera í Íran, og sexmenningarnir áttu að vera hluti af þeirri kvikmyndagerð.

Þessi lygilega saga á meira skylt við skáldskap á borð við Arnarborgina og Inglourious Basterds en raunveruleikann. Atburðarásin er hrollvekjandi og hlægileg til skiptis, og þrátt fyrir að Affleck taki sér ýmis skáldaleyfi hér og þar eru ótrúlegustu hlutar myndarinnar dagsannir. Það er helst endaspretturinn sem dregur aðeins úr áhrifamættinum, en þar leyfir myndin sér einmitt að fara frjálslegar með staðreyndir en áður, og verður fyrir vikið eilítið klisjukennd.

Tíðarandi ársins 1980 er endurskapaður af mikilli nákvæmni og fyrir fólk með fortíðarblæti er Argo sannkallaður hvalreki. Tónninn er sleginn strax í byrjun þar sem eldgamalt Warner-lógó er sótt upp í hillu og splæst framan við myndina. Yfirskeggin flæða af tjaldinu við ljúfa tóna Dire Straits og seinni tíma Led Zeppelin. Í lokin sjáum við síðan alvöru ljósmyndir teknar af sexmenningunum og sjálfri gíslatökunni. Þjónar svo sem litlum tilgangi öðrum en þeim að monta sig af nákvæmnisvinnunni. Það er líka bara allt í lagi.

Affleck er þó enn jafn stirður sem leikari og synd að hann fékk ekki einhvern flinkari í aðalhlutverkið. Nú þegar hann hefur sannað sig sem frábær leikstjóri ætti hann að halda sig þeim megin vélar. Argo er hins vegar það spennandi og vel gerð að við fyrirgefum leikaranum Ben Affleck. Svei mér ef manni er ekki bara farið að þykja eilítið vænt um hann. **Haukur Viðar Alfreðsson**



**ARGO** „Þessi lygilega saga á meira skylt við skáldskap á borð við Arnarborgina og Inglourious Basterds en raunveruleikann.“

**Niðurstaða:** Enn ein rós í hnappagat leikstjórans Afflecks. Vönduð og hörkuspennandi.



**FYRSTA PLATAN** Dream Central Station hefur gefið út sína fyrstu plötu.

## Fyrsta platan frá Dream

Dream Central Station hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu og er hún samnefnd sveitinni. Hún er skipuð Hallbergi Daða Hallbergssyni, fyrrum liðsmanni Jakobínarínu, og Elsu Maríu Blöndal, sem hefur starfað með hljómsveitinni The Go Go Darkness.

Dream Central Station er tíu laga plata þar sem hægt rokk er leyst úr læðingi, rokk sem er iðulega líkt við tónlistarstefnuna Shoegaze. Öll lög og textar eru eftir Hallberg Daða fyrir utan ábreiðu af laginu Feel So Good með Brian Jonestown Massacre. Hljómsveitin hyggur á útgáfutónleika um miðjan desember.



**Í MÁL** Ariel Winter fór fram á sjálfræði frá ofbeldisfullri móður.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Kærir ofbeldi móður

Leikkonan Ariel Winter verður tímabundið í forsjá systur sinnar eftir að móðir hennar var dæmd fyrir að beita leikkonuna andlegu og líkamlegu ofbeldi. Winter leikur Alex Dunphy í gamanþáttunum Modern Family.

Mál Winter hófst fyrir mánuði síðan þegar leikkonan sóttist eftir sjálfræði og sagði móður sína beita sig líkamlegu og andlegu ofbeldi. Dómari dæmdi Winter í vil og skipaði móður hennar jafnframt að halda sig fjarri Winter þar til málið verður tekið aftur upp síðar í mánuðinum.

Winter er fjórtán ára gömul og samkvæmt frétt Tmz.com beitti móðir hennar eldri börn sín einnig ofbeldi, þar á meðal Shanelle Workman, sem nú hefur forræði yfir Winter.



Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir



FAAS

**FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund fimmtudaginn 15. nóvember n.k. Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn á Sólvangi– hjúkrunarheimili - Sólvangsvegi 2, 220 Hafnarfirði.**

**Dagskrá:**

- Fréttir af starfi FAAS: Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður.
- Kynning á Sólvangi: Rannveig Þöll Þórsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar
- Steinunn K. Jónsdóttir, félagsráðgjafi heldur erindi sem hún nefnir „Heilabilun: Tilfinningalegur stuðningur, samskipti og þjónusta"
- Umræður og fyrirspurnir

Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta. Allir eru velkomnir. Sólvangur – hjúkrunarheimili býður kaffiveitingar

Bestu kveðjur
Stjórn FAAS



ecco®

Tilvalið í jólapakkan...

Fusion
stærðir 41 til 47



verð áður: 17.995kr
verð nú: 12.596kr



Pacer
stærðir 40 til 47

verð áður: 14.995kr
verð nú: 10.496kr

Útsöluvörur frá STEINAR WAAGE Kaupfélagið skór.is ecco

Opnunartími
Toppskórinn Markaður
alla daga milli kl. 11 og 18
Toppskórinn Outlet
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardaga milli kl. 11 til 16 og
sunnudaga milli kl. 13 til 17

Toppskórinn Outlet
Vínlandsleið 6 • Sími 533 3109

Toppskórinn Markaður
Smáratorg, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us




## THE HOBBIT

Þetta er fyrsta myndin í þríleik sem er byggður á samnefndri bók **J.R.R. Tolkien**. Hún gerist á undan The Lord of the Rings-þríleiknum sem var sýndur við miklar vinsældir á sínum tíma. Hobbitinn fjallar um ferðalag Bilbo Baggins til Fjallsins eina með hópi dverga í leit að fjársjóði sem drekinn Smeyginn stal frá þeim. Myndin er um tvær klukkustundir og fjörutíu mínútur og með aðalhlutverk fara **Martin Freeman** og **Ian McKellen**. Leikstjóri er **Peter Jackson**, maðurinn á bak við The Lord of the Rings.

**Frumsýnd 26. desember**

# Hobbitar, tígrisdýr og miklar náttúruhamfarir

**Eins og alltaf ríkir töluverð eftirvænting eftir bíómyndunum sem kvikmyndahúsin frumsýna um jólin. Í þetta sinn eru fjórar nýjar myndir á boðstólum en athygli vekur að engin íslensk er þeirra á meðal.**

## LIFE OF PI

Þrívíddarmynd sem fjallar um ungan mann, Pi, sem kemst einn af úr skipsskaða úti á reginhafi og hafnar í björgunarbáti ásamt Bengal-tígrisdýri sem hann nær óvænt tengslum við. Leikstjóri er **Ang Lee,** sem hefur áður gert Brokeback Mountain og Crouching Tiger, Hidden Dragon. Með hlutverk Pi á mismunandi aldri fara **Suraj Sharma** og **Irrfan Khan**. Frakkinn **Gérard Depardieu** leikur einnig í myndinni.

**Frumsýnd 21. desember**



## THE IMPOSSIBLE

Þetta er aðsóknarmesta myndin á Spáni um þessar mundir. Leikstjóri er Spánverjinn **Juan Antonio Bayona** sem einnig gerði draugamyndina El orfanato. The Impossible, sem er með ensku tali, fjallar um fjölskyldu sem lendir í flóðbylgjunni miklu í Indlandshafi árið 2004. Með aðalhlutverk fara **Ewan McGregor** og **Naomi Watts**.

**Frumsýnd 21. desember**





## SAMMY 2

Þessi þrívíddarteiknimynd er framhald af Ævintýrum Samma sem kom út fyrir tveimur árum. Hún fjallar um skjaldbökurnar Sammy og Ray sem flýja úr sædýrasafni í Dubai og lenda að sjálfsögðu í miklum ævintýrum.

**Frumsýnd 26. desember**

## JÓLAMYNDIRNAR Í BANDARÍKJUNUM

**Auk Hobbitans verða fjórar kvikmyndir frumsýndar um jólaleytið í Norður-Ameríku.**



**Zero Dark Thirty**
**(19. desember)**
fjallar um hina tíu ára löngu leit að Osama bin Laden eftir hryðjuverkaárásirnar ellefta september. Leikstjóri er Kathryn Bigelow, sem síðast bjó til Óskarsverðlaunamyndina The Hurt Locker.



**Jack Reacher**
**(21. desember)**
er nýjasta mynd Toms Cruise. Hún er byggð á vinsælli skáldsögu og fjallar um lögreglufulltrúa sem rannsakar handahófskennd morð leyniskyttu úr hernum á fimm manneskjum.



**Django Unchained**
**(25. desember)**
kemur úr herbúðum leikstjórans Quentins Tarantino. Myndin er um fyrrverandi þræl sem reynir að bjarga eiginkonu sinni úr höndum ills plantekrueiganda. Með helstu hlutverk fara Jamie Foxx, Leonardo DiCaprio og Christoph Waltz.



**Les Misérables**
**(25. desember)**
er byggð á samnefndum söngleik sem var gerður eftir hinni sígildu skáldsögu Victors Hugo. Myndin gerist í Frakklandi á 20. öld og fjallar um fangann Jean Valjean sem fær frelsi og leið hans til betra lífs. Helstu leikarar eru Hugh Jackman, Russell Crowe og Anne Hathaway.

E-LABEL



E-Label kynnir með stolti haust 2012 línu sína hannaða af nýju hönnunarteymi skipað nokkrum af mest spennandi fatahönnuðum landsins.

Línan er seld í verslun okkar á Laugavegi 32 og í Topshop í Kringlunni og Topshop í Smáralind.

E-Label / evalín / Laugavegi 32 /sími 5713811



LEITANDI Samkvæmt gagnrýnanda Fréttablaðsins er greinilegt að Lára er leitandi í útsetningum og hljómi á plötunni Moment. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# LEITIN AÐ POPPSJÁLFINU

Tónlist ★★★☆☆

**Lára**
Moment

**Sena**

Moment er fjórða plata Láru Rúnars og sú fyrsta síðan Surprise kom út fyrir þremur árum. Lára er búin að gera ágæta hluti á ferlinum. Hún er fín söngkona og er í dag með mjög góða hljómsveit á bak við sig. Öll lögin á nýju plötunni eru eftir Láru sjálfa, en textana, sem eru á ensku, gerði hún í samvinnu við Matthew Sever.

Það eru ágætis lagasmíðar á nýju plötunni og það er greinilegt að Lára er leitandi í útsetningum og hljómi. Í sumum laganna er smá bjögun, annars staðar er hljómurinn 80‘s-skotinn og í laginu Breathing minnir stemningin á Lönu Del Rey. Þegar maður hlustar á plötuna, skoðar umslagið og myndefni tengt útgáfunni þá finnst manni eins og Lára sé að leita að sínu eigin poppsjálfi, sinni ímynd. Kannski er hún að nálgast takmarkið með Moment, en platan virkar samt svolítið eins og hún sé ennþá að leita.




Það er margt vel gert á Moment. Lögin eru misgóð, en mín uppáhaldslög eru hið ofurhressa My Heart Don‘t Speak og lokalagið, Overrated, sem endar á flottum instrúmental kafla.

Á heildina litið er Moment ágæt plata frá tónlistarkonu sem á pottþétt eftir að gera enn betur.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Leitandi poppplata frá Láru.





LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 6.15, 7, 9.10, 10(P) | 12 |
| WRECK-IT RALPH 3D | 2, 4.30, 5.50 | L |
| WRECK-IT RALPH 2D | 2, 4.10 | L |
| PITCH PERFECT | 8, 10.15 | 12 |
| TEDDI 2D | 2, 4 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30 (14)
ARGO VIP KL. 3- 5:30 - 8 - 10:30 (VIP)
WRECK IT RALPH ÍSL TAL Í 3D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 (L)
WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI 1:30 - 2 - 3:40 - 5:50 (L)
WRECK IT RALPH ENSKT TAL KL. 5:50 - 8 - 10:10 (L)
HOPE SPRINGS KL. 1:30 - 3:40 -5:50 - 8 - 10:30 (L)
HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 8 - 10:20 (16)
END OF WATCH KL. 8 - 10:30 (16)
BRAVE M/ ÍSL. TALI KL. 1:30 - 3:40 (L)

SAMBÍÓIN AKUREYRI
ARGO KL. 8 (14)
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL Í 3D KL. 2 - 4 (L)
WRECK-IT RALPH ENSK ENSKT TAL KL. 6 - 10:20 (L)
BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL TAL KL. 2 - 4 (L)
HOPE SPRINGS KL. 6 - 8 (L)
END OF WATCH KL. 10:20 (16)

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30 (14)
CLOUD ATLAS KL. 8 - 10:20 (16)
WRECK-IT ÍSL TAL Í 3D KL. 1 - 3:10 - 5:30 (L)
WRECK-IT RALPH ENSKT TAL KL. 8 (L)
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 1:20 - 3:20
HOPE SPRINGS KL. 5:40 - 8 (L)
END OF WATCH KL. 5:40 (16)
HOUSE AT THE STREET KL. 10:20 (14)
MADAGASCAR 3 KL. 1:20 - 3:30 (L)
BRAVE KL. 1:20 - 3:30 (L)

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
THE TEMPEST (OFVIÐRIÐ ) ÓPERA KL. 17:55 (L)
SKYFALL KL. 2 - 4 - 6 - 7 - 8:20 -9 - 10 (12)
ARGO KL. 11:20 (14)
WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI KL. 1:30 (L)

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
ARGO KL. 8 (14)
SKYFALL KL. 10:30 (12)
WRECK IT RALPH ÍSL TAL Í 3D 1:30 - 3:40 (L)
WRECK-IT RALPH ENSK ENSKT TAL KL. 5:50 (L)
HOPE SPRINGS KL. 8 (16)
END OF WATCH KL. 10:10 (L)
BRAVE ÍSL TAL KL. 2 - 4 KL. 6 ENSKT TAL (L)

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 16
PITCH PERFECT KL. 3.15 - 5.30 - 8 - 10.30 12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL.TEXTI KL. 1 (TILB.) - 3.15 - 5.50
SKYFALL KL. 1 (TILBOÐ) - 5 - 8 - 9 - 11* 12
SKYFALL LÚXUS KL. 1 - 5 - 8 - 11* 12
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15 L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) L
*AÐEINS LAUGARDAG

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%
CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 9 16
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 3.40 (TILB.) 7
SKYFALL KL. 3 (TILB.) - 6 - 9 - 10.10 12
TAKEN 2 KL. 10.30 16 / LOVE IS ALL YOU NEED KL. 8 L
ÁVAXTAKARFAN KL. 3.40 (TILBOÐ) L
DJÚPIÐ KL. 3.40 - 5.50 - 8 10
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50 10

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
CLOUD ATLAS KL. 8 16 / PITCH PERFECT KL. 8 12
SKYFALL KL. 5.20 - 10.10 12
HOTEL TRANSYLVANIA KL. 3.40 (TILB.) - 6 7
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.40 (TILB.) L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio










MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




LAUGARDAGUR: SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ BÍÓDOX: WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 18:00 ■ BÍÓDOX: WONDER WOMEN (L) 20:00 ■ BÍÓDOX: SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 4. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 22:15 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30 SUNNUDAGUR: SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVARTIR SUNNUDAGAR: BLACK SUNDAY (16) 20:00 ■ BÍÓDOX: SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00 ■ BÍÓDOX: MARINA ABRAMOVIC: THE ARTIST IS PRESENT (L) 20:00 ■ BÍÓDOX: WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 4. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 22:15 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30



Meira á www.intersport.is
VETUR
ALLIR ÚT AÐ LEIKA!
2.990
SEGER NISSE
Flottar prjónahúfur á krakka.
Til í 8 litum. Ein stærð.
1.990
ETIREL SKI BASIC
Hlýir kuldavettlingar.
Litur: Svartir, bleikir og grænir.
Stærðir: 5/6-7/9-10/12 .
fullt verð 14.990
12.990
FIREFLY WINNER PARKA
Úlpa með þykku og hlýju fóðri, hetta með loðkraga sem taka má af.
Litir: Rauð, svört, mosagræn.
Stærðir: 130-160.
2.990
FIREFLY HASSELA
Hringtrefill.
Litir: Hvítur, svartur, blár, rauður. Ein stærð.
8.990
QUEEBEC
Góðar kuldabuxur.
Litur: Svartar.
Stærðir: 130-170.
NÁÐU ÁRANGRI MEÐ
INTERSPORT
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
GLÆSILEGT ÚRVAL AF ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARVÖRUM
15.990
FIREFLY GRETA
Vatteruð vetrarúlpa.
Litur: Marglit. Stærðir: 140-160.
Fæst eingöngu í Lindum og Bíldshöfða.
CONWAY KULDASKÓR
Hlýir og góðir kuldaskór með contex filmu.
Litur: Rauðir og svartir. Stærðir: 25-35.
6.990
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 10. – 30. NÓV.
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA
EXPO • www.expo.is
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# sport

sport@frettabladid.is

**ENGUM STJÓRNMÁLAMÖNNUM** var boðið á fund Kraftlyftingasambandsins í gær þar sem tveimur heimsmeisturum var hampað. „Við viljum ekki að stjórnmálamenn séu að skreyta sig með fjöðrum afreksmanna okkar á meðan við fáum litla styrki," sagði Sigurjón Pétursson, formaður sambandsins.



**HRIKALEGUR** Kópavogströllið Auðunn Jónsson er á hátindi ferilsins fertugur að aldri og hefur gengið í gegnum margt á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hef alltaf verið hreinn

**Auðunn Jónsson varð á dögunum heimsmeistari í réttstöðulyftu. Hann hlaut því uppreisn æru eftir að hafa fallið á lyfjaprófi á HM árið 2006. Hann er enn ósáttur við þá niðurstöðu og segist aldrei hafa neytt ólöglegra lyfja.**

**KRAFTLYFTINGAR** Kópavogströllið Auðunn Jónsson gerði sér lítið fyrir og varð heimsmeistari í réttstöðulyftu á HM sem fram fór í Púertó Ríkó. Auðunn lyfti 365,2 kílóum, sem dugði til sigurs. Frábær árangur hjá Kópavogsbúanum, sem er nýorðinn fertugur.

„Ég fór með þær væntingar í mótið að vinna réttstöðulyftuna en ég vissi að þetta yrði gríðarlega hörð keppni," sagði Auðunn og glotti við tönn. Þegar hann var að æfa í sumar með hinum 19 ára gamla Júlían Jóhannssyni settu þeir sér báðir háleit markmið.

„Þá ákváðum við báðir að taka gull í réttstöðulyftu í ár. Júlían fer svo út á HM unglinga og vinnur gull. Þá var kominn pressa á kallinn. Það var því virkilega sætt að ná að landa þessu."

### Var ekki á neinum lyfjum er ég féll á lyfjaprófi

Auðunn varð heimsmeistari árið 2006 en missti titilinn eftir að hafa fallið á lyfjaprófi. Hann var í kjölfarið dæmdur í tveggja ára bann. Auðunn var aldrei sáttur við hvernig prófið var framkvæmt og ekki síður ósáttur við niðurstöðuna. Hann náði þó ekki að hnika henni.

„Ég var ekki á neinum ólöglegum lyfjum á þessu móti. Ég var mjög ósáttur við allt þetta ferli. Ég var ósáttur við hvernig ég var tekinn í lyfjapróf. Mér leið strax eftir prófið eins og ég hefði gert eitthvað af mér. Mér leið eins og ég væri glæpamaður," sagði Auðunn. Hvernig fór þetta umdeilda próf fram?

„Ég er nýkominn til Noregs á HM. Kem seint um kvöld og fer beint að sofa. Fyrir átta um morguninn er bankað á hurðina. Félagi minn fer til dyra og þeir koma hlaupandi inn í herbergi að mér.

Ég er svo tekinn upp í eitthvað herbergi. Ekki á einhvern ákveðinn stað þar sem lyfjapróf fara fram. Mér var svo brugðið að það lá við að mig langaði heim aftur. Þetta var ömurleg framkoma við íþróttafólkið," sagði Auðunn, sem kvartaði yfir meðferðinni og mótshaldarar fengu skömm í hattinn. Hefur slík uppákoma ekki átt sér stað síðan á þessum mótum.

Það breytti samt ekki niðurstöðunni. Auðunn var dæmdur fyrir að falla á lyfjaprófinu og þurfti að taka út tveggja ára bann.

> Það er gott að geta sýnt fram á að það sé hægt að vera stór og sterkur án þess að nota ólögleg lyf.
>
> AUÐUNN JÓNSSON
> KRAFTLYFTINGAMAÐUR

„Í lyfjaprófinu var ekki hægt að sýna fram á beina lyfjanotkun heldur vildu þeir meina að það hefðu verið einhver niðurbrotsefni í sýninu sem ég er dæmdur fyrir. Ég hafði ekki tekið ólögleg lyf og fór með málið eins langt og ég gat, alla leið í íþróttadómstólinn í Sviss, en hafði ekki erindi sem erfiði. Ég efast um að nokkur íþróttamaður hafi farið með sitt mál svona langt. Ég hef alltaf verið ósáttur við þessa niðurstöðu."

### Held að margir trúi því að ég neyti ekki ólöglegra lyfja

Auðunn segist gera sér grein fyrir því að fullt af fólki líti á hann sem manninn sem féll á lyfjaprófi og telji að hann noti stera. Heldur hann að fólk trúi því að hann hafi aldrei neytt ólöglegra lyfja?

„Ég veit það ekki. Ég held að margir trúi því samt. Margir halda að þetta snúist bara um lyf en ekki að æfa vel, borða vel, sofa vel, lifa heilbrigðu lífi og vera náttúrulega sterkur. Ég hef alltaf lagt gríðarlega mikið á mig og jafnvel meira en margur heldur. Það er ástæðan fyrir því að ég skara fram úr en ég veit að það trúa því ekki endilega allir. Ég get ekkert gert við því."

Þar sem Kraftlyftingasambandið er komið inn í ÍSÍ þarf Auðunn að gangast undir lyfjapróf á vegum ÍSÍ eins og aðrir íslenskir íþróttamenn. Hann er líka í lyfjaprófunarhópi ÍSÍ og þarf því alltaf að láta vita hvar hann er. Það þarf alltaf að vera hægt að ná í hann í próf.

„Ég þarf að gefa upp hvern klukkutíma á hverjum degi hvað ég sé að gera. Ef það breytist þarf ég að láta vita af því. Á þessu ári er ég búinn að fara í þrjú lyfjapróf. Tvö á vegum ÍSÍ og svo úti á heimsmeistaramótinu. Ég hef staðist þau öll. Ég hef líklega farið í tíu eða tólf próf hjá ÍSÍ á síðustu árum og alltaf staðist," sagði Auðunn en hefur hann aldrei neytt ólöglegra lyfja á ferlinum?

„Nei, það hef ég aldrei gert. Ég hef alltaf verið hreinn og get sagt það blákalt. Það var því ekki gott að fá þennan stimpil. Ég get ekki neitað því. Nú hef ég öll þessi lyfjapróf og þennan árangur á bak við mig núna. Það talar sínu máli og gott að geta sýnt fram á að það er hægt að vera stór og sterkur án þess að nota ólögleg lyf."

### Vil hafa allt uppi á borðum

Auðunn segist hafa fagnað því manna mest er Kraftlyftingasambandið fór inn í ÍSÍ og hann væri því samþykktur íþróttamaður og gjaldgengur í öll kjör.

„Það er rosalega sætt að ná þessu eftir það sem á undan er gengið. Sérstaklega þar sem nú erum við inni í ÍSÍ. Ég vildi óska þess að þannig hefði það alltaf verið. Ég væri líklega ekki enn að lyfta ef við hefðum ekki farið inn í ÍSÍ.

Ég vil styðja það góða starf sem Kraftlyftingasambandið er með. Ég hef oft svekkt mig á því að vera ekki gjaldgengur í nein kjör eins og til að mynda íþróttamaður Kópavogs þar sem ég bý. Þetta er sem betur fer allt annað og betra umhverfi í dag og ég er þakklátur fyrir það. Það skiptir mig miklu máli að geta haft allt upp á borði og fólk sjái að ég er að ná þessum árangri á heiðarlegan hátt."

henry@frettabladid.is






Síminn
ICELANDAIR
1011
Carlsberg
SPORT 2 HD
TVEIR STÓRLEIKIR
RISADAGUR Í ENSKA BOLTANUM
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS
SPORT 2 HD
MAN. CITY
TOTTENHAM
SUNNUDAG KL. 13.15
SPORT 2 HD
CHELSEA
LIVERPOOL
SUNNUDAG KL. 15.45
ÓMISSANDI LEIKIR FRAMUNDAN Í ENSKA BOLTANUM
Arsenal - Tottenham
17. nóvember
Tottenham - Liverpool
28. nóvember
Man. City - Man. Utd
9. desember
Chelsea - Man. City
25. nóvember
Everton - Arsenal
28. nóvember
Everton - Tottenham
9. desember
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLIT

### Domino‘s-deild karla

**Stjarnan - ÍR** **89-69 (42-38)**
**Stjarnan:** Justin Shouse 26/8 fráköst/13 stoðsendingar, Brian Mills 21/13 fráköst/3 varin skot, Marvin Valdimarsson 17/7 fráköst/6 stoðsendingar/3 varin skot, Dagur Kár Jónsson 8, Jovan Zdravevski 8, Fannar Freyr Helgason 6/9 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 3.
**ÍR:** Eric James Palm 19, Nemanja Sovic 17/11 fráköst, Isaac Deshon Miles 8, Sveinbjörn Claessen 7/5 stoðsendingar, Hreggviður Magnússon 7, Hjalti Friðriksson 6/10 fráköst, Ellert Arnarson 5.
**KR - Njarðvík** **87-70 (41-44)**
**KR:** Brynjar Þór Björnsson 22/11 fráköst, Helgi Már Magnússon 15, Martin Hermannsson 12/5 stoðsendingar, Finnur Atli Magnusson 12/8 fráköst, Danero Thomas 10, Keagan Bell 9, Kristófer Acox 5/7 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 2.
**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 17, Marcus Van 16/7 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 13, Nigel Moore 12/8 fráköst, Ágúst Orrason 6, Ólafur Helgi Jónsson 2, Friðrik Stefánsson 2, Maciej Baginski 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **6** | **5** | **1** | **622-534** | **10** |
| Stjarnan | 6 | 5 | 1 | 566-511 | 10 |
| **Grindavík** | **6** | **4** | **2** | **587 -546** | **8** |
| Skallagrímur | 5 | 3 | 2 | 428-403 | 6 |
| **Keflavík** | **6** | **3** | **3** | **508- 503** | **6** |
| KR | 5 | 3 | 2 | 415-419 | 6 |
| **Fjölnir** | **6** | **3** | **3** | **497-513** | **6** |
| Þór Þ. | 5 | 3 | 2 | 459-420 | 6 |
| **ÍR** | **6** | **2** | **4** | **496-539** | **4** |
| KFÍ | 6 | 2 | 4 | 496-587 | 4 |
| **Njarðvík** | **6** | **1** | **5** | **497-550** | **2** |
| Tindastóll | 5 | 0 | 5 | 387-433 | 0 |

### EHF-bikarkeppni kvenna

**Valur - HC Zalau** **24-23 (11-13)**
**Mörk Vals (skot):** Þorgerður Anna Atladóttir 6 (15), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5/4 (13/5), Dagný Skúladóttir 4 (5), Ragnhildur Rósa Guðm. 3 (6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3/1 (6/1), Karólína Bærhenz Lárudóttir 2 (3), Rebekka Rut Skúladóttir 1 (1),
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 24/3 (47/8, 51%),
**Markahæstar hjá HC Zalau (skot):** Crina Pintea 7 (9), Ibolya Szucs 6 (12), Aurica Bese 4 (10), Roxana Rob 3/3 (7/3), Lorena Pera 2/2 (5/4)
**Varin skot:** Adina Muresan 11/1 (23/4, 48%), Andreea Muresan 6 (18/2, 33%).

# Mun meiri möguleikar

**Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta lenti í riðli með Þýskalandi, Noregi og Hollandi í úrslitakeppni EM í Svíþjóð næsta sumar en dregið var í gær.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta lenti í riðli með tveimur góðkunningjum þegar dregið var í gær í riðla í úrslitakeppni Evrópumótsins í Svíþjóð. Ísland er með Þýskalandi og Noregi í riðli annað stórmótið í röð, en þessar þrjár þjóðir voru líka saman í riðli á EM 2009. Íslensku stelpurnar voru í riðli með Noregi í undankeppninni fyrir EM 2013 og mæta Norðmönnum líka í fyrsta leik sínum í úrslitakeppninni. Þjóðirnar mætast í Kalmar 11. júlí.

Ísland mætir síðan Þýskalandi í Växjö 14. júlí í öðrum leik sínum í keppninni og lokaleikur liðsins verður einnig í Växjö, þegar liðið spilar við Holland 17. júlí.

„Mér finnst allir riðlarnir vera svipað sterkir. Ég veit ekki hvort það hefði verið betra að vera í einhverjum öðrum riðli,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari landsliðsins.

„Þetta er rosalega spennandi verkefni, við hlökkum bara til og ég held að við eigum fullt af möguleikum í þessum riðli,“ sagði Sigurður Ragnar um riðilinn.

„Þýskaland verður náttúrulega mjög erfitt því það er hörkulið sem vinnur þessa keppni yfirleitt. Við eigum samt einhverja möguleika á móti Þjóðverjum og það er gaman að fá að mæta svona sterku liði,“ sagði Sigurður Ragnar um Evrópumeistara Þjóðverja, sem hafa farið heim með gull á síðustu fimm Evrópumótum.

„Við eigum fína möguleika á móti bæði Hollandi og Noregi. Við erum búin að spila við þessar



EM-SÆTIÐ Í HÖFN Stelpurnar fagna hér sigri á Úkraínu í umspilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

þjóðir undanfarin ár og það hafa verið jafnir leikir. Við erum lið sem getur unnið þessi lið á góðum degi,“ sagði Sigurður Ragnar.

Íslenska liðið er nú að fara að keppa á sínu öðru stórmóti, en liðið tapaði öllum þremur leikjum sínum á EM í Finnlandi 2009.

„Mér líður aðeins öðruvísi að fara inn í þetta mót en síðast. Þá var allt nýtt og við lærðum heilmikið á þeirri keppni. Núna finnst okkur liðið okkar sterkara en áður og við eigum mun meiri möguleika í þessum riðli heldur en síðast,“ sagði Sigurður Ragnar, sem fer nú í það að skipuleggja síðustu mánuðina fyrir mótið.

„Nú fer undirbúningurinn á fullt, við finnum okkur vináttuleiki og skipuleggjum næsta landsliðsár. Ég ætla að kalla saman stóran hóp milli jóla og nýárs með leikmönnum sem ég tel að eigi góða möguleika á því að komast í lokakeppnishópinn,“ sagði Sigurður Ragnar, sem vill spila fullt af vináttuleikjum fram að mótinu í júlí.

„Við vitum að við tökum þátt í Algarve-bikarnum og það verða fjórir leikir í mars. Við erum að skoða að spila heima í Kórnum í febrúar en það er ekki orðið ljóst á móti hverjum. Í júní eru þrjár dagsetningar þar sem er möguleiki á því að spila leiki og vonandi getum við spilað á þeim öllum,“ sagði Sigurður Ragnar.

ooj@frettabladid.is



**HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR** Valskonur eru taplausar í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EHF-bikarinn í handbolta:

## Valssigur í gær

**HANDBOLTI** Valur vann frækinn sigur á rúmenska liðinu HC Zalau í EHF-bikarnum í gær 24-23. Eftir erfiðan fyrri hálfleik var Valur mun betra liðið í seinni hálfleik og hefði getað unnið stærri sigur.

„Við vorum kannski taugaspenntar í byrjun. Þær byrjuðu af krafti en svo náðum við að safna okkur saman og standa í lappirnar og berjast á móti,“ sagði Guðný Jenný Ásmundsdóttir, markvörður Vals, sem varði mjög vel í leiknum.

„Þetta gekk mjög vel eftir að við náðum taki á 6-0 vörninni. Auðvitað er maður svekktur að missa þetta niður en við erum samt að gera góða hluti og við getum gert betur,“ sagði Guðný. „Það verður annar hörkuleikur á morgun. Þær eru ekki hættar og við erum ekki hættar. Við viljum áfram. Ef við spilum þessa góðu vörn og náum markvörslunni og þessari greddu í að skora mörk og ætla í gegn erum við með hörkumöguleika á að vinna á morgun líka,“ sagði Guðný að lokum. - gmi


ENNEMM / SÍA / NM52202




siminn.is · 8004000@siminn.is

Helga Margrét Þorsteinsdóttir í hvíld frá æfingum:

# Lærir nýjan lífsstíl

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Fjölþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur þurft að setja bæði frjálsíþróttaskóna og körfuboltaskóna inn í skáp á meðan hún reynir að koma skrokknum í lag. Helga Margrét hefur verið að glíma við hulduméiðsli undanfarin þrjú ár og hélt að hún væri búin að finna vandamálið á dögunum.

„Þegar farið var í gegnum gamlar myndir frá því 2010 þá sáu læknarnir greinilegra brjósklos heldur en allir héldu þá og þar á meðal ég. Svo fór ég aftur í myndatöku núna og þá er brjósklosið ekki jafnslæmt í dag og það var 2010. Það kom okkur á óvart því verkurinn er sá sami og hann var árið 2010. Þetta var því aftur orðin spurning um hvað þetta væri,“ segir Helga Margrét.

„Það var mikið sjokk að heyra það að ég hefði verið með brjósklos allan þennan tíma en á sama tíma var mér létt, það væri þá komið í ljós hvað þetta var,“ segir Helga en enn á ný breyttust aðstæður.

„Eins og staðan er í dag þá er ég að hvíla alveg. Ég labba í klukkutíma á dag og það er nú eða aldrei að laga þetta. Körfuboltinn er líka kominn upp á hillu en ég fer á æfingu um leið og ég er orðin góð. Þó að það sé gaman í körfu þá er það ekki þess virði að stoppa mig á frjálsíþróttaferlinum,“ segir Helga, sem heldur áfram í meðferð vegna bakmeiðslanna.

„Ég ákvað bara að einbeita mér að þessu. Ég geri mér ekki neinar vonir eða plön um einhverjar keppnir. Ég er ekki að stressa mig neitt á því að halda mér í formi því ég kem mér bara almennilega í form þegar ég er orðin góð,“ segir Helga.

„Ég reyni að sitja eins lítið og ég get sem gengur reyndar ekki nógu vel í skólanum. Þetta er allavega annar lífsstíll að læra að kynnast þessu að vera ekki að æfa og vera bara í skólanum. Að geta verið í skólanum fram eftir.

Á sama tíma átta ég mig á því að það er ekki lífsstíll sem ég vil temja mér,“ segir Helga, sem leggur stund á næringarfræði í Háskóla Íslands. - óój







## Tækifærin framundan

**Ráðstefna á vegum Samtaka um heilsuferðaþjónustu.** Ráðstefnan er opin öllum og verður haldin á Icelandair hótel Reykjavík Natura, þriðjudaginn 13. nóvember 2012. Opnað kl 8:30 og dagskrá er frá kl. 9:00 til 16:30.

Dagskrá:

- **Setning ráðstefnunar,** ávarp formanns samtakanna Dagnýjar Pétursdóttur
- **Ávarp** Magnús Orri Schram, alþingismaður og fyrverandi formaður samtakanna
- **The landscape of health tourism and global trends** László Puczkó, Lecturer in Tourism Management, Head of the Tourism and Catering Institute at the Budapest College of Business, Communication
- **The future of health tourism and the opportunities facing Iceland as a health tourism destination** - László Puczkó
- **Creating Contemporary Health Tourism Destinations.** Constantine Constantinides, M.D., Ph.D. Chief Executive, HealthCare cybernetics, Greek/UK
*Hádegisverður 12:30-13:30*
- **Rannsóknir í heilsuferðaþjónustu** Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála
- **Nýting jarðhitans, reynsla, möguleikar og staðan í dag** Anna G. Sverrisdóttir, ráðgjafi
- **Áhrif vísinda- og rannsóknarstarfsemi á samkeppnisstöðu** Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins
- **Skoðun HNLFÍ á möguleikum innan heilsuferðaþjónustu** Ólafur Sigurðsson, Viðskiptaþróun NLFÍ
- **Ný tilskipun ESB um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.** Gunnar Alexander Ólafsson, Velferðarráðuneytinu
- **Lækningatengd ferðaþjónusta, draumsýn eða veruleiki?** Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Sjónlags

**Pallborð** – almennar umræður- sóknarfærin framundan
**Ráðstefnustjóri:** Hermann Ottósson, Íslandsstofu
**Ráðstefnugjald:** 4000 kr fyrir félagsmenn og 5000 kr fyrir aðra (Hádegisverður og hressing innifalin)

**Skráning fer fram á:**
**www.icelandofhealth.is**

ICELAND OF HEALTH

Samtök um heilsuferðaþjónustu á Íslandi. Sími: 892 7355. Tölvupóstur: info@icelandofhealth.is





## Fast mánaðargjald
fyrir aðgang að IP símkerfi

**Símavist hentar flestum gerðum fyrirtækja, óháð stærð og starfsemi.**

Með Símavist býðst fyrirtækjum að leigja IP símkerfi gegn föstu mánaðargjaldi sem ræðst af fjölda starfsmanna sem nota kerfið. Símkerfið er hýst í vélasölum Símans og fyrirtæki þurfa ekki að fjárfesta í vélbúnaði eða stýrikerfum.

Hafðu samband við Fyrirtækjaráðgjöf í síma **800 4000** og sérfræðingar okkar finna hagkvæmustu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.

Síminn

## > Ginnifer Goodwin

„Ég tæki frekar að mér krefjandi aukahlutverk þar sem persónan skiptir máli fyrir gang sögunnar en aðalhlutverk sem hefði litla þýðingu.“

***Leikkonan krúttlega þarf augljóslega ekki alltaf að vera í sviðsljósinu svo lengi sem henni finnst hún skipta máli. Hún fer með eitt aðalhlutverkið í hinni stjörnum prýddu mynd He's Just Not That Into You sem er sýnd á Bíórásinni í dag klukkan 13.00 og 18.15.***



# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 22.05
### Boardwalk Empire

Steve Buscemi er magnaður í hlutverki Nuckys Thompson í Boardwalk Empire, en þriðja þáttaröðin hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Þættirnir gerast í Atlantic City á bannárunum þar sem glæpaforingjarnir berjast um völdin. Ný persóna er kynnt til leiks, ítalski mafíósinn Gyp Rosetti sem er skapbráður og lætur strax finna fyrir sér. Þáttaröðin hefst á gamlársdag árið 1922 en Rosetti er ekki í hátíðarskapi eftir fund með Nucky.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **07.25** Leynifélagið **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Girni, grúsk og gloríur **11.00** Guðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: 150/200 **13.24** Útvarpsleikhúsið: Í aðalhlutverki - Steindór og Margrét **14.00** Víðsjá **15.00** Orð um bækur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu:Tónlistarhátíð unga fólksins **17.25** Kveikjan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Bókaþing **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Íslendingasögur **20.30** Okkar á milli **21.10** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónleikur **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.10 Með okkar augum** (6:6) (e)
**10.40 Ævintýri Merlíns** (1:13) (e)
**11.25 Dans dans dans** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Djöflaeyjan** (12:30) (e)
**14.25 Ljóngáfuð dýr** (2:2) (e)
**15.15 Persónur og leikendur** (Margrét Ólafsdóttir og Steindór Hjörleifsson) (e)
**15.55 Pink Floyd: The Story of Wish You Were Here** (e)
**17.00 Dýraspítalinn** (9:10) (e)
**17.30 Skellibær**
**17.40 Teitur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Basl er búskapur** (9:10) (Bonderøven) Dönsk þáttaröð um ungt par.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Íslensku björgunarsveitirnar** (1:4) (Nýliðun, starfið og víðavangsleitir) Fjallað um störf björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar undanfarin fimm ár.
**21.05 Ljósmóðirin**(6:6)(Call the Midwife)
**22.00 Sunnudagsbíó – Leiðarlok** (Japón) Málari heldur á afskekktan stað til að fyrirfara sér. Á leiðinni kemur hann við á býli hjá gamalli konu og ástin gerir vart við sig. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.10 Silfur Egils** (e)
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**10.00 Smother**
**11.30 Alvin and the Chipmunks: The Squeakquel**
**13.00 He's Just Not That Into You**
**15.10 Smother**
**16.45 Alvin and the Chipmunks: The Squeakquel**
**18.15 He's Just Not That Into You**
**20.25 Mr. Popper's Penguins**
**22.00 Slumdog Millionaire**
**00.00 Traitor**
**01.50 Mr. Popper's Penguins**
**03.25 Slumdog Millionaire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**10.40 Abrafax og sjóræningjarnir** Teiknimynd um það þegar þrír félagar skoða minjasafnið í heimabæ sínum og slysast til að handleika undarlega skál sem reynist vera lykillinn að gulllandinu El Dóradó.
**12.00 Spaugstofan** (8:22)
**12.25 Nágrannar**
**13.05 Nágrannar**
**13.45 Nágrannar**
**14.10 The X-Factor** (15:27)
**14.55 Dallas** (5:10)
**15.40 Modern Family** (22:24)
**16.00 Anger Management** (7:10)
**16.25 Týnda kynslóðin** (10:24)
**16.50 Spurningabomban** (9:21)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Um land allt** Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.
**19.25 Frasier** (8:24) Sígildir gamanþættir um útvarpsmanninn dr. Frasier Crane.
**19.50 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki.
**20.25 Pressa** (5:6) Þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn. Harðsvírað glæpagengi reynir að ná yfirráðum í undirheimum Reykjavíkur og inn í baráttuna sem einkennist af kynþáttahatri og ofbeldi. Togstreitan milli blaðamannastarfsins og foreldrahlutverksins er allsráðandi hjá Láru og ekki bætir úr skák þegar Alda, dóttir hennar, tekur upp náin kynni við einn úr glæpagenginu.
**21.15 Homeland** (6:12) Önnur þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við fylgdumst við með Carrie Mathieson, starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar, sem fékk upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandaríska stríðsfangann Brody á sitt band.
**22.05 Boardwalk Empire** (1:12)
**23.05 60 mínútur**
**23.50 The Daily Show: Global Edition** (36:41)
**00.15 Fairly Legal** (10:13).
**01.00 The Newsroom** (5:10)
**01.55 The Chamber**
**03.45 Arctic Predator**
**05.10 Nikita** (19:22)
**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.30 Evrópudeildin: Tottenham - Maribor**
**12.10 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Barcelona**
**13.50 Meistaradeild Evrópu: Braga - Man. Utd**
**15.30 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin** S
**16.15 La Liga Report** Hitað upp fyrir leikina framundan í spænsku úrvalsdeildinni.
**16.45 Spænski boltinn: Mallorca - Barcelona** BEINT
**18.55 Evrópudeildarmörkin**
**19.45 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina.
**20.20 Spænski boltinn: Levante - Real Madrid** BEINT
**22.30 Nedbank Golf Challenge** Útsending frá golfmóti þar sem einungis 12 frábærum kylfingum er boðið til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.15 Arsenal - Fulham**
**09.55 Aston Villa - Man. Utd.**
**11.35 Everton - Sunderland**
**13.15 Man. City - Tottenham** BEINT
**15.30 Chelsea - Liverpool** BEINT
**18.00 Sunnudagsmessan**
**19.15 Newcastle - West Ham**
**20.55 Sunnudagsmessan**
**22.10 Man. City - Tottenham**
**23.50 Sunnudagsmessan**
**01.05 Chelsea - Liverpool**
**02.45 Sunnudagsmessan**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Xiaolin Showdown**
**08.50 iCarly** (35:45) (36:45)
**09.35 Villingarnir**
**09.55 Histeria!**
**10.20 Dóra könnuður**
**11.10 Áfram Diego, áfram!**
**12.00 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Hómer gerir nágranna sinn, Ned Flanders, að algjöru fífli í Springfield. Flanders neyðist til að flýja og setjast að annars staðar. Þá rennur fyrst upp fyrir Hómer hversu mikið hann saknar nágranna síns og reynir hann því að fá hann til að snúa aftur og fyrirgefa sér.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Game Tíví**
**18.40 American Dad** (12:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.
**19.00 Friends** (2:24)
**19.25 The Simpsons** (4:23)
**19.50 The Cleveland Show** (12:21) Skemmtilegir teiknimyndarþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**20.15 Suburgatory** (13:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.40 Privileged** (12:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
**21.25 Game Tíví**
**21.50 American Dad** (12:19)
**22.15 The Cleveland Show** (12:21)
**22.40 Suburgatory** (13:22)
**23.05 Privileged** (12:18)
**23.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** (63:175)
**19.00 Ellen** (36:170)
**19.45 Viltu vinna milljón?**
**20.30 Cold Case** (5:23)
**21.15 The Sopranos** (13:13)
**22.30 Viltu vinna milljón?**
**23.15 Cold Case** (5:23)
**00.00 The Sopranos** (13:13)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.10 Rachael Ray** (e)
**12.15 Dr. Phil** (e)
**13.35 America's Next Top Model** (11:13) (e)
**14.25 The Bachelorette** (12:12) (e)
**15.15 Octopussy** (e) Þrettánda James Bond myndin.
**17.30 House** (8:23) (e)
**18.20 A Gifted Man** (11:16) (e)
**19.10 30 Rock** (12:22) (e)
**19.35 Survivor** (2:15) Að þessu sinni verða keppendur að þrauka á Samóa eyjum, allt þar til einn stendur uppi sem sigurvegari.
**20.20 Top Gear** (6:7)
**21.15 Law & Order: Special Victims Unit** (13:24) Lögreglan leitar að kynferðisbrotamanni sem klæðist veiðifatnaði við iðju sína.
**22.00 Dexter** (3:12) Deb reynir að útvega bróður sínum aðstoð við lítinn fögnuð á meðan svo virðist sem fjöldamorðingi gangi laus.
**23.00 Bedlam** (3:6) Hrollvekjandi bresk þáttaröð um íbúa fjölbýlishúss sem eitt sinn hýsti geðsjúka.
**23.50 Sönn íslensk sakamál** (3:8) (e)
**00.20 House of Lies** (4:12) (e)
**00.45 In Plain Sight** (7:13) (e)
**01.35 Katie My Beautiful Face** (e)
**02.25 Blue Bloods** (20:22) (e)
**03.10 Bedlam** (3:6) (e)

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Children´s Miracle Classic 2012 (3:4) **10.00** Golfing World **10.50** Children´s Miracle Classic 2012 (3:4) **13.50** Inside the PGA Tour (44:45) **14.10** Children´s Miracle Classic 2012 (3:4) **17.10** Golfing World **18.00** Children´s Miracle Classic 2012 (4:4) **21.00** Children´s Miracle Classic 2012 (4:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**11.00** Sunnud. með Geir Haarde **12.00** Hrafnaþing **13.00** Sunnud.með Geir Haarde **14.00** Hrafnaþing **15.00** Sunnud. með Geir Haarde **16.00** Hrafnaþing **17.00** Sunnud. með Geir Haarde **18.00** Sigmundur Davíð **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Vínsmakkarinn **20.00** Hrafnaþing **21.00** Sunnud. með Geir Haarde **22.00** Hrafnaþing **23.00** Sunnud. með Geir Haarde

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Bryndís Loftsdóttir

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Ég legg áherslu á:

- styrkingu atvinnulífs og nýtingu auðlinda landsins.
- skýra stefnu í skattamálum og einföldun á skattkerfinu.
- að auðlegðarskattur, á eignir sem ekki gefa arð, verði lagður niður.
- lagfæringu á brotalömum í heilbrigðiskerfinu, sérstaklega varðandi börn.
- að lagaheimildir lögreglu verði samræmdar þeim sem gilda í nágrannalöndum okkar.
- að sporna gegn brottfalli nemenda á framhaldsskólastigi og stytta nám fyrir háskólastig.

Ég er ekki hlynnt inngöngu Íslands í Evrópusambandið, á meðan ekki er ljóst hvert það stefnir.

Ég óska eftir stuðningi ykkar í 4.-6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi.

frá aðeins kr.
69.900

22. nóvember í 8 nætur



Sértilboð til
# Kanarí



Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér sæti í sólina. Heimsferðir eiga örfá sæti laus þann 22. nóvember og bjóða þau á einstöku tilboði.

**Tryggðu þér sæti strax!**

Kr. 69.900
Flugsæti með sköttum 22.- 30. nóvember.

Kr. 89.800
Netverð á mann m.v. 2 í búð á Corona Blanca.
Sértilboð 22. nóvember í 8 nætur.

Kr. 109.900 – með hálfu fæði
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi á Beverly Park
með hálfu fæði. Sértilboð 22. nóvember í 8 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM55147

21. nóvember í 14 nætur

frá aðeins kr.
89.900



# Tenerife





Laguna Park II
Kr. 89.900
Netverð á mann m.v. 2 í búð.
Sértilboð 21. nóvember í 14 nætur.

Villa Tagoro
Frá kr. 149.900
í 14 nætur með allt innifalið
Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð á mann.
Sértilboð 21. nóvember í 14 nætur.

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

## > Stöð 2 kl. 20.45
### Nanny McPhee Returns

***Emma Thompson er mætt aftur í hlutverki göldróttu barnfóstrunnar Nanny McPhee í þessari bráðskemmtilegu mynd fyrir alla fjölskylduna. Núna kemur hún ungri móður til hjálpar eftir að eiginmaður hennar er kallaður í stríð og hún þarf að berjast í bökkum á sveitabæ fjölskyldunnar. Ástandið verður óbærilegt þegar ofdekrað frændfólk bætist í hópinn og þá er það bara Nanny McPhee sem getur bjargað málunum.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### Rocky II
Önnur myndin um boxarann Rocky Balboa. Hann er loks kominn á beinu brautina en finnur þá fyrir fjárskorti. Á sama tíma byrjar Apollo Creed að áreita hann svo Rocky ákveður að taka slaginn á ný.

**Leikstjóri:** Sylvester Stallone. **Aðalhlutverk:** Sylvester Stallone, Talia Shire og Burt Young.

Rotten Tomatoes 71% | IMDb 6,9 | Skjáreinn 00.40



### E.T
Ein vinsælasta mynd allra tíma, frá árinu 1982. Elliot er einmana strákur sem vingast við krúttlega geimveru og reynir sitt besta til að hjálpa henni að komast aftur heim áður en yfirvöld ná henni.

**Leikstjóri:** Steven Spielberg. **Aðalhlutverk:** Henry Thomas og Drew Barrymore.

Rotten Tomatoes 98% | IMDb 7,9 | RÚV 21.50



### Ástríkur á Ólympíuleikunum
Ástríkur og Steinríkur eru hér í talsettri bíómynd og keppa fyrir hönd Gaulverja á Ólympíuleikunum. Gegn þeim keppa hinir vondu Rómverjar og guðdómlegu Grikkir.

**Leikstjóri:** Frédéric Forestier og Thomas Langmann. **Aðalhlutverk:** Gérard Depardieu og Clovis Cornillac.

Rotten Tomatoes 20% (A) | IMDb 4,9 | Stöð 2 Bíó 11.40



### Righteous Kill
Turk og Rooster eru félagar í lögreglunni í New York. Þeir leita raðmorðingja sem drepur glæpamenn og skilur eftir ljóð við lík þeirra. Reiði þeirra í garð morðingjans á þó eftir að koma þeim í bobba.

**Leikstjóri:** Jon Avnet. **Aðalhlutverk:** Robert De Niro, Al Pacino og Carla Gugino.

Rotten Tomatoes 19% | IMDb 6,0 | Stöð 2 22.35

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Útvarpsperlur: Eld kveikið þér nú sveinar... **08.00** Morgunfréttir **08.05** Norðurslóð **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Matur er fyrir öllu **15.30** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Albúmið **17.35** Íslendingasögur **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Laugardagskvöld með Svavari Gests **20.00** Loki er minn Guð: Um skáldskap Guðbergs Bergssonar **21.00** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Hanna Montana**
**10.55 Dans dans dans – Keppendur kynntir**
**11.05 Á tali við Hemma Gunn** (Laddi) (e)
**11.55 Útsvar** (Hveragerði - Akureyri) (e)
**12.55 Landinn** (e)
**13.25 Kiljan** (e)
**14.15 360 gráður** (e)
**14.45 Íslandsmótið í handbolta** (FH - Haukar, karlar) BEINT
**16.45 Þrekmótaröðin**
**17.30 Ástin grípur unglinginn** (57:61) (The Secret Life of the American Teenager)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (1:13) (The Adventures of Merlin IV)
**20.30 Dans dans dans** BEINT
**21.40 Hraðfréttir** (e)
➤ **21.50 E.T.** (E.T.: The Extra-Terrestrial)
**23.45 New York, ég elska þig** (New York, I Love You) Sagðar eru margar stuttar ótengdar ástarsögur sem gerast allar í New York. Meðal leikenda eru Shia LaBeouf, Natalie Portman, Bradley Cooper, Orlando Bloom, Christina Ricci og Ethan Hawke. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.00 Kit Kittredge: An American Girl**
➤ **11.40 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**13.35 I Could Never Be Your Woman**
**15.10 Kit Kittredge: An American Girl**
**16.50 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**18.45 I Could Never Be Your Woman**
**20.20 When Harry Met Sally**
**22.00 How to Lose Friends & Alienate People**
**23.55 Ghost Town**
**01.25 When Harry Met Sally**
**03.00 How to Lose Friends & Alienate People**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 Glee** (2:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 The X-Factor** (14:27)
**15.15 Neyðarlínan**
**15.45 Sjálfstætt**
**16.20 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**17.05 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
**17.30 Game Tíví** Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.56 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**19.13 Lottó**
**19.20 Veður**
**19.30 Spaugstofan** (8:22) Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku og sýna okkur þá í spaugilegu ljósi.
**20.45 Nanny McPhee Returns**
➤ **22.35 Righteous Kill** Spennumynd með stórleikurunum Robert DeNiro og Al Pacino í hlutverkum lögreglumanna sem rannsaka raðmorð á glæpamönnum, sem ekki hafa afplánað dóm fyrir brot sín.
**00.15 Enid** Sjónvarpsmynd um barnabókahöfundinn rómaða Enid Blyton með Helenu Bonham Carter í hlutverki höfundarins.
**01.40 The Game**
**03.45 The Bourne Ultimatum**
**05.40 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**10.15 Spænsku mörkin**
**10.45 Meistaradeild Evrópu: Man. City - Ajax**
**12.25 Meistaradeild Evrópu: Schalke - Arsenal**
**14.05 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**14.50 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**15.20 Evrópudeildin: Anzhi - Liverpool**
**17.00 Evrópudeildarmörkin**
**17.50 Grillhúsmótið** Fylgst er með því sem fram fór á mótinu á Þorlákshöfn
**18.20 La Liga Report** Hitað upp fyrir leikina fram undan í spænsku úrvalsdeildinni.
**18.50 Nedbank Golf Challenge** Útsending frá einstöku golfmóti þar sem einungis 12 frábærum kylfingum er boðið til leiks.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**11.10 WBA - Southampton**
**12.50 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**13.45 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar
**14.15 Premier League Preview Show 2012/13** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar.
**14.45 Arsenal - Fulham** BEINT
**17.15 Aston Villa - Man. Utd** BEINT
**19.30 Everton - Sunderland**
**21.10 Southampton - Swansea**
**22.50 Stoke - QPR**
**00.30 Reading - Norwich**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Xiaolin Showdown**
**08.45 iCarly** (33:45) (34:45)
**09.30 Villingarnir**
**09.50 Histeria!**
**10.15 Dóra könnuður**
**11.05 Áfram Diego, áfram!**
**11.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Bart er rekinn úr skólanum og er sendur í kaþólskan skóla þar sem hann tekur kaþólska trú. Hómer og Marge hafa áhyggjur af þessum trúarskiptum sonarins þannig að Hómer fer í skólann til að reyna að snúa honum. Áður en dagur er að kvöldi kominn er Hómer sjálfur orðinn strangtrúaður kaþólikki. Gestaleikari í þættinum er Liam Neeson, sem talar fyrir séra Sean.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Step It Up and Dance** (9:10)
**18.35 Sjáðu**
**19.00 Friends** (1:24) Monica og Chandler hafa ákveðið að giftast en það er samt enn langur vegur upp að altarinu.
**19.25 The Simpsons** (3:23)
**19.50 Hart of Dixie** (9:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
**20.35 Gossip Girl** (4:22) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
**21.15 Step It Up and Dance** (9:10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dansarar keppa. Dansararnir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjörnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnir þáttanna.
**22.00 Hart of Dixie** (9:22)
**22.40 Gossip Girl** (4:22)
**23.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** (62:175)
**19.00 Ellen** (35:170)
**19.45 Tekinn** Tryggvi Guðmundsson
**20.10 Næturvaktin**
**20.40 Réttur** (5:6)
**21.25 NCIS** (5:24)
**22.10 Tekinn** Tryggvi Guðmundsson
**22.35 Næturvaktin**
**23.05 Réttur** (5:6)
**23.50 NCIS** (5:24)
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.30 Rachael Ray** (e)
**09.55 Dr. Phil** (e)
**11.55 Kitchen Nightmares** (4:17) (e)
**12.45 Katie My Beautiful Face** (e) Heimildarmynd um hina ungu Katie sem verður fyrir fólskulegri sýruárás með þeim afleiðingum að andlitið hennar afmyndast.
**13.35 GCB** (10:10) (e)
**14.25 Parks & Recreation** (2:22) (e)
**14.50 Happy Endings** (2:22) (e)
**15.15 My Mom Is Obsessed** (4:6) (e)
**16.05 The Voice** (9:15) (e)
**19.50 Minute To Win It** (e)
**20.35 The Bachelorette** (12:12) Raunveruleikaþáttaröð þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.
**21.15 A Gifted Man** (11:16) Líf skurðlæknis umbreytist þegar konan hans fyrrverandi deyr langt fyrir aldur fram og andi hennar leitar á hann.
**22.00 Ringer** (11:22) Ung kona flýr örlögin og þykist vera tvíburasystir sín til þess að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna.
**22.45 Return to Me** Bandarísk kvikmynd frá árinu 2000 með Minnie Driver og David Duchovny í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um mann sem missir konu sína í hræðilegu bílslysi og hvernig hann kemur skipulagi á líf sitt á nýjan leik.
➤ **00.40 Rocky II**
**02.40 Secret Diary of a Call Girl** (e)
**03.05 Excused** (e)
**03.30 Ringer** (11:22) (e)
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.55** Children´s Miracle Classic 2012 (2:4) **10.55** Inside the PGA Tour (44:45) **11.20** Children´s Miracle Classic 2012 (2:4) **14.20** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **17.10** Golfing World **18.00** Children´s Miracle Classic 2012 (3:4) **21.00** Children´s Miracle Classic 2012 (3:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**17.00** Randver **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Sigmundur Davíð **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Vínsmakkarinn **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



# GK

REYKJAVIK





McQ by Alexander McQueen
**VERÐ: 46.900**



Shoe the Bear - dömu/herraskór
**VERÐ: 29.900**



Shoe the Bear - herraskór
**VERÐ: 24.900**



Shoe the Bear - herraskór
**VERÐ: 28.900**



Shoe the Bear - herraskór
**VERÐ: 39.900**



Shoe the Bear - herraskór
**VERÐ: 36.900**



Shoe the Bear - dömu/herraskór
**VERÐ: 36.900**



Shoe the Bear - dömu/herraskór
**VERÐ: 36.900**



McQ by Alexander McQueen
**VERÐ: 50.900**



Filippa K - Dömuhanskar
**VERÐ: 14.900**



Filippa K - Dömuskór
**VERÐ: 52.900**



Shoe the Bear - dömuskór
**VERÐ: 22.900**



Filippa K - Dömuveski
**VERÐ: 26.900**



Won Hundred - Dömuskór
**VERÐ: 44.900**



McQ by Alexander McQueen
**VERÐ: 44.900**



McQ by Alexander McQueen herrask.
**VERÐ: 52.900**

**GK REYKJAVIK — LAUGAVEGI 66 — 565 2820**

## PERSÓNAN

*Valgerður Guðsteinsdóttir*



**Aldur:** 27 ára.
**Starf:** Vinn hjá Securitas.
**Foreldrar:** Steinþór V. Guðmundsson tollendurskoðandi og Fanney Jónasdóttir svæfingarhjúkrunarfræðingur.
**Fjölskylda:** Gift Halldóri Má Jónssyni.
**Búseta:** Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Ljón.
**Valgerður** hlaut gullverðlaun í ACBC-hnefaleikamótinu sem fram fór í Gautaborg um síðustu helgi.

# Ásgeir Trausti stefnir í tuttugu þúsund

„Þetta er orðið spurning hvort hann fer yfir fimmtán eða öllu heldur hvort hann nær tuttugu þúsundum. Það stefnir í það,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu, um nýjustu plötu Ásgeirs Trausta, Dýrð í dauðaþögn.

Platan hefur selst í um sjö þúsund eintökum síðan hún kom út í byrjun október og er því löngu komin yfir gullsölu, sem er fimm þúsund eintök. „Og það er langt til jóla enn,“ segir Eiður, hæstánægður með söluna. Fari svo að Ásgeir Trausti nái tuttugu þúsund eintaka múrnum verður hann farinn að nálgast Haglél Mugisons óðfluga en sú plata seldist í um þrjátíu þúsundum í fyrra.

Auk þess að eiga vinsælustu plötu landsins á Ásgeir Trausti vinsælasta lagið samkvæmt Lagalistanum, titillagið Dýrð í dauðaþögn. Hann er því án efa heitasti tónlistarmaður landsins um þessar mundir.

Kappinn hefur verið mjög áberandi síðan þessi fyrsta plata hans kom út. Hann hefur spilað víða og er meðal annars bókaður í Háskólabíó 14. desember ásamt Moses Hightower og á hátíðina Hátt í Höllinni 19. desember.

Spilamennska hans á Airwaves-hátíðinni vakti einnig athygli og fengu tónleikar hans í Hörpunni fullt hús, fimm stjörnur, hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. Í janúar heldur Ásgeir Trausti svo til Hollands, þar sem hann spilar á bransahátíðinni Eurosonic. **- fb**



**VINSÆLL** Ásgeir Trausti gæti selt plötu sína í tuttugu þúsund eintökum að mati Eiðs Arnarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

IÐA

Hárgreiðslur, förðun og sushi í dag kl. 14
Theodóra Mjöll kennir greiðslur úr Hárinu

Hárið *3.990* kr.
Förðunarhandbókin *2.990* kr.
Einfaldara sushi *2.990* kr.




Lækjargata 2a 101 R. sími 5115001 opið 9 - 22 alla daga

EGILL ÖRN JÓHANNSSON: HEFUR BORIST BÆÐI HANDRIT OG HUGMYNDIR

# Erótísk íslensk bókajól 2013

„Ég get fullyrt að á næsta ári verður uppgangur í útgáfu á íslenskum erótískum bókmenntum,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, þegar hann er inntur eftir því hvort íslenskir höfundur séu að stökkva á erótísku bókmenntabylgjuna líkt og kollegar þeirra úti í heimi.

Í kjölfar mikilla vinsælda bókarinnar Fimmtíu gráir skuggar eftir bandaríska höfundinn E.L. James hefur orðið mikil fjölgun í útgáfu á skáldsögum sem falla í flokkinn erótískar bókmenntir. Egill Örn segir íslenska höfunda ekki ætla að láta sitt eftir liggja.

„Ég get ekki neitað því að hér hafa komið margar hugmyndir og drög að handritum í þessu veru, sem sagt erótísk handrit og hugmyndir,“ segir Egill og staðfestir að þetta sé afleiðing vinsældaskáldsagnanna um Christian Grey.

„Þessi handrit og hugmyndir sem eru að berast okkur koma frá nýjum höfundum, höfundum sem hafa gefið út áður og svo höfundum sem vilja skrifa og koma fram undir dulnefni.“

Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri hjá Bjarti, segir þau þar ekki verða vör við fjölgun á innsendum erótískum handritum. „Ég vil samt meina að rithöfundurinn Bergsveinn Birgisson hafi verið leiðandi í þessum flokki með bókinni Svar við bréfi Helgu, sem kom út 2010. Í síðustu viku seldist Svar við bréfi Helgu til dæmis betur en Fimmtíu gráir skuggar í Noregi. Bækur E.L James röðuðu sér svo í sætin fyrir neðan Bergsvein, en þessar bækur komu út á svipuðum tíma þar í landi. Svo var það danskur gagnrýnandi sem benti á að þeir sem vildu alvöru erótík ættu að snúa sér að Svar við bréfi Helgu fremur en Fimmtíu gráum skuggum.“

**alfrun@frettabladid.is**



**FINNUR FYRIR UPPSVEIFLU Í ERÓTÍK** Egill Örn Jóhannsson segir Forlaginu hafa borist fjöldinn allur af erótískum handritum og hugmyndum frá þekktum sem og nýjum rithöfundum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VINSÆLDIR FIMMTÍU GRÁRRA SKUGGA Á HEIMSVÍSU

- Í apríl 2012 var höfundurinn, E.L. James, útnefnd sem ein af 100 áhrifamestu einstaklingum í heimi af Time.
- Bókin hefur selst í yfir 60 milljónum eintaka úti um allan heim.
- 37 lönd tryggt sér útgáfuréttinn.
- Fimmtíu gráir skuggar sló met Harry Potter-bókanna þegar kiljan seldist upp á mettíma.
- Framleiðslufyrirtækið Universal Pictures í samvinnu við Focus Features tryggðu sér kvikmyndaréttinn. Handritið er í höndunum á Bret Easton Ellis sem skrifaði handritið að American Psycho en Hollywood-sjarmörinn Ryan Gosling er orðaður við annað aðalhlutverkanna, auðjöfurinn Christian Grey.







E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

# Yngri en 30 ára ekki velkomnir

„Ég er mjög spenntur að prufa þetta,“ segir Helgi Björnsson.

Þrjátíu ára aldurstakmark verður á ball Helga og Reiðmanna vindanna í Hlégarði í Mosfellsbæ í kvöld. Þetta er í fyrsta sinn á löngum ferli sem hann syngur á slíku balli. „Ég hef ekki gert þetta áður en ég hef fengið fyrirspurnir um þetta hér og þar,“ segir Helgi, sem hefur oft séð „þrjátíu plús“ uppákomur auglýstar í Berlín. „Ég er spenntur að vita hvernig allt saman fer. Það er spurning hvernig sá sem er 29 ára fer að sem langar á ballið en kemst ekki inn. Þetta er nýr veruleiki að til dæmis þriggja barna móðir eða faðir kemst ekki á ball vegna ungs aldurs.“

Aðspurður segist Helgi ekki vita hvers vegna aldurstakmarkið er svona hátt. „Ef ég dreg mínar ályktanir þá gengur hægar fyrir okkur að eldast í dag en fyrir einhverjum árum. Maður átti kannski að vera kominn í ruggustólinn á mínum aldri. Í dag vilja allir sprikla eins og unglingar. Kannski vill fólk um fertugt eða fimmtugt ekki skemmta sér með þeim sem eru átján ára eða tvítugir. Það vill kannski ekki hitta börnin eða barnabörnin á ballinu.“

Þetta verður annað opna ball Helga og Reiðmanna vindanna á árinu. Það fyrra var á Landsmóti hestamanna í sumar. **- fb**



**SPENNTUR** Helgi Björnsson segist vera mjög spenntur að spila fyrir þrjátíu ára og eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SÓFA DAGAR

## 20% afsláttur af öllum sófum

Mikið úrval af fallegum sófum sem gott er að kúra í

Tilboðið gildir til mánudagsins 12. nóvember

Bjóðum vaxtalausar afborganir í allt að 12 mánuði

Kíktu í Kauptúnið – það verður heitt á könnunni!



DUBLIN tungu sófi
Verð áður 555.000 kr.
Nú 444.000 kr.
**38.635 á mánuði** miðað við 12 mán. vaxtalausar afborganir*

Teppi - mikið úrval. Verð frá 9.500 kr. | Sófaborð 95.000 kr. | Stóll 44.500 kr.



Sófaborð 95.000 kr.
Luktir minni 12.500 kr. / stærri 17.500 kr.

SABA sófi, 3ja sæta
Verð áður 315.000 kr.
Nú 252.000 kr.
**22.075 á mánuði** miðað við 12 mán. vaxtalausar afborganir*



CÉZANNE leðurtungusófi
Verð áður 430.000 kr.
Nú 342.000 kr.
**29.838 á mánuði** miðað við 12 mán. vaxtalausar afborganir*

Ethnicraft sófaborð 98.000 kr. - gegnheil eik.



Búddastyttur og kertaluktir, mikið úrval.
Verð frá 3.900 kr. (Búddar) 1.750 kr. (luktir)



Hreindýr Stór 8.900 kr. / lítil 4.900 kr.
Veggklukka (ø110 cm) 45.000 kr.



Kisubox
stórt 2.400 kr.
miðst. 1.500 kr.
lítið 900 kr.
Klukka 3.900 kr.
Uglur 890 kr.



Gasella 10.900 kr.
SIA kerti - 1.990 kr.

sia | house doctor | Ethnicraft | Crabtree & Evelyn | habitat

## GERUM HÚS AÐ HEIMILI

**TEKK COMPANY**

Kringlunni og Kauptúni - Sími 564 4400 - www.tekk.is
Opið mánudaga til föstudaga 11-18, laugardaga 11-17 og sunnudaga 13-17

Við erum á Facebook

*Afborganir eru vaxtalausar en 3% lántökugjald bætist við verðið

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Íslensk tónlist verðlaunuð

Skráning er hafin til þátttöku í Íslensku tónlistarverðlaununum vegna verka ársins 2012. Áhugasamir geta sent inn tillögur á síðunni Tonlist.is og verða tilnefningarnar kynntar á Degi íslenskrar tónlistar 30. nóvember. Um er að ræða verk gefin út á tímabilinu 30. nóvember 2011 til 15. nóvember á þessu ári. Afhending verðlaunanna fer fram í Hörpu í febrúar á næsta ári. **Mugison** sópaði til sín verðlaunum síðast þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent og var ótvíræður sigurvegari kvöldsins. -fb



### Bjargaði Stiller úr sjónum

„Ég er með fínan dialóg og er í nokkrum senum, meðal annars einni tveggja manna með Ben Stiller," segir **Ari Matthíasson**, leikari og framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins. „Þetta er skemmtilegt hlutverk." Ari fer með hlutverk fyrsta stýrimanns á fiskiskipi sem bjargar persónu Bens Stiller úr sjónum og kemur honum í land nokkrum dögum síðar í nýjustu mynd Stillers, The Secret Life of Walter Mitty. Hollywood-stjarnan sendi Ara persónulegan tölvupóst eftir að tökum lauk þar sem hann hrósaði honum fyrir störf sín. „Ég vona að ég fái að vera með í myndinni og lendi ekki á gólfinu hjá klipparanum, eins og sumir hafa lent í," segir Ari. Meðal annarra íslenskra leikara sem fara með hlutverk í mynd Stillers eru Þórhallur Sigurðsson, Ólafur Darri Ólafsson og Gunnar Helgason. - sv



### Mest lesið vísir

1. Verðandi eiginmaður Svíaprinsessu geymir auð...
2. Kom heim frá Úganda með tumbu-lirfu í handleggnum
3. Clinton eða Bush líklegust sem næsti forseti...
4. Búsáhaldabylting hafin í Argentínu




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



© Inter IKEA Systems B.V. 2012

**DRÖMMAR** kökumót m/smellu Ø23cm. Rautt **1.990,-**

**JULKUL** diskaþurrkur B50×L70cm. Rautt **1.190,-/2 í pk.**

**SOCKERKAKA** kökumót. Sílikongúmmí. 1,5L. Ljósblátt **1.190,-**

995,- **DRÖMMAR** bökunarplata L40×B35cm. Stál

# Jólabaksturinn er formlega hafinn



**SOCKERKAKA** kökumót. Sílikongúmmí 0,5L og 1,6L. Ljósblátt **1.690,-/2 í setti**

**JULKUL** dósir m/loki 0,8L, 1,5L og 2,6L. Hvítt/svart **1.190,-/3 í setti**

**SNÖDRIVA** kökumót Silfurlitt **795,-/6 í setti**

195,-/stk. **SKRAPA** sleikjur L25,5cm. Ýmsir litir

**SOCKERKAKA** bökunarmotta m/hníf Ljósblátt **1.690,-/2 í setti**

**STÄM** mæliskeiðar Ýmsir litir **295,-/4 í setti**

695,-/200 í setti

**JULKUL** svuntur Rautt eða brúnt Fullorðins L97cm **1.490,-** Barna L59cm **995,-**

**JULKUL** kökuform 120 stk. Ø4cm og 80 stk. Ø8cm. Rautt *Einnig til í silfurlitu*

**DRÖMMAR** kökumót L37×B25, H3cm. Rautt **995,-**

**VEITINGASTAÐURINN**

995,- Hangikjöt með kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og uppstúf

795,-/2 í setti **FLÄCKIG** skálar 2,4L og 5L. Hvítt *Fæst einnig í bláu*

**JULKUL** ofnhanski L35cm. Rautt **895,-** *Fæst einnig í brúnu*

**DRÖMMAR** kökumót Ljósblátt **1.190,-/14 í setti**

Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®